


**GUÐBJÖRG REYKJALÍN**

*Hannar föt í Kaupmannahöfn*

Tíska – heimili – heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

**ADRENALÍNGARÐURINN**

*Rólað í háloftunum*

Sérblað um hópefli og fundi

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

9. nóvember 2006 — 300. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FIMMTUDAGUR

### Dómur um Konungsbók



Jakob Bjarnar Grétarsson dæmir nýjustu spennusögu Arnaldar Indriðasonar.

BÆKUR 48

### Vatnaskil fyrir vestan

„Langflestir blökkumenn hafa æ síðan stutt demókrata í kosningum, og gamlir fordómar gegn blökkufólki, og þeir eru lífseigir í suðurríkjunum, færðust yfir í raðir repúblikana," segir Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 34

### Keppir á HM í pool



Sandra Birgisdóttir er fyrsti Íslendingurinn sem keppir á heimsmeistaramóti í pool.

FÓLK 70

### Sáttur á Spáni



Handknattleikskappinn Sigfús Sigurðsson er loksins laus við þrálát bakmeiðsli og líkar lífið á Spáni ákaflega vel.

ÍÞRÓTTIR 64

## VEÐRIÐ Í DAG




**HVESSIR -** Í dag verða sunnan- og síðar suðvestan 5-15 m/s, hvassast vestan til. 18-23 m/s við suðurströndina seint í kvöld. Rigning eða skúrir en úrkomlítið norðaustan til. Mikil rigning syðra í kvöld. Hiti 0-9 stig, hlýjast síðdegis.




# Frjálslyndir fimmfalda fylgið

**Frjálslyndi flokkurinn mælist með ellefu prósenta fylgi samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og fengi því sjö menn kjörna á þing. Frjálslyndir taka fylgi af Framsóknarflokknum og vinstri grænum. Prófessor í stjórnmálafræði segir fylgisaukningu Frjálslyndra skýrast af umræðunni um flokkinn undanfarna daga.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Frjálslyndi flokkurinn mælist með ellefu prósenta fylgi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins sem gerð var á þriðjudag. Samkvæmt því fengi flokkurinn sjö þingmenn kjörna ef kosið yrði nú og myndi þar með meira en tvöfalda þriggja manna þingflokk sinn.

Samfylking bætir aðeins við sig frá síðustu könnun og mælist með 30,4 prósenta fylgi. Fylgi annarra flokka dalar frá síðustu könnun blaðsins í ágúst.

Sjálfstæðisflokkur mælist með 38,5 prósenta fylgi. Vinstri græn missa mest fylgi frá ágústkönnuninni og mælast nú með 13,3 prósent. Framsóknarflokkurinn mælist nú minnstur flokkanna með 6,8 prósenta fylgi.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, gleðst yfir stuðningnum. „Skoðanakannanir sýna sveiflur sem væntanlega eru núna til staðar í þjóðfélaginu okkur í hag, kannski vegna þess að við höfum verið mikið í umræðunni undanfarna daga."

Guðjón Arnar segir að svo virðist sem málflutningur flokksins varðandi verk ríkisstjórnarinnar í innflytjendamálum falli fólki í geð en vill þó ekki setja fylgisaukninguna eingöngu í samband við það.

Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, segir að um tímabundna skyndisveiflu vegna umræðunnar undanfarinna daga sé að ræða.

„Það verður auðvitað að bíða lengur til að gera sér grein fyrir hvað verður varanlegt í því. Fólk er auðvitað frjálst að því að sveiflast svolítið eftir óvæntum fréttum og það notar slíkar kannanir til að túlka skyndiviðbrögð. Það þarf að bíða lengur og nota öðruvísi kannanir til að mæla varanlega skoðanamyndun."

Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir mikla fylgisaukningu Frjálslyndra vekja athygli, en setur þann fyrirvara á að þetta sé einungis ein könnun.

„Það er þó full ástæða til að ætla að þeim hafi tekist að koma sér í umræðuna nú. Það er hins vegar engin leið til að segja hvort fylgisaukningin sé varanleg."

Annað sem Ólafi finnst athyglisvert er hve Framsóknarflokkurinn stendur illa nú, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Þá sé staða Samfylkingar heldur betri í þessari könnun en nýlegri könnun Capacent. Nýleg prófkjör Samfylkingar gæti haft þar áhrif, þar sem flokkurinn hafi verið meira í umræðunni vegna þeirra. „Það stingur líka að fylgi Samfylkingar er mun meira á höfuðborgarsvæðinu en hún var hjá Capacent."

Ólafur tekur þó fram að í aðalatriðum sé niðurstaða könnunar Fréttablaðsins á svipuðum nótum og nýleg könnun Capacent og gætu einhverjar breytingar verið slembisveiflur.

- ss/ sjá síðu 4

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKA**

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?






**RUMSFELD KLAPPAÐ Á BAKIÐ** George W. Bush kvaddi sinn gamla félaga Donald Rumsfeld á skrifstofu forsetans í Hvíta húsinu í gær, en Rumsfeld sagði þá af sér sem varnarmálaráðherra, eftir að ljóst var að Repúblikanaflokkurinn tapaði þingmeirihluta sínum. Í stað Rumsfelds kemur Robert M. Gates, en hann starfaði með föður Bush í leyniþjónustu Bandaríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Útgjöld til varnarmála:

## Gætu numið 20 milljörðum

**VARNARMÁL** Með þeim auknu útgjöldum sem brottför varnarliðsins hefur í för með sér fyrir íslensk stjórnvöld til að tryggja öryggi lands og þjóðar má vænta þess að innleiða þurfi nýjan lið í fjárlög íslenska ríkisins: útgjöld til varnarmála. Hvort Ísland muni þegar fram líða stundir þurfa að verja tveimur prósentum af landsframleiðslu sinni til þessa málaflokks eins og NATO ætlast til að öll aðildarríki þess geri, á eftir að koma í ljós. Það myndi þýða útgjöld upp á um 20 milljarða króna á ári.

Þetta er meðal þess sem fram kemur í fyrstu grein greinaflokks um varnir Íslands, sem hefur göngu sína í Fréttablaðinu í dag.

- aa/sjá síðu 18

Tilkynnt um 450 börn á síðasta ári til Barnaverndarnefndar vegna fíkniefnamála:

# 12 til 13 ára börn reglulega á slysamóttöku vegna vímuefna

**BARNAVERNDARMÁL** Barnaverndarnefnd Reykjavíkur var tilkynnt um fimm hundruð börn á síðasta ári vegna fíkniefnaneyslu, sjálfsvígstilrauna og annarrar sjálfskaðandi hegðunar. Þar af voru 468 á aldrinum 13 - 18 ára og 33 börn yngri en 12 ára. Um 90 prósent þeirra komu inn á borð nefndarinnar vegna fíkniefnaneyslu, að sögn Halldóru Gunnarsdóttur framkvæmdastjóra Barnaverndarnefndar.

„Þetta eru börn sem eru í fíkniefnaneyslu, eru á útigangi, sýna sjálfskaðandi hegðun eins og til dæmis tilraun til sjálfsvígs eða ofneyslu lyfja. En langstærsti hluti þessara barna er tengdur tengdur vímuefnaneyslu."

Ófeigur Þorgeirsson yfirlæknir á slysa- og bráðamóttöku Landspítala háskólasjúkrahúss sagði í viðtali við Fréttablaðið í vikunni að börn á aldrinum 12 til 13 ára kæmu reglulega inn á deildina eftir að hafa notað fíkniefni. Halldóra segir að margar tilkynningar berist frá slysa- og bráðamóttöku Landspítalaháskólasjúkrahúss til barnaverndarnefndar vegna fíkniefnaneyslu barna og unglinga. Hún bendir á að tilkynningaskylda samkvæmt barnaverndarlögum hvíli á þeim starfsstéttum sem vinni með börn, svo sem læknum, hjúkrunarfræðingum, prestum og fleirum. Þetta tiltekna ákvæði laganna gangi ofar trúnaðarreglum umræddra starfsstétta og eftir því sé farið.

-jss/sjá síðu 10



## SPURNING DAGSINS



*Curver, ertu venjulega ber dreyminn?*

Já, ég er draumóramaður.

Listamaðurinn Curver lá nakinn og meðvitundarlaus á steingólfi í þrjá tíma á listsýningu síðustu helgi. Tók hann svefntöflur til að vera örugglega án meðvitundar meðan á sýningunni stóð.

Jóni Sigurðssyni iðnaðarráðherra var brigslað um ósannindi á Alþingi í gær:

# Orkufyrirtæki ekki sameinuð

**STJÓRNMÁL** Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra var á Alþingi í gær spurður hvort hann hefði vísvitandi sagt ósatt í síðustu viku eða hvort ákvörðun um að gera Rarik og Orkubú Vestfjarða að dótturfyrirtækjum Landsvirkjunar hafi verið tekin í hasti.

Ráðherrann kynnti þau áform á ríkisstjórnarfundi á þriðjudagsmorgun en í síðustu viku voru kaup ríkisins á eignarhlutum Reykjavíkur og Akureyrar í Landsvirkjun opinberuð. Spurður í síðustu viku hvort til stæði að renna Rarik og Orkubúi Vestfjarða inn í Landsvirkjun svaraði Jón því til að ekki væri í ráði að sameina fyrirtækin. Jón Gunnarsson, Samfylkingunni, tók málið upp í þinginu í gær og rukkaði ráðherrann um skýringar á ósamræmi orða og athafna. Í útskýringu sinni sagði ráðherrann að ekki væri verið að sameina fyrirtækin, þau yrðu eftir sem áður sérstök hlutafélög, en eignarfyrirkomulagi ríkissjóðs væri fyrirkomið með öðrum hætti.



**JÓN SIGURÐSSON** Í útskýringu sinni sagði ráðherrann að ekki væri verið að sameina Rarik og Orkubú Vestfjarða.

Í framhaldinu tóku nokkrir þingmenn til máls og lýstu vanþóknun sinni á þessari ráðagjörð enda bryti hún gegn markmiðum stjórnvalda um samkeppni á orkumarkaði. Kristján L. Möller, Samfylkingunni, hafði að auki áhyggjur af að í kjölfarið fylgdu uppsagnir og lokun starfsstöðva og Jón Bjarnason, VG, sagði skref stigið í átt til einkavæðingar Landsvirkjunar. - bþs

Meintur fíkniefnasali tekinn:

# Fimmtán e-töflur í rannsókn

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan í Reykjavík handtók í fyrrakvöld rúmlega þrítugan mann sem reyndist hafa í fórum sínum 15 e-töflur og um 30 grömm af amfetamíni. Handtakan var í tengslum við tvö mál sem fíkniefnalögreglan rannsakar nú, þar sem ung stúlka lét lífið eftir að hafa tekið inn e-töflu og tveir unglingspiltar færveiktust eftir að hafa neytt sömu efna. Sá handtekni sætti yfirheyrslum í gær, en óvíst var um gæsluvarðhaldskröfu síðdegis.**

**E-töflurnar sem lögreglan tók verða sendar í eiturefnarannsókn í flýtimeðferð.** -jss



**SNJÓR Í STYKKISHÓLMI** Þessar stúlkur nýttu snjóinn í gær til þess að búa til snjókarl. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Breytilegt veður fram undan:

# Umhleypingar í veðri næstu daga

**VEÐUR „Næstu daga má búast við að skiptist á með snjó og snjóleysi á landinu," segir Sigurður Þór Ragnarsson, veðurfræðingur á NFS.**

**Sigurður segir spár gera ráð fyrir rigningu fram á laugardag á sunnanverðu landinu og að gert sé ráð fyrir sterkum vindi við norðurströndina á föstudag sem gæti náð 25–30 metrum.**

**Sigurður segir að sú úrkoma sem fellur næstu daga verði líklega í formi regns sunnanlands en stöku élja gæti orðið vart norðan- og austanlands.** - hs

Launamunur kynjanna:

# Deilt á félagsmálaráðherra

**ALÞINGI** Þingmenn stjórnarandstöðu gagnrýndu félagsmálaráðherra harðlega fyrir að gera lítið til að draga úr launamun kynjanna í utandagskrárumræðum á miðvikudag.

Jóhanna Sigurðardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, hóf umræðuna og spurði ráðherra hvort hann væri reiðubúinn til að setja kraft í áætlanir um að ná launajafnrétti. Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sagðist mundu kalla saman valinn hóp til að taka á þessu. Kvaðst hann tilbúinn til að skoða beitingu jákvæðrar mismununar og jafnvel að aflétta launaleynd. - sdg

# Fyrirtækjum bannað að styrkja flokka

**Tillögur nefndar um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi fela í sér grundvallarbreytingu á stjórnmálastarfi. Fyrirtækjum verður ekki leyfilegt að styrkja stjórnmálaflokka. Róttækar breytingartillögur, segir Gunnar Helgi Kristinsson.**

**STJÓRNMÁL** Fyrirtækjum verður ekki leyfilegt að styrkja stjórnmálaflokka eða frambjóðendur í prófkjörum náist full sátt um tillögur sem kynntar hafa verið fyrir formönnum allra stjórnmálaflokkanna. Þetta staðfesti Sigurður Eyþórsson, formaður nefndar um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi, við Fréttablaðið gær.

Sigurður segir ekki ólíklegt að nefndin ljúki störfum sínum fyrir mánaðamót og kynni þá afrakstur nefndarstarfs, sem staðið hefur yfir í um eitt ár. „Þótt nefndarvinnan hafi gengið vel og tillögur hafi verið kynntar fyrir formönnum flokkanna, þá er ekkert í hendi nema að full sátt náist um þessi málefni. Formenn flokkanna tóku vel í þær tillögur sem ræddar voru en þetta er ekki komið. Nefndin er að skoða lagalegt umhverfi stjórnmálastarfs í landinu og því er afar mikilvægt að full sátt náist um þá leið sem ákveðið verður að fara."

Eins og greint var frá í Fréttablaðinu á þriðjudag hafa formenn allra stjórnmálaflokkanna fallist á að bókhald allra stjórnmálaflokkanna verði opnað og fært upp á yfirborðið að uppfylltum tilteknum skilyrðum, en tillaga þess efnis var kynnt fyrir formönnum á fundi laugardaginn 4. nóvember. Sigurður Eyþórsson, Kjartan Gunnarsson og Árni Páll Árnason sátu fundinn með formönnunum en Kjartan er varaformaður nefndar um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi og Árni Páll ritari hennar.



**ALÞINGI** Nái tillögur nefndar um lagalega umgjörð stjórnmálastarfsemi, sem kynntar hafa verið fyrir formönnum stjórnmálaflokkanna, fram að ganga verða róttækar breytingar á starfsumhverfi stjórnmálaflokka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**GUNNAR HELGI KRISTINSSON** Segir tillögur nefndar fela í sér mikla breytingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tillögur nefndarinnar, sem kynntar hafa verið innan þingflokkanna, miða meðal annars að því að fjárframlag komi frá hinu opinbera til stjórnmálaflokkanna í meira mæli heldur en nú og það verði í höndum Ríkisendurskoðunar að móta reglur og hafa eftirlit með fjármálum flokkanna.

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir það nokkur tíðindi nái þessar tillögur um breytingar á starfsumhverfi stjórnmálaflokka fram að ganga. „Það má reikna með því, ef þessar breytingar verða að veruleika, að stjórnmálaflokkarnir seilist dýpra í vasa skattgreiðenda. Það liggur í hlutarins eðli. Svo er líka hægt að velta því upp, hvort réttlætanlegt sé, að banna fyrirtækjum að leggja fé til stjórnmálastarfsemi. Á þeim forsendum er hægt að deila um það hvort breytingar, sem miða í þessa átt, boði óþarflega mikla þrengingu á starfsumhverfi stjórnmálaflokka."

Auk Sigurðar, Kjartans og Árna Páls eiga Eyjólfur Ármannsson, Guðlaugur Þór Þórðarson, Gunnar Svavarsson, Gunnar Sverrir Ragnars, Helgi S. Guðmundsson, Kristín Halldórsdóttir og Margrét S. Björnsdóttir sæti í nefndinni. magnush@frettabladid.is

Rannsókn á hamingju Íslendinga:

# Ríkir óhamingjusamir

**RANNSÓKNIR** Efnishyggja hefur slæm áhrif á vellíðan og andlega heilsu Íslendinga. Þeir sem eru efnishyggnir eru óhamingjusamari en aðrir. Þetta eru niðurstöður rannsóknar sem doktor Ragna B. Garðarsdóttir hefur unnið um efnishyggju, tekjur og áhrif þeirra á vellíðan.



**RAGNA B. GARÐARSDÓTTIR**

Tekjur hafa áhrif á samband efnishyggju og vellíðunar þannig að háar tekjur virðast verndа fólk að einhverju leyti fyrir neikvæðum áhrifum efnishyggjunnar með undantekningu þó. Ef fólk ætlar að nota peninga til að komast yfir efasemdir um eigið ágæti þá verður þetta fólk óhamingjusamara en ef það hefur ekki trú á því að peningar séu það sem vantar upp á eigið ágæti.

Ragna segir að í heildina sé efnishyggjufólk minna sátt við lífið en aðrir. Spurð um það hvort efnishyggjuþjóðin sé óhamingjusöm þá segist hún „stundum grínast með það, já".

Ástæðan fyrir því að Íslendingar mælast hamingjusamasta þjóð í heimi er sú að „við höfum efni á þunglyndislyfjum," segir Ragna og vitnar í erlendar rannsóknir.

„Meiri ójöfnuður í tekjum þjóða stuðlar að meiri óhamingju. Það verður gaman að sjá eftir nokkur ár hvað alþjóðlegar kannanir sýna, hvort hamingja hafi minnkað um leið og ójöfnuðurinn hefur aukist svakalega." - ghs



**NÝR VÍSIR** Vísir er nú á áttunda ári og því með eldri vefjum landsins.

Aukin áhersla á fréttaflutning:

# Nýr og endurbættur Vísir

**FJÖLMIÐLAR** Í dag birtist landsmönnum nýr, öflugri og stílhreinni visir.is eftir gagngera endurskoðun. Stóraukin áhersla er lögð á almennan fréttaflutning, íþrótta- og viðskiptafréttir.

Að baki fréttahluta Vísis er 60 manna fréttastofa NFS auk Fréttablaðsins en að jafnaði hafa um tíu fréttamenn það meginhlutverk að skrifa fréttir á Vísi. Fréttir birtast bæði í textaformi og sem sjónvarpsinnslög sem hægt er að sjá og heyra á netinu.

Í síðustu viku sló Vísir persónulegt aðsóknarmet þegar 231.688 notendur nýttu sér þjónustu vefjarins samkvæmt samræmdri vefmælingu Modernus. - sdg

Landlæknir um Norrænumálið:

# Kannski önnur orsök en slysið

**LÖGREGLUMÁL „Það var ekkert að finna að honum þegar hann var skoðaður eftir því sem mér skilst," segir Matthías Halldórsson landlæknir sem samkvæmt beiðni frá móður Þórðar Einars Guðmundssonar rannsakar tildrög þess að sonur hennar lést um borð í Norrænu. „Það eru til svo margar ástæður fyrir því að menn geti dáið. Kannski var eitthvað annað að honum en að hann lenti í slysi. Þetta þarf allt að athuga betur." Matthías hefur kallað eftir gögnum um það hvernig mál Þórðar var skráð á Heilsugæslustöðinni á Egilsstöðum þar sem Þórður var skoðaður eftir bílveltu: „Svo öflum við væntanlega gagna frá Færeyjum líka."** - gar

Könnun meðal stjórnenda:

# Flestir hætta á milli 60–70 ára

**ATVINNUMÁL** Stærstur hluti stjórnenda ætlar að setjast í helgan stein á milli sextugs og sjötugs samkvæmt nýrri könnun VR á meðal stjórnenda á almennum og opinberum vinnumarkaði.

Töluverður munur er á viðhorfi stjórnenda á almennum og opinberum markaði. Þannig hyggja 25 prósent starfsmanna á almennum markaði á starfslok fyrir sextugt en einungis sjö prósent stjórnenda hins opinbera.

Könnunin sýnir að 40 prósent stjórnenda, yngri en 35 ára, hyggjast hætta að vinna fyrir sextugt en 22 prósent stjórnenda sem eru á aldrinum 36–60 ára. - hs


BÍLL DAGSINS
NISSAN PATROL ELEGANCE
Nýskr. 09.06 - Sjálfsskiptur - Ekinn 1þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.




## Kringlan er komin í jólaskap

Njóttu þess að undirbúa jólin í rólegheitum með því að byrja snemma. Fimmtudagskvöldin eru auk þess upplögð fyrir þá sem vilja versla í ró og næði. Þú færð allt fyrir jólin í Kringlunni.

**Opið til 21 í kvöld**

| **Mán. til mið.** | **Fimmtudagur** | **Föstudagur** | **Laugardagur** | **Sunnudagur** |
|---|---|---|---|---|
| 10.00 - 18.30 | 10.00 - 21.00 | 10.00 - 19.00 | 10.00 - 18.00 | 13.00 - 17.00 |

www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

**Nýtt kortatímabil**

Kringlan

## GENGIÐ 08.11.2006

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 67,90 | 68,22 |
| Sterlingspund | 129,52 | 130,14 |
| Evra | 86,83 | 87,31 |
| Dönsk króna | 11,642 | 11,710 |
| Norsk króna | 10,525 | 10,587 |
| Sænsk króna | 9,495 | 9,551 |
| Japanskt jen | 0,5771 | 0,5805 |
| SDR | 100,78 | 101,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,9105

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Utanríkisráðherra í fjögurra daga opinberri heimsókn í Úkraínu:

# Gerðu tvísköttunarsamning

**UTANRÍKISMÁL** Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra og Viktor Pynzenyk, fjármálaráðherra Úkraínu, undirrituðu í gær tvísköttunarsamning milli landanna. Valgerður segir mikinn áhuga á fleiri samningum, svo sem fjárfestingasamningi og loftferðasamningi. Svo sé borðleggjandi að gera fríverslunarsamning við EFTA á fyrri hluta næsta árs þegar Úkraína hefur fengið aðild að Alþjóðaviðskiptastofnuninni.

„Ég tel það áhugavert fyrir báða aðila. Miðað við þann áhuga sem Úkraínumenn hafa á erlendri fjárfestingu þá er mikilvægt að þeir aðlagi sitt laugaumhverfi að nýjum aðstæðum. Ég hef meðal annars lagt áherslu á að fjárfestinga- og viðskiptaumhverfið þurfi að vera sambærilegt EES-svæðinu,“ segir hún og telur koma á óvart hve mikill áhugi er á að laga viðskiptaumhverfið í Úkraínu að því sem gerist í Evrópu.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR UTANRÍKISRÁÐHERRA** Telur stjórnmálaástand í Úkraínu fallvalt en þjóðin sé komin á beinu brautina.

Valgerður heimsótti starfsstöðvar Actavis og Lánstrausts í Úkraínu í gær. Valgerður segir að Úkraína sé spennandi fyrir íslenska fjárfesta og mikill áhugi sé á því að fá íslenska fjárfestingu þangað. Hvað óstöðugt stjórnmálaástand varðar segist hún ekki halda því fram að stöðugleiki sé kominn á til framtíðar. „Það er nokkuð fallvalt en það er heldur engin leið til baka fyrir þessa þjóð. Hún mun aðlagast að því sem gengur og gerist í Evrópu þó að vissulega sé hún ekki komin alveg á beinu brautina,“ segir utanríkisráðherra.

- ghs

Utanríkisráðherra:

# Saddam sæti ábyrgð

**UTANRÍKISMÁL Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra telur að Saddam Hussein, fyrrverandi Íraksforseti, verði að sæta ábyrgð gjörða sinna. Úrskurðurinn sé lögmætur.**

**Fyrirséð hafi verið að Hussein hlyti þungan dóm.**

**„Þó að íslensk stjórnvöld hafi alltaf haft efasemdir um beitingu dauðarefsinga þá nær okkar lögsaga ekki yfir annað en Ísland og við verðum að hafa í huga að Saddam Hussein beitti þjóð sína harðræði og lét drepa þúsundir borgara, þar á meðal konur og börn.“**

- ghs

## VIÐBRÖGÐ VIÐ KÖNNUN

### YFIR KJÖRFYLGI

„Svona kannanir taka að einhverju leyti mið af umræðunni og það hefur verið rólegra yfir vötnum hjá okkur þar sem engin prófkjör eða slíkt hefur verið í gangi sem hefur vakið mikla athygli á okkur,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Steingrímur bendir á að könnunin sé þó vel yfir kjörfylgi.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**

Steingrímur telur ekki að beint samhengi sé milli fylgistaps VG og fylgisaukningar F og könnunin sé tekin í ölduróti umræðna.

### Á RÉTTRI LEIÐ

„Ég er auðvitað ánægð með að við séum að bæta við okkur og hef svo sem verið sannfærð um það lengi að við myndum gera það eftir því sem liði nær kosningum,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Ingibjörg bendir á að taka verði svona niðurstöðum með fyrirvara. „Fjölmiðlaumræða skiptir alltaf máli. Þannig að oft eru kannanir mælikvarði á hvað er í umræðunni hverju sinni og ég geri ráð fyrir að það eigi til dæmis við um Frjálslynda flokkinn nú.“



**INGIBJÖRG SÓLRÚN**

### BRÝNT MÁLEFNI

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir niðurstöður könnunarinnar athyglisverðar. Hvað aukið fylgi Frjálslyndra varðar vill hún vara við því að brugðist sé við aðsókn útlendinga með fljótfærni.



**ÞORGERÐUR KATRÍN**

„Menn eiga ekki að vera að slá sig til riddara með svona upphrópunum, málefnið er merkilegra en svo.“ Hún telur að lykillinn að því að útlendingar aðlagist samfélaginu slysalítið sé íslenskukunnátta. Gera eigi auknar kröfur um hana og um leið á að auðvelda aðgengi að náminu.

# Frjálslyndir á miklu flugi

**Frjálslyndi flokkurinn eykur fylgi sitt verulega samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins, en fylgi Framsóknarflokks og Vinstri grænna dalar. Samfylking bætir við sig, en fylgi Sjálfstæðisflokks minnkar lítillega.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Fylgi Frjálslynda flokksins eykst verulega samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Flokkurinn mælist nú með 11,0 prósenta fylgi og fengi samkvæmt því sjö þingmenn kjörna ef kosið yrði nú. Í síðustu könnun blaðsins, sem gerð var 24. ágúst, mældist fylgi Frjálslynda flokksins 2,1 prósent og er þetta því veruleg aukning. Einnig mælist fylgið nú meira en kjörfylgið, en flokkurinn hlaut 8,8 prósent atkvæða í síðustu kosningum og fjóra menn kjörna.

Ef miðað er við síðustu könnun blaðsins er fylgisaukning Frjálslyndra á kostnað fylgis við Framsóknarflokk og Vinstri hreyfinguna – grænt framboð.

Framsóknarflokkurinn mælist nú með 6,8 prósenta fylgi og hefur ekki mælst með minna fylgi í könnunum blaðsins. Flokkurinn myndi samkvæmt því fá fjóra þingmenn kjörna. Í síðustu könnun mældist fylgið 10,7 prósent og hefur það því dregist saman um 3,9 prósentustig. Framsóknarflokkurinn hlaut 17,7 prósent atkvæða í síðustu þingkosningum og tólf þingmenn.

Fylgi Vinstri grænna dregst hins vegar saman um 5,6 prósentustig frá síðustu könnun blaðsins. Nú segjast 13,3 prósent þeirra sem tóku afstöðu myndu kjósa flokkinn og fengi flokkurinn samkvæmt því átta þingmenn. Vinstri grænir mælast hins vegar umfram kjörfylgi, en flokkurinn hlaut 8,8 prósent atkvæða í þingkosningunum 2003 og fimm menn kjörna.

Fylgi Sjálfstæðisflokks minnkar lítillega frá síðustu könnun blaðsins. Nú segjast 38,5 prósent þeirra sem tóku afstöðu myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn, en fylgið var 39,7 prósent í síðustu könnun. Fylgi við flokkinn er enn nokkuð yfir kjörfylgi, en hann hlaut 33,7 prósent atkvæða í síðustu þingkosningu. Samkvæmt þessari nýju könnun myndi flokkurinn fá 25 þingmenn kjörna en þinglokkur sjálfstæðismanna telur nú 23.

Fylgi Samfylkingar eykst lítillega frá síðustu könnun. Nú segjast 30,4 prósent myndu kjósa Samfylkingu, sem myndi þýða 19 þingmenn kjörna eða einum færri en í kosningunum 2003. Í síðustu könnun blaðsins mældist fylgið hins vegar 28,0 prósent. Fylgi við Samfylkingu nú er nú mjög nálægt kjörfylgi, en flokkurinn hlaut 30,9 prósent atkvæða í síðustu þingkosningu.

Samanlagt fylgi stjórnarflokkana er 45,3 prósent og þingmannastyrkur reiknaður út frá því eru 29 þingmenn. Væru þetta niðurstöður kosninga væri ríkisstjórnin því fallin og vantar þrjá þingmenn upp á að halda meirihluta á þingi.

Nokkur munur er á afstöðu svarenda eftir kyni og búsetu.

Frjálslyndi flokkurinn hefur meira fylgi úti á landi en á höfuðborginni. 12,6 prósent svarenda sem afstöðu tóku í landsbyggðarkjördæmum sögðust myndu kjósa flokkinn, en 9,9 prósent á höfuðborginni. Fylgisaukning flokksins kemur að stórum hluta frá kjósendum á landsbyggðinni, en þar bætir Frjálslyndir við sig 11,0 prósentustigum. Lítill munur er á fylgi Frjálslyndra eftir kyni.

Verulegur munur er á stuðningi við Framsóknarflokkinn eftir búsetu. Flokkurinn hefur 13,7 prósenta fylgi í landsbyggðarkjördæmum, en mælist einungis með 2,1 prósent á höfuðborgarsvæðinu. Þá er stuðningur meðal karla aðeins meiri en meðal kvenna. 8,0 prósent karla segjast styðja flokkinn, en 5,3 prósent kvenna. Stór hluti fylgistapsins er meðal kvenna, þar sem fylgið dregst saman um 6,4 prósentustig.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur mun meiri stuðning íbúa á höfuðborgarsvæðinu en út á landi. Flokkurinn mælist með 41,7 prósent fylgi á höfuðborgarsvæðinu, en 33,7 prósent á landsbyggðinni. Líkt og áður hefur Sjálfstæðisflokkurinn sterkari stöðu meðal karla en kvenna. 41,3 prósent karla segjast myndu kjósa flokkinn en 34,9 prósent kvenna. Helsti munur frá síðustu könnun er að landsbyggðarfylgi Sjálfstæðisflokks dregst saman um 5,5 prósentustig.

Fylgi Samfylkingarinnar mælist nokkuð meira á höfuðborgarsvæðinu en í landsbyggðarkjördæmunum. Á höfðborgarsvæðinu mælist fylgi flokksins 33,6 prósent, en 25,8 prósent á landsbyggðinni. Líkt og í fyrri könnunum er staða flokksins sterkari meðal kvenna en karla. 34,0 prósent kvenna segjast myndu kjósa Samfylkingu, en 27,7 prósent kvenna. Helstu breytingar frá síðustu könnun eru meðal kvenna og á höfuðborgarsvæðinu. Í báðum tilfellum eykst fylgið um um það bil 4,5 prósentustig.

Vinstri græn eru sterkari meðal kvenna en karla og hafa meira fylgi á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. 15,8 prósent kvenna segist myndu kjósa flokkinn á móti 11,4 prósent karla. Þá segist 14,2 prósent íbúa á landsbyggðinni myndu kjósa Vinstri græn, en 12,7 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Helstu breytingar frá síðustu könnun er að fylgi flokksins dalar um 9,3 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu og 8,6 prósentustig meðal kvenna.

Könnunin fór fram þriðjudaginn 7. nóvember. Hringt var í 800 kjósendur og skiptust svarendur jafnt milli kynja og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða flokk myndir þú kjósa ef boðað yrði til kosninga nú? Svarhlutfall var 59,1 prósent.

svanborg@frettabladid.is

**FYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA FRÁ ALÞINGISKOSNINGUM**

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins







Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

NORÐURLANDIÐ Á MORGUN !!!

Nú komandi nótt gengur hvassviðri yfir landið samfara lægð. Í nótt verður víða 13-23 m/s en á morgun gæti slegið í 28 m/s á norðanverðu landinu, hvassast á heiðum og með ströndinni en mjög hvasst verður þó í hviðum til landsins. Það er því full ástæða fyrir þá sem hyggja á ferðalög um Norðurland á morgun að fylgjast vel með veðurspám.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG

Sunnan strekkingur en hvassviðri í kvöld. Rigning og skúrir. Mikil rigning í kvöld. Hiti 5-9 stig.

um hádegi »




» á morgun




13-25 m/m hvassast með norðurströndinni.

» laugardagur




5- 13 m/s, hvassast við austurströndina

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C hálfskýjað | London | 13°C hálfskýjað | Alicante | 23°C hálfskýjað |
| Þórshöfn | 7°C hálfskýjað | París | 13°C hálfskýjað | Barcelona | 21°C hálfskýjað |
| Osló | 3°C heiðskírt | Frankfurt | 12°C skúrir | Algarve | 22°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 3°C heiðskírt | Friedrichshafen | 8°C rigning | Krít | 20°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 8°C hálfskýjað | Berlín | 10° C skúrir | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# SPRENGIDAGUR Í DEBENHAMS KL. 8-22

# 25%

NÝTT KORTA-TÍMABIL!

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM FATNAÐI OG HEIMILISVÖRUM

15% AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM

# BARA Í DAG

9. NÓVEMBER, 2006



DEBENHAMS

SMÁRALIND

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú að setja nagladekk undir bílinn í vetur?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,7% |
| Nei | 48,3% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Stundar þú bankaviðskipti á netinu?*

Segðu skoðun þína á visir.is vísir

Staða Bush forseta breytist verulega í kjölfar þingkosninganna:

# Demókratar ráða fjárlögum

**BANDARÍKIN** „Með meirihluta í fulltrúadeild geta demókratar stjórnað fjárlögunum í raun og veru. Þar hafa þeir mesta valdið,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir, stjórnmálafræðingur og forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands, um það hvaða völd demókratar fái í raun nú þegar tvö ár eru eftir af kjörtímabili Bush forseta.

„Þeir stjórna líka nefndarstörfunum og geta því sett af stað rannsóknir og yfirheyrslur.“

Óvissa mun hins vegar ríkja áfram, jafnvel allt fram að jólum, um það hvort demókratar hafi náð meirihluta í öldungadeildinni líka, en takist þeim það hafa þeir mun meiri áhrif á utanríkismálin heldur en eingöngu með meirihluta í fulltrúadeildinni.



**SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR** Segir að Bush gæti nú fengið svigrúm til að vinna með demókrötum að málefnum innflytjenda.

„Aðallega yrði það þó bara móralskur styrkur fyrir demókrata að hafa meirihluta í báðum deildum. Það munar miklu fyrir þá að fara sterkir inn í forsetakosningarnar, sem athyglin fer núna að beinast að.“

Allir virðast nokkuð vissir um að Bush verði fyrst og fremst minnst fyrir stríðið í Írak og hernað gegn hryðjuverkamönnum, en Silja Bára bendir á að núna opnist möguleiki fyrir Bush til að láta til sín taka í innflytjendamálum. **- gb**

Kjósendur taka afstöðu:

# Helstu mál repúblikana felld

**BANDARÍKIN, AP Kjósendur í Suður-Dakóta höfnuðu á þriðjudaginn lögum, sem ríkisþingið hafði einróma samþykkt fyrr á árinu, um bann við fóstureyðingum. Þá höfnuðu kjósendur í Arizona stjórnarskrárbreytingu, sem hefði bannað samkynhneigðum að ganga í hjónaband. Í Missouri samþykktu kjósendur hins vegar lög sem heimila stofnfrumurannsóknir.**

**Allt þetta þrennt telst vera áfall fyrir repúblikana. Alls var kosið um 205 sérmálefni af ýmsu tagi í 37 ríkjum Bandaríkjanna í kosningunum á þriðjudaginn. - gb**

OPINN FUNDUR UM SAMGÖNGUMÁL Í KVÖLD

2. SÆTIÐ

Bjarni Benediktsson efnir til opins fundar um samgöngumál í Suðvesturkjördæmi á kosningaskrifstofu sinni að Garðatorgi 7 í kvöld kl. 20.

Gestur fundarins verður Eysteinn Harldsson, bæjarverkfræðingur í Garðabæ.



TRYGGJUM TRAUSTA FORYSTU
BJARNA BENEDIKTSSON Í 2. SÆTIÐ

WWW.BJARNIBEN.IS

www.bryndisharalds.is

Bryndís Haralds í 4.-5. sæti

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í SUÐVESTURKJÖRDÆMI

Tilbúin
- með þér inn í framtíðina

Ég er TILBÚIN
til að vinna að framgangi íslensks þekkingarþjóðfélags.

Ég er TILBÚIN
til að vinna að fjölskylduvænna samfélagi.

Ég er TILBÚIN
til að standa vörð um frelsi einstaklingsins.



Kosningaskrifstofa Bryndísar er að Bæjarlind 14 í Kópavogi. Upplýsingasími 554 1508

Menntun er verðmæti



Þórhildur Þorleifsdóttir

6. til 8. sæti

í prófkjöri Samfylkingarinnar

Samfylkingin

www.torhildur.is

# Rumsfeld hættir

**Repúblikanar hafa misst meirihluta sinn á Bandaríkjaþingi. Demókratinn Nancy Pelocy verður forseti fulltrúadeildar. Bush sá sér ekki annað fært en að láta Donald Rumsfeld, einn af nánustu samstarfsmönnum sínum, hætta.**

**BANDARÍKIN, AP** Donald Rumsfeld hættir sem varnarmálaráðherra í Bandaríkjunum. George W. Bush forseti skýrði frá þessu á blaðamannafundi í gær, daginn eftir að Repúblikanaflokkurinn missti meirihluta sinn á þingi.

Bush sagðist ætla að tilnefna Robert Gates, fyrrverandi yfirmann leyniþjónustunnar CIA, sem eftirmann Rumsfelds í embættinu. Gates er nú háskólarektor í Texas og náinn vinur forsetafjölskyldunnar. Hann var yfirmaður CIA á árunum 1990 til 1991, þegar Bush eldri var forseti.

Í síðustu viku sagðist Bush vera staðráðinn í að halda Rumsfeld í varnarmálaráðuneytinu til enda kjörtímabilsins, en í gær sagði hann að „eftir ígrunduð samtöl“ hafi þeir Rumsfeld orðið ásáttir um að nú sé „réttur tími til að skipta um forystu í varnarmálaráðuneytinu.“

Bush hrósaði Rumsfeld í ræðu sinni í gær, sagði hann hafa verið „framúrskarandi leiðtoga á breytingatímum,“ en jafnframt sagði Bush að þeir áttuðu sig báðir á því að nú þyrfti „ný sjónarmið“ í varnarmálaráðuneytið.

Rumsfeld hefur verið afar umdeildur og jafnvel hátt settir ráðamenn í hernum hafa hvað eftir annað krafist þess að hann segði af sér. Rumsfeld þykir bera einna stærsta ábyrgð á stríðsrekstrinum í Írak, en óánægja Bandaríkjamanna með hernaðinn þar átti stóran hlut í fylgistapi repúblikana í þingkosningunum á þriðjudaginn.



**Á BLAÐAMANNAFUNDI Í WASHINGTON** Bush forseti hlýðir íbygginn á spurningu frá blaðamanni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Demókratar náðu meirihluta í fulltrúadeild Bandaríkjaþings og hafa að öllum líkindum tryggt sér meirihlutann í öldungadeildinni einnig, þótt enn sé ekki fengin endanleg niðurstaða um það.

Nancy Pelosi tekur við embætti forseta fulltrúadeildarinnar af repúblikananum Dennis Hastert. Hún verður þar með fyrsta konan til þess að gegna þessu embætti. Hún hefur verið leiðtogi demókrata í fulltrúadeildinni undanfarin fjögur ár og þykir býsna vinstrisinnuð í afstöðu sinni til margra umdeildra mála.

Hún sagði í gær að demókratar væru staðráðnir í að „stjórna heiðarlegasta, opnasta og siðlegasta þingi sögunnar.“

Bush forseti óskaði demókrötum í gær til hamingju með sigurinn. „Ég geri mér grein fyrir að margir Bandaríkjamenn greiddu atkvæði í gærkvöld til þess að láta í ljós óánægju sína með að ekki hafi orðið nægar framfarir,“ sagði hann. gudsteinn@frettabladid.is

Allar líkur á endurtalningu í Virginíuríki:

# Óvissa um úrslit vikum saman

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar náðu meirihluta í báðum deildum Bandaríkjaþings, en enn er þó ekki ljóst hvort meirihlutinn í öldungadeildinni stenst því reiknað er með því að farið verði fram á endurtalningu atkvæða í Virginíuríki.

Demókratinn Jim Webb lýsti seint í gær yfir sigri á repúblikananum George Allen í Virginíu, en sá sigur var naumur. Samkvæmt lögum Virginíuríkis er þeim frambjóðanda, sem tapar í kosningum, heimilt að fara fram á endurtalningu ef munurinn er innan við eitt prósent. Ef munurinn er minni en hálft prósent þá ber ríkið kostnaðinn af endurtalningunni.

Ekki verður þó hægt að fara fram á endurtalningu fyrr en endanlegar niðurstöðutölur kosninganna verða gefnar út, en í ár verður það ekki fyrr en 27. nóvember í Virginíu. Að því búnu hefur sá frambjóðandi sem beið lægri hlut tíu daga frest, eða til 7. desember, til þess að krefjast endurtalningar. Endanlegrar niðurstöðu úr endurtalningu gæti því þurft að bíða þar til fram yfir miðjan desember.

Verði niðurstaðan óbreytt, þá hafa demókratar 51 þingsæti á móti 49 þingsætum repúblikana og því ótvíræðan meirihluta í öldungadeildinni. Fari hins vegar svo að repúblikanar hljóti þingsætið í Virginíu, þá verða báðir flokkarnir með 50 þingsæti. Þá kemur til kasta varaforseta Bandaríkjanna, repúblikanans Dick Cheney, sem er þingforseti öldungadeildar og hefur sem slíkur úrslitavald í atkvæðagreiðslum. **- gb**



**DEMÓKRATINN FAGNAR SIGRI** Jim Webb vann nauman sigur á George Allen í Virginíu, en öll kurl eru þó ekki komin til grafar enn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## KOSNINGAR Í BNA

### Þreyta komin í repúblíkana

„Þetta er í samræmi við það sem búist var við. En úrslitin munu engu breyta um samskipti okkar við Bandaríkjamenn,“ segir Halldór Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks og formaður utanríkismálanefndar Alþingis. Auðvitað hafði Íraksstríðið áhrif og ýmislegt fleira og svo var komin þreyta eftir að repúblikanar höfðu verið lengi við völd. Bush hefur ekki tekist að halda sínu fylgi, það hefur legið fyrir lengi og er kjarni málsins.“



**HALLDÓR BLÖNDAL**

### Áfall fyrir Bush-stjórnina

„Það er ýmislegt skemmtilegt í niðurstöðunum,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, alþingismaður Samfylkingar. Til dæmis að kona úr flokki demókrata verður fyrsta konan til að gegna forsetaembætti í fulltrúadeildinni. Svo náði fyrsti sósíalistinn kosningu þegar óháður frambjóðandi í Vermont náði inn í öldungadeildina. Í það heila tekið er niðurstaðan áfall fyrir Bush-stjórnina.“ **- gar**



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**

Allur aldur er góður aldur. Clarins kynningardagar í Hagkaupum dagana 9. – 14. nóvember. Þar munu snyrtifræðingar frá Clarins kynna snyrtivörur fyrir alla aldurshópa og veita ráðgjöf.




CLARINS PARIS

Það er staðreynd að með Clarins er lífið fallegra.










Með hverri keyptri vöru í húðlínunni fylgir glæsilegur kaupauki* sérsniðinn að þínum góða aldri.

*Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir sýslumaðurinn á Akranesi?*
2. *Hvað fólst í gjörningi sem Curver setti upp um síðustu helgi?*
3. *Hvað heitir næsti forseti Níkaragva?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 70

Rannsókn fíkniefnalögreglu á tilraunum til smygls á hassi og kókaíni miðar vel:

# Tveir teknir vegna smyglmála

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan í Reykjavík handtók í fyrrakvöld tvo menn í tengslum við rannsókn á tveimur fíkniefnasmyglmálum, sem fíkniefnadeildin hefur unnið að. Þeir hafa verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald í hálfan mánuð.

Annar þessara manna var handtekinn í tengslum við hraðsendingu frá Danmörku sem innihélt hass í kílóavís. Fíkniefnalögreglan náði sendingunni þegar hún kom til landsins og voru tveir Íslendingar handteknir í kjölfarið. Fjórir menn sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna þessa máls.

Hinn maðurinn var handtekinn í tengslum við tilraun til að smygla inn kókaíni í skóm. Tveir menn urðu uppvísir að því athæfi fimmtudaginn 12. október og einn daginn eftir. Mennirnir komu til landsins með flugvél frá Kaupmannahöfn. Þangað höfðu þeir komið frá Hollandi, þar sem þeir fengu efnin. Þessir menn voru allir úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Fjórði maðurinn var handtekinn nokkru síðar og einnig úrskurðaður í gæsluvarðhald. Sá sem handtekinn var í fyrrakvöld er sá fimmti sem tekinn er vegna málsins. Tveir síðastnefndu sitja í gæsluvarðhaldi en hinum þremur hefur verið sleppt.

- jss



**HASS Í HRAÐSENDINGU** Fjórir menn sitja nú inni vegna hraðsendingar frá Danmörku sem innihélt hass í kílóavís.

Vændishverfi í Hamborg:

# Tengt Absolut Vodka

**SVÍÞJÓÐ Sænska vodkað Absolut Vodka er markaðssett í Hamborg með því að tengja vodkað við vændið í kringum Reeperbahn. Á auglýsingum í borginni stendur „Absolut Herbertstrasse“ en Herbertstrasse er í hjarta vændishverfisins.**

**Jacob Broberg, talsmaður Vin & Sprit í Svíþjóð, segir við Aftonbladet að hann skilji að auglýsingin geti stuðað fólk, haft verði samband við skrifstofu fyrirtækisins í Hamborg til að kanna hvort auglýsingin sé ásættanleg. Vændi er löglegt í Þýskalandi og Reeperbahn er þekkt um alla Evrópu fyrir vændi.**

- ghs


Unga konu til áhrifa

Ný atvinnutækifæri

Fjölskyldan

Jafnrétti



kynntu þér stefnumálin á www.bryndisisfold.com

Bryndís Ísfold 6. sæti

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember nk.


# Menningarmiðstöð verður sett í útboð

**Mistök urðu til þess að menningarmiðstöð var hluti af viljayfirlýsingu borgarinnar við hjúkrunarheimilið Eir um uppbyggingu fyrir eldri borgara. Viljayfirlýsingin verður látin standa. Menningarmiðstöðin fer í útboð náist samningar.**

**BORGARMÁL** Björn Ingi Hrafnsson, formaður borgarráðs, segir mistök hafa verið gerð í orðalagi þegar viljayfirlýsing á milli borgarinnar og sjálfseignarstofnunarinnar Eirar, hjúkrunarheimilis, um uppbyggingu þjónustu fyrir aldraða í Spönginni í Grafarvogi var undirbúin. Vegna mistakanna bættist við bygging fjögur þúsund fermetra menningarmiðstöðvar en samþykkt var í borgarráði í október að viljayfirlýsingin næði aðeins til uppbyggingar 1100 fermetra þjónustumiðstöðvar auk þjónustuíbúða. Viljayfirlýsingin verður látin standa og Eir sér um útboð ef samningar nást.

Björn Ingi fer með samningagerðina við Eir fyrir hönd borgarinnar. „Það gætir ósamræmis í orðalagi á milli samþykktar borgarráðs og viljayfirlýsingarinnar. Yfir það verður farið en enginn skaði er skeður því viljayfirlýsingin tekur aðeins til þess sem á að ræða. Hún er ekki bindandi á neinn hátt. Eir lýsti yfir áhuga á byggingu menningarmiðstöðvar í tengslum við uppbyggingu þjónustumiðstöðvar og íbúða fyrir aldraða og það er ástæðan fyrir þessu orðalagi í yfirlýsingunni. Samningsvinnan er í gangi og verður borin undir borgarráð til samþykktar í endanlegri mynd.“

Sýnt er að bygging menningarmiðstöðvar er útboðsskyld eins og segir í lögfræðiáliti frá því í júní 2005. Björn Ingi staðfestir það og einnig að náist samkomulag við Eir á grundvelli viljayfirlýsingarinnar muni sjálfseignarfélagið annast útboðið.

Um misræmið á milli viljayfirlýsingarinnar og samþykkta borgarráðs segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, að ekki hafi aðeins verið reynt að fara á bak við borgarráð og á svig við skýrar innkaupareglur borgarinnar í stórum verkefnum, heldur feli viljayfirlýsingin líklega í sér brot á lögum um opinber innkaup og útboðsskyldu sveitarfélaga. „Allt er varðar undirbúning þessa máls, og hvernig hefur verið haldið á málsmeðferðinni í heild sinni, er með ólíkindum. Það er eitthvað sem passar ekki og menn verða að gera hreint fyrir sínum dyrum.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri er stjórnarformaður Eirar. Hann sagði sig því frá samningsgerð og afgreiðslu hugsanlegra samninga borgarinnar við Eir og getur því ekki tjáð sig um málið í fjölmiðlum.

svavar@frettabladid.is



**FUNDUR BORGARRÁÐS** Mistök voru gerð í orðalagi viljayfirlýsingar eftir að borgarráð fjallaði um uppbyggingu fyrir aldraða í Spönginni í Grafarvogi. Yfirlýsingin verður látin standa.





V O X
RESTAURANT/BISTRO



villtur & öðruvísi

Villibráðarmatseðill í nóvember.

Borðapantanir í síma 444 5050 eða vox@vox.is

Forystukona í fremstu röð!



2.-3. sætið

Kjósum Jóhönnu í 2.-3. sætið!

Jóhanna Sigurðardóttir hefur frá stofnun Samfylkingarinnar leitt lista hennar.

Tryggjum áframhaldandi forystuhlutverk hennar í öðru Reykjavíkurkjördæmanna.

Heimasíða: www.althingi.is/johanna • johanna@althingi.is • Sími: 824 3311

550 5600

Hringdu ef blaðið berst ekki

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið




Fram til áramóta fá nýir viðskiptavinir í *DMK* gjafabréf fyrir tvo í Borgarleikhúsinu.

# Tímamót!

*DMK* markar tímamót í bankaþjónustu við fólk á fullri ferð út í lífið.

Það er í nógu að snúast á árunum í kringum lok framhaldsnáms, þegar atvinnuferillinn er að byggjast upp, fjölskyldan að vaxa og dafna, framtíðaríbúðin í sjónmáli og svo mætti lengi telja. Ný *DMK þjónusta* SPRON miðar að því að mæta þörfum þeirra sem standa í þessum sporum og gera fjármálin einfaldari, hagkvæmari og þægilegri.

Samsetning *DMK þjónustunnar* og helstu kostir eru:*

- ***DMK DEBETKORT*** – fæst án árgjalds og með 200 fríum færslum
- ***DMK KREDITHEIMILD*** – fylgir debetkortinu og er bæði vaxtalaus og án nokkurs kostnaðar
- ***DMK YFIRDRÁTTARHEIMILD*** – hefðbundin og á hagstæðum vöxtum
- ***DMK TILTEKTARLÁN*** – óhagstæðum skammtímaskuldum breytt í eitt hagstætt lán, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK LÉTTLÁN*** – viðskiptavinir stýra afborgunum í takt við getu hverju sinni, aðeins 1% lántökugjald
- ***DMK 90% ÍBÚÐALÁN*** – og sérkjör á brunatryggingu fyrir þá sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð
- ***DMK RÁÐGJÖF*** – sérsniðin ráðgjöf að þörfum fólks á leið út í lífið
- ***DMK REGLULEGUR SPARNAÐUR*** – er verðlaunaður með sérstöku mótframlagi, styrkjum og sérkjörum
- ***DMK 50% AFSLÁTTUR*** – af árgjaldi kreditkorta SPRON
- ***DMK TILBOÐ*** – hjá völdum verslunum og þjónustufyrirtækjum

## Skoðaðu framtíðina með *DMK* og sæktu um á spron.is

spron

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is
** skv. útlánareglum SPRON*



**KRÓKÓDÍLAKJÖT TIL SÖLU** Höfuð og hali af krókódíl hanga uppi meðan kjötsalinn sker niður væna bita til sölu á markaði í Haikou í sunnanverðu Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir athafnamenn í Vatnsleysustrandarhreppi stefna á alþjóðamarkað:

# Fullkomið hljóðver í Vogunum

**ATVINNUMÁL** „Með því að byggja fullkomnasta hljóðver á Íslandi úti í sveit og við hliðina á alþjóðaflugvelli gerum við ráð fyrir að geta markaðssett það í útlöndum,“ segir í erindi tveggja manna úr Vogunum til sveitarstjórnarinnar í Vatnsleysustrandarhreppi.

Þeir Valdemar Gestur Valdemarsson og Sigurður Bergsteinn Lárusson sem saman eiga einbýlishús við Skólatún í Vogunum áætla að hljóðverið verði reist á landareign þeirra skammt frá íbúðarhúsinu og að það verði um 200 fermetrar. Þess utan vilja þeir Valdemar og Sigurður fá leyfi til að byggja tíu gistihús sem hvert um sig á að vera þrjátíu fermetrar. Húsin segja þeir myndu nýtast jafnt fyrir íslenska sem innlenda ferðamenn.

„Við teljum að rekstur hljóðvers gæti vel heppnast ef rétt væri að verki staðið. Heimildir herma að það hafi aldrei verið byggt hljóðver á Íslandi alveg frá grunni,“ skrifa Valdemar og Sigurður sem hafa fengið jákvæðar undirtektir í bæði atvinnunefnd og byggingarnefnd Vatnsleysustrandarhrepps. - gar



**VOGAR** Rekstur fullkomins hljóðvers gæti vel heppnast í Vatnsleysustrandarhreppi, segja tveir stórhuga húseigendur í Vogum.

Innflytjendur í Svíþjóð:

## Flýja vegna fordóma

**SVÍÞJÓÐ Háskólamenntaðir innflytjendur flýja frá Svíþjóð í stórum stíl þar sem þeir fá ekki vinnu við hæfi vegna kynþáttafordóma í sænskum fyrirtækjum, að sögn sænska tímaritsins Veckans Affärer.**

**„Innflytjendur í Svíþjóð eru heimsins best menntaðir en við erum verst í heiminum við að ráða þá,“ segir dagblaðið Aftonbladet.**

**Veckans Affärer hefur kortlagt leynilega kynþáttafordóma í sænsku atvinnulífi sem valda því að innflytjendur eru sjaldan kallaðir í viðtöl og enn sjaldnar ráðnir.** - ghs


www.jongunnarsson.is KRAFTMIKINN MANN Á ÞING!



■ Hagsmunir eldra fólks
„Það er mikil sóun að sá kraftur sem býr í þeim sem eldri eru skuli ekki nýtast betur á vinnumarkaði vegna óhóflegra skatta.“

4. sæti Jón Gunnarsson
framkvstj. Slysavarnafélagsins Landsbjargar

Tryggjum Jóni Gunnarssyni 4. sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi (Kraganum) laugardaginn 11. nóvember nk.




**NÆTURLÍF Í MIÐBÆNUM** Mikið er um fíkniefni í miðbænum um helgar og sölumenn dauðans víða á ferð. Fermingarárið virðist skipta sköpum hjá mörgum börnum, því þá fjölgar verulega þeim sem koma við sögu hjá Barnaverndarnefnd vegna fíkniefnaneyslu. Myndin er úr safni.

# Fíkniefnaneysla 13 ára barna er vandi

**Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur afskipti af mörgum þrettán ára börnum sem hafa neytt fíkniefna. Mál sumra þeirra koma ítrekað á borð nefndarinnar. Stundum finnast heilu fíkniefnapokarnir hjá börnunum.**

**BARNAVERNDARMÁL** „Þegar börn eru komin á fermingarárið, það er að segja orðin þrettán ára, þá koma þau ítrekað og í töluvert mörgum tilvikum við sögu hjá Barnaverndarnefnd vegna fíkniefnaneyslu.“

Þetta segir Halldóra Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndarnefndar Reykjavíkur vegna fréttar Fréttablaðsins um reglulegar komur tólf til fjórtán ára barna á slysa- og bráðamóttöku Landspítala vegna fíkniefnaneyslu.

Halldóra segir að það ferli sem barnið fari í hjá Barnaverndarnefnd eftir að tilkynnt hafi verið um eiturlyfjaneyslu þess sé mismunandi eftir því hvernig vandanum sé háttað. Sé barnið að stíga sín fyrstu skref í neyslu, þá er foreldrum yfirleitt leiðbeint um hvernig þeir geti tekið á málinu í samráði við skóla barnsins og þjónustumiðstöð í heimahverfi þess.

„En ef neyslan er ítrekuð og alvarleg þá er farið að athuga önnur úrræði, svo sem svokallaða greiningarvistun á Stuðlum með tilliti til þess að barnið verði mögulega sent á meðferðarheimili. Sum þessara barna eru ef til vill með geðræna kvilla, þannig að við erum í samstarfi í hverju máli við foreldra, skóla, barna- og unglingageðdeildina og aðra þá sem komið hafa að lífi barnsins. Þá veitir Foreldrahúsið foreldrum góðan stuðning. Aukin áhersla sérfræðinga nú er sú, að reynt sé sem mest að hjálpa foreldrunum heima. Í þyngstu málunum er þó oft svo komið að fjölskyldan og heimilið ráða ekki við ástandið.“

Spurð um aðkomu fíkniefnalögreglu að þessum málum segir Halldóra það gerast mjög oft að lögreglan komi að þessum börnum og flytji þau á slysa- og bráðamóttöku. Barnaverndarnefnd fái í mjög mörgum tilvikum tilkynningu bæði frá lögreglu og slysadeild.

„Sjálfsagt er misjafnt eftir málum hvort farið er í lögreglurannsókn á því hvernig barnið komst yfir efnið. Lögreglan reynir það sjálfsagt þegar hægt er, en oft er það mjög illrekjanlegt. Stundum fáum við poka af eiturlyfjum inn á borð hjá okkur sem hafa fundist heima hjá barni til að mynda. Við komum slíku alltaf í hendur lögreglu.“ jss@frettabladid.is


REYKJAVIK.COM
REYKJAVIKMAG

SÁ YÐAR SEM SYNDLAUS ER...

Prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi – 11. nóvember 2006

Álftanes | Garðabær | Hafnarfjörður | Kjósarhreppur | Kópavogur | Mosfellsbær | Seltjarnarnes

4. sæti

# Við styðjum Ragnheiði Elínu í 4. sæti



**Arnór Guðjohnsen**
*knattspyrnumaður, Kópavogur*

„Ragnheiður Elín er kraftmikil og býr yfir mikilli þekkingu og dýrmætri reynslu af stjórnmálum. Henni treysti ég til að vinna af heilum hug að íþrótta- og æskulýðsmálum. Ég hvet alla til að styðja hana í 4. sætið á lista sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi."



**Ásdís Halla Bragadóttir**
*forstjóri, Garðabær*

„Ragnheiður hefur allt sem góður þingmaður þarf að hafa. Hún hefur sterka sýn, góða menntun og ómetanlega reynslu. En umfram allt er hún heilsteyptur og heiðarlegur einstaklingur sem vill vinna að því að skapa enn betra samfélag fyrir alla. Þess vegna styð ég hana eindregið í 4. sætið."



**Ólafur G Einarsson**
*fv. ráðherra, Garðabær*

„Ragnheiður Elín á erindi á Alþingi vegna menntunar sinnar, fjölbreyttra starfa, áhuga á þjóðmálum og mótaðra skoðana á þeim. Með fágaðri framkomu og yfirveguðum málflutningi auðveldar hún okkur valið. Tryggjum henni 4. sætið á framboðslista Sjálfstæðismanna í kjördæmi okkar."



**Rósa Guðbjartsdóttir**
*bæjarfulltrúi, Hafnarfjörður*

„Ragnheiður Elín er afar málefnaleg og skeleggur talsmaður sjálfstæðisstefnunnar. Hún hefur dýrmæta reynslu af stjórnmálastarfi og verður glæsilegur þingmaður."



**Ásta Þórarinsdóttir**
*hagfræðingur, Kópavogur*

„Kjörorð Ragnheiðar Elínar er að byggja á þeim árangri sem ríkisstjórnin hefur náð á síðustu árum. Það er traustvekjandi. Hún hefur einnig sýnt og sannað að í henni býr kjarkur og dugur til að breyta og bæta. Skörp sýn hennar og ný nálgun í málefnum eldri borgara er gott dæmi um hvers vegna hún ætti að sitja á Alþingi."



**Gunnar Einarsson**
*bæjarstjóri í Garðabæ*

„Ragnheiður Elín er fylgin sér, fljót að greina kjarna máls og er ekki með óþarfa málalengingar. Slíka eiginleika vil ég að minn þingmaður hafi. Ég treysti henni mjög vel til að lagfæra og nútímavæða mál sem hún hefur lagt áherslu á í sinni kosningabaráttu s.s. lækkun skatta, bættan aðbúnað eldri borgara og umferðarmál á höfuðborgarsvæðinu. Ég hvet kjósendur til að setja Ragnheiði Elínu í 4. sæti á lista Sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi."



**Jónmundur Guðmarsson**
*bæjarstjóri á Seltjarnarnesi*

„Ragnheiður Elín er sterkur einstaklingur sem vegna starfa sinna býr að mikilli yfirsýn yfir helstu viðfangsefni stjórnmálanna og hugsjónir okkar sjálfstæðismanna. Áralöng störf við hlið ráðherra og skýr sýn á sjálfstæðisstefnuna er dýrmætt veganesti fyrir unga stjórnmálakonu og ávinningur fyrir kjósendur Sjálfstæðisflokkins. Ragnheiður Elín á brýnt erindi á þing."



**Sigríður Rósa Magnúsdóttir**
*bæjarstjórnarfulltrúi, Álftanes*

„Ég styð Ragnheiði Elínu í 4. sætið því ég veit að hún mun beita sér fyrir bættum samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Ég styð hana einnig vegna þess að hún hefur yfirgripsmikla þekkingu á málefnum samfélagsins og mun byggja áfram á þeim árangri sem náðst hefur undanfarin misseri."



**Gylfi Dalmann Aðalsteinsson**
*vinnumarkaðsfræðingur og varabæjarfulltrúi, Mosfellsbær*

Ég hef þekkt Ragnheiði Elínu í 17 ár og er hún glæsilegur fulltrúi sinnar kynslóðar. Hún er skarpgreind og vinnusöm og það býr í henni mikill kraftur og elja. Reynsla hennar og menntun mun nýtast vel inn á Alþingi okkar Íslendinga. Ég treysti Ragnheiði Elínu til að byggja á þeim mikla árangri sem náðst hefur í íslensku samfélagi síðustu ár. Ég styð Ragnheiði Elínu í 4. sæti og hvet þig til að gera slíkt hið sama. Ragnheiði Elínu á þing!



**Sigríður Anna Þórðardóttir**
*alþingismaður, Mosfellsbær*

„Ragnheiður Elín Árnadóttir er öflugur talsmaður sjálfstæðisstefnunnar. Hún er traust og fylgin sér í öllum sínum verkum."

**Almar Grímsson** bæjarfulltrúi og lyfjafræðingur, Hafnarfjörður
**Anna Borg** einkaþjálfari og sjúkraþjálfari, Kópavogur
**Anna María Kristmundsdóttir** flugfreyja, Garðabær
**Anna Mjöll Líndal** viðskiptafræðingur, Kópavogur
**Anna Sigurbrandsdóttir** lyfjatæknir, Garðabær
**Arna Hauksdóttir** doktorsnemi
**Arnar Már Jóhannesson** löggiltur endurskoðandi, Reykjavík
**Arnar Már Kristinsson** smiður, Reykjavík
**Arnar Sigurbjörnsson** Kópavogur
**Auður Finnbogadóttir** viðskiptafræðingur, Garðabær
**Ágúst Sindri Karlsson** lögmaður, Hafnarfjörður
**Ágúst Svansson** yfirlögregluþjónn, Álftanes
**Árni Bjarnason** listamaður, Reykjavík
**Árni Hauksson** framkvæmdastjóri, Garðabær
**Árni Ólafsson** fisksali, Hafnarfjörður
**Áshildur Bragadóttir** stjórnmála- og viðskiptafræðingur, Kópavogur
**Áslaug Hulda Jónsdóttir** ráðgjafi menntamálaráðherra, Garðabær
**Ásta Hrafnhildur Garðarsdóttir** kennari, Garðabær
**Ásta Möller** alþingismaður og form. Landssambands sjálfstæðiskvenna, Reykjavík
**Ásta Þórarinsdóttir** hagfræðingur, Kópavogur
**Ásthildur Sturludóttir** stjórnsýslufræðingur, Seltjarnarnes
**Baldur Snæland** sölufulltrúi, Seltjarnarnes
**Baldvin Mar Smárason** vefhönnuður, Hafnarfjörður
**Bára Magnúsdóttir** Dansrækt JSB, Garðabær
**Birgir Örn Guðjónsson** rannsóknarlögreglumaður, Hafnarfjörður
**Bjarni Árnason** veitingamaður, Reykjavík
**Björn Berg Gunnarsson** meistaranemi, Reykjavík
**Björn Hilmarsson** tölvunarfræðingur, Garðabær
**Björn Ingi Hafliðason** flugstjóri, Garðabær
**Borgar Þór Einarsson** formaður SUS
**Brynhildur Einarsdóttir** sagnfræðingur, Reykjavík
**Dagmar Sigurðardóttir** lögmaður, Seltjarnarnes
**Dóra Ásgeirsdóttir** deildarstjóri, Garðabær
**Dröfn Ösp Snorradóttir** verkefnastjóri og stjórnmálafræðingur, Reykjavík
**Edda Rut Björnsdóttir** viðskiptafræðinemi, Hafnarfjörður
**Einar Guðbjartsson** dósent HÍ, Mosfellsbær
**Elín Bjarnadóttir** læknir
**Elín María Björnsdóttir** verslunarstjóri og dagskrárgerðarkona, Garðabær
**Ellen Elsa Sigurðardóttir** einkaþjálfari, Álftanes
**Ellert Eiríksson** fyrrv. bæjarstjóri, Reykjanesbær
**Erling Ásgeirsson** formaður bæjarráðs og oddviti sjálfstæðismanna, Garðabær
**Erlingur Hansson** fv.deildarstjóri, Kópavogur
**Erlingur Þór Tryggvason** laganemi og formaður Hugins, félags ungra sjálfstæðismanna í Garðabæ
**Erna Gísladóttir** forstjóri, Seltjarnarnes
**Eydís Hilmarsdóttir** Reykjavík
**Friðbjörg Ingjaldsdóttir** húsmóðir, Reykjavík
**Fríða Gylfadóttir** háskólanemi, Seltjarnarnes
**Garðar H. Friðjónsson** framkvæmdastjóri, Garðabær
**Garðar Ólafsson** bankastarfsmaður, Seltjarnarnesi
**Gizur Sigurðsson** framkvæmdastjóri, Seltjarnarnes
**Gísli B. Ívarsson** sölustjóri, Garðabær
**Guðbjartur R. Einarsson** skipstjóri, Garðabær
**Guðfinna Kristjánsdóttir** hárskeri, Álftanes
**Guðríður Sigurðardóttir** starfsmannastjóri, Reykjavík
**Guðrún Arna Sturludóttir** laganemi, Garðabær
**Guðrún Inga Ingólfsdóttir** hagfræðingur, Seltjarnarnesi
**Guðrún Willardsdóttir** félagsfræðingur, Garðabær
**Gunnar Hrafn Jónsson** rafmagnstæknifræðingur, Garðabær
**Gunnar Viðar** lögfræðingur, Kópavogur
**Gunnar Þorbergur Gylfason** háskólanemi, Seltjarnarnes
**Gunnhildur Gunnarsdóttir** snyrtifræðingur, Garðabær
**Gunnlaugur Hjálmarsson** eftirlaunamaður, Kópavogur
**Gunnlaugur Snær Ólafsson** háskólanemi, Reykjavík
**Halldóra Vífilsdóttir** arkitekt, Kópavogur
**Hans H. Stefánsson** veitingamaður, Mosfelllsbær
**Haraldur Sverrisson** bæjarfulltrúi, Mosfellsbær
**Helga Árnadóttir** ferðaráðgjafi, Seltjarnarnes
**Helga Guðrún Jónasdóttir** kynningarstjóri og fv. formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna, Kópavogur
**Helga Kristín Auðunsdóttir** lögfræðingur og varaformaður SUS, Reykjavík
**Helgi Ingi Sigurðsson** skrifstofumaður, Kópavogur
**Hildur Kristmundsdóttir** viðskiptafræðingur,Álftanes
**Hulda Dóra Styrmisdóttir** stjórnendaráðgjafi, Hafnarfjörður
**Hrafnhildur Konráðsdóttir** bókari, Garðabær
**Ingi G. Ingason** framkvæmdastjóri, Garðabær
**Ingi Jóhann Guðmundsson** útgerðarmaður, Garðabær
**Jóhanna Kristjánsdóttir** rekstrarstjóri Heilsuhússins, Seltjarnarnes
**Jón Hákon Magnússon** framkvæmdastjóri, Seltjarnarnes
**Karl Valgeir Jónsson** kennari, Garðabær
**Kári Sölmundarson** sölustjóri, Reykjavík
**Klara Lísa Hervaldsdóttir** þjónustustjóri, Garðabær
**Kristín Stefánsdóttir** hárgreiðslukona, Kópavogur
**Kristján Ármannsson** járnsmiður, Reykjavík
**Kristrún Sigurðardóttir** gjaldkeri, Seltjarnarnes
**Laufey Löve** stjórnmálafræðingur, Seltjarnarnes
**Magnea Davíðsdóttir** bókasafns- og upplýsingafræðingur, Mosfellsbær
**Magnús Gunnarsson** viðskiptafræðingur og fv. formaður VSÍ, Garðabær
**Margrét Leósdóttir** læknir
**Margrét Waage** kennari, Garðabær
**María B. Óskarsdóttir** viðskiptafræðingur, Seltjarnarnes
**María Kristín Gylfadóttir** formaður Heimilis og skóla og varabæjarfulltrúi, Hafnarfjörður
**Ólafur F. Haraldsson** lögmaður, Mosfellsbær
**Ólafur Örn Nielsen** forritari, Garðabær
**Ólöf B. Kristjánsdóttir** framhaldsskólakennari, Garðabær
**Páll Hilmarsson** forseti bæjarstjórnar, Garðabær
**Ragnheiður Sóley Stefánsdóttir** nemi, Seltjarnarnes
**Ragnhildur Gottskálksdóttir** snyrtifræðingur, Seltjarnarnes
**Ragnhildur Inga Guðbjartsdóttir** bæjarfulltrúi, Garðabær
**Ragný Þóra Guðjohnsen** framkvæmdastjóri og varabæjarfulltrúi, Garðabær
**Sigfús Sigfússon** tryggingaráðgjafi, Hafnarfjörður
**Sighvatur Bjarnason** framkvæmdastjóri, Seltjarnarnes
**Sigríður Anna Þórðardóttir** alþingismaður, Mosfellsbær
**Sigríður Dís Guðjónsdóttir** verkfræðinemi, Garðabær
**Sigríður Ómarsdóttir** viðskiptafræðingur, Garðabær
**Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir** hagfræðingur, Garðabæ
**Sigrún Oddsdóttir** húsmóðir, Reykjavík
**Sigurður I. Björnsson** fjárfestingarstjóri, Hafnarfjörður
**Sigurður Logi Snæland** nemi, Seltjarnarnes
**Sigþrúður Ármann** lögfræðingur, Garðabær
**Skúli Hansen** Nemi í Verzlunarskóla Íslands, Garðabær
**Stefán Einarsson** skipstjóri, Seltjarnarnes
**Stefán Konráðsson** framkvæmdastjóri ÍSÍ og bæjarfulltrúi, Garðabær
**Sturla Þorsteinsson** kennari og varabæjarfulltrúi, Garðabær
**Svafa Grönfeldt** aðstoðarforstjóri Actavis, Reykjavík
**Sverrir Garðarsson** hljóðfæraleikari, Kópavogur
**Theódór Kristjánsson** lögreglumaður, Mosfellsbær
**Tinna Traustadóttir** lyfjafræðingur
**Valdimar Bergsson** framkvæmdastjóri og fv. formaður Félags sjálfstæðismanna í Garðabæ
**Þorbergur Aðalsteinsson** sölu- og markaðsstjóri, Reykjavík
**Þorgerður Anna Arnardóttir** Skólastjóri og formaður Félags sjálfstæðismanna í Garðabæ
**Þorgrímur G. Jörgensson** múrari, Kópavogur
**Þorgrímur St. Árnason** öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisstjóri HS, Reykjanesbæ
**Þór Sigurgeirsson** bæjarfulltrúi, Seltjarnarnesi
**Þóra Bjarnadóttir** Mosfellsbær



# RAGNHEIÐUR ELÍN

Byggjum á árangri

Kosningaskrifstofa Ragnheiðar Elínar og stuðningsmanna er í Bæjarlind 2 í Kópavogi.
Sími 564 6549 - ragnheidurelin@ragnheidurelin.is - www.ragnheidurelin.is





Dæmi eru um að mál dagi uppi í stjórnsýslunni, segir umboðsmaður Alþingis:

# Fjögur ráðuneyti reglulaus

**STJÓRNSÝSLA** Fleiri opinberar stofnanir hafa reglur og viðmið um skráningu og afgreiðslu á opinberum málum í ár en árið 2002. Þó eru enn svartir sauðir í stjórnsýslunni. Þannig hafa fjögur ráðuneyti og fimm stofnanir hvorki sett sér reglur né viðmið um málshraða. Nokkur misbrestur er á því að erindum sé svarað innan eðlilegra tímamarka og dæmi eru um að mál hreinlega dagi uppi í ráðuneytunum. Þetta kemur fram í athugun umboðsmanns Alþingis, sem embættið lét gera á árunum 2002, 2003 og 2006.

Reglubundnu eftirliti ráðuneyta með stöðu og afgreiðslu mála hefur hrakað nokkuð. Ekkert ráðuneyti af þeim fjórum sem höfðu slíkt eftirlit árið 2002 hefur það í dag. Þó hefur fimmta ráðuneytið tekið upp slíkt eftirlit á tímabilinu.

Samkvæmt stjórnsýslulögum ber stjórnvöldum að afgreiða mál eins fljótt og auðið er. Þrátt fyrir það eru einungis tvö ráðuneyti af tólf með skráðar reglur um málshraða, en sex ráðuneyti fylgja ákveðnum viðmiðum um slíkt.

Könnunin tók til 32 stofnana og byggðist á annars vegar upplýsingum frá stofnunum og hins vegar á könnun á afgreiðslu 700 erinda sem þeim bárust árið 2002. - kóþv


**PAPPÍRSVINNA** Það getur verið tímafrekt að fá sumar opinberar stofnanir til að svara erindum, þótt þeim sé skylt að hraða afgreiðslu samkvæmt lögum. Í nýrri skýrslu umboðsmanns Alþingis kemur fram að þessi mál eru að þokast í rétta átt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólæsi og lítil menntun í lestri og skrift háir útlendingum á íslenskunámskeiðum:

# Kennir konum að lesa heima

**INNFLYTJENDAMÁL** Soumia Islami túlkur aðstoðar konur frá Marokkó sem eru ólæsar eða illa læsar og aðrar sem kunna ekki latneska stafrófið þannig að þær geti farið á grunnnámskeið í íslensku. Soumia segir engin úrræði fyrir þessar konur og því haldi hún sex vikna námskeið heima hjá sér.

Talsvert ólæsi er meðal innflytjenda, sérstaklega kvenna, og lítið er um úrræði fyrir konur sem eru ólæsar eða illa læsar. Konur sem lítið kunna að lesa og skrifa latneskt stafróf hafa líka lítið sem ekkert gagn af námskeiðum í íslensku fyrir útlendinga.

Björg Árnadóttir, forstöðumaður Námsflokka Reykjavíkur, segist oft verða vör við að fólk hafi ekkert grætt á námskeiðum í íslensku vegna lestrarerfiðleika. Fólk frá Asíulöndum eigi sérstaklega erfitt með þetta. Amal Tamimi túlkur segir að arabar eigi líka oft erfitt með íslenskuna en í Arabalöndum sé 50–70 prósenta ólæsi.

Námsflokkarnir eru með sérkennara í lestri fyrir Íslendinga og útlendinga en hún annar ekki eftirspurninni. Ingibjörg Hafstað, kennslustjóri í íslensku í Alþjóðahúsi, segir það forgangsverkefni að gera könnun á því hvað þetta sé stór hópur, þjálfa síðan kennara og ganga í það að halda námskeið.

Björg segist einnig verða vör við að erlendir karlar banni stundum konum sínum að sækja námskeið í íslensku. - ghs


**HELDUR NÁMSKEIÐ FYRIR ÓLÆSA** Soumia ásamt syni sínum, Elíasi Andra. Soumia Islami túlkur kennir konum að lesa og skrifa þannig að þær geti farið á námskeið í íslensku fyrir útlendinga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







# ÁRMANN Á ALÞINGI

VIÐ STYÐJUM ÁRMANN KR. ÓLAFSSON, FORSETA BÆJARSTJÓRNAR Í KÓPAVOGI


Valdimar Svavarsson, hagfræðingur


Ófeigur Örn Ófeigsson, markaðsstjóri


Guðrún Höskuldsdóttir, BA í heimspeki


Lovísa Ólafsdóttir, varabæjarfulltrúi


Hallgrímur Viðar Arnarson, sölumaður


Friðrik Friðriksson, hagfræðingur


Áshildur Bragadóttir, Kynningarstjóri


Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði


Steinar Ingi Matthíasson, auðlindafræðingur


Lára Sif Christiansen, nemi


Sigurður Bjarnason, tölvunarfræðingur


Margrét Arnarsdóttir, laganemi


Þórhallur Guðjónsson, framkvæmdastjóri


Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður Gróttu




## KAFFISPJALL KL. 17.30

Í dag, fimmtudag, kl. 17.30 koma þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra og Bjarni Benediktsson, alþingismaður í heimsókn á kosningaskrifstofu Ármanns til að ræða málefni Suðvesturkjördæmis.

Allir velkomnir

**Verið velkomin á kosningaskrifstofu Ármanns í Hamraborg 10, Kópavogi, sími 564 4500.**



Mad gør dig glad!
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 300 kr. kg
ROASTBEEF
ÚR KJÖTBORÐI
2.998 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 900 kr. kg
LAMBAFILLET
MEÐ KRYDDJURTUM
2.798 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
Þú sparar 800 kr. kg
GRÍSALUNDIR
MEÐ SÆLKERAFYLLINGU
1.998 kr. kg
30% afsláttur
GOURMET RAFTASKINKA
Í HEILU
1.485 kr. kg
35% afsláttur
NÓATÚNS BAYONNESKINKA
974 kr. kg
DANSKAR KJÖTBOLLUR
ÚR KJÖTBORÐI
1.298 kr. kg
TUBORG GRÖN
LÉTTÖL 500 ML
69 kr. stk.
CARLSBERG
LÉTTÖL 500 ML
69 kr. stk.
Pølsemester
danskar pylsur
40% afsláttur
Góða dönsk
lifrarkæfa
30% afsláttur
Odense
tertur
20% afsláttur
NÓATÚN



Bestir í kjöti
NÓATÚN
í 40 ár
Danskar freistingar!
Úr Kjötborði Nóatúns
DÖNSK FLESKSTEIK SKORIN Í PÖRU
798 kr. kg
Úr Kjötborði Nóatúns
GRÍSAHNAKKI
ÚRBEINAÐUR ÚR KJÖTBORÐI
1.098 kr. kg
Bakkelsi
að dönskum hætti
Allt að
60%
afsláttur
Merrild
Senseo
Café Noir
Senseo
MERRILD KAFFI
299 kr. pk.
Neutral
fyrir líkamann
Neutral shower gel
Neutral shampoo
Neutral
20%
afsláttur
Closan
á baðið!
Closan
flush POWER
20%
afsláttur
Velbekomme!





Skipulagsbreytingar gerðar á stjórnskipulagi Akureyrar:

# Störf sviðsstjóra lögð niður

**AKUREYRI** Breytingar hafa verið gerðar á stjórnskipulagi Akureyrar. Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri segir að verið sé að færa aukna ábyrgð og völd til nefnda og stofnana bæjarins. Nýja skipulagið var staðfest á bæjarstjórnarfundi í Hrísey á mánudag.

„Við erum að sameina nefndir, einfalda verkaskiptingu og leggja niður svokallað sviðaskipulag. Þetta er áfangi í verkefnum sem við mörkuðum á kjörtímabilinu 1998–2002 og héldum áfram 2002 til 2006,“ segir Kristján Þór.

Stærsta breytingin er tilfærsla á verkefnum undir nefnd sem fjallar um samfélags- og mannréttindamál, þá verður aukin áhersla á íþrótta- og tómstundastarf og aukin ábyrgð nefnda færð inn í umhverfismálin.



**SVIÐASKIPULAG LAGT NIÐUR** „Við erum að sameina nefndir, einfalda verkaskiptingu og leggja niður svokallað sviðaskipulag,“ segir Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri.

Mannabreytingar eiga sér stað og einn maður hættir því störf sviðsstjóra eru lögð niður. Jafnréttisfulltrúi verður deildarstjóri yfir nokkrum starfseiningum og framkvæmdastjóri samfélags- og mannréttindaráðs. Þá er Akureyrarstofa í mótun en hún mun sjá um menningarmál, atvinnumál og kynningarmál.

Karl Guðmundsson, fyrrverandi sviðsstjóri félagssviðs, hefur verið ráðinn bæjarritari. Baldvin Halldór Sigurðsson, bæjarfulltrúi Vinstri grænna, gagnrýnir að starfið hafi ekki verið auglýst og segir það bráðnauðsynlega vinnureglu að auglýsa öll störf. **- ghs**



**BJÖRG BENJAMÍNSDÓTTIR** Við sótugan vegg í stigaganginum í Ferjubakka 12. Hún segir óhugnanlegt að hugsa til þess að nágrannar hennar hafi næstum brunnið inni.

# Hjón slösuðust alvarlega í eldsvoða

**Eldur kviknaði í íbúð á annarri hæð. Íbúarnir voru meðvitundarlausir þegar reykkafarar komu að þeim. Grunur er um að sígarettuglóð hafi valdið brunanum.**

**ELDSVOÐI** Hjón á sextugsaldri slösuðust alvarlega í eldsvoða í fjölbýlishúsi í Ferjubakka í Breiðholtinu á mánudagskvöldið. Þau voru flutt á gjörgæsludeild Landspítalans í Fossvogi. Hjónin eru með alvarlega brunaáverka og er þeim haldið í öndunarvél.

Eldurinn kom upp í íbúð hjónanna sem er á annarri hæð. Aðra íbúa stigagangsins sakaði ekki, en tuttugu manns búa í níu íbúðum í stigaganginum.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins var kallað út klukkan 22.16 vegna elds í húsinu. Allt tiltækt lið var sent á staðinn.

Þegar slökkviliðið kom í fjölbýlishúsið var stigagangurinn fullur af svörtum reyk. Hurðin á íbúð hjónanna var brunnin af hjörunum. „Það var mikill eldur í íbúðinni og rúðurnar voru farnar að springa að innanverðu,“ segir Sigurbjörn Guðmundsson, aðstoðarvarðstjóri hjá slökkviliðinu.

Fjórir reykkafarar fóru inn í íbúð hjónanna, í gegnum útidyra- og svalahurðina. Hjónin voru meðvitundarlaus þegar reykkafarar komu að þeim. Klukkan 22.33 var búið að koma þeim út úr húsinu.



**FERJUBAKKI 12** Eldur kviknaði í íbúð á annarri hæð hússins. Reykkafarar björguðu hjónum á sextugsaldri sem voru inni í íbúðinni.

Vegna hættu á reykeitrun taldi slökkviliðið ekki óhætt að koma öðrum íbúum út úr húsinu í gegnum stigaganginn. Íbúarnir biðu því inni í íbúðum sínum, eða úti á svölum, á meðan slökkvilið kom hjónunum út, slökkti eldinn og reykræsti stigaganginn. Því var lokið um klukkan tólf á miðnætti. Flestir íbúarnir í stigaganginum sváfu í íbúðum sínum um nóttina.

„Íbúarnir í stigaganginum voru mjög stressaðir og vankaðir eftir þetta: mér gekk ekki vel að sofna. Það er óhugnanlegt að vita til þess að nágrannar mínir hafi næstum því brunnið inni. Ég mun verða lengi að jafna mig á þessu,“ segir Björg Benjamínsdóttir, íbúi á fyrstu hæð í Ferjubakka 12.

Íbúð hjónanna er mikið skemmd eftir brunann. Auk þess skemmdist parkett á gólfinu í íbúðinni fyrir ofan. Umfang tjónsins liggur ekki fyrir en Lögreglan í Reykjavík vinnur að rannsókn málsins. Talið er að eldsupptök megi rekja til sígarettuglóðar í sófa í stofu íbúðarinnar.

Alls 54 íbúðir eru í húsinu, sem er um 4.900 fermetrar að stærð, og því var mildi að eldurinn skyldi ekki hafa breiðst meira út.

**ingi@frettabladid.is**







LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN... ALLTAF!




**BRUNINN VIÐ HRINGBRAUT Í KEFLAVÍK** Síðastliðna þrjá daga hafa orðið fjórir brunar í heimahúsum. Þrír eru alvarlega slasaðir eftir eldsvoðana.

Fjórir brunar á þremur dögum:

## TVEIR Á GJÖRGÆSLU

**ELDSVOÐAR** Þrír hafa slasast alvarlega í fjórum eldsvoðum sem orðið hafa í heimahúsum síðustu þrjá sólarhringa.

Á Húsavík á sunnudagskvöldið stakk maður konu í bakið og kveikti í íbúðinni sem þau voru gestkomendur í. Konan var flutt á gjörgæsludeild á Akureyri.

Á mánudag kviknaði í mannlausri íbúð á Akureyri og á mánudagskvöldið sluppu kona og tvö börn hennar út úr brennandi íbúð í Keflavík.

Á þriðjudagskvöld varð mikill bruni í íbúð í fjölbýlishúsi í Ferjubakka í Breiðholtinu. Slökkviliðið bjargaði íbúunum, hjónum á sextugsaldri, út úr íbúðinni. Þau eru nú á gjörgæsludeild. **-ifv**

Suðursvæði Vestfjarða:

# Framhaldsnám á Patreksfirði

**STJÓRNMÁL Í bígerð er að hefja nám á framhaldsskólastigi á Patreksfirði.**

**Rekin verður framhaldsskóladeild fyrir nema á fyrsta og öðru ári framhaldsskóla og verður faglegur rekstur hennar á ábyrgð Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Grundarfirði.**

**Erfiðar samgöngur við Ísafjörð hamla samskiptum við Menntaskólann á Ísafirði. Deildin er hugsuð fyrir íbúa Vesturbyggðar og Tálknafjarðar.**

**Menntamálaráðherra skýrði frá þessu í svari við fyrirspurn Jóns Bjarnasonar, VG, á Alþingi.**

- bþs

Margvísleg áform um varðveislu minja frá varnarliðinu á Miðnesheiði:

# Phantom-þotan verður áfram á Íslandi

**STJÓRNMÁL** Skel orrustuþotu af Phantom-gerð, sem er í eigu Bandaríkjahers, verður áfram á Íslandi. Samningur um það verður undirritaður á næstunni. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra upplýsti það á Alþingi í gær.

Í svari ráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur, VG, kom fram að ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar til að varðveita söguna um veru varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Þjóðminjaverði hefur meðal annars verið falið að gera ráðherra grein fyrir hvað beri að varðveita og Fornleifavernd ríkisins hefur verið fengin til að gera slíkt hið sama hvað snertir jarðfastar minjar.

Þá hefur sérstök flugminjanefnd verið skipuð en henni er ætlað að skoða kosti þess að stofna og starfrækja safn um flugsögu og flugminjar.

Til er félag um flug- og sögusetur í Reykjanesbæ og hefur það safnað gripum frá varnarliðinu. Er hugsanlegt að félagið fái gamalt flugskýli á varnarsvæðinu undir starfsemi sína. Enn fremur hefur Friðþór Eydal, sem um árabil var upplýsingafulltrúi varnarliðsins, safnað saman ýmsum munum.

Ráðherra kvað menningarleg áhrif varnarliðsins á íslenskt samfélag margvísleg og því vert að varðveita muni sem tengdust áralangri veru þess í landinu.

- bþs



**PHANTOM-ÞOTAN Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Menntamálaráðherra segir að sérstök flugminjanefnda hafi verið skipuð. Hún mun skoða kosti þess að stofna og starfrækja safn um flugsögu og flugminjar.



**DR. MARGARET CHAN** Fulltrúi Kína varð fyrir valinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Leiðtogaskipti í WHO:

# Margaret Chan hreppir hnossið

**GENF, AP** Kínverski fuglaflensufræðingurinn Margaret Chan verður næsti framkvæmdastjóri Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO. Framkvæmdastjórn stofnunarinnar komst að þessari niðurstöðu í gær, eftir þriggja daga fundarhöld þar sem greidd voru atkvæði milli þeirra ellefu sem voru í framboði til embættisins.

Endanleg staðfesting á tilnefningu Chan fer þó fram á morgun á fundi alþjóðaheilbrigðisþingsins, sem til þessa hefur alltaf fallist á tilnefningu framkvæmdastjórnarinnar.

- gb

Forval Vinstri grænna:

# Björn stefnir á þriðja sætið

**STJÓRNMÁL Björn Valur Gíslason hefur ákveðið að stefna á þriðja sæti lista flokksins í Norðausturkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar næsta vor.**



**BJÖRN VALUR GÍSLASON**

**Björn Valur er einn af stofnendum VG og hefur starfað í flokknum frá stofnun hans. Hann sat á sínum tíma á Alþingi fyrir Alþýðubandalagið sem varamaður Steingríms J. Sigfússonar. Björn Valur lauk prófi frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík árið 1984 og hefur síðan starfað sem stýrimaður og skipstjóri á bátum og togurum.**

- hs

## MOSFELLSBÆR

### Fá ekki leyfi fyrir skilti

KB banki fær ekki að setja upp einkennisskilti við innkeyrslu að útibúi bankans í Mosfellsbæ. Skipulags- og byggingarnefnd bæjarins segist ekki fallast á uppsetningu skiltisins eins og það er útlistað í teikningum bankans.

## FLÚÐIR

### Blokkir á Grafarbakka

Á býlinu Grafarbakka á Flúðum er nú verið að skipuleggja nýja byggð með 40 íbúðum í þremur tveggja hæða blokkum. Einnig er ætlunin að reisa tólf frístundahús í landi Grafarbakka II.




Varnir Íslands

AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

# Glíman um varnir herlausrar þjóðar

**Síðan 1. október síðastliðinn er Ísland algerlega herlaust land. Hversu söguleg þáttaskil felast í þessari staðreynd er enn að síast inn í vitund bæði landans og umheimsins. Auðunn Arnórsson fjallar um varnarmál Íslands á nýrri öld. Fyrsta grein.**

Til að gera sér grein fyrir þýðingu þessarar breytingar á högum Íslands hjálpar að rifja upp nokkrar sögulegar staðreyndir:

Hinn 30. september 2006 lauk 55 ára óslitinni veru bandarísks herliðs á Íslandi, eða réttara sagt 65 ára, þar sem að á fyrstu árunum eftir lok síðari heimsstyrjaldar dvöldu hér í reynd liðsmenn bandaríska flughersins (í gervi borgaralegra verktaka), þótt formlega séð væri ósk íslenzkra stjórnvalda virt um að hér væri ekki erlent herlið á friðartímum.

Rúm 66 ár eru síðan Ísland dróst fyrst inn í hringiðu hernaðarátaka í Evrópu með hernámi Breta, en þá hafði landið í 20 ár, frá því það varð fullvalda ríki, verið lýst „ævarandi hlutlaust“ og að það hefði hvorki gunnfána né her. Hlutleysisstefnan var endanlega aflögð með inngöngunni í Atlantshafsbandalagið árið 1949 og með varnarsamningnum við Bandaríkin árið 1951 framseldu íslenzk stjórnvöld ábyrgð sína á að tryggja landvarnir lýðveldisins í hendur risaveldisins í vestri.

### NATO-mannvirki og nýtt varnarsvæði

NATO-herstöðin á Miðnesheiði er nú auð og yfirgefin. Heilt bæjarfélag með íbúðarhverfum, þjónustukjörnum, skólum, kirkjum, keilusölum og kvikmyndahúsi er mannlaus draugabær. Ráðstöfun allra þessara fasteigna er verkefni sem bíður nýs hlutafélags í eigu ríkisins.

Hið nýja hlutafélag fær þó ekki allt land og öll mannvirki innan gömlu varnarsvæðisgirðingarinnar til ráðstöfunar. Íslenzk stjórnvöld hafa þegar skilgreint hluta af svæðinu sem varanlegt varnarsvæði. Inni á þessu svæði eru nokkur af sérhæfðustu varnarmannvirkjum landsins, svo sem sprengjuheldu orrustuþotuflugskýlin sem byggð voru með ærnum tilkostnaði á níunda áratugnum, að mestu fyrir fé úr Mannvirkjasjóði NATO.

Alls eru mannvirki í eigu NATO 145 talsins á landinu, flest inni á gamla varnarliðssvæðinu. Helztu slíku mannvirkin utan vallarsvæðisins eru ratsjárstöðvarnar á Stokksnesi, Gunnólfsvíkurfjalli og Bolafjalli. Umráðin yfir sumum þessara NATO-mannvirkja, svo sem flugbrautir alþjóðaflugvallarins og slökkvistöðin, eru að fullu komin í hendur íslenzkra yfirvalda, en Bandaríkjaher er enn formlega séð notandinn að öðrum. Þetta kemur til af því að Bandaríkjaher gat ekki sagt sig eins fljótt frá gildandi samningum um afnot af þessum mannvirkjum gagnvart NATO og hann gat skilað eigin eigum til Íslendinga.

Að sögn Jóns Egils Egilssonar, yfirmanns varnarmálaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, er Bandaríkjaher ábyrgur vörsluaðili þessara NATO-mannvirkja fram til 1. október 2007, en þá færist umráðaábyrgðin til íslenskra stjórnvalda. Á þessum tíma muni verða nánar um það samið milli Íslands, Bandaríkjanna og NATO hvernig framtíðarnotkun þessara mannvirkja verði háttað. Þau sem eru inni á því svæði sem íslenzk stjórnvöld hafa nú þegar skilgreint sem varanlegt varnarsvæði (sbr. kort) verði áfram varnarmannvirki, en gera megi ráð fyrir að flest hinna sem eru utan þessa skilgreinda varnarsvæðis verði tekin til borgaralegra nota eða úreldingar og niðurrifs.

### Íslenzkir verktakar annast allt

Með því að vera ábyrgur vörsluaðili viðkomandi NATO-mannvirkja er Bandaríkjaher skuldbundinn til að annast gæzlu og grundvallarviðhald þeirra og bera tilfallandi kostnað af því. Þetta húsbóndahlutverk er þó ekki í höndum bandarískra hermanna lengur. Það er einn fulltrúi í sendiráði Bandaríkjanna sem hefur það formlega með höndum og ræður síðan íslenzka verktaka til að sinna eftirliti með mannvirkjunum og viðhaldi þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá varnarmálaskrifstofunni er starfrækslа fjarskiptamiðstöðvar Bandaríkjahers við Grindavík heldur ekki í höndum liðsmanna hersins lengur. Hana annast íslenzkir verktakar líka samkvæmt samningi við fulltrúa Bandaríkjahers.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um ný verkefni íslenzkra stjórnvalda við brottför varnarliðsins kemur fram, að stefnt sé að því að tryggja framtíðarrekstur ratsjárstöðva NATO hérlendis, en þær eru hluti af loftvarnakerfi bandalagsins. Það sé nauðsynlegt til að tryggja öryggi íslenzku lofthelginnar. Bandaríkjaher ber um sinn áfram kostnaðinn af rekstri þeirra en hættir því um miðjan ágúst 2007. Tímann þangað til á að nýta til að ná samkomulagi um reksturinn, en kostnaðurinn af honum nemur hundruðum milljóna króna á ári.

Þar sem rekstur ratsjárstöðvanna og sérstaklega úrvinnsla gagnanna frá þeim, sem fer fram samkvæmt NATO-stöðlum, er hernaðarlegt verkefni bætist þar enn eitt verkefnið á herðar Íslendinga, sem hermenn sinna í öðrum löndum en borgaralegir starfsmenn verða að sinna hér.

### Ný varnarstefna í mótun

Með ákvörðuninni um að skilgreina hluta af gamla varnarliðssvæðinu sem varanlegt varnarsvæði hafa íslenzk stjórnvöld þegar markað stefnu um að viðhalda í landinu hernaðarlegum varnarviðbúnaði, þótt ekki standi til að stofna íslenzkan her. Varnarsvæðið nýja á að auðvelda heræfingar, sem samkvæmt nýja samkomulaginu við Bandaríkjamenn á að halda hér að jafnaði einu sinni á ári, hugsanlega með þátttöku fleiri NATO-þjóða.

Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra greindi frá því í samtali við Fréttablaðið í liðinni viku að til greina komi að bjóða öðrum NATO-ríkjum en Bandaríkjunum afnot af Keflavíkurflugvelli. Eftir fund með kollegum sínum frá hinum Norðurlandaþjóðunum sagði hún að norrænu grannþjóðirnar í NATO, Norðmenn og Danir, myndu íhuga þennan möguleika.

Með þessu þrennu – nýja varnarsamkomulaginu við Bandaríkin, ákvörðuninni um að viðhalda til frambúðar sérskilgreindu varnarsvæði á Miðnesheiði og hugmyndum um að önnur NATO-ríki fái afnot af Keflavíkurflugvelli – má segja að markað sé upphaf nýrrar varnarstefnu fyrir íslenzka lýðveldið.

### Útgjöld til varnarmála í fjárlög

Með rekstri ratsjárstöðvanna, sem væntanlega færist yfir á herðar íslenzkra skattgreiðenda á næsta ári, nýja varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, styrkingu Landhelgisgæzlunnar og fleiri ráðstöfunum sem íslenzka ríkið hefur þurft að grípa til í því skyni að tryggja öryggi landsins eftir brottför bandaríska varnarliðsins, hefur í reynd verið lagður grunnur að nýjum lið í fjárlögum íslenzka ríkisins.

Hvort Ísland muni þurfa að verja tveimur prósentum af landsframleiðslu sinni til varnarmála eins og NATO ætlast til að öll aðildarríki þess geri, á eftir að koma í ljós. Það myndi þýða útgjöld upp á um 20 milljarða króna á ári. En eitt er víst: Sú tíð er endanlega liðin að Ísland hafði jafnvel tekjur frekar en útgjöld af varnarmálum sínum.

**Á MORGUN:** Grefst undan hornsteinum öryggisstefnunnar




**NÝTT VARNARSVÆÐI** Hér sést afmörkun gamla varnarliðssvæðisins, nýja varnarsvæðisins og flugverndarsvæðis alþjóðaflugvallarins. Flugbrautirnar eru meðal mannvirkja í eigu NATO, en þau eru alls 145 á landinu.



**VEÐRUÐ VARNARSTEYPA** Íslenzkt veðurfar hefur sett mark sitt á sprengjuhelda steypu orrustuþotuflugskýlanna á Keflavíkurflugvelli. Flugleiðaþota í flugtaki í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vitundarvakning um eigin landvarnaábyrgð

Í inngangsorðum skýrslu utanríkisráðuneytisins frá árinu 1999 um öryggis- og varnarmál Íslands við aldamót er minnt á, að ein meginskylda sérhvers fullvalda ríkis er að ábyrgjast öryggi og varnir þegna sinna. Bent er á að í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands var til ársins 1995 að finna ákvæði um landvarnaskyldu, en þar kom fram að „sérhver vopnfær maður er skyldur til að taka þátt í vörn landsins, eftir því sem nákvæmar kann að verða mælt fyrir um í lögum“.

Af ákvæðinu, sem rekja má aftur til stjórnarskrárinnar sem Kristján IX Danakonungur færði Íslendingum árið 1874, mátti ráða að á íslenzkum stjórnvöldum hvíldi sú skylda að gera viðeigandi ráðstafanir til varnar landinu og að á herðum „sérhvers vopnfærs manns“ í landinu hvíldi sú skylda að hlýða kalli til að leggja sitt af mörkum til varna landsins. Ákvæðið um landvarnaskylduna var fellt út úr stjórnarskránni er mannréttindakafli hennar var endurskoðaður, með þeim rökum að þar væri um lagabókstaf að ræða sem ekki hefði neina praktíska þýðingu í landi sem ekki héldi úti neinum eigin her.

Eftir að Ísland er nú orðið eina landið í NATO þar sem ekki einn einasti hermaður er staðsettur er eðlilegt að upp komi sú spurning hvort brottfelling þessa ákvæðis hafi verið mistök. Vitundin um að á íslenzka lýðveldinu hvíldi sama ábyrgð á vörnum landsins og öðrum sjálfstæðum ríkjum má segja að hafi legið í dvala allt frá því íslenzk stjórnvöld framseldu þessa skyldu sína í hendur bandaríska hersins árið 1951. Nú, þegar hinn erlendi her er farinn, hafa skapazt forsendur til að Íslendingar vakni aftur til vitundar um þessa ábyrgð sína.

ENNEMM / SÍA / NM24347






NISSAN NOTE

# VERÐLÆKKUN!

KRAFTMIKILL FJÖLSKYLDUBÍLL Á FRÁBÆRU TILBOÐI!

## AÐEINS 19.437 KR. Á MÁNUÐI*

*miðað við 30% útborgun og bílasamning í 84 mán.

Margur er knár þótt hann sé ótrúlega rúmgóður og ódýr! **Nissan Note var tilnefndur bíll ársins í flokki lúxusbifreiða og stærri fólksbíla fyrir árið 2006.** Note hafnaði í öðru sæti á eftir Lexus. Nissan Note hefur laumast á brott með bestu útkomuna, hækkað um gæðaflokk – en ekki verðflokk.

**Komdu og reynsluaktu** þessum frábæra fjölskyldubíl sem er kvikur og töff, 110 hestöfl og sérhannaður fyrir þá sem vilja ódýran og skemmtilegan gæðabíl.



**Vel útbúinn:** Geymsluhólf, kælir fyrir drykki, öryggispúðar, dótahólf, borð og rúmgott farangursrými

**Nissan Note 1.6 Visia** sjálfskiptur

**Verð aðeins 1.790.000 kr.**

Verð áður ~~1.950.000~~ kr.

VERÐLÆKKUN!

NISSAN NOTE

NISSAN

| Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00 |
| --- | --- | --- |

| Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |

## „ORÐRÉTT“

### *Ráð við feimni*

**„Ég er nú bara venjulegur gaur og feiminn og stressaður yfir því að ég myndi snúast við í svefni. Það gerðist þó ekki. Það hjálpaði vissulega til við feimnina að vera meðvitundarlaus!“**

CURVER THORODDSEN SEM LÁ NAKINN OG MEÐVITUNDARLAUS Á GALLERÍGÓLFI Á AKUREYRI UM SÍÐUSTU HELGI.

**Fréttablaðið 8. nóvember.**

### *Kjarkur, dugnaður og þor*

**„Það þarf kjark, dugnað og þor til að taka sig upp og flytja til ókunnugs lands – kannski yfir hálfan hnöttinn – með ekkert nema sjálfan sig og börnin í farteskinu.“**

ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR Í GREIN UM AÐFLUTT FÓLK.

**Fréttablaðið 8. nóvember.**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGA STEFFENSEN BRÚÐULEIKARI

## *Lilli orðinn 25 ára*



„Það er alltaf eitthvað að frétta,“ segir Helga Steffensen brúðuleikari, sem er á kafi í brúðuleikhúsinu nú sem endranær. „Við erum þrjár konur í Leikbrúðulandi sem erum að setja upp nýja sýningu sem er búin til úr fjórum hlutum. Örn Árnason er leikstjóri og hann er mjög hress eins og þú getur ímyndað þér. Við ætlum að reyna að hefja sýningar fyrir jól. Ég hef verið á fullu spani með tvær sýningar og sýnt í leikskólum og í kirkjum úti um allt land. Önnur sýningin er Selurinn Snorri en hin heitir Númi á ferð og flugi. Það leikrit er sett upp fyrir Landsbjörg en sagan er eftir Sjón og fjallar um Núma sem er með sjö höfuð og lendir í ýmsum ævintýrum.“

Helga segir sitt líf ganga út á brúður og börn. „Það er gaman að vakna á morgnana og byrja að sinna þessu og það má alveg segja að hjá mér renni vinnan og hobbíið saman í eitt. Það er frábært að sýna fyrir börn því þau eru bestu áhorfendurnir og segja sína meiningu alveg umbúðalaust.“

Brúðubíllinn er kominn í vetrarfrí. „Hann kemur aftur næsta sumar og það verður 27. árið mitt með hann “ geri aðrir betur. Lilli api er orðinn 25 ára og hann fær alltaf að vera með. Ég er að hugsa um að gera boli með myndum af honum – fólk hefur verið að stinga upp á því við mig – en það er bara verst hvað ég er lítil bisnessmanneskja.“

## TILVILJANIR:
### HINN RÉTTI ERLENDUR

■ Erlendur Sveinsson heitir fyrrverandi aðalvarðstjóri í lögreglunni sem nú er kominn á eftirlaun. Hann hefur lesið allar bækurnar um alnafna sinn í bókum Arnaldar Indriðasonar en ekki séð Mýrina enn þá. Hann kann enga skýringu á því af hverju Arnaldur kaus að nefna aðalsöguhetjuna eftir sér. Fósturdóttir alvöru Erlendar heitir Eva.



Þar með eru tilviljanirnar ekki upptaldar því faðir Arnaldar, Indriði G. Þorsteinsson, skrifaði handritið að kvikmyndinni 79 af stöðinni. Þegar Erlendur var í löggunni bar hann númerið 79.

## SJÓNARHÓLL
### BÓKHALD STJÓRNMÁLAFLOKKA



**EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON**
Dósent í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst.

### *Bókhaldið verði opnað*

„Það að bókhald flokkanna skuli vera lokað vekur tortryggni um að stjórnmálaflokkarnir séu að einhverju leyti á mála hjá einstaka fyrirtækjum eða hagsmunaaðilum sem greiði inn í rekstur þeirra. Þetta er afar slæmt í lýðræðisríki og það er orðið mikilvægt að breyta þessum rassvasarekstri og færa bókhald flokkanna upp á borðið. Þá getur almenningur kynnt sér hverjir eru að styrkja stjórnmálaflokkana og um hve háar fjárhæðir.“

Eiríkur segir best að stjórnmálaflokkarnir séu styrktir að mestu með opinberu fé og slíkt komi einnig í veg fyrir spillingu. „Umræðan um opið bókhald stjórnmálaflokkanna er búin að vera í umræðunni mjög lengi en hingað til hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið andvígur því að það væri opnað.“

# Fyrst Dallas svo Færeyjar!

**Helstu spaða austurlenskrar dægurtónlistar má án efa finna í hljómsveitinni Súellen. Hljómsveitin fór í pílagrímsferð til Dallas fyrir tveim árum og er nú á leið til Færeyja til tónleikahalds. Heimildarmynd um drauma og vonir sveitarinnar er á lokastigi.**



**SÚELLEN GLAÐBEITTIR FYRIR FRAMAN SOUTHFORK, HEIMILI EWINGANNA** Frá vinstri; Jón Hilmar Kárason, Steinar Gunnarsson, Jóhann Geir Árnason (JR), Guðmundur R. Gíslason og Bjarni Halldór Kristjánsson.

„Rokk í Reykjavík rak okkur í bílskúrinn árið 1983 eins og svo marga aðra og upphaflega spiluðum við pönk. En svo villtumst við af leið,“ segir Guðmundur R. Gíslason, söngvari Súellen. Hann segir líklegt að hljómsveitin snúi aftur á byrjunarreit og fari að spila pönk á ný. „Við höfum reynt ýmsar tónlistarstefnur í gegnum tíðina en ekki hlotið náð hjá frjálsu útvarpsstöðinni Bylgjunni síðan um 1990. Þess vegna ætlum við að demba okkur í pönkið enda spilar Bylgjan aðallega framsækna tónlist og Bjarni Ara tónlistarstjóri mun örugglega fíla pönkið okkar. Kannski við fáum hann til að syngja dúett með mér til að gefa þessu aukna fyllingu. Þá myndi þetta falla betur að tónlistarstefnu Bylgjunnar sem er aðdáunarverð.“

Guðmundur er forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð fyrir Fjarðalistann. Hann segir að ferðalagið til Færeyja sé tilkomið vegna þess að Þróttur Neskaupstað og Sandavogur íþróttafélag hafa verið í góðum samskiptum í mörg ár. Sandavogur heldur upp á aldarafmæli sitt á laugardaginn og munu Þróttarar heimsækja Sandavog af því tilefni og Súellen spila fyrir dansi í afmælisveislunni. „Færeyjar eru alveg frábær staður,“ segir Guðmundur. „Þetta er held ég eini staðurinn fyrir utan Ísland þar sem maður getur sest upp í leigubíl og sagt hvert maður vill fara á íslensku. Við stefnum að því að verða stærri í Færeyjum en Eyvör er á Íslandi og erum búnir að senda slatta af diskum út. Mér skilst að Súellen sé nú mikið spiluð í færeyska útvarpinu. Til að nota ferðina sem best ætlum við að spila á skemmtistaðnum Rex í Þórshöfn daginn áður.“

Spurður um málefni samkynhneigðra í Færeyjum sem mikið hefur verið í umræðunni upp á síðkastið segist Guðmundur ekki eiga von á að Súellen láti til sín taka í réttindabaráttunni. „Súellen styður samkynhneigða hvar sem þeir búa í heiminum, en við ætlum nú bara að reyna að halda uppi stuðinu þarna, ekki prédika neitt.“

Þrír meðlima Súellen búa fyrir austan en tveir á höfuðborgarsvæðinu svo hljómsveitin kemur einungis saman þegar von er á fjölmenni og/eða það er almennilega borgað. Fyrir tveim árum fór sveitin í pílagrímsferð til Dallas. „Við reyndum mikið að hitta Lindu Gray, leikkonuna sem lék Sue Ellen, og komumst í samband við umboðsmanninn hennar. Því miður varð ekkert af því að við hittum hana. Mér skilst að hún hafi nóg að gera, er víst mikið að leika á Broadway, var meðal annars í Píkusögum.“

Í ferðinni til Dallas hljóðritaði hljómsveitin tvö lög og gerði sjónvarpsþátt sem var á lokastigi þegar Færeyjaferðin kom upp á. „Við bætum líklega myndefni frá Færeyjum við,“ segir Guðmundur. „Hver veit nema myndin heiti Dallas-Sandavogur á endanum? Það er að minnsta kosti góður titill.“




**LINDA GRAY SEM SUE ELLEN** Var ekki heima þegar Súellen mætti á svæðið.

**gunnarh@frettabladid.is**

**Þegar gæðin skipta máli**
Lotus Professional borðpappírsvörur

**Til hátíðabrigða**

Í verslun RV að Réttarhálsi eru nú á tilboði Lotus LinStyle dúkar og servíettur í mörgum litum. Einnig eru á tilboði ýmsar gerðir af servíettum, diskamottum og „löberum“ með jólamynstri.

Takmarkað magn er í boði af sumum jólavarningi. Fyrstur kemur fyrstur fær.



**Á tilboði í nóvember 2006**
Lotus LinStyle servíettur, diskamottur, „löberar“ og dúkar

TUNGLIÐ RV6219B

**Eggert Bjarnason**
sölumaður hjá RV

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is
RV

Danadrotting fór í budduna:

# Keypti styrktarlínu hjá íslenskum karlakór

Á söngæfingu og aðalfundi eldri félaga Karlakórs Reykjavíkur um síðustu helgi var formlega afhentur danskur hundraðkall frá Margréti Þórhildi Danadrottningu. Erlingur Hansson kórfélagi skýrir framlag drottningar svona: „Nýlega var Íslendingur nokkur við formlega athöfn í Kaupmannahöfn.

Drottningin var viðstödd og gekk á milli og ræddi við gesti. Þegar kom að Íslendingnum barst talið að karlakóramenningunni hér, en Íslendingar eru ásamt Finnum og Rússum helstu karlakóraþjóðir heims. Sagðist drottning vera mikill aðdáandi íslenskra karlakóra og hún þekkti til ýmissa einsöngvara, meðal annars til Stefáns Íslandi og Guðmundar Jónssonar.

Drottning spurði hvað menn syngju lengi og fékk það svar að menn syngju fram í rauðan dauðann. Margrét var frædd um það að eldri félagar Karlakórs Reykjavíkur væru með sinn eigin kór sem kæmi fram einu sinni á ári á vortónleikum.

Hún var einnig frædd um það að kórfélagar söfnuðu rekstrarfé með því að selja styrktarlínur í tónleikaprógramminu. Þegar hér var komið sögu fór drottning í budduna sína, tók fram 800 krónur danskar og bað um að fá að kaupa línu. Íslendingurinn tók við fénu og kom því til mín, enda hef ég safnað mörgum styrktarlínum fyrir kórinn í gegnum tíðina. Ég kom peningunum áleiðis til gjaldkera og þannig stendur á því að það stendur „Margrét Þórhildur“ í síðasta tónleikaprógramminu okkar. Mér fannst við hæfi að minnast þessa óvenjulega atviks og samkvæmt minni beiðni var kórnum afhentur táknrænn 100 króna seðill danskur. Ætli hann verði ekki bara rammaður inn.“



**MARGRÉT ÞÓRHILDUR DANADROTTNING** Aðdáandi íslenskra karlakóra.

**- glh**

# MANO HÁGLANS







Komdu og fáðu bæklinginn með heim.
Við teiknum fyrir þig nýja eldhúsið.

## FALLEG OG „OFURSVÖL“ INNRÉTTING

Hið einfalda og stílhreina með því hráa og lifandi í nýja Mano háglans eldhúsinu frá Kvik. Hér er að finna allt sem fagurkeri getur óskað sér, flott hönnun, notagildi og hágæða hráefni.

Fallegu, hvítu háglans hurðarnar eru höldulausar og eru opnaðar með útskornu gripi í köntunum.

kvik

ALLIR EIGA RÉTT Á FLOTTU ELDHÚSI

www.kvik.com

Kvik Reykjavik . Skútuvogur 11A . 104 Reykjavik . Tlf. 540 3800
Opið: Mán - föstud. 10.00-18.00 . Laugard. 11.00-16.00

Hreindýr
10241135-stærra
2999

Hreindýr
10241139-minna
999





Jólaborði
10241136-6 stk
199

Diskamottur 30 cm
10241022-2 litir
499

Glasamotta
10241021-4 stk
499





Kerti
11468241-44-7,5-18 cm
frá 199

# Jól á ein



Jólatré járn
10241019-gyllt
199



Kerti 10 stk
11468237-24,5 cm
199

Jólakúlur 12 stk
10241137-5 cm
199



Jólakúlur 4 stk
10241146-gler
499



Kertahringur
10241090
199



Servéttuhringir
10241026-4 stk
449



Pakkaskraut
10241010-gyllt
299



Ljóskeilur
10241052-stærri
1599

Ljóskeilur
10241051-minni
999



Vínflöskukassi
11469153-vínrautt
1149



Pakkaskraut
10241013-4 litir
249



Jólamerkimiðar
10241136
99

Pakkaskraut
10241015-4 litir
199



# u bretti



Jólatrés-skraut
10241139-gler
199

blómaval
*heillandi heimur*

Skútuvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind

## Svona erum við

> Meðalfjöldi fanga árið 2005




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: ÖRYGGISVOTTUN UM EINSTAKLINGA

# *Síðustu tíu ár rannsökuð ítarlega*

Árni Páll Árnason, fyrrverandi starfsmaður utanríkisráðuneytisins, hefur skýrt frá því að hann geti ekki með góðu móti gefið skýrslu hjá Sýslumanninum á Akranesi vegna rannsóknar hans á meintum ólögmætum hlerunum í utanríkisráðuneytinu á tíunda áratugnum því þá brjóti hann gegn trúnaði er hann gekkst undir þegar hann tók þar til starfa. Árni Páll telur sig verða að fjalla um ýmislegt sem varði öryggismál ráðuneytisins og annað sem varpa muni ljósi á það eftirlit sem fram fór með mönnum í hans stöðu, sem fóru með mál er varða öryggi ríkisins í tengslum við starf sitt í utanríkisráðuneytinu. Hann segist einnig þurfa að skýra frá, við skýrslutökuna, hvernig staðið sé að útgáfu öryggisvottorða á hæsta stigi.





**Hvað eru öryggisvottorð?**
Embætti ríkislögreglustjóra sér um að gefa út öryggisvottorð um einstaklinga sem eru á leið til starfa fyrir NATO og hefur utanríkisráðuneytið milligöngu þar um. Í flestum öðrum ríkjum fer leyniþjónustan með rannsókn á einstaklingum sem gefa þarf út öryggisvottorð um.

Öryggisvottunin fer fram eftir reglum NATO þar sem farið er fram á uppáskrift íslenskra yfirvalda um áreiðanleika þeirra sem starfa munu á vegum NATO.

Upplýsingar og skjöl hjá NATO eru flokkuð í fjögur trúnaðarstig, það hæsta fyrst: NATO COSMIC Top Secret, NATO Secret, NATO Confidential og NATO Restricted. Öryggisvottorð eru gefin út fyrir hvert trúnaðarstig. Mesta rannsókn á umsækjanda er viðhöfð um hæsta trúnaðarstig, NATO Top Secret.

**Hvað er rannsakað?**
Þegar um er að ræða öryggisvottorð á hæsta stigi er kafað niður í málefni umsækjanda tíu ár aftur í tímann. Utanríkisráðuneytið fyllir út eyðublað um tiltekinn einstakling, þar sem fram koma nöfn á venslafólki, hvar umsækjandinn hefur búið og hvað hann hefur starfað við síðastliðin tíu ár, hvort hann hafi dvalist í útlöndum, hvort hann hafi hreint sakavottorð, hvernig fjárhagsstaða hans er og ýmislegt fleira.

## SPURT OG SVARAÐ

UNGIR ÖKUMENN

### *Unga fólkið síst verra*

Fréttablaðið greindi frá því í gær að tvö ungmenni hefðu ekið bílum sínum út af á Vesturlandi í fyrradag. Óli H. Þórðarson er fyrrverandi formaður Umferðarráðs.

**Kann ungt fólk ekki að keyra?**
„Jú, það kann flest vel að keyra en sumir kunna ekki að keyra, hvort sem þeir eru ungir eða gamlir."



**ÓLI H. ÞÓRÐARSON**
Fyrrverandi formaður Umferðarráðs.

**Það virðist skorta á að það læri á allar aðstæður?**
„Það er nákvæmlega það sem er. En 85 prósent af fólki, hvort sem það er ungt eða gamalt, kann skil á þessu. Við höfum alltaf verið að vandræðast með þessi fimmtán prósent."

**Þannig að það er ekkert sérstakt upp á unga fólkið að klaga?**
„Nei, ég vil alls ekki meina það, nema síður sé. Það eru hins vegar einstaklingar sem alltaf eru til vandræða en þeir eru líka til meðal eldra fólks."

HARD FUN REAL LIFE

Nám í Danmörku
Margmiðlunarhönnun

**Tveggja ára akademískt nám sem inniheldur**
- Margmiðlunarþróun
- Skapandi hönnun
- Samskipti og markaðssetningu
- Verkefnastjórnun og internetviðskipti (e-business)

**Alþjóðalegt nám**
- Nemendur frá Norður-Evrópu
- Kennsla á ensku
- Engin skólagjöld
- Verkefni sem fela í sér að vinna með alvöru fyrirtækjum til að styrkja reynslu þína
- Vettfangsferð til San Francisco
- Hópavinna í hverri viku

Önnin byrjar 22. janúar 2007

**Frekari upplýsingar á www.noma.nu**



**Kynningarfundur í Reykjavik**
þriðjudaginn 5. desember 2006 kl. 15.00
Radisson SAS Saga Hotel, Hagatorgi,
Reykjavik 107
**Skráning á: meeting@noma.nu**

NoMA er margmiðlunarskóli sem að er staðsettur í bænum Kolding á Jótlandi. Brautin heyrir undir danska menntamálaráðuneytið.

NoMA NORDIC MULTIMEDIA ACADEMY



**ÁRNI MATHIESEN RÆÐIR VIÐ MÖGULEGA KJÓSENDUR Á SELFOSSI** Flestir búast við að Árni nái öruggri kosningu í 1. sæti Sjálfstæðisflokksins á Suðurlandi nú á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

# Barist um annað og þriðja sæti

**Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra þykir öruggur um kosningu í fyrsta sæti sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi. Níu berjast um annað og þriðja sætið, þar af sex núverandi eða fyrrverandi þingmenn. Alls taka þrettán þátt í prófkjöri flokksins á laugardag, átta karlar og fimm konur.**

Sjálfstæðisflokkurinn á þrjá þingmenn í Suðurkjördæmi, þau Drífu Hjartardóttur, Guðjón Hjörleifsson og Kjartan Ólafsson. Árni Ragnar Árnason fór fyrir lista flokksins í síðustu kosningum en féll frá þegar skammt var liðið á kjörtímabilið og settist Kjartan á þing í hans stað.

Þingmennirnir þrír sækjast allir eftir endurkjöri og eiga í höggi við reynda þingmenn jafnt sem nýliða í landsmálapólitík.

Tveir þingmenn úr Suðvesturkjördæmi vilja á listann í Suðurkjördæmi, þeir Árni M. Mathiesen fjármálráðherra og Gunnar Örn Örlygsson sem var kjörinn á þing fyrir Frjálslynda flokkinn en gekk í Sjálfstæðisflokkinn vorið 2005. Þá gefa tveir fyrrverandi þingmenn flokksins kost á sér, Árni Johnsen og Kristján Pálsson.

Allir stefna þingmennirnir núverandi og fyrrverandi á eitt þriggja efstu sætanna og það sama gera Björk Guðjónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, Kári H. Sölmundarson sölustjóri og Grímur Gíslason framkvæmdastjóri.

Sjálfstæðismaður í Vestmannaeyjum lýsti mannvalinu í prófkjörinu á þann veg að menn stæðu í raun frammi fyrir lúxusvandamáli, erfitt væri að gera upp á milli fólks.

Þótt Árni Johnsen sækist eftir 1.-2. sæti, er það samdóma álit viðmælenda Fréttablaðsins í kjördæminu að Árni Mathiesen gangi að fyrsta sætinu vísu. Baráttan snýst því um annað og þriðja sætið.

### ÞAU GEFA KOST Á SÉR

| | |
|---|---|
| **1. sæti** | Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra |
| **1.-2. sæti** | Árni Johnsen, fyrrverandi alþingismaður |
| **2. sæti** | Drífa Hjartardóttir alþingismaður |
| | Kjartan Ólafsson alþingismaður |
| | Kristján Pálsson, fyrrverandi alþingismaður |
| **2.-3. sæti** | Guðjón Hjörleifsson alþingismaður |
| **3.-4. sæti** | Björk Guðjónsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar |
| | Gunnar Örn Örlygsson alþingismaður |
| | Kári H. Sölmundarson sölustjóri |
| **3.-5.** sæti | Grímur Gíslason framkvæmdastjóri |
| **4. sæti** | Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarforstjóri |
| **5. sæti** | Unnur Brá Konráðsdóttir, sveitarstjóri Rangárþings eystra |
| **5.-6.** sæti | Birgitta Jónsdóttir Klasen náttúrulæknir |

Árni Johnsen er í hópi umdeildustu borgara landsins og kjósendum eru vel kunnir kostir hans og gallar. Árni hefur sem fyrr rekið öfluga prófkjörsbaráttu og engum dylst krafturinn sem í honum býr.

Þrátt fyrir að sitjandi þingmenn séu jafnan taldir eiga betri möguleika í prófkjöri en aðrir vegna fjölmiðlaumfjöllunar sem þeir njóti í starfi þykir það ekki gagnast Drífu, Guðjóni og Kjartani að ráði. Verk þeirra hafi ekki vakið mikla eftirtekt. Á hinn bóginn er það talið Kjartani til tekna að vera eini frambjóðandinn úr Árnessýslu og Drífa gæti notið þess sérstaklega að vera kona. Guðjón berst hins vegar um atkvæði Vestmannaeyinga við Árna Johnsen og Grím Gíslason.

### UM PRÓFKJÖRIÐ

Kjörfundur stendur víðast hvar frá kl. 9-20. Kosið er á 21 stað í kjördæminu. Aðeins flokksbundnir sjálfstæðismenn hafa kosningarétt. Atkvæðin verða að líkindum talin á sunnudag. Alls 7.307 kusu Sjálfstæðisflokkinn í síðustu kosningum.

Flestir kjósendur Suðurkjördæmis búa á Suðurnesjunum og þaðan eru Kristján Pálsson, Björk Guðjónsdóttir og Gunnar Örn Örlygsson. Kristján sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í tvö kjörtímabil en var ósáttur við hlutskipti sitt þegar stillt var upp á lista fyrir síðustu kosningar. Hann sagði sig úr flokknum og fór í sérframboð en hafði ekki erindi sem erfiði. Það er mat viðmælenda blaðsins úr kjördæminu að Kristján kunni að þurfa að gjalda fyrir að hafa boðið sig fram gegn flokknum fyrir fjórum árum. Þá er það sömuleiðis skoðun manna að Gunnar Örn muni eiga erfitt uppdráttar enda hafi hann ekki fallið nægilega vel að flokknum og liðsmönnum hans.

Björk Guðjónsdóttir, Grímur Gíslason og Helga Þorbergsdóttir eru öll talin geta blandað sér í baráttuna um væntanleg þingsæti en þau eru hvert úr sinni áttinni í kjördæminu; Björk af Suðurnesjum, Grímur úr Vestmannaeyjum og Helga frá Vík í Mýrdal.



FRÉTTASKÝRING
BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON
bjorn@frettabladid.is

# Nýjar línur frá SAMSUNG

NÝIR LITIR



Kynnum með stolti
**það allra nýjasta og besta**
í veggsjónvörpum

**LE40F71BX**
**40" LCD sjónvarpstæki**
DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1920 x 1080
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2
Sjónsvið: 178°/178°
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minniskortum kortum
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub), USB
Verð: **379.900,-**

Tilboð



**LE32M51BX LE40M51BX**
**LCD sjónvarpstæki**
sjónvarpsmóttakari ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 3,2 milljarðar lita ▪ Upplausn: 1366 x 768 ▪ Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast: 3000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, ▪ PC (D-sub), Composite og S-video

32" Tilboð: **159.900,-** | 40" Tilboð: **259.900,-**

**LE40N71BX**
**40" LCD sjónvarpstæki**
sjónvarpsmóttakari
DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla -
25,7 Milljarða lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minniskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video, USB
Verð: **339.900,-**

**LE32N71BX**
**32" LCD sjónvarpstæki**
Verð: **239.900,-**



**LE40M71BX**
**40" LCD sjónvarpstæki**
Sjónvarpsmóttakari
DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla –
25,7 Milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
100 Hz LCD ▪ Contrast: 6000:1
Birta: 500 cd/m2
Kortalesari fyrir 10 mismunandi gerðir af minniskortum kortum
Sjónsvið: 178°/178° ▪ Mynd í mynd (1 tuner)
HDMI x 2, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video, USB
Verð: **369.900,-**

**LE32M71BX**
**32" LCD sjónvarpstæki**
Verð: **259.900,-**



**LE32R71WX**
**32" LCD sjónvarpstæki**
sjónvarpsmóttakari ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768 ▪ Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast: 3000:1
Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **199.900,-**



Litir: Hvítt / Svart



Litir: Hvítt / Svart

**LE19R71BX**
**19" LCD sjónvarpstæki**
Sjónvarpsmóttakari; ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting ▪ Upplausn 1440 x 900
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast 800:1
Birta: 500cd/m2 ▪ Sjónsvið 160°/160° ▪ Mynd í mynd (1 tuner) ▪ Tengi: DVI, SCART, PC(D-sub) ▪ Composit og S-video.
Verð: **74.900,-**



**LE26R74BDX**
**26" LCD sjónvarpstæki**
Innbyggður stafrænn DVB-T sjónvarpsmóttakari ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting
10-bita litavinnsla – ▪ 6,4 Milljarðar lita ▪ Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 3000:1 ▪ Birta: 500 cd/m2 ▪ Sjónsvið: 178°/178°
Mynd í mynd (1 tuner) ▪ HDMI, Component, SCART x 2, PC (D-sub), Composite og S-video
Verð: **139.900,-**

**Samsung LE23R71BX**
**23" LCD sjónvarpstæki**
Sjónvarpsmóttakari; ▪ DNIe stafræn myndleiðrétting Upplausn 1366 x 768 ▪
Skjáform: 16:9 (breiðtjald) ▪ Svartími: 8 millisekúndur ▪ Contrast 2000:1 ▪ Birta: 500cd/m2 Sjónsvið 170°/170° ▪ Mynd í mynd (1 tuner). Tengi: HDMI, Komponent ▪ SCART x 2, PC(D-sub) ▪ Composit og S-video.
Verð: **109.900,-**

Litir: Hvítt / Svart



imago

**Umboðsmenn:**
**Reykjanes:** Ormsson Keflavík **Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi. **Vestfirðir:** Þristur Ormsson Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

ORMSSON
ormsson.is

SMÁRALIND Sími 530 2900
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530 2800
KEFLAVÍK Sími 421 1535
ÍSAFIRÐI Sími 456 4751

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000

# Löggæsla ónóg í Suðurkjördæmi



**FRÁ VESTMANNAEYJUM** Vestmannaeyingar hafa oftar en ekki stutt vel við frambjóðendur úr Eyjum í prófkjörum. Spennandi verður að fylgjast með því hvernig Vestmannaeyingunum Árna Johnsen og Guðjóni Hjörleifssyni gengur í prófkjörinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Frambjóðendur í þrjú efstu sætin á lista Sjálfstæðisflokksins í prófkjöri flokksins í Suðurkjördæmi er sammála um að stjórnvöld hafi ekki staðið sig nægilega vel í mikilvægum málaflokkum. Ljóst er að áherslur frambjóðenda eru ólíkar, ef horft er til svara þeirra við tíu spurningum sem Fréttablaðið lagði fyrir.**

Allir frambjóðendurnir, sem svara spurningum Fréttablaðsins í dag, eru sammála um að íslensk stjórnvöld geri ekki nóg til þess að sporna við fíkniefnavandanum. Ekki er óeðlilegt að túlka þessi svör sem áfellisdóm yfir verkum stjórnvalda, þótt frambjóðendur virðist margir hverjir líta svo á að „aldrei sé nóg gert“ til þess að vinna gegn þeim vágesti sem fíkniefnavandinn er. En kjósendur geta, út frá þessum svörum, gert þá kröfu að frambjóðendur leggi meira á sig, heldur en þeir hafa gert til þessa, í eilífri baráttu við fíkniefnavandann. Sú barátta fer fram á sviði stjórnmálanna eins og annars staðar.

Stækkun álvers Alcan í Straumsvík virðist við fyrstu sýn ekki tengjast íbúum, og þar með kjósendum, í Suðurkjördæmi beint. Svörin frambjóðenda bera þess merki. Álverið er í Hafnarfirði og það sveitarfélag tilheyrir ekki Suðurkjördæmi. En líklegt má telja að leita þurfi eftir orku yfir í Suðurkjördæmi ef til stækkunarinnar kemur, þótt ekkert sé ljóst í þeim efnum enn þá. Að því leytinu til tengist stækkunin þeirri grundvallarspurningu, sem með skýrum rökum má segja að sé hápólitísk, hvort nýta eigi orkulindirnar í Suðurkjördæmi til atvinnuuppbyggingar í heimabyggð, líkt og Kjartan Ólafsson þingmaður, einn frambjóðenda, kemur að í svari sínu.

**Löggæsla og hugsjónir**

Frambjóðendur telja löggæslu í Suðurkjördæmi ekki nægilega góða. Skýr svör þeirra geta ekki misskilist. Þeir svara því allir skýrt, nema Árni Mathiesen fjármálaráðherra, að efla þurfi löggæslu í Suðurkjördæmi. En ekki verður framhjá því horft að skýr svör frambjóðenda gefa það til kynna að efla þurfi löggæslu og kjósendur geta, út frá þessum svörum, gert þá kröfu að frambjóðendur beiti sér fyrir því að löggæsla í Suðurkjördæmi verði efld nái þeir markmiði sínu í prófkjörinu.

Fæstir frambjóðenda hafa sett sig inn í efnisatriði kaupa ríkisfyrirtækisins Íslandspósts á prentfyrirtækinu Samskiptum, sem nýlega var gengið frá. Kaupin hafa verið umdeild, vegna þess að auðvelt er að álykta sem svo, að ríkisvaldið sé með kaupunum að þenjast út að óþörfu. Athyglisvert er að fjármálaráðherra skuli svara því til að „hann hafi ekki kynnt sér þau mál“ og geti ekki tekið afstöðu. Færa má rök fyrir því, sem umdeilanleg geta verið, að óeðlilegt sé að fjármálaráðherra sé ekki með í ráðum og þekki ekki til málsins efnislega. En svör ráðherra benda til þess að það hafi verið óþarft, í þessu tilfelli, fyrir ráðherra að vera með í ráðum þegar Íslandspóstur keypti Samskipti.

## SPURNINGARNAR TÍU

1. Var stuðningur íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak mistök?
2. Á að heimila stækkun álvers Alcan í Straumsvík?
3. Á að opna bókhald stjórnmálaflokkanna?
4. Var rétt hjá ríkisfyrirtækinu Íslandspósti að kaupa prentfyrirtækið Samskipti?
5. Gera stjórnvöld nóg til þess að sporna við fíkniefnavandanum?
6. Á að breyta skattlagningu á fjármagnstekjum?
7. Þurfa stjórnvöld að standa betur að málefnum innflytjenda á Íslandi?
8. Á að stuðla að sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu?
9. Á að breyta Ríkisútvarpinu í opinbert hlutafélag?
10. Þarf að efla löggæslu í sveitarfélögum Suðurkjördæmis?

### 1. sæti ÁRNI M. MATHIESEN



1. Nei.
2. Hafnfirðingar ráða því.
3. Já, ég tel að þurfi að gera breytingar frá því sem nú er.
4. Ég hef ekki kynnt mér þau mál og get því ekki tekið afstöðu.
5. Nei. Það má alltaf gera betur og við leitum sífellt nýrra leiða.
6. Nei.
7. Já. Við þurfum að standa okkur betur þótt við höfum staðið okkur vel.
8. Sveitarfélög þurfa að ráða því sjálf.
9. Já.
10. Það er hröð þróun á þessu svæði og löggæslan þarf að fylgja þróuninni.

### 1.–2. sæti ÁRNI JOHNSEN



1. Nei, en forsendurnar reyndust alrangar.
2. Já.
3. Já, það er æskilegt en getur verið erfitt.
4. Þekki ekki málið nægilega vel.
5. Nei, það þarf gjörsamlega að stokka upp það kerfi.
6. Já, slíkt er alltaf til skoðunar.
7. Já.
8. Já ef íbúarnir vilja það
9. Já, en tryggja þarf ríkisútvarpið áfram.
10. Já.

### 2. sæti KRISTJÁN PÁLSSON



1. Nei. Ekki miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir.
2. Hafnfirðingar ráða því.
3. Já.
4. Já. Frjáls kaup á fyrirtæki.
5. Nei. Aldrei nóg gert.
6. Nei.
7. Já. Það þarf að styrkja kerfið betur og aðstoða innflytjendur við að aðlagast íslensku samfélagi.
8. Ekki nauðsynlegt.
9. Já.
10. Já. Það þarf að efla löggæslu víða í dreifðum byggðum. Það er ekki síður mikilvægt að efla heilsugæslu.

### 2. sæti DRÍFA HJARTARDÓTTIR



1. Nei. Ekki á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin.
2. Já.
3. Já.
4. Þekki ekki málið.
5. Nei, það þarf að gera miklu meira í þeim efnum.
6. Eigum almennt að lækka skatta.
7. Já, svo sannarlega.
8. Sveitarfélögin ákveða það.
9. Já, ég styð frumvarp menntamálaráðherra.
10. Já. Löggæsla hefur verið stórefld en alltaf er hægt að gera betur.

### 3.–4. sæti GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON



1. Nei.
2. Já, ef það er gert í fullri sátt við íbúana.
3. Já.
4. Já.
5. Nei. Það þarf að efla eftirlit þar sem menn og vörur taka land.
6. Nei.
7. Já. Það þarf að skerpa á kerfinu.
8. Nei.
9. Já.
10. Já. Ný lög efla löggæslu en það þarf að styðja betur við einstaka starfsstöðvar, til dæmis í Grindavík, Þorlákshöfn og Hveragerði.

### 3.–4. sæti GUNNAR ÖRLYGSSON



1. Já.
2. Íbúar í Hafnarfirði ráða því.
3. Já.
4. Það er matsatriði en mikilvægast að samkeppniseftirlitið leggi blessun sína yfir kaupin.
5. Nei.
6. Nei.
7. Já.
8. Íbúar í sveitarfélögunum eiga að ráða því.
9. Já.
10. Já.

### 3.–4. sæti KÁRI SÖLMUNDARSON



1. Já.
2. Já.
3. Já.
4. Nei.
5. Nei.
6. Nei.
7. Já. Það þarf að efla íslenskukennslu.
8. Nei.
9. Já.
10. Já.

### 3.–4. sæti BJÖRK GUÐJÓNSDÓTTIR



1. Nei. Ekki á þeim tíma.
2. Hafnfirðingar ráða því.
3. Já. Það mætti gera betur í þeim efnum.
4. Þekki ekki til málsins.
5. Nei. Í þeim efnum þarf að gera betur.
6. Skattamálin þurfa alltaf að vera til endurskoðunar.
7. Já.
8. Nei. Ekki að svo stöddu.
9. Já.
10. Já. Á sumum stöðum þyrfti það að gerast en nýlegar breytingar eru líklegar til þess að bæta löggæslu.

### 2. sæti KJARTAN ÓLAFSSON



1. Nei. Ekki á þeim forsendum sem þá lágu fyrir.
2. Hafnfirðingar ráða því. En orkuauðlindir í Suðurkjördæmi á að nota til atvinnuuppbyggingar í kjördæminu.
3. Já.
4. Það er forsvarsmanna Íslandspósts að svara því.
5. Nei.
6. Nei.
7. Já.
8. Já. Það kemur til greina eins og annars staðar.
9. Já.
10. Já.

### 3.–5. sæti GRÍMUR GÍSLASON



1. Nei, ekki á þeim tíma sem ákvörðunin var tekin.
2. Já. Ef íbúar gefa fyrir því leyfi.
3. Já.
4. Hef ekki kynnt mér málið.
5. Nei.
6. Já. Ég tel sjálfsagt að skoða það.
7. Já.
8. Já.
9. Já.
10. Já.



FRÉTTASKÝRING
MAGNÚS HALLDÓRSSON
magnush@frettabladid.is




FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

## Áskorun til fyrrum sjóðfélaga Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hefur sent fyrrum sjóðfélögum Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur, sem eiga rétt á að sækja um uppbótarsjóð vegna sameiningar Frjálsa lífeyrissjóðsins og Lífeyrissjóðs Bolungarvíkur, umboð til að sjóðurinn geti kannað rétt þeirra til að greiða í lífeyrissjóði með jafnri ávinnslu réttinda.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn skorar hér með á þá sem ekki hafa sent undirritað umboð til sjóðsins, að gera það við fyrsta tækifæri og ekki síðar en 1. desember 2006. Að öðrum kosti eiga sjóðfélagar á hættu að missa af hlutdeild sinni í uppbótarsjóðnum og þar með dýrmætum lífeyrisréttindum.

Umboðið er hægt að senda til Sparisjóðs Bolungarvíkur, Aðalstræti 14, 415 Bolungarvík eða til KB banka, Austurstræti 5, 4. hæð, 105 Reykjavík.

ENNEMM / SÍA / 24413



alltaf fjör í nettó
allt til alls
þú sparar 995 kr/kg
50% afsláttur við kassa
Verð nú 995 kr/kg
Verð áður 1.989 kr/kg
BK VILLIKRYDDAÐ LAMBALÆRI
50% afsláttur við kassa
Verð nú 149 kr/kg
Verð áður 299 kr/kg
Matfugl
MATFUGL KJÚKLINGAVÆNGIR
ódýrt
25% afsláttur við kassa
Verð nú 487 kr/kg
Verð áður 649 kr/kg
Matfugl
MATFUGL KJÚKLINGALÆRI
ódýrt
50% afsláttur við kassa
Verð nú 199 kr/kg
Verð áður 399 kr/kg
ÍSFUGL
FROSNIR KALKÚNALEGGIR
þú sparar 1.128 kr/kg
30% afsláttur við kassa
Verð nú 2.631 kr/kg
Verð áður 3.759 kr/kg
GOURMET KRYDDAÐ LAMBAFILLET M/FITU
þú sparar 568 kr/kg
31% afsláttur við kassa
Verð nú 1.299 kr/kg
Verð áður 1.867 kr/kg
BK ÚRBEINAÐUR HANGIFRAMPARTUR
399 kr/kg
Lausfryst ýsa
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
GOÐI
52% afsláttur við kassa
Verð nú 299 kr/kg
Verð áður 619 kr/kg
GOÐA SVIÐ
PEPSI
75 kr/stk
Pepsi light 2 ltr.
2,5 kg
Quality Street
1.899 kr/ds.
Machintosh 2,5 kg.
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 9. nóvember til 12. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
nettó


Gleði í ÖLLUM
BÓNUS
EKKERT BRUÐL
Sjáðu verðið!
2 lítrar
89 KR.
Fanta free
770g
98 KR.
HEIMILISBRAUÐ
HEIMILIS BRAUÐ
Nettóþyngd: 770g
Sjáðu verðið!
Marsipanterta
599 KR.
Marsípanterta 800g
Nýtt útspil frá Stjána bakara!
Vistvæn lausn!
Burðartaska
99 KR
VISTVÆN LAUSN!
Innkaupataska úr góðu efni
10 herðatré
399 KR.
WOODEN HANGERS
Sjáðu verðið!
10 herðatré
Ljósapýramídarnir eru komnir!
30 sm hár
1299 KR.
40 sm hár
1599 KR.
60 sm hár
1899 KR.
Seldust upp á 3 dögum í fyrra!
...fyrir góðan dag!
LAMBASÚPUKJÖT kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499KR.
Súpukjöt I. flokkur
2 kíló!
39 KR.
Kartöflur
Gullauga Premier Rauðar



Bónusverslunum!
Tilboð fimmtudag og föstudag á kjúklingabringum!
50% afsláttur
við kassann
4 hamborgarar
4 hamborgarabrauð
Ferskar bringur
12.000 bakkar
4 hamborgarar með brauði
298 KR.
FERSKIR BRINGUR kílóverð nú:
1282 KR.
Merkt verð 2565KR.
Ferskar Holta kjúklingabringur
Nýtt kortatímabil!
Kíló!
998 KR.
Bónuskonfekt
Ferskt ungnautahakk 8-12% fituinnihald
FERSKT NAUTAHAKK Kílóverð:
798 KR.
KS lambasvið
LAMBASVIÐ kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399KR.
...fyrir góðan dag!
Heilt kíló!
Suðusúkkulaði 300g
300g
198 KR.
SUÐUSÚKKULAÐI
Marsípan 500g
500g
259
RÚLLAN
500g
89 KR.
MH smjörlíki
Smjörlíki 500g
500 ml
49 KR.
Egils appelsín
500 ml
69 KR.
Bónus malt
500 ml
39 KR.
Tuborg léttöl
Sjáðu verðið!
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## Útgjöldin
> Verð á kíló af kornflexi í ágúst




Miðað við verðlag á öllu landinu
Heimild: Hagstofa Íslands

# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: HALLDÓRA MALÍN PÉTURSDÓTTIR LEIKKONA

## *Skókaup bestu og verstu kaupin*

„Ég er mikill skófíkill og ég hugsa að verstu kaup sem ég hef gert hafi verið skókaup. Ég man í svipinn eftir skóm sem ég keypti í Kolaportinu en hef aldrei farið í. Svo bað ég einu sinni um pæjuskó með háum hælum í jólagjöf en komst síðan að því að ég er engin pæja svo skórnir rykfalla inn í skáp. Skórnir kostuðu 10.000 krónur og þó ég hafi ekki keypt þá sjálf hefði ég eftir á að hyggja gjarnan viljað fá eitthvað nytsamlegra í þessum jólapakka.“ Halldóra segist eiga mikið af skóm og á núverandi heimili hennar eru hún með ein 16 pör og á annað eins safn í húsi foreldra sinna. Út frá þessu magni má líklega segja að skór séu minn veikleiki.“



Halldóra segir að bestu kaupin sem hún hafi gert séu líklega gúmmískór sem hún keypti fyrir 6-7 árum og endist enn. Hún segist sjaldan kaupa óþarfa og þarf að ganga um íbúðina til að rifja upp frekari slæm kaup sem hún hefur gert. „Hér kem ég auga á 25 ára gamla úlpu af bróður mínum sem ég nota enn og flest mín föt eru af ömmu minni sem var mikil smekkkona og þau föt nýtast mér mjög vel. Af þeim fötum sem nýtast mér af henni eru kjólar, peysur og skyrtur.“ Til að undirstrika hvað Halldóra er lítil pæja segist hún vera að setja hallærislegan einleik á fjalirnar eftir áramót sem ber titilinn Power of Love.

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### RÁÐ SEM SPARA TÍMA

■ *Áslaug Friðriksdóttir framkvæmdastjóri Sjá segist fá ávaxtabílinn heim með grænmeti og ávexti og þá sé alltaf til eitthvað ferskt fyrir börnin og í eldamennskuna.*



„Saumaskapur hefur aldrei legið vel fyrir mér en í staðinn hef ég notað heftarann til að falda buxur. Þegar faldurinn á buxunum fer að síga án þess að ég hafi áttað mig á því í tæka tíð til að sauma er afbragðsráð að nota heftarann.“

Áslaug segir að til að spara sér tímann að öðru leyti hafi hún nýtt sér að versla á netinu. „Ég hef meðal annars komist að því að hægt er að fá sokkabuxur sendar heim á síðunni www.primavera.is.“

■ **Dýrast / ódýrast**

## Rúðusköfur



Þótt sumir reyni að nota krítarkort, geisladiskahulstur eða annað sem finnst í bílnum, er vænlegra til árangurs að eiga góða rúðusköfu í bílnum nú þegar veturinn skellur á og búast má við því versta í morgunsárið. Dýrustu rúðusköfu landsins má fá hjá Bílanaust. Hún kostar 1.268 krónur. Ódýrasta skafa landsins kostar 49 krónur á tilboði á bensínstöðvum Shell. Það má því fá tæplega 26 ódýrar fyrir eina dýra. Sú ódýrasta er úr mjúku plasti og bara er hægt að nota aðra hlið hennar. Dýrasta skafan er hins vegar með bursta og bæði gúmmí- og plastblaði.

■ **Ókeypis þjónusta**

## Sorpa gefur margnota poka



Á endurvinnslustöðvum Sorpu og í Góða hriðinum má nú fá ókeypis flokkunarpoka. Þetta er úrvals þjónusta og mikil hagræðing fyrir viðskiptavini sem margir hafa notast við óhentuga plastpoka. Sorpupokarnir eru af hentugri stærð og auðvelda alla flokkun og skipulag. Græni pokinn er ætlaður fyrir dagblöð, tímarit og auglýsingapóst, en í þann græna á að setja fernur. Skilað er úr pokunum í næsta grenndargám eða á næstu endurvinnslustöð Sorpu og þeir eru sterkir og því margnota.

■ **Breyttar reglur um handfarangur**

## Hafa ekki áhrif á verslun í fríhöfninni



Þrátt fyrir hertar reglur um handfarangur í Leifsstöð geta farþegar samt sem áður keypt allan vökva svo sem krem og aðrar snyrtivörur í fríhöfninni á flugstöðinni. Þetta gildir bæði um þá sem eru að fara úr landi og þá sem eru að koma til landsins. Tekið skal fram að nýjar öryggisreglur hafa ekki áhrif á verslun innan biðsvæðis flugstöðva Evrópska efnahagssvæðisins, en vörur sem seldar eru á því sævði hafa sætt sérstakri vottun. Fólk þarf einungis að geyma kassakvittanir og gæta þess að opna ekki umbúðir utan um vörur fyrr en komið er inn í landið á áfangastað.

HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Lagadeild

## Málstofa
### um lagalegan grundvöll hvalveiða

Háskóla Íslands, Lögbergi, stofu 101,
föstudaginn 10. nóvember 2006 kl. 12.15-14.00

**Dagskrá:**

12.15 Inngangur: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

12.30 Fyrirlestur: Stefán Ásmundsson, skrifstofustjóri í sjávarútvegsráðuneytinu, aðalfulltrúi Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu.

13.00 Fyrirlestur: Richard Caddell, lagaprófessor við Háskólann í Wales, Bangor.

13.30 Fyrirspurnir og umræður.

14.00 Slit.

**Allir velkomnir**

# Í augnablikinu eru allir uppteknir

**Fátt er leiðinlegra en að hanga í símanum og bíða eftir því að fá samband við þjónustuaðila. Þegar farið var á stúfana á þriðjudaginn fyrir viku og þjónusta símafyrirtækjanna könnuð kom í ljós að mest þurfti að bíða í 22 mínútur eftir sambandi.**



**BEÐIÐ Í SÍMANUM** Ekki það skemmtilegasta sem hægt er að eyða tímanum í.

Upplýsingalína Símans – 118 – er eflaust það númer á Íslandi sem flestir hringja í. Á virkum degi berast þangað um 30.000 símtöl. Á annatímum starfa um 50 manns við að svara hjá 118 og verður að segjast eins og er að þjónustan var góð þegar neytendasíðan athugaði málið. Klukkan rúmlega þrjú var engin bið, og þremur tímum síðar var biðin aðeins um ein mínúta. Gott hjá 118.



**EVA MAGNÚSDÓTTIR** Upplýsingafulltrúi Símans.

Annað var upp á teningnum þegar hringt var í þjónustuver Símans – 800 7000 – og reynt að fá samband við deildina sem sér um tæknilega aðstoð. Mjög mikið álag er á deildinni, enda sér hún um meðal annars að veita upplýsingar um ADSL-tengingar og allt sem tengist Skjánum. Klukkan rúmlega þrjú sagði tölvuknúin rödd Brynhildar Guðjónsdóttur leikkonu að símtalið væri það þriðja í röðinni. Það tók 2,22 mínútur að fá samband með „Love Shack“ með The B-52's í eyrunum. Það verður að segjast eins og er að hljómur í flestum símtækjum er ekki upp á marga fiska og því var lítt upplífgandi að hlusta á poppslagarann. Þessi rúmlega tveggja mínútna bið var þó grín við hliðina á heljarvistinni við símann sem skall á klukkan rúmlega sex þegar aftur var hringt í 800 7000 og beðið um tæknilega ráðgjöf. Þá var símtalið það fimmtánda í röðinni og biðin samtals 21,34 mínútur. Enn voru ýmsir poppslagarar leiknir af popp-klassík stöð Breiðbandsins á milli þess sem Brynhildur flutti fréttir af því hvernig sá sem beið mjakaðist áfram í röðinni. Diskólög eins og „YMCA“ og „Disco Inferno“ heyrðust í bland við lög með Madness og Jimmy Buffett og bíðandinn lét hugann reika um þá ýmsu iðju sem hann gat frekar hugsað sér að eyða tímanum í.

„Þetta gengur yfirleitt mjög vel en það koma dagar þegar verið er að uppfæra kerfið og þá er álagið meira,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans. „Það eru oft flókin tæknimál sem fólk þarf að fá svör við, en við erum alltaf að bæta þekkingu starfsmanna svo afkastagetan aukist. Við höfum að auki fjölgað starfsfólki jafnt og þétt svo ég held að þetta sé allt á réttri leið.“

Draga má þá ályktun að símabið hjá fyrirtækjum sé í réttu hlutfalli við hlutdeildina sem símafyrirtækin hafa á markaðinum. Þannig er Vodafone með rúmlega helmings markaðshlutfall á við Símann og biðin var líka helmingi styttri þegar hringt var í Vodafone, 1414, og beðið um netaðstoð. Klukkan þrjú var biðin 1,42 mínútur og Good Vibration með Beach Boys heyrðist á meðan í sama dósasándinu. Klukkan rúmlega sex sama dag var biðin sléttar 12 mínútur og enn var boðið upp á poppslagara, meðal annars Killing me softly sem hljómaði mjög viðeigandi. Ókostur við biðina hjá Vodafone er að engar upplýsingar eru gefnar um hvar maður er í röðinni heldur sagði röddin bara með jöfnu millibili að enn væru allir þjónustufulltrúar uppteknir.

Styst var biðin hjá Hive í 414 1616. Klukkan þrjú var engin bið og klukkan rúmlega sex var biðin bara 2,24 mínútur.

gunnarh@frettabladid.is

Töluverður munur á hæsta og lægsta verði á smurþjónustu fyrir bíla:

# Mestur verðmunur fyrir jeppa

Verðmunur á hæsta og lægsta verði á smurþjónustu fyrir fólksbíl er rúmlega 1.300 krónur, eða 66 prósent, að því er fram kemur í nýlegri verðkönnun ASÍ.

Kannað var verð á þjónustu við þrjár stærðir bíla, fólksbíla, jepplingi og stærri jeppa, og reyndist Vélaverkstæði Hjalta við Melabraut í Hafnarfirði ódýrast í öllum flokkum. Þar kostaði smurning á fólksbíl 1.992 krónur en dýrust var hún á Smurstöðinni Fosshálsi en þar kostaði sambærileg þjónusta 3.310 krónur og er verðmunurinn 66 prósent.

Þjónusta fyrir jeppling var einnig ódýrust hjá Vélaverkstæði Hjalta en þar kostaði hún 2.378 en dýrust var þjónustan hjá Gúmmívinnustofunni Réttarhálsi, 3.992 krónur og er verðmunurinn 1.600 krónur, eða 67 prósent.



**SMURÞJÓNUSTA** Vélaverkstæði Hjalta í Hafnarfirði veitir ódýrustu smurþjónustuna við fólksbíla, jepplinga og jeppa.

Mestur var verðmunurinn á þjónustu stórra jeppa. Hjá Vélaverkstæði Hjalta kostaði smurning á stóran jeppa 2.689 krónur en dýrust var þjónustan hjá Smurstöðinni Fosshálsi og Smurstöðinni Stórahjalla 2 í Kópavogi þar sem hún kostaði 4.750 krónur og er verðmunurinn 2.061 króna, eða tæp 77 prósent.

Þrjár smurstöðvar neituðu þátttöku í verðkönnuninni. Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur, Bæjarflöt 13, Smur- og dekkjaþjónusta Breiðholts og Hjólbarða- og smurþjónustan Klöpp, Vegmúla 2.

- hs

# HIN ÚTVÖLDU



GOTT FÓLK McCANN

Kjóstu þættina þína á visir.is

EDDA 2006

Fjórir þátta okkar eru tilnefndir til Eddunnar 2006

**Stelpurnar** Leikið sjónvarpsefni ársins
**Strákarnir** Skemmtiþáttur ársins
**Sjálfstætt fólk** Sjónvarpsþáttur ársins
**Kompás** Sjónvarpsþáttur ársins

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** X.XXX **+X,XX%** **Fjöldi viðskipta:** xxx **Velta:** x.xxx milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Flaga** | +0,36% | **Össur** | -3,02% |
| | | **Avion** | -2,59% |
| | | **Sláturfélag Suð.** | -2,56% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 63,70 -2,00% ... Alfesca 4,85 +0,00% ... Atlantic Petroleum 588,00% ... Atorka 6,30 +0,00% ... Avion 33,90 -2,59% ... Bakkavör 59,40 -1,49% ... Dagsbrún 4,67 -1,48% ... FL Group 22,60 -1,31% ... Glitnir 22,70 -1,30% ... Kaupþing 818,00 -1,45% ... Landsbankinn 24,90 -2,35% ... Marel 78,00 +0,00% ... Mosaic Fashions 17,00 -1,16% ... Straumur-Burðarás 16,80 -1,18% ... Össur 112,50 -3,02%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

**Ekki ferð til fjár**

Endi var bundinn á áralanga deilu Atlantsskipa og Samskipa í Hæstarétti nú í byrjun vikunnar. Atlantsskip höfðu farið fram á bætur upp á rúmlega 72 milljónir króna vegna vanefnda á samningi um flutninga sem félögin höfðu gert með sér árið 2001 og endurnýjað árið 2003. Atlantsskip sögðu að samið hefði verið um ákveðna lágmarksflutninga sem síðan hefðu ekki gengið eftir og vildu fá bætur eins og flutt hefði verið það magn sem upp á vantaði. Því höfðaði félagið mál til bóta í apríl 2004 á þeim grundvelli að 1.426 TEU gámaeiningar hefði vantað upp á að samningurinn hefði verið uppfylltur.



**Áttu að takmarka tjónið**

Í fyrrasumar féllst Héraðsdómur Reykjavíkur á þá kröfu, dómnum var áfrýjað til Hæstaréttar sem sendi málið aftur heim í hérað. Þá var fyrsta dómnum snúið við og fallist á kröfu Samskipa um að bótakrafan væri ósanngjörn, enda hefðu Atlantsskip átt að leita allra leiða til að nýta rýmið sem losnaði til flutninga fyrir aðra og takmarka þannig tjón sitt. Þennan dóm, sem kveðinn var upp í september síðastliðnum, staðfesti svo Hæstiréttur í vikunni og gerði Atlantsskipum að borga Samskipum 300 þúsund krónur í málskostnað.

## MARKAÐSPUNKTAR

Þinglýstum fasteignasamningum á höfuðborgarsvæðinu í október fækkaði um 26 prósent frá sama tíma í fyrra, samkvæmt upplýsingum sem Fasteignamat ríkisins birti nýlega. Greiningardeild Glitnis segir samdráttinn þó minni en síðastliðna þrjá mánuði.

Viðskiptavinir bankanna halda framvirkri stöðu í krónum fyrir hátt á fimmta hundrað milljarða. Nettóstaða bankanna í erlendum gjaldeyri var jákvæð um 91 milljarð í lok október.

Seðlabanki Indónesíu lækkaði stýrivexti um 50 punkta á þriðjudag og standa þeir í 10,25 prósentum. Þetta er 6. stýrivaxtalækkun bankans á árinu. Ástæðan er snörp verðbólgulækkun sem hefur farið úr 14,5 prósentum í september í 6,2 prósent í þessum mánuði.

# Boðar umsvif erlendra banka hér á landi

Íslenskur fjármálageiri hefur tekið stakkaskiptum á örfáum árum og og telst nú á meðal burðarása í íslensku viðskipta- og efnahagslífi, að sögn Ólafs Ísleifssonar, lektors við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Ólafur kynnti nýja úttekt háskólans á íslenskum fjármálamarkaði, á stofnfundi Samtaka fjármálafyrirtækja á þriðjudag.

Þar kemur meðal annars fram að eigið fé bankanna nemi um 530 milljörðum króna, sem svari til helmings landsframleiðslunnar. Til samanburðar var hlutfallið talsvert minna fyrir sex árum eða sem nemur sjö prósentum af landsframleiðslu.

Í úttektinni kemur fram að á sama tíma og verg landsframleiðsla hafi aukist um 19,1 prósent á árunum 2001 til 2005 hafi fjármálageirinn vaxið mun hraðar, eða um 85,7 prósent. Þá nemi hlutfall fjármálageirans til hagvaxtar á sama árabili um 34,5 prósentum.



**FRÁ STOFNFUNDI SAMTAKANNA** Ólafur Ísleifsson segir íslenska banka halda áfram að færa út kvíarnar á næstu árum.

Ólafur segir íslensku bankana, sem líti á sig sem evrópsk fyrirtæki, vaxa hraðar en aðra banka um þessar mundir og muni þeir halda áfram að færa út kvíarnar á næstu árum. Þá sé á sama hátt líklegt að erlend fjármálafyrirtæki hasli sér völl á íslenskum markaði, að sögn Ólafs. **- jab**



**BERND PISCHETSRIEDER** Forstjóri þýska bílaframleiðandans Volkswagen.

# Forstjóri Volkswagen hættir

Bernd Pischetsrieder, forstjóri þýsku bílasmiðjunnar Volkswagen, hefur sagt starfi sínu lausu frá og með næstu áramótum. Martin Winterkorn, yfirmaður Audi, tekur við af honum.

Að sögn breska ríkisútvarpsins kemur uppsögn Pischetsrieder nokkuð á óvart enda hafði hann nýverið endurnýjað samning sinn við fyrirtækið fram til ársins 2012. Stjórn fyrirtækisins hefur ekki skýrt frá ástæðum uppsagnarinnar að öðru leyti en því að hann ætli að hætta 31. desember næstkomandi. **- jab**

# Herða tökin á bönkunum

### Stærstu eigendur íslensku bankanna verða stærri. Hlutur stærstu eigenda minni í Skandinavíu en á móti er ríkið þar umsvifamikið í fjármálakerfinu.



**HANNES SMÁRASON** Fer fyrir FL Group sem á skömmum tíma er orðinn stærsti hluthafinn í Glitni.

Eignarhald á íslensku viðskiptabönkunum og Straumi-Burðarási hefur verið að þrengjast á síðustu misserum. Forstjóri FME, Jónas Fr. Jónsson, gerði þessa þróun að umtalsefni á aðalfundi stofnunarinnar í vikunni. „Á sama tíma og íslenskir bankar hafa stækkað og aukið umsvif sín erlendis hefur eignarhald þeirra þrengst og eignarhlutdeild stærstu eigendanna aukist. Í dag nemur meðaltals eignarhlutur tveggja stærstu hluthafa bankanna fjögurra um 43 prósentum,“ sagði Jónas í ræðu sinni.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Björgólfsfeðgar eru stærstu eigendur í Landsbankanum og Straumi.

Forstjórinn telur að stórir eignarhlutir eða viðskiptatengsl á milli banka og eigenda þurfi ekki að vera óeðlileg en þar gætu þó legið ákveðnar áhættur. „Þær áhættur snúa bæði að heilbrigði og trausti einstakra fjármálafyrirtækja en einnig að orðspori íslenska markaðarins í heild. Það er hlutverk Fjármálaeftirlitsins að reyna að koma í veg fyrir skaðleg áhrif þröngs eignarhalds ... “

Eignarhald í Glitni, Kaupþingi og Straumi hefur þrengst á þessu ári. FL Group hefur með kraftmiklum hætti aukið hlut sinn í Glitni úr tæpum tíu prósentum um áramót í 29 prósent og er orðinn stærsti eigandi bankans. Exista, stærsti eigandinn í Kaupþingi, jók hlut sinn í fyrravetur og einnig í sumar þegar félagið tók yfir VÍS sem á hlutabréf í Kaupþingi. Hlutur Exista nemur rúmum fjórðungi hlutafjár í Kaupþingi.

Eftir átökin í Straumi í sumar varð FL Group stærsti eigandi Straums þegar fyrirtækið eignaðist fjórðungshlut. Á dögunum keypti Samson Global Holding, félag Björgólfsfeðga, sautján prósenta hlut í Straumi og fór með hlut sinn yfir þrjátíu prósent. Tveir stærstu hluthafarnir í Straumi ráða því yfir 56 prósentum hlutafjár.

Fréttablaðið bar saman eignarhald á stærstu bönkum Norðurlanda. Þar kemur í ljós að stærstu eigendur banka á hinum Norðurlöndunum eiga að jafnaði nokkuð minni hlut en kjölfestufjárfestar á Íslandi. Eignarhlutur Björgólfsfeðga í Landsbankanum er sá mesti í stærstu bönkum Norðurlanda. Nemur hlutur þeirra í gegnum Samson um 41 prósenti. Aðeins í norska bankanum DnBNOR fer hlutur stærsta eigandans, í öðrum norrænum banka en íslenskum, yfir þrjátíu prósent.

Ísland sker sig einnig úr að því leyti að ríkið hefur alfarið dregið sig úr rekstri stærstu fjármálafyrirtækjanna. Ríkið er hins vegar áberandi hluthafi í stærstu bönkunum í Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Fimmtungur hlutafjár í Nordea, stærsta fjármálafyrirtæki Norðurlanda, er þannig í eigu sænska ríkisins. **eggert@frettabladid.is**



**BAKKABRÆÐUR** Stærstu hluthafarnir í Exista sem ræður för í Kaupþingi.

### STÆRSTU HLUTHAFAR Í STÆRSTU BÖNKUM NORÐURLANDA

| Banki | Stærsti hluthafi | Eignarhlutur |
|---|---|---|
| Landsbankinn | Samson | 41,4% |
| DnBNOR | Norska ríkið | 34,0% |
| Straumur-Burðarás | Samson Global | 30,2% |
| Glitnir | FL Group | 29,3% |
| Kaupþing | Exista | 25,7% |
| Swedbank | Sparbanksstiftelser | 21,3% |
| Danske bank | A.P. Møller-Mærsk | 20-25% * |
| Nordea | Sænska ríkið | 19,9% |
| SEB | Investor | 17,9% |
| Sampo | Finnska ríkið | 14,0% |
| Storebrand | Folketrygdfondet | 10,0% |
| Handelsbanken | Industrivärden | 9,9% |

* **áætlaður eignarhlutur** **HEIMILD: Heimasíður bankanna**




www.aviongroup.is

Hluthafafundur 21. nóvember 2006

Hluthafafundur Avion Group hf. verður haldinn 21. nóvember 2006 kl. 10:00 í húsakynnum Eimskipafélags Íslands ehf., Sundakletti, Korngörðum 2, Reykjavík.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi málefni:

1. Tillögur um breytingu á samþykktum félagsins:
   a. Tillaga um breytingu á 1. gr. um að nafni þess verði breytt í Hlutafélagið Eimskipafélag Íslands (Hf. Eimskipafélag Íslands).
   b. Tillaga um breytingu á 4. gr. um heimild til stjórnar til lántöku með sérstökum skilyrðum skv. VI. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Verði stjórn heimilað að taka lán að fjárhæð allt að CDN$ 100,000,000 með 15% föstum ársvöxtum sem breyta megi í hluti í félaginu. Skal skuldareigendum heimilt að breyta láninu hvenær sem er frá útgáfudegi skuldaskjala til 31. desember 2011. Verði stjórninni heimilað að hækka hlutafé félagsins um allt að kr. 200.000.000 að nafnverði til að mæta skuldbindingum þessum. Forgangsréttur hluthafa til aukningarinnar fylgi ekki aukningu samkvæmt þessari heimild.
   c. Tillaga um breytingu á 4. gr. um heimild til stjórnar að hækka hlutafé félagsins. Núverandi heimild stjórnar til hlutafjárhækkunar um allt að kr. 206.400.865 verði aukin um kr. 200.000.000 eða í kr. 406.400.865 sem stjórnin má nýta í áföngum á næstu fimm árum. Forgangsréttur hluthafa til aukningarinnar fylgir ekki heimild þessari.
2. Kjör tveggja stjórnarmanna.
3. Önnur mál.

Endanlegar tillögur geta hluthafar nálgast á skrifstofu félagsins að Hlíðasmára 3, Kópavogi eða á vefsíðu félagsins www.avion.is viku fyrir fundinn.

Athygli er vakin á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn félagsins skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir upphaf fundarins.

Avion Group hf., Hlíðasmára 3, Kópavogi.

AVION GROUP – íslensk sókn um allan heim

# Pliva snýr taprekstri í plús



**HÖFUÐSTÖÐVAR PLIVA** Króatíska lyfjafyrirtækið hefur snúið tapi í fyrra í hagnað á fyrstu níu mánuðum þessa árs.

Króatíska lyfjafyrirtækið Pliva skilaði 67,4 milljóna bandaríkjadala hagnaði á fyrstu níu mánuðum ársins. Þetta svarar til 4,6 milljarða íslenskra króna sem er talsverður viðsnúningur frá afkomunni á sama tíma í fyrra þegar fyrirtækið tapaði 34,1 milljón dal eða rúmlega 2,3 milljörðum króna.

Bandaríska lyfjafyrirtækið Barr keypti Pliva í síðasta mánuði fyrir 2,5 milljarða bandaríkjadali eða 170,5 milljarða íslenskra króna eftir harða samkeppni við Actavis.

Tekjur Pliva lækkuðu hins vegar á milli ára þrátt fyrir aukna sölu á lyfjum undir merkjum fyrirtækisins. Þær námu 797,4 milljónum dala eða 55 milljörðum króna, á árinu sem er 12,2 prósenta samdráttur frá síðasta ári. Í uppgjöri Pliva kemur fram að sé að mestu tilkominn vegna minni tekna í Bandaríkjunum í kjölfar þess að einkaleyfi fyrirtækisins fyrir söluhæsta lyfi fyrirtækisins fram til þess rann út fyrir ári.

Sala jókst hins vegar um 3,8 prósent á flestum mörkuðum að heimamarkaðinum í Króatíu undanskildum. Þar dróst salan saman um 6 prósent á milli ára. **- jab**

# Eignir TM tvöfölduðust á ári

## Miklar sveiflur á afkomu félagsins milli ársfjórðunga.

TM hagnaðist um 1.088 milljónir króna á þriðja ársfjórðungi samanborið við 2.554 milljónir á sama tímabili í fyrra. Miklar sveiflur hafa verið á afkomu TM á árinu, fyrir árið í heild nemur hagnaður félagsins 464 milljónum króna en tap á öðrum ársfjórðungi var yfir 1,2 milljarðar króna.

Sem fyrr eru það fjárfestingar sem bera uppi afkomu TM en tekjur af þeim voru rúmur 2,1 milljarður króna á þriðja ársfjórðungi af um 3,9 milljarða heildartekjum.

TM tapaði um 175 milljónum króna á vátryggingastarfsemi á fyrstu níu mánuðum ársins en



**TM** Hagnaðist yfir einn milljarð á þriðja ársfjórðungi eftir mikið tap á öðrum ársfjórðungi.

fram kemur að afkoma af þessum lið fari batnandi. Tjónahlutfall hækkar um tæp tíu prósentustig á milli ára og var 97,9 prósent í lok september. Stjórnendur félagsins munu beita sér fyrir aðgerðum í því augnamiði að bæta vátryggingareksturinn.

Heildareignir TM hafa ríflega tvöfaldast á einu ári. Þær voru tæpur 31 milljarður í lok september 2005 en voru komnar í 63,6 milljarða ári síðar. Aukningin skýrist af tilkomu norska tryggingafélagsins NEMI og fjárfestingafélagsins ISP inn í samstæðuna. **- eþa**



**ÞORSKUR** Verð á fiskimörkuðum lækkaði um 3,2 prósent í síðustu viku frá vikunni á undan. Hafa ber í huga að verð á fiski var þá í hæstu hæðum.

# Ýsuverð hefur lækkað aðeins

Meðalverð á fiski lækkaði um 3,2 prósent eða rúmar 5 krónur á kíló frá vikunni á undan á fiskimörkuðum landsins í síðustu. Meðalverð var 156,74 krónur á kíló samanborið við 161,88 krónur á kíló vikuna á undan. Hafa ber í huga að fiskverðið var í hæstu hæðum fyrir hálfum mánuði.

Framboð jókst um 64 prósent á milli vikna og því verður meðalverðið að teljast meira en viðunandi, að sögn Fiskifrétta.

Líkt og áður seldist mest af ýsu á mörkuðunum eða 797 tonn. Meðalverðið fyrir slægða ýsu var 155,03 krónur á kíló sem er 14,58 krónum minna en vikuna á undan. Þá seldust 538 tonn af þorski á meðalverðinu 240,73 krónur fyrir slægðan þorsk, 17,19 krónum minna en fyrir hálfum mánuði. **- jab**



**Á LAUGAVEGI** Ekki verður gripið til aðgerða vegna umkvörtunar Tax Free

# Bregðast ekki við kvörtun

Samkeppnisleftirlitið sér ekki ástæðu til íhlutunar vegna kvörtunar Tax Free á Íslandi ehf. um meinta misnotkun Global Refund á Íslandi ehf. á stöðu sinni á markaðnum.

Taldi Tax Free á Íslandi að langvarandi taprekstur Global Refund hafi verið fjármagnaður með aukningu hlutafjár frá móðurfélaginu sem sé öflugt alþjóðlegt fyrirtæki. Væri aðgerðin til þess fallin að útrýma samkeppni á íslenkum markaði og því brot á 11. grein samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að ætla að Global Refund hafi á árinu 2003 verið ráðandi á markaðnum sem mál þetta tekur til. Því eigi 11. grein samkeppnislaga ekki við. Á hinn bóginn telur eftirlitið að ekki sé loku fyrir það skotið að félagið gæti, í krafti fjárhagslegra tengsla við móðurfélag sitt, á skömmum tíma styrkt svo stöðu sína að það teljist ráðandi á markaðnum. Því kunna málefni fyrirtækisins að koma til frekari skoðunar Samkeppniseftirlitsins og mun það óska eftir að fá upplýsingar um frekari fjárstuðning af hálfu móðurfélagsins. **- hhs**


LEGACY SUBARU






Sedan verð frá 2.490.000,- Wagon verð frá 2.640.000,-

Subaru Cross Wagon er sérútbúinn fyrir Ísland. Hann er upphækkaður og á stærri dekkjum sem henta betur við þær erfiðu aðstæður sem fyrirfinnast hérlendis. Hann hefur sömu veghæð og flestir jepplingar og kemst því mun víðar en venjulegir fólksbílar. Subaru Cross Wagon er besti valkosturinn fyrir íslenskar akstursaðstæður.

Cross Wagon beinskiptur
2.760.000,-
Sjálfskiptur 2.890.000,-

SYMMETRICAL AWD

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525-8000 www.ih.is | Opið: Mán. - fös. kl. 9:00 - 18:00. Lau. 12:00 - 16:00.

Umboðsmenn um land allt | Akureyri 464-7940 | Njarðvík 421-8808 | Höfn í Hornafirði 478-1990 | Reyðarfirði 474-1453

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Dagar einhliða stefnumörkunar Bush og félaga í Hvíta húsinu eru taldir.

## Sigur fyrir heiminn

JÓN KALDAL SKRIFAR

Sigur demókrata í kosningunum í Bandaríkjunum eru góðar fréttir fyrir heimsbyggðina. Loksins er komin fyrirstaða í bandarískt stjórnkerfi við þeirri einhliða og ágengu stefnumörkun sem Bush, Cheney, Rumsfeld og félagar í Hvíta húsinu hafa komist upp með í skjóli handgengis úr hófi fram, meirihluta repúblikana í báðum deildum þingsins.

Kosningar í Bandaríkjunum hafa svo áratugum skiptir komið gjörvallri heimsbyggðinni við, en þó aldrei jafn mikið og undanfarin fimmtán ár, því eftir fall Sovétríkjanna stóðu Bandaríkin uppi sem eina stórveldi heimsins. Verulegu máli skiptir þar af leiðandi hvernig bandarískir ráðamenn skilgreina stöðu landsins í samfélagi þjóðanna.

Til dæmis er ekki ólíklegt að við byggjum við töluvert aðra heimsmynd ef Hæstiréttur Bandaríkjanna hefði dæmt demókratann Al Gore inn í Hvíta húsið árið 2000 í stað Bush yngri.

Bush var úrskurðaður sigurvegari og hann leiddi til valda með sér frostherta menn úr löngu loknu köldu stríði. Þessir menn trúa á einhliða rétt Bandaríkjanna til að fara fram með sín mál án samráðs við alþjóðasamfélagið.

Sorglegt er að líta yfir hvernig þeim hefur farist stjórn stórveldisins úr hendi. Það segir meira en mörg orð að sú skoðun er orðin útbreidd á heimsvísu að ágeng utanríkisstefna Bandaríkjanna sé mesta ógnin við heimsfriðinn; meiri en kjarnorkutilraunir Norður-Kóreu og tilburðir Írans til að kjarnorkuvæðast.

*Það tók Bush og félaga innan við sex ár að rústa ímynd Bandaríkjanna. Skal engan undra þegar afrekaskráin er skoðuð.*

Áður en Bush komst til valda voru Bandaríkjamenn almennt álitnir boðberar frelsis og lýðræðis. Og það ekki að ósekju. Eftir fall járntjaldsins stóðu Bandaríkin uppi sem sigurvegarar í hugmyndafræðilegri baráttu milli austurs og vesturs.

Á vissan hátt má segja að þjóðir heimsins hafi falið Bandaríkjamönnum hlutverk alheimslögreglu sem þeir tóku hiklaust að sér. Þeir fóru fyrir hernaðarbandalaginu sem flæmdi Íraka úr Kúvæt með blessun Sameinuðu þjóðanna, og þeir komu Evrópuþjóðum í enn eitt skiptið til hjálpar þegar þær horfðu í algjöru úrræðaleysi á fólskuverk Serba á Balkanskaga.

Það tók Bush og félaga innan við sex ár að rústa ímynd Bandaríkjanna. Skal engan undra þegar afrekaskráin er skoðuð: fullkomið klúður við stríðsrekstur og uppbyggingu Íraks, pyntingar í Abu Graib og Guantanamo, brot á Genfarsáttmálanum, persónunjósnir innanlands og fangaflutningar CIA milli leynifangelsa í austanverðri Evrópu.

Sigur demókrata í þingkosningnum gefur tilefni til væntinga um að böndum verði komið á Bush og félaga og að Bandaríkjamenn hverfi aftur til fyrri hátta. Fyrir vikið er hægt að vonast eftir örlítið betri heimi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Ekkert blað?**

**Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.**

**550 5600**

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hjáseta

Sigurrós Þorgrímsdóttir keppir í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Var hún spurð í Fréttablaðinu í gær hvort það hefði verið rétt hjá fyrirtækinu Íslandspósti að kaupa prentfyrirtækið Samskipti. Svar stjórnmálamannsins var: „Ekki skoðun á því.“ Gott svar hjá frambjóðanda sem býður sig fram fyrir flokk sem vill stuðla að athafnafrelsi einstaklingsins. Sitja hjá þegar kemur að ríkisvæðingu. Eigendur og starfsfólk prentfyrirtækja á Íslandi, sem þurfa nú að keppa við ríkisfyrirtæki sem veltir fimm þúsund milljónum króna, er örugglega ánægt með þá hjásetu.



### Stórt spurt

„Þetta er gömul saga og ný í Sjálfstæðisflokknum hér í Reykjavík að konur bera þar jafnan skarðan hlut frá borði,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir í Fréttablaðinu eftir prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Flokksmenn leggi litla áherslu á jafnréttismál. Birgir Ármannsson, spyr á heimasíðu sinni hvort nú sé ekki tækifæri til að varpa ljósi á árangur kvenna í prófkjörum Samfylkingarinnar. „Bendir útkoman til þess að þeir [flokksmenn Samfylkingarinnar] leggi litla áherslu á þau mál? Var ekki góðra kvenna völ í þessum prófkjörum?“ spyr Birgir.

### Til hvers Glúmur?

„Ég hef ekki peninga heldur pennann einan að vopni,“ segir Glúmur Baldvinsson, sem hefur komið ferskur inn í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Pælingar hans eru á hugmyndafræðilegum nótum. Og hann spyr grundvallarspurninga: „Til hvurs er ég hér? Ég er ekki hérna af því bara. Ég er ekki hér af því ég er sonur Jóns Baldvins, ég er ekki hér af því ég er sonur Bryndísar Schram eða sonarsonur Hannibals, nú eða litli frændi Ellerts Schram meðframbjóðanda míns hér. Ég er hér af því mér misbýður hvernig ríkisstjórn helmingaskiptanna hefur farið með okkar samfélag á undanförnum rúmum áratug,“ sagði hann á fundi nýlega.



bjorgvin@frettabladid.is

# Vatnaskil fyrir vestan



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Úrslit þingkosninganna í Bandaríkjunum

Repúblikanar hafa ráðið lögum og lofum í Bandaríkjunum síðan 1994, þegar þeir náðu meiri hluta í báðum deildum Bandaríkjaþings. Demókratinn Bill Clinton hafði þá verið forseti í tvö ár, og repúblikanar snerust gegn honum og málstað hans af mikilli hörku og reyndu án árangurs að bola honum frá völdum fyrir það eitt að segja ósatt um einkamál. Atlagan kom ýmsum á óvart, því að Clinton átti ýmislegt sammerkt með repúblikönum; hann er til dæmis hlynntur dauðarefsingu. Aðförin að Clinton var að því er virðist öðrum þræði hefnd fyrir ófarir Nixons forseta, en hann hafði neyðzt til að segja af sér embætti 1974, því að ella hefði þingið vikið honum úr embætti fyrir alvarleg afbrot. Nixon varð uppvís að því að hafa lagt á ráðin um innbrot til að komast yfir skjöl og koma fyrir hlerunarbúnaði (!) í skrifstofum demókrata í Watergate-byggingunni í Washington og hylma yfir með innbrotsþjófunum og hindra framgang réttvísinnar. Barry Goldwater, virtur öldungadeildarþingmaður repúblikana um langt árabil og forsetaframbjóðandi þeirra 1964, lýsti Nixon flokksbróður sínum sem óforbetranlegum lygara. Munurinn á atlögunum gegn Nixon og Clinton er sá, að helztu leiðtogar repúblikana á þingi stóðu með demókrötum að uppreisninni gegn Nixon, en repúblikanar réðust gegn Clinton upp á sitt eindæmi af annarlegum ástæðum og í andstöðu við alla demókrata á þingi.

Leiðslurnar eru stundum langar í stjórnmálum. Kveikjan að veldi repúblikana á Bandaríkjaþingi síðan 1994 er líklega breytingin, sem varð á landslagi stjórnmálanna í suðurríkjunum, þegar aðskilnaðarstefnunni þar var hrundið í forsetatíð demókratans Lyndons B. Johnson þrjátíu árum áður með lýðréttindalögunum 1964. Þessi lög tóku fyrir mismunun eftir kynþætti, þjóðerni og kynferði og tryggðu blökkumönnum sama rétt og hvítum fyrir lögum. Nú var ekki lengur hægt að meina svertingjum aðgang að skólum, strætisvögnum eða veitingahúsum svo sem tíðkazt hafði um suðurríkin allar götur fram að því, jafnvel í höfuðborginni Washington. Hundrað árum áður hafði repúblikaninn Abraham Lincoln sem forseti beitt sér fyrir afnámi þrælahalds gegn vilja demókrata í suðurríkjunum og haft sigur 1865, svo að blökkumenn þar suður frá og annars staðar um landið tortryggðu demókrata lengi eftir það. Með lýðréttindalögunum 1964 snerist dæmið við. Langflestir blökkumenn hafa æ síðan stutt demókrata í kosningum, og gamlir fordómar gegn blökkufólki, og þeir eru lífseigir í suðurríkjunum, færðust yfir í raðir repúblikana. Arthur Miller, leikskáldið, lýsti þessu vel fyrir nokkrum árum, þegar hann sagðist enga rökræna skýringu geta fundið á hyldjúpri andúð margra repúblikana á Clinton forseta aðra en þá, að Clinton væri í reyndinni fyrsti blökkuforseti Bandaríkjanna.

Við þessa landslagsbreytingu bættist það, að ýmsir guðsmenn tóku að hasla sér völl á stjórnmálavettvangi og skipuðu sér margir í raðir repúblikana. Markmiðið var að laða trúaða kjósendur, sem ella hefðu setið hjá, til fylgis við repúblikana í guðs nafni með því að lofa færri fóstureyðingum og þess háttar. Repúblikanar hafa þó ekki gert neitt til að fækka fóstureyðingum, enda hefur fjöldi fóstureyðinga staðið í stað miðað við fólksfjölda síðan 1994, heldur hafa þeir aðallega notað stuðning grunlausra kjósenda til að létta skattbyrði auðmanna og ráðast inn í Írak á upplognum forsendum. Thomas Frank lýsir þessu vel í bók sinni What's the Matter with Kansas? How Conservatives Won the Heart of America (2004). Að því hlaut að koma, að kjósendur sæju í gegn um blekkingarnar.

Og nú er ballinu að ljúka. Demókratar hafa nú aftur náð meiri hluta í fulltrúadeild Bandaríkjaþings og trúlega einnig í öldungadeildinni, og þeir geta því sett Bush forseta stólinn fyrir dyrnar þau tvö ár, sem eftir eru af kjörtímabili hans. Demókratar geta þá beitt þingstyrk sínum til að láta rannsaka meint misferli ríkisstjórnar Bush í Íraksstríðinu og annars staðar. Bandarísk lög leyfa þinginu að rannsaka mál sem þetta og búa málsgögn í hendur ákæruvaldinu. Án þessarar löggjafar hefði líklega ekki verið hægt að koma lögum yfir Nixon forseta á sínum tíma. Alþingi þyrfti að setja Íslandi sams konar lög, svo að hægt sé að komast til botns í mikilvægum álitamálum hér heima, til dæmis um meintar ólöglegar hleranir. Leyndin verður að víkja. Saga Íslands verður að vera rétt skráð.

# Vorblót Ögmundar

**UMRÆÐAN**

Fjármálafyrirtæki



PÉTUR ÁRNI JÓNSSON

Þingmaðurinn Ögmundur Jónasson boðar fagnaðarerindi vinstri manna á heimasíðu sinni. Þar talar einn af leiðtogum stjórnarandstöðunnar og skrif hans hljóta því að hafa nokkuð vægi. Á dögunum var að finna skýr skilaboð til starfsmanna íslenskra fjármálafyrirtækja þar. Þar sagði hann meðal annars: „Misskipting og ranglæti þrífst og breiðir úr sér sem aldrei fyrr. Spurningin er þá eftirfarandi: Er jafnaðarsamfélaginu fórnandi fyrir 12 milljarða og nokkra stráka og stelpur í silkigöllum; þotuliðið? Eða eigum við að snúa spurningunni við: Er þotuliðinu fórnandi fyrir meiri jöfnuð og félagslegt réttlæti? Mitt svar er játandi,...“

Því miður fylgdu yfirlýsingum þingmannsins ekki nánari útlistanir á því hvernig þessi fórnarathöfn ætti að fara fram. En hvort sem hann hefur í huga skattaþvinganir, ríkisvæðingu eða önnur kunnug verkfæri sósíalista, eru orð þingmannsins áminning um það sem koma skal ef vinstri öflin ná yfirtökunum eftir kosningarnar í vor: Það verður gerð atlaga að frjálsu framtaki í landinu.

Varla ætti vera þörf á að minna á að fjármálafyrirtækin og starfsmenn þeirra greiða árlega tugi milljarða í sameiginlega sjóði. Afraksturinn af rekstri bankanna meðan þeir voru undir forsjá ríkisins voru smámunir í samanburðinum. Að auki leggja bankarnir hundruð milljóna til menningar- og mannúðarmála árlega. En þetta skiptir Ögmund engu máli, því þotuliðinu er fórnandi.

Fjármálafyrirtækin eru líka eftirsóttur vinnuveitandi fyrir vel menntað og metnaðarfullt ungt fólk. Þau hafa t.a.m. opnað ný tækifæri fyrir Íslendinga sem stundað hafa langskólanám á erlendri grundu. Og vissulega er þeim umbunað fyrir vel unnin störf, en það er líka nauðsynlegt til þess að íslensku fyrirtækin geti haldið í úrvals starfsfólk í alþjóðlegu umhverfi. En Ögmundur gefur lítið fyrir þessi nýju tækifæri fyrir ungt fólk á Íslandi, hann varðar ekkert um „nokkra stráka og stelpur í silkigöllum“ sem standa í vegi framtíðarlandi félagshyggjunnar. Þeim er fórnandi!

Það er full ástæða til þess að halda þessum orðum Ögmundar til haga, þau gefa einstaka innsýn í hugarheim íslenskra vinstri manna. Hagnaður og gróði er eitur í þeirra beinum – jafnvel þótt samfélagið í heild njóti ávaxtanna í aukinni skattheimtu og velmegun. Sæl er sameiginleg eymd gæti allt eins verið kjörorðið. Krakkanir í silkigöllunum þurfa því ekki að ganga að því gruflandi hvernig þeim mun reiða af í vor ef Ögmundur og félagar hans í stjórnarandstöðunni ná settu marki. Þau verða fyrsta fórn vorblótsins.

*Höfundur gefur kost á sér í 5. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í SV-kjördæmi.*


omega
CREATIVE BATHROOM-FURNATURE
BAÐ
INNRÉTTINGAR
TILBÚNAR TIL AFGREIÐSLU AF LAGER
SÉR TILBOÐ!
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
SÉR TILBOÐ!
K-W049 Hvítt lakkað
130 breidd x 55 dýpt
Verð stgr. kr. 105.900*
K-W056 Rauð háglans
135 breidd x 55 dýpt
Verð stgr. kr. 98.900*
SÉR TILBOÐ!
A 7121 Gegnheil mahogny
110 breidd x 42 dýpt
Verð stgr. kr. 89.500*
SÉR TILBOÐ!
A-827 Gegnheil mahogny
86 breidd x 56 dýpt
Verð stgr. kr. 93.900*
SÉR TILBOÐ!
WLU 147 86x48 sm
Útlit: Hvítt háglans / Eik / Hnota
Verð stgr. kr. 49.900*
SÉR TILBOÐ!
WLU 151 115x48 sm
Útlit: Hvítt háglans
Verð stgr. kr. 69.900*
SÉR TILBOÐ!
WLU 141 126x52 sm
Hvítt háglans - Svart háglans
Verð stgr. kr. 76.900*
* Innifalið í verði: handlaug, handlaugaskápur, hár skápur og spegilskápur
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# Ofþensla og innflytjendur

**UMRÆÐAN**
Samfélagsþróun


HELGI HJÖRVAR

Fyrirsögn í íslensku blaði fyrir tíu árum var: „Rússneskir sjómenn kaupa stolnar Lada bifreiðar“. Sendiherra þeirra spurði eðlilega hvers vegna fréttin væri ekki um Íslendingana sem stælu bílunum og seldu þá. Með líkum hætti hafa stjórnmálamenn snúið öllu á haus með því að fjalla um innflytjendur sem vandamál, þegar það erum við sjálf sem erum vandamálið.

Ríkisstjórnin hefur misst tökin á samfélagsþróuninni. Hún hefur misst tökin á verðbólgunni, á vaxtastiginu og á vinnuaflsþörfinni. Hún hefur keppst við að skapa meiri þenslu en góðu hófi gegnir vegna þess að þrýstingur stórfyrirtækja hefur skipt meira máli en hagsmunir almennings. Það eru ekki innflytjendurnir sem eru vandamálið heldur sú staðreynd að eins og stundum áður höfum við farið of geyst. Og eins og í lífinu sjálfu er samfélaginu sígandi lukka best.

Til að búa til óhóflega þenslu höfum við fórnað náttúrugæðum fyrir lítið sem ekkert. Við erum vanbúin að taka á móti vinnuaflinu sem þarf, allt frá skólakerfinu til Hagstofunnar. Og heimilin og venjuleg fyrirtæki eru vanbúin að þola verðbólgu og ofurvexti ár eftir ár.

Við þurfum að hafna óstöðugleikanum, sveiflunum og stjórnmálamönnum sem halda að hlutverk þeirra sé að hella áli á eldinn. Við þurfum forystu sem miðar að minni vexti en stöðugum, því þegar upp er staðið skilar það okkur meiru en sveiflurnar. Með því móti getum við líka staðið miklu betur að móttöku innflytjenda og aðlögun Íslands að alþjóðasamfélaginu, án þess að valda sundrung í landinu. Stærra og meira er ekki keppikeflið heldur stöðugra og sterkara.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

# Þennan ójöfnuð þarf að laga

**UMRÆÐAN**
Lífeyrisgreiðslur


ELLERT B SCHRAM

Mér er sagt að ég sé elstur allra karla í prófkosningum gervalla flokkanna. Það kom þá að því að ég setti met í einhverju!! Jú, ég er eldri en tvævetur og þess sjást sennilega merki í ytra útliti. En ég er enn við fulla heilsu og mér svellur hugur og sannleikurinn er sá að ef ég var fær um það, rúmlega þrítugur, að setjast inn á þing, þá er ég helmingi færari um það nú, reynslunni ríkari. Þó ekki væri nema af öllum mistökunum sem ég hef gert um ævina!

Er ekki kominn tími til að láta á það reyna, hvort eldri borgarar eigi fullt erindi inn á hið háa Alþingi? Er ekki nauðsyn á að rödd eldri kynslóðarinnar heyrist í sölum löggjafarsamkundunnar, sér í lagi í ljósi þess að málefni og hagsmunir eldri borgara hafa verið mjög í sviðsljósinu og það ekki ætíð af góðu einu. Sannleikurinn er sá, að staða og málstaður hinna eldri hefur verið fyrir borð borinn svo jaðrar við niðurlægingu.

Skortur á dvalarheimilum, óviðunandi þjónusta, framfærslubætur langt neðan neysluþarfa, kerfisbundin tekjuskerðing í ofanálag, of lág skattleysismörk og svo skattarnir sjálfir. Langflestir þeirra sem komnir eru á aldur, eru hættir að vinna og lifa (eða verða að lifa) á þeim lífeyrissjóðsgreiðslum, sem þeir fá við 67 ára aldur. Þessar greiðslur eru flestar rétt fyrir neðan eða ofan við hundrað þúsund krónur á mánuði. Þær eru síðan skattlagðar. Og ekki nóg með það. Með því að breyta skattleysismörkunum og binda þau ekki lengur við launavísitölu, hefur skattbyrði aldraðra versnað að mun. Þeir bera í raun hlutfallslega, mestu skattbyrðina. Tekjur þeirra, hvort heldur bæturnar frá Tryggingastofnun eða eftirlaunagreiðslurnar úr lífeyrissjóðunum eru skattlagðar eins og aðrar almennar tekjur með tæplega fjörutíu prósenta skatti.

Þetta gerist meðan fjármagnstekjur (hinna efnuðu) bera tíu prósenta skatt.

Í blaðagrein sem ég skrifaði snemma í haust, hreyfði ég þeirri hugmynd að allar greiðslur til lífeyrisþega, hvort heldur úr almannatryggingakerfinu eða úr lífeyrissjóðum, skuli bera sama skatt og fjármagnstekjur. Hér er um að ræða í eðli sínu sams konar sparnað, afrakstur uppsafnaðs fjár, sem hefur verið lagður til hliðar til elliáranna. Hvers vegna ætti að gera greinarmun á þessum sparnaði, eftir því hvernig til hans er stofnað?

Þessi ábending mín vakti athygli og ég hef tekið eftir því að sumir frambjóðendur, meðal annars úr mínum flokki, hafa tekið hana upp og gert að sinni. Ég fagna því að sjálfsögðu að þessi sjálfsagða kjarabót fái stuðning Samfylkingarfólks, enda er hér um að ræða jöfnuð og réttlæti í takt við hugsjónir jafnaðarmanna. Þetta er hluti af ójöfnuðinum í landinu, sem þarf að lagfæra og það strax við fyrsta tækifæri. Ég hef ekki lofað miklu, hvorki gulli né grænum skógum, en verði mér ágengt í prófkjörinu á laugardaginn, getið treyst því, lesendur góðir, að þessu skal ég lofa og þetta mun ég efna, fái ég til þess umboð, að lífeyrir, hvort heldur úr almannakerfinu eða úr lífeyrissjóðum skuli bera fjármagnsskatt, sem nú er tíu prósent. Að mínu mati er þetta stærsta hagsmunamál eldri borgara. Ég kalla eftir stuðningi ykkar til að fylgja því máli í höfn.

*Höfundur tekur þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

# Stóriðjan og verðbólguskattur

**UMRÆÐAN**
Efnahagsstjórn


ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON

Það vakti eðlilega nokkra athygli þegar breska ríkisstjórnin lýsti því yfir að til stæði að fá Al Gore sem ráðgjafa í umhverfismálum, enda nokkuð snjall leikur. Umræða um umhverfismál verður einnig stöðugt fyrirferðarmeiri í íslenskum stjórnmálum sem er tvímælalaust af hinu góða. Nú eru menn óðum að átta sig á mikilvægi málaflokksins.

Tenging umhverfismála við efnahagslega afkomu hefur sennilega mikið um þetta að segja – þó það verði að teljast einkennilegt að umhverfismálin hafi ekki vigt í sjálfu sér hjá mörgum. En vonandi að það verði til þess að auka vægi í umhverfismálum að nú er æ ofan í æ verið að benda mönnum á þær alvarlegu afleiðingar sem aðgerðarleysi getur haft í þessum málum, ekki síst á efnahaginn.

Stóriðjustefna íslensku ríkisstjórnarinnar hefur valdið miklum efnahags- og umhverfisvanda. Þetta blasir við okkur jafnvel þó að stóriðjuframkvæmdirnar hafi haft talsvert minni bein áhrif á hagkerfið en búist var við.

Áhrifin fólust ekki síst í því að framkvæmdirnar höfðu mikil áhrif á væntingar sem er lykilþáttur í efnahagskerfinu.

Fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar vegna Kárahnjúka urðu einnig aldrei að veruleika. Nú hvetur ríkisstjórnin hins vegar til enn frekari stóriðjuframkvæmda.

Áætlaðar framkvæmdir eru helmingi meiri að umfangi en þær sem nú eru í gangi, en þær eru miklu stærri en framkvæmdir síðasta áratugar.

Mistök ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálunum hafa fætt af sér nýjan verðbólguskatt sem er ein mesta skerðing á kjörum almennings í langan tíma. Reynslan sýnir að það er ekki hægt að treysta Sjálfstæðisflokknum fyrir hagstjórninni og það er kominn tími á nýja forystu í íslenskum stjórnmálum.

*Höfundur er varaformaður Samfylkingarinnar.*






# Gerum enn betur...

**UMRÆÐAN**
Málefni aldraðra


RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR

Ísland hefur á undanförnum árum komist í hóp þjóða þar sem lífsgæði eru talin mest og til þess að tryggja þá stöðu og gera enn betur er mikilvægt að bæta enn gott menntakerfi. Menntun er forsenda framfara og öflugs efnahagslífs og menntakerfið okkar er besta leiðin sem við höfum til þess að veita einstaklingum jöfn tækifæri í lífinu óháð efnahag foreldra.

En menntakerfið er enn of rígbundið og því þarf að losa um ramma og miðstýringu, efla sveigjanleika í skólakerfinu og auka frumkvæði og gæði. Við þurfum að hafa kjark til að veita ólíkum rekstrarformum brautargengi á öllum skólastigum því það eykur samkeppni og veitir framsæknu skólafólki tækifæri til góðra verka.

Samhliða uppbyggingu öflugs menntakerfis þarf að huga að öðrum þáttum er snerta ungt fólk og fjölskyldur þeirra. Fæðingarorlofslögin eru besta jafnréttistækið sem við hingað til höfum haft en gera þarf enn betur. Það þarf að skoða lengingu fæðingarorlofs, fjölga tilboðum um heildstæða þjónustu fyrir yngstu börnin og veita jafnframt foreldrum valfrelsi þar um til þess að báðir aðilar geti stundað sitt nám og byggt upp sinn starfsferil. Einnig er afar mikilvægt að koma á samstarfi opinberra aðila og fyrirtækja um fjölskylduvænna samfélag m.a. með tilliti til sveigjanlegri vinnutíma og orlofs.

Það er réttlætismál fyrir alla eldri borgara að þeir séu virtir sem einstaklingar og því ætti að greiða öllum sömu upphæð frá TR óháð tekjum maka og óháð því hvort viðkomandi fær greiðslur úr lífeyrissjóði, með öðrum orðum afnema skerðingarákvæði í lögum og reglugerðum. Einnig er mikilvægt að einfalda almannatryggingakerfið til þess að auðvelda þeim sem eiga rétt þar að þeir njóti þess réttar án þess að þurfa að fara marga þrautagöngu til þess.

Í eldri borgurum býr bæði mikil þekking og ekki síður víðtæk reynsla sem samfélagið þarf á að halda. Það er því mikilvægt að gera eldri borgurum kleift að halda áfram að vinna óski þeir þess án þess að eftirlaunatekjur skerðist.

Þegar um hægist á efri árum þá þurfa valkostir um búsetu að vera fjölbreyttir og standa til boða í heimabyggð. Það er mikilvægt hverjum og einum að geta notið þess að eldast í því umhverfi sem maður þekkir best og fá einnig notið samhæfðrar og góðrar þjónustu og vera virkur sem einstaklingur með langanir og þarfir.

*Höfundur er er bæjarstjóri í Mosfellsbæ og býður sig fram í 3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.*

# Hver er sinnar gæfu smiður, eða?

**UMRÆÐAN**
Staða aldraðra


JÓN GUNNARSSON

Svo segir í máltækinu. Þótt máltækið sé gott og gilt þá er það ekki alltaf svo að það eigi við. Þannig er því t.d. farið í málefnum eldri borgra á þessum tímum. Mér er óskiljanlegt af hverju forystumenn okkar sjálfstæðismanna hafa ekki gengið lengra í að bæta kjör og aðstæður þessa hóps.

Við búum við einhverjar bestu aðstæður samfélaga í heiminum. Grunnþættir samfélagsins s.s. heilbrigðis- og menntakerfi eru með því besta sem þekkist. Þessar aðstæður hafa ekki skapast af sjálfu sér, ekki af því að við höfum nýlega unnið í lottói eða happdrætti. Nei, þær hafa skapast vegna þess trausta grunns sem foreldrar okkar, afar og ömmur lögðu af mikilli fórnfýsi við oft erfiðar aðstæður. Þessi vinnusama kynslóð á nú betra skilið þegar þjóðin er farin í svo ríkum mæli að uppskera eftir erfiði þeirra.

Það er óþolandi að við skulum nánast dæma stóran hóp fólks af vinnumarkaði vegna þeirra skerðinga sem verða á framlögum til þeirra. Við búum við betri heilsu m.a. vegna öflugs heilbrigðiskerfis og þar af leiðandi er vinnuævi okkar alltaf að lengjast. Þau miklu verðmæti sem liggja í vinnukrafti eldri borgara fara að miklu leyti forgörðum vegna þess kerfis sem við búum við. Þjóðin hefur ekki efni á að neyða þessa vinnusömu kynslóð til þess að leggja árar í bát áður en einstaklingnum sjálfum hentar. Vinnuframlag eldri borgara er vannýtt auðlind sem er ekki aðeins þjóðhagslega hagkvæmt að nýta, heldur einnig bráðnauðsynlegt.

Það er kominn tími til að farið verði að landsfundarsamþykktum Sjálfstæðiflokksins í þessum málaflokki. Tekjutenging milli grunnlífeyris verði afnumin, skerðingarhlutfall milli hjóna verði aflagt, frítekjumörk hækkuð, greiðslur til eftirlifandi maka verði virkar í allt að tólf mánuði.

Ljóst er að mikil uppbygging er nauðsynleg vegna þjónustu við aldraða, bæði með byggingu þjónustuíbúða, hjúkrunarheimila og dvalarheimila. Brýnt er að slíkri uppbyggingu verði hraðað, ekki síst fjölgun hjúkrunarrýma sem er mjög brýn. Aldraðir eiga fullan rétt á að nægt framboð sé á hjúkrunarrýmum og biðlistar eftir slíkri þjónustu eru okkur til skammar.

*Mér er óskiljanlegt af hverju forystumenn okkar sjálfstæðismanna hafa ekki gengið lengra í að bæta kjör og aðstæður þessa hóps.*

Við verðum að búa eldri borgurum þær aðstæður að þeir geti með góðu móti verið sinnar gæfu smiðir. Það er löngu tímabært að tekið verði til hendinni í þessum málaflokki og fráleitt að skerða greiðslur almannatrygginga til eldra fólks, vegna tekna sem það aflar sér með vinnu sinni. Við verðum að breyta þessu strax og ég heiti því að taka ærlega til hendinni á þessu sviði, fái ég aðstöðu til þess eftir prófkjör okkar sjálfstæðismanna þann 11. nóvember næstkomandi.

Sjálfstæðisflokkurinn á ekki að eingöngu að vera fjöldahreyfing sem sameinar stétt með stétt heldur einnig kynslóð með kynslóð.

*Höfundur sækist eftir 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.*







allt



## ALLT HITT

[ TÍSKA HEILSA HEIMILI ]



**Breska Vouge** fagnar 90 ára afmæli um þessar mundir. Nýja eintakið er stútfullt af eftirminnilegum tískuviðburðum síðustu aldar svo það er um að gera fyrir unnendur tískunnar að næla sér í eitt eintak.

**Varasalvi** og frunsukrem eru að verða nauðsynlegar vörur í kápuvasann þessa dagana. Prófið líka að nudda varirnar með þvottapoka eða handklæði eftir bað til að fjarlægja flagnaða húð.

**Ikea** afgreiðir nýjar eldhúsinnréttingar inn á heimili á höfuðborgarsvæðinu allt fram til 22. desember. Hægt er að skipuleggja eldhúsið á www.ikea.is með Ikea Home Planner og senda svo teikninguna á eldhus@ikea.is til að fá verðhugmynd eða aðstoð við hönnun.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 9. nóvember, 313. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.36 | 13.12 | 16.46 |
| Akureyri | 9.33 | 12.56 | 16.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími 550 5000
Auglýsingasími Allt 550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Guðbjörg lærði við handavinnukennaraskólann í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan í fyrra. MYND/BIRKIR

# Leggur mikið upp úr handverkinu

***Guðbjörg Reykjalín hannar og selur fatnað undir merkinu greykjalin. Nýlega opnaði hún, ásamt sex öðrum hönnuðum, skemmtilega verslun í miðborg Kaupmannahafnar.***

Verslunin Møgtøj lætur lítið fyrir sér fara þar sem hún kúrir í kjallara á Linnésgade 35 í Kaupmannahöfn. Þegar inn er komið opnast skemmtilegur heimur. Fallegar flíkur hanga á slám og ótal skemmtilegir hlutir gleðja augað. Við vegginn standa saumavélar í röðum og gefa til kynna að hér er ekki aðeins selt – hér er skapað.

Guðbjörg Reykjalín er að sníða buxur þegar blaðamann og ljósmyndara ber að garði. „Þetta er ekki bara búð heldur er þetta líka vinnustofan okkar," útskýrir hún og bætir því við að allt sem selt er í búðinni sé unnið á staðnum. „Við höfum viljandi ekki tekið inn vörur frá öðrum hönnuðum. Við viljum að búðin sýni það sem verður til hérna."

Guðbjörg er alin upp á Akureyri en hefur búið í Danmörku frá 12 ára aldri. Hún lærði við handavinnukennaraskólann í Kaupmannahöfn og útskrifaðist þaðan fyrir rúmu ári síðan. „Þetta er rosalega góður skóli því þarna er lögð jöfn áhersla á hönnunina og handverkið. Ég legg sjálf mikið upp úr handverkinu, það er ekki nóg að geta hannað fallega hluti heldur þarf maður líka að átta sig á hvernig á að gera þá," segir Guðbjörg.

*Áframhald á viðtalinu við Guðbjörgu er á síðu 2 þar sem einnig er hægt að skoða nokkrar af þeim flíkum sem hún hefur hannað.*

## Sannkallaður ævintýraheimur við Esjurætur

FAGURKERAR FLYKKJAST AÐ ENGLUM OG FÓLKI.

Jólin eru komin við Esjurætur þó þau láti ekki á sér kræla í mannabyggðum um nokkurt skeið enn.

Á bænum Vallá á Kjalarnesi er að finna frábæran jólamarkað sem er opinn frá 18 til 22 frá mánudegi til fimmtudags. Við hæfi er að hafa jólamarkað við Esjurætur enda eru jólasveinarnir, Grýla og Leppalúði án vafa komin á fullt í sínum jólaundirbúningi. Jólamarkaðurinn er hinn glæsilegasti. Þangað geta fagurkerar brunað eftir vinnu eða kvöldmat, enda um að gera að brjóta upp rútínuna og skella sér í hálftíma bíltúr út fyrir bæinn til að upplifa fegurð sem auðgar andann. Jólamarkaðurinn er haldinn í Englum og fólki, en svo kallast „ormurinn" á bak við Vallá. Eigandi og markaðsstýra er Hjördís Gissurardóttir sem löngu er orðin þekkt fyrir góðan og vandaðan smekk sinn og úrvalið á markaðnum er afar fjölbreytt. Þar er að finna meðal annars jólaskraut, borðbúnað, myndaramma, lampa, púða og margt, margt fleira á góðu verði. Nánar verður fjallað um jólamarkaðinn í Englum og fólki í sérblaði um hús og heimili á laugardaginn.



Í Undir Esjunni er jólaævintýrið engu líkt.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

# Vorönn 2007

**Innritun nýnema á vorönn 2007 stendur yfir.**

**Umsóknum um skólavist í dagskóla FB skal skila á skrifstofu skólans í síðasta lagi föstudaginn 10. nóvember nk. Skrifstofa skólans er opin frá kl. 9 – 15.**

Allar nánari upplýsingar á heimasíðu skólans, www.fb.is.

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti, Austurbergi 5, 111 Reykjavík
Sími 570 5600, fax 567 0389, vefpóstur fb@fb.is

**Tessa eikarhúsgögn á betra verði**



**Sjónvarpsskápur**
48x108x75 Kr. 49.000,-



**Sjónvarpsskápur**
48x158x58 Kr. 59.000,-



**Glerskápur**
48x108x150 Kr. 79.000,-
48x108x200 Kr. 99.000,-

Glerskápur ofan á skenk
154x110 Kr. 79.000,-



**Skenkur**
48x154x90 Kr. 79.000,-
48x200x90 Kr. 130.000,-



**Leðurstóll bicast**
Eikarfætur Kr. 15.900,-

Stækkanleg
um 48 cm. við sinnhvorn endann



**Borðstofuborð**
210x100x75 Kr. 99.000,-
200x90x75 Kr. 69.000,-
160x90x75 Kr. 59.000,-

Tessa vörurnar eru dönsk hönnun úr gegnheilli olíuborinni eik og afhendast samsettar.



**Sófaborð**
140x70x45 Kr. 39.000,-
110x65x43 Kr. 35.000,-
100x100x52 Kr. 39.000,-



**Lampaborð**
70x70x45 Kr. 29.000,-
55x55x43 Kr. 23.000,-

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is



**Háir sokkar** eru góðir fyrir veturinn. Þeir mega vera utan yfir sokkabuxunum, undir kjólnum og pilsunum.


Augnháralitur og augnbrúnalitur
Tana® Cosmetics

NÝTT!!
Plokkari með ljósi





SÖLUSTAÐIR: APÓTEK OG SNYRTIVÖRUVERSLANIR

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea




Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.



LEGGINGS
frá kr.: 990.-
gallerisautján
Laugavegi 91 s.512 1777 - Kringlunni s.512 1750


# Greykjalín í Kaupmannahöfn

***Áframhald á viðtali á forsíðunni við Guðbjörgu Reykjalín.***



Í hönnun sinni sækir Guðbjörg meðal annars innblástur í sirkus og það skrautlega líf sem þar er að finna. Fatnaðurinn er litríkur og fjörlegur. MYND/BIRKIR

Hönnuðirnir á bak við Møgtøj kynntust í skólanum og ákváðu að stofna saman verslun eftir útskrift. „Við erum sjö saman, Jóhanna Guðleif Jóhannesdóttir, fimm danskar stelpur og svo ég. Strax eftir útskrift fórum við að leita að húsnæði og duttum fljótlega niður á þetta,“ segir Guðbjörg og bætir því við að það sé heilmikil vinna að opna verslun. „Okkur hefur gengið vel og viðbrögðin hafa verið mjög góð en það tekur sinn tíma að koma sér á kortið. Það er líka alltaf erfitt að keppa við ódýru verslanirnar. Fólk kemur alveg hingað inn, lítur á merkimiðana og segir að þetta sé miklu dýrara en í H&M. Það er auðvitað satt en hérna ertu líka að fá allt annað fyrir peningana. Hver flík er aðeins til í örfáum eintökum og það er lögð mikil sál í hana.“



Fallegur jakki fyrir veturinn.

Guðbjörg segir að það sé alltaf gaman þegar fólk kemur við í búðinni og að sjálfsögðu hvetur hún Íslendinga sem leið eiga um Kaupmannahöfn til að kíkja inn. „Það er í rauninni styttra að koma til okkar heldur en að fara á Strikið því við erum svo miðsvæðis. Við erum hérna rétt við Nørreport lestarstöðina og það er tilvalið að byrja verslunarferðina hér.“

Nánir upplýsingar um verslunina og hönnun Guðbjargar má nálgast á heimasíðunni: www.moegtoej.dk.

*thorgunnur@frettabladid.is*



Skemmtilegar hnébuxur.

Það er ekki amalegt að ganga í nærbuxum með merkinu greykjalin á bossanum.




CELLULAR INTERVENTION

**Það er aldrei of seint...**

**la prairie kynnir tvær öflugar nýjungar sem vinna örugglega gegn öldrun húðarinnar**

**Velkomin á kynningu í dag fimmtud. og á morgun föstud. 10. nóv. kl. 13-17**

la prairie SWITZERLAND

Bjóðum 10% kynningar afslátt og kaupauka.

HYGEA snyrtivöruverslun
Smáralind • Sími 554 4396




# Slöngu- og strútsleður vinsæl vara

***Leðurvöruverslun frá Mulberry verður í fyrsta sinn opnuð í Bandaríkjunum.***

Leðurvörur frá Mulberry eru þegar seldar í verslunum víða um heim, en þetta er í fyrsta sinn sem sérstök Mulberry-verslun verður opnuð í Bandaríkjunum.

Fyrsta verslunin verður opnuð í West Village í New York, en skammt er þess að bíða að verslanir verði opnaðar í Los Angeles og Atlantic City.

Ákvörðun var tekin um að opna nýju verslanirnar vegna þeirrar gríðarlegu eftirsóknar sem hefur verið í vörur frá Mulberry að undanförnu. Njóta vörurnar óhemju mikilla vinsælda á Bretlandseyjum, þar sem þær hafa rokselst í verslunum Bergdorf og Barneys. Hlýtur það að teljast nokkurt fagnaðarefni fyrir eigendur keðjunnar, þar sem ekki er lengra síðan en árið 2000 að fyrirtækið var á barmi gjaldþrots.

Auk þess sem helstu leðurvörur Mulberry verða á boðstólum í nýju búðunum gefst viðskiptavinum það einstaka tækifæri að velja sjálfir liti og efni. Til gamans má geta þess að leður unnið úr kyrkislöngu- og strútsskinni hefur verið afar eftirsótt í Bretlandi. *- rve*



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Viktor og Rolf bjóða til brúðkaups

Hjá H & M er að verða hefð að bjóða upp á tískulínu í nóvember sem hönnuð er af frægum tískuhönnuðum og í dag kemur í búðir tískulína eftir unga hönnuði, Viktor og Rolf. Tímasetningin kemur kannski til vegna þess að nóvember er rólegur mánuður í verslunargeiranum. H & M lætur reyndar ekki að sér hæða í tískubransanum, opnaði fyrr á árinu fyrstu búðina í frönskumælandi Kanada og Kuwait. Í Frakklandi er áætlað að opna búð árið 2008 á Champs-Elysée-breiðgötunni, þeirri fallegustu í heimi að sögn Frakka.

Fyrir tveimur árum ætlaði allt um koll að keyra í búðum H & M víða um veröld þegar verslunarkeðjan sænska tók höndum saman við hönnuð Chanel, Karl Lagerfeld sem hannaði fatalínu sem svo sannarlega sló í gegn. Biðraðir mynduðust fyrir utan búðirnar og lá við slagsmálum innandyra. Í fyrra var það svo Paulsdóttir bítils, Stella McCartney, sem var fengin til liðs við H & M og það var eins og við manninn mælt, fyrsta sending seldist eins heitar lummur.

Þetta árið fer H & M aðeins aðra leið með því að velja hönnuðadúó, Hollendingana Viktor og Rolf. Þeir eru frá samnefndu tískuhúsi sem reyndar er meðal þeirra allra vinsælustu í tískuheiminum í dag. Þeir lýsa stefnumóti sínu við sænsku keðjuna eins og brúðkaupi. Brúðkaupi lúxuss og fjöldaframleiðslu sem svo endar auðvitað með skilnaði. Það var einmitt þess vegna sem tískulína þeirra fyrir H & M var kynnt í Los Angeles, í borg skyndibrúðkaupa og landi hjónaskilnaða.

H & M tekur að þessu sinni meiri áhættu en áður með vali sínu á hönnuðum þar sem Viktor og Rolf eru ekki eins þekktir meðal almennings og McCartney og Lagerfeld en um leið er valið áhugaverðara og frumlegra. Viktor og Rolf hafa hannað skemmtlega tískulínu bæði fyrir konur og karla. Þar er að finna allt sem nauðsynlega þarf í fataskápinn, „trench-coat“ sem kostar ekki nema 150 evrur (13.800 íslenskar), litla svarta kjólinn, tíglapeysur á herra og síðkjóla. Á tískusýningunni var brúðarkjóll sýndur í lokin og fyrirsætan fleygði brúðarvendinum til áhorfenda. Allt til þess að undirstrika þetta sérstæða brúðkaup milli H & M og Viktors og Rolf. Sviðið var eins og risastór brúðarterta og hönnuðurnir klæddir eins og stytturnar á tertunni með fyrirsætuna á milli sín. Þannig var snúið út úr hefðum eins og vani er á tískusýningum H & M.

Þegar ykkur berast þessar línur í hendur eru viðskiptavinir H & M að búa sig undir að berjast hver við annan til að ná sér í eins og eina flík frá Viktori og Rolf, sumir hafa jafnvel tekið sér frí úr vinnu fyrir hádegið til þess að missa ekki af neinu.

*bergthor.bjarnason@wanadoo.fr*



Rapparinn 50 Cent er allsendis óhræddur við að hafa keðjur um háls, stundum svo margar að grunur vaknar um að Mr. T sé ein fyrirmynda hans.

# Karlmannaskart komið til að vera

***Skartgripir fyrir karla hafa verið áberandi að undanförnu og virðast ætla að festa sig í sessi sem tískuvara.***

Skartgripir ætlaðir körlum hafa mælst misjafnlega fyrir um árin. Tónlistarmennirnir Jimi Hendrix og Jim Morrison voru ófeimnir við að bera skartgripi, svo sem hálsólar, á sjöunda áratugnum og í dag er algengt að sjá fótboltamenn eins og David Beckham og rappara á borð við Eminiem og 50 Cent með eyrnalokka og gullkeðjur.

Svo virðist sem karlmannaskartgripir séu ekki á undanhaldi, heldur þvert á móti bendir ýmislegt til að þetta tískufyrirbrigði sé að ná meiri útbreiðslu en nokkru sinni fyrr.

Tískuhönnuðurinn Thom Brown lýsti því til dæmis nýlega yfir að hann hygðist hanna ermahnappa, hringa og úr fyrir fyrirtækið Harry Winston. Á Parísartískusýningu í október síðastliðnum gaf Pharrell Williams síðan upp vísbendingar varðandi nýja skartgripalínu karla og sagði hana eiga lítið sameiginlegt með hiphop-tískunni sem öllu tröllríður.

Skartgripir ætlaðir körlum seljast eins og heitar lummur um þessar mundir. Starfsmenn tískuverslunarinnar Odin í New York hafa varla undan við að selja hálsfestar eftir hönnuðinn Tom Binn, svo dæmi sé tekið. Það skal því engan undra að tískuhönnuðir skuli elta skottið á þessu tísku. Allir vilja hamra járnið á meðan það er heitt.

*- rve*








allt matur

Alla föstudaga



**Pantaðu jólamyndatökuna tímanlega.**



**MYND**
Hafnarfirði s: 565 4207
www. ljosmynd.is

**Sock Shop**
breytir um nafn og
verður **Cobra**

Hlýjar
sokkabux
fyrir vet

cobra

Sokkabúðin Kringlunni
erum á 1. hæð við blómatorgið



**Frábært úrval af leður- og loðskinnsjökkum og kápum.**
Drangey
Smáralind, sími 528 8800, www.drangey.is

*Bjartir Nóvemberdagar*

*20% afsláttur*

Gudrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1. sími 561-5077

**allt matur**
Alla föstudaga




Monsoon
4.850 kr.

Zara
5.995 kr.

Zara 5.495 kr.

Hagkaup
2.999 kr.

# Yfirhafnir á yngri börnin

***Auðvelt ætti að vera að finna fallegar yfirhafnir á yngstu börnin fyrir veturinn því úrvalið er mikið.***

Í flestum verslunum sem selja barnaföt er mikið úrval af fallegum yfirhöfnum á litlu börnin. Litríkar barnaúlpur eru alltaf vinsælar en einnig er hægt að fá fínni yfirhafnir eins og kápur, pelsa, jakka og frakka á allt niður í eins til tveggja ára börn.

Þegar yfirhafnir eru keyptar á yngri börnin er samt alltaf mikilvægt að athuga að þær séu hlýjar og þægilegar því ekki er nóg að börnin séu sæt og krúttleg í flíkunum ef þær halda ekki á þeim hita. *- eö*



Zara
4.995 kr.

Hagkaup
2.999 kr.



Du pareil au meme
4.790 kr.

Du pareil au meme
4.290 kr.

Zara
4.995 kr.

Du pareil au meme
4.790 kr.

Hagkaup
3.999 kr.

Hagkaup
3.999 kr.

Monsoon
6.190 kr.

# Koss á milli karla vekur eftirtekt

***Ný ayglýsingaherferð frá Marc Jakobs vekur athygli fyrir opinskáa framsetnigu á ástarlífi tveggja karla***

Það hefur löngum mátt greina hommaerótíska undirtóna í auglýsingargerð, eins og þykir sannast í tilviki auglýsinga frá Malboro, þar sem svitinn drýpur af vöðvastæltum Malboro-manninum.

Í nýjum auglýsingum fyrirtækisins Marc Jacobs er hins vegar hvergi dregið undan þar sem tveir karlar sjást kyssast ástríðufullum kossi.

Ljósmyndarinn Juergen Teller tók myndirnar og vill með þeim sýna einlægt augnablik í lífi tveggja ástfanginna einstaklinga, sem leiknir eru af raunverulegu pari. Teller segir slíka nálgun óalgenga í iðnaði sem leggi ofuráherslu á staðalímyndir homma, yfirleitt með kynferðislegum skírskotunum.

Forseti Marc Jacobs, Robert Duffy, lét hafa eftir sér að auglýsingarnar væru liður í jákvæðri ímyndarsköpun fyrirtækisins og telur þær lýsa eðlilegu fjölskyldulífi.

Myndirnar hafa að vonum vakið töluverða athygli en þær hafa meðal annars birst í franska tímaritinu Purple. Hægt er að sjá þær inni á vefsíðunni www.purple.fr. *-rve*



Það færist sífellt í aukana að dregin sé upp opinská mynd af samlífi samkynhneigðra eins og sást í kvikmyndinni Brokeback Mountain (2005).

allt
ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga




THE SHOE STUDIO
Bertie
NINE WEST
PIED A TERRE



Ný sending!
25% afsláttur af öllum stígvélum 9.-12. nóvember
Shoestudio | Kringlunni | sími: 517 3190 | www.shoestudiogroup.com

Yfir 25 ára þjónusta

GELNEGLUR
HANDSNYRTING
FÓTSNYRTING
VAXMERÐFERÐIR
ANDLITSBÖÐ
LITUN OG PLOKKUN
HÚÐSLÍPUN
SÝRUMERÐFERÐIR
FÖRÐUN
TÁSUNEGLUR
GJAFABRÉF
salon ritz
Laugavegi 66
Símapantanir: 552 2460

25% afsláttur*

Sept. 2006
Nicorette Fruitmint
Nýtt bragð sem kemur á óvart
Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar.**
Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. **www.nicorette.is**
*Tilboðsverð 2006

Við erum 11 ára

20% afsláttur
6.-12. nóvember
Brjóstahaldarar
verð áður ~~3299,-~~ nú 2639.-
stærðir: 32A - 40F
Boxer
verð áður ~~1299.-~~ nú 1039.-
stærðir: 8 - 48
KNICKERBOX
Kringlunni s. 533 4555

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Kuldaboli er mættur

***Það er gaman að leika sér úti á veturna og sérstaklega þegar fer að snjóa. Kuldaboli er nú kominn í sína árlegu heimsókn og því kominn tími til að pakka sér inn í mjúka ull undir útigallann.***



Þægilegar svartar þunnar flísbuxur einar sér eða undir útigallann frá 66°N kr. 4.140

Dökkblár þunnur ullarbolur, góður í stíl við gammósíur frá Polarn O. pyret kr. 2.600

Góðar gamaldags ullarnærskyrtur frá Hagkaup sem alltaf standa fyrir sínu. kr. 599

Cintamani ullarbolur frábær í skólann í vetur kr. 3.490



Hlýjar útvíðar flísbuxur á flotta krakka frá 66°N kr. 4.140.



Þunn flíspeysa frá 66°N, þægileg undir útigallann, kr. 4.670,



Rauð peysa úr ullarfrotte frá Útilífi með rennilás í hálsmálinu, fæst í fleiri litum.

Gammósíur úr ullarfrotté frá Útilífi, tilvaldar í skautaferðina.



Ullargammósíur í matrósastíl frá Polarn O. Pyret kr. 2.800.



Þunnur rauður ullarbolur frá Polarn O. Pyret kr. 2.600.



Cintamani-ullargammósíur frá Útilífi kr. 3.490.



Röndóttur rúllukragabolur úr þunnri ull. Tilvalinn á skíðin í vetur frá Polarn O. Pyret kr. 2.800.



Gráar þunnar ullarundirbuxur frá 66°N kr. 3.260.



Frábærir varmasokkar frá Útilífi kr. 790.

Góðir ullarsokkar sem svíkja engan frá 66°N kr. 990.



Röndóttir varmasokkar frá Polarn O. Pyret kr. 1.300.

# Stussy lifir góðu lífi

***Þó að vinsældir Stussy hafi risið hæst á tíunda áratugnum er það klassískt fatamerki.***

Götutískan í Reykjavík í byrjun í tíunda áratugarins var vægast sagt mjög spes. Sumir myndu segja að hún hefði verið bara hræðileg, sumir segðu að hún hefði verið æðisleg og að hún muni snúa aftur ef það er ekki þegar búið að gerast. En það sem flestir muna eftir frá götutískunni frá þeim tíma er eitt „lítið“ fatamerki sem heitir Stussy.

Stussy-tískan hófst í kringum 1992 og brátt voru allir farnir að tapa sér við að kaupa Stussy boli og buxur. Þó bar mest á þessu hjá fólki sem stundaði dansleiki í flugskýlum og hjá hjólabrettafólki. Þú varst eiginlega ekkert án þess að eiga einn Stussy bol.



Stussy-táknið sem margir ættu að kannast við.

Á þeim tíma var lítil búð í Þingholtsstræti sem hét Undirgöngin sem seldi föt með Stussy-merkinu og eftir að sú búð lokaði tók X-tra búðin á Laugaveginum við og seldi Stussy varning í bílförmum. Seinna meir tók NTC-veldið við og byrjaði Smash-búðin að selja merkið sem það gerir enn þann dag í dag.



Flottar Stussy stuttbuxur. Góðar fyrir sumarið.

Sagan á bak við Stussy-merkið er svolítið skemmtileg. Aðalmaðurinn á bak við merkið er Sean Stussy sem árið 1980 var undir miklu áhrifum frá reggítónlist og hjólabrettum. Hann byrjaði að búa til boli og seldi þá til brimbrettamanna á Laguna Beach í Kaliforníu. Bolirnir seldust það vel að Sean opnaði búð í LA.

Stussy-veldið óx með árunum og loks var Sean búinn að opna útibú í London, New York og Japan. Maðurinn sem byrjaði á því að hanna boli fyrir brimbrettafólk var kominn með heila línu af skóm, pilsum, jökkum og skyrtum sem seldust í búðum um heim allan og farinn að græða vel á þessu öllu saman. Stussy var orðið eitt af virtustu og flottustu fatamerkjunum á götunni.



Sígildir Stussy bolir með hauskúpu.



Ábúðarmikill kjóll en varla brúðarkjóll.
NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Hvítir draumar

***Hvítt en ekki svo saklaust.***

Á tískusýningu fatahönnuðarins Fataima Lopes sem haldin var í Porto í Portúgal í lok október sveif hvítur andi yfir vötnum. Hvít sundföt, hvítir sloppar og ábúðarmiklir kjólar, sem voru þó alls ekki í brúðarkjólastíl. Rúsínan í pylsuendanum var síðan fjölbreytt og fallegt höfuðskraut, og að sjálfsögðu ljómandi bjart og hvítt.



Hún tæki sig vel út á ströndinni á Hawaii.



Hver segir að hvítt geti ekki verið kynþokkafullt?





Hlýir dagar í Tvö líf

Mið season útsala í Tvö líf 9-11. nóvember.

Verslunin býður 15% afslátt af öllum buxum úr haust- og vetrarlínunni.

20% afsláttur af völdum peysum og yfirhöfnum.

Nú er rétti tíminn að klæða bumbuna vel!

Nýtt kortatímabil

tvö líf

Holtasmári 1• sími 571 8500 • www.tvolif.is
Opið 11-18 alla virka daga og 11-16 á laugardögum


# Stuttir kjólar, kápur og töskur

***Burberry hefur verið eitt fremsta tískuhús Bretlands í rúmlega eina öld.***

Það eru ekki bara Karl Bretaprins og móðir hans, sem í gegnum tíðina hafa kunnað að meta Burberry. Í dag er þetta merki þekkt á alþjóðavísu og alls konar fólk elskar Burberry. Fyrir nokkrum árum tóku fótboltabullur upp á því að ganga með derhúfur með hinu alþekkta köflótta mynstri sem kemur frá Burberry og það varð til þess að tískuhúsið hætti að framleiða slíkar húfur til að fjarlægja sig frá því að tengja nafn sitt þeim leiða hópi. Ekki tók þá betra við þegar hinir svonefndu „chavs“ tóku merkið upp á sína arma, en „chavs“ er slanguryrði á Bretlandseyjum yfir fólk sem er einstaklega efnishyggjusinnað, gengur með gull og glingur og hlustar mikið á rapptónlist. Burberry gekk svo langt að kenna þessum þjóðfélagshópi um dræma sölu árið 2004, en síðan þá hefur Burberry verið með átak í gangi til að losna undan þeirri ímynd og ná aftur til síns gamla viðskiptavinahóps. Þetta hefur þeim tekist með góðum árangri því nú hafa gömlu viðskiptavinirnir snúið aftur til Burberry auk annarra sem kunna gott að meta. Og það er kannski ekki furða, því flíkurnar eru hver annarri fallegri. Myndirnar tala sínu máli.




Burberry London er nýjasti ilmurinn frá Burberry, en hann var settur á markað í tilefni af 150 ára afmæli Burberry. Ilmurinn er klassískur, hlýlegur og ákaflega dömulegur.








Stígvéladagar

25% afsláttur af öllum dömustígvélum dagana 9-11 nóvember.



Nýtt kortatímabil

Frábært úrval

EURO SKO

Firði Hafnarfirði • Sími 555-4420



FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

# Nýtt frá Kanebo

Nú er kominn á markað nýr farði frá Kanebo í Sensai Cellular Performance-línunni. Þær sem til þekkja vita að Kanebo hefur tekist sérlega vel upp með andlitsfarða og þessi nýja lína er engin undantekning frá þeirri reglu. Um er að ræða púðurfarða, fljótandi farða og krem sem á að bera á húðina áður en farðinn er settur yfir.

Total Finish-púðurfarðinn er með sérlega mjúkri og léttri áferð. Í honum eru rakagefandi og uppbyggjandi innihaldsefni sem afmá fínar línur og gefa húðinni fallegt yfirborð.

Cream Finish-farðinn er fljótandi og mjög auðveldur í notkun. Líkt og púðurfarðinn, hylur hann mjög vel en inniheldur líka efni sem sporna við öldrunareinkennum á húðinni.

Brightening Base-kremið á að bera á húðina áður en farði er settur á. Þessi grunnur er tilvalinn fyrir þroskaða húð þar sem hann veitir henni aukinn ljóma, jafnar litarháttinn og sléttir yfirborð húðarinnar í einni svipan.


Frábær þrenna frá Kanebo sem styrkir og nærir húðina og gefur henni fallega áferð.

# Wondercup fyrir karla

***Ástralskt fyrirtæki hefur hannað svokallaðar wondercup-nærbuxur fyrir karla sem láta innihaldið líta út fyrir að vera stærra en það í rauninni er.***

Nýju nærbuxurnar koma ekki með ísaumuðum púðum heldur lyfta einfaldlega og aðskilja karlmannsdjásnin svo þau virðast meiri að vexti.

Nærbuxnalínan var sett á markaðinn í Bandaríkjunum og Evrópu um mitt árið og vakti töluverða athygli.

Slagorð herferðarinnar hljómar í lauslegri þýðingu eitthvað á þá leið að nýja wondercup-tæknin sé notuð til að vekja eftirtekt og að nærbuxurnar muni láta viðkomandi aðila líða eins og hann sé töluvert betur vaxinn niður.

Wondercup-nærbuxurnar eru þegar fáanlegar í nokkrum af stærstu fataverslunum veraldar og dreift til yfir sjötíu landa í gegnum veraldarvefinn þannig að lítið mál ætti að verða sér úti um eintak.

*- rve*


G-strengir fyrir karla fengu ekki góðar undirtektir en svo virðist sem wondercup-nærbuxurnar séu á góðri leið með að slá í gegn.


Spáin er frekar óljós

Komdu og kíktu á úrvalið




66°Norður/nov06

ÚTSÖLUMARKAÐUR

66° NORÐUR

Faxafeni 12, Reykjavík • Glerárgötu 32, Akureyri. Opið 9-18 virka daga og 10-16 laugardaga. www.66north.is



JAKKAFATADAGAR



| Jakkaföt | Skyrtur | Bindi |
|---|---|---|
| frá kr. 12.990 | frá kr. 3.990 | frá kr. 2.990 |

Nýtt kortatímabil

retro

Smáralind s.512 1744



Við erum 10 ára



AFMÆLISTILBOÐ

**50% afsláttur** af öllum HUGO BOSS umgjörðum og sólgleraugum.

**50% afsláttur** af öllum BARNA- OG UNGLINGA umgjörðum.

FULL BÚÐ AF NÝJUM UMGJÖRÐUM

ÉG C

GLERAUGNAVERSLUN

Hamraborg 10
200 Kópavogi
sími 5543200

Smáratorgi 1
201 Kópavogi
sími 5643200

**Jólaskrautið** verður tekið upp úr kössunum innan skamms. Sniðugt er að setja nokkra af daglegu skrautmununum í jólaskrautskassann og geyma yfir hátíðarnar. Þá verður meira pláss fyrir jólaskrautið.
















Holusteinar, skúlptúrar eftir Höllu Ásgeirsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Keramikkrukka með loki eftir Áslaugu Höskuldsdóttur.

# Með sterk tengsl við listina

***Þegar gjöf vantar handa góðum vini eða einhvern valinn hlut til að prýða heimilið er upplagt að koma við í Safnbúð Listasafns Íslands við Fríkirkjuveg.***

Skúlptúrar, trémunir, skart og glervörur er meðal þess sem er á boðstólum í Safnbúð Listasafnsins. Þar er úrval íslenskra listmuna ásamt listrænni erlendri gjafavöru sem komin er úr stórsöfnum erlendis, meðal annars söfnunum Metropolitan og Modern Art í New York sem merkja sínar vörur með MET og MoMA. Munirnir kosta allt frá 2 þúsund upp í 100 þúsund.

Verslunarstjórinn Margrét Sveinbergsdóttir kveðst reyna að tengja vörurnar við sýningar í safninu eftir því sem kostur sé.

Þótt Safnbúðin sé aðeins fjögurra ára þá kemur í ljós þegar farið er að spjalla við Margréti að hún hefur lengri reynslu í rekstri slíkrar verslunar. „Ég bjó lengi í Kanada og var verslunarstjóri í safnbúð þar þannig að ég kynntist safnbúðageiranum og kom með þessi tengsl með mér,“ segir hún brosandi og útskýrir að erlendu vörurnar séu sérhannaðar fyrir söfn. „Hlutirnir þurfa að hafa hönnunargildi og einhver tengsl við listina,“ segir hún að lokum.

*- gg*



Stórt ullarsjal frá MET. Kostar 5.900.



Stór keramikskál eftir Áslaugu Höskuldsdóttur.



Regnhlíf og taska í stíl frá MET. Regnhlífin kostar 2.900 og taskan 4.500 kr.



Volgur Sigrúnar Einarsdóttur í Bergvík.

Teinaskál fyrir ávexti eða annað. Kemur frá MoMA.



Klukka frá MoMa með sígildri hönnun. Segull innan við skífuna dregur kúlu sem kemur í stað litla vísis. Kostar 5.900.



Dagatal frá MET. Annar pinninn fyrir mánuðina og hinn fyrir dagana. Flott á borði.



Frá MET eru eftirlíkingar af sögulegum skóm sem flestir voru framleiddir hjá Dior. Ca. 6 cm langir. Skemmtilegt jólaskraut.

Ástarsæti



Skemmtilegt sófaborð

# Hjólastólar og borð

***Húsgögn úr reiðhjólum, lestum og bílum.***

Á vefsíðunni http://bikefurniture.com má finna ansi skemmtilega húsgagnahönnun. Borð og stólar búin til úr endurunnum reiðhjólum. Útkoman er bæði nýstárleg og áferðarfalleg þó að því sé erfitt að trúa. Hringlaga mynstrin gefa húsgögnunum sérstakan svip.

Upphafsmaður Bike furniture design er Andy Gregg sem hefur fínpússað tæknina við að búa til húsgögn úr hjólum í ein sextán ár. Stólarnir þykja bæði þægilegir og endingargóðir enda búnir til úr efni sem ætlað er að þola mikið álag.

Fyrst hannaði Andy einn stól en síðan þá hefur hann útvíkkað hugmyndafræðina og hannar borð, barstóla og aukahluti eins og spegla og fatahengi, bæði úr hjólahlutum og efnum úr öðrum farartækjum. Til dæmis hefur hann notað glugga úr bílum og lestum sem borðplötur og hefur bólstrað stóla úr bílbeltum.

Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Marpuetta í Michigan við bakka Superior vatns í Bandaríkjunum en svæðið er þekkt fjallahjóla- og skíðasvæði.



Furðulegt fatahengi.



Sófaborð í sérflokki.



Stál og gler er merki mitt.



Bogadreginn barstóll.



Í þessum stól er gott að hvíla lúin bein eftir erfiðan hjólatúr.



Barstóll með sjarma.











## Í GARÐINUM HEIMA

HAFSTEINN HAFLIÐASON SKRIFAR UM ALLAN GRÓÐUR HEIMILANNA

# Feðradagurinn – nýr tyllidagur á Íslandi

Mikil tíðindi voru það nú í byrjun sumars að íslenska ríkisstjórnin skyldi koma til móts við óskir íslenskra, ábyrgra feðra um að fastsetja sérstakan feðradag á Íslandi. Daginn skal eftirleiðis bera upp á annan sunnudag í nóvember ár hvert og vera kyrfilega merktur í opinber almanök. Þessi ákvörðun er í takti við nágrannaþjóðir okkar, Norðmenn, Svía og Finna sem einnig halda upp á feðradaginn þennan dag. Danir eru samt á öðrum báti með feðradaginn og tengja hann uppstigningardegi. En feðradagurinn hefur fyrir löngu öðlast hefð og opinbera viðurkenningu á hinum Norðurlöndunum og verið haldinn þar árlega síðan á öndverðum fjórða áratug síðustu aldar. Feðradagurinn þekkist reyndar víða um lönd, óháð trúarbrögðum, þótt ekki beri hann alls staðar upp á sama dag. Hvarvetna er hann í jafn miklum hávegum hafður og mæðradagurinn (sem reyndar er alltaf annar sunnudagur í maí í flestum löndum). Og líkt og gerst hefur með mæðradaginn, hefur sá siður komist á, að á feðradeginum heiðra börn feður sína með litlum gjöfum, þakkarorðum og heillaóskum.



### Hvers vegna feðradagur?

Uppruna feðradagsins má rekja til Bandaríkja Norður Ameríku. Þar hófst hann árið 1910 með því að kona nokkur, Sonora Louise Smart, síðar Dodds, fædd 18. febrúar 1882 í bænum Jenny Lind í ríkinu Arkansas, lagði til að þessi dagur yrði haldinn hátíðlegur. Tilefnið var að ung að árum missti hún móður sína. Móðirin dó af barnsförum er hún fæddi sjötta barnið. Faðirinn, William Jackson Smart, var bóndi sem barist hafði í bandaríska borgarastríðinu 1861-1865, þáði enga hjálp en ól einn og sjálfur upp börnin sex af alúðlegri lipurð, jafnframt því að sinna erfiðum bústörfunum, og kom þeim öllum til manns. Svo var það að Sonora, sem þá bjó í bænum Spokane í Washington-ríki, sat í messu á mæðradaginn vorið 1909. Minnug föður síns og ástúðlegs framlags hans við uppeldi barna sinna, laust þeirri hugmynd í höfuð henni, að það væri ekki síður viðeigandi að þakka feðrum fyrir elskulegt og umhyggjusamt uppeldisstarf þeirra. Hún tók til sinna ráða og skipulagði hreyfingu sem hélt upp á fyrsta feðradaginn ári síðar. Dagurinn sem hún valdi var fæðingardagur föður hennar, 19. júní. Tiltæki Sonoru mæltist svo vel fyrir að fyrr en varði var farið að halda upp á feðradaginn á þessum degi vítt um öll Bandaríkin. Og í fjölskyldu Woodrows Wilson Bandaríkjaforseta sló feðradagurinn í gegn strax árið 1916 og 1924 stakk annar Bandaríkjaforseti, Calvin Coolidge, upp á því að þessi dagur ætti að vera einn af þjóðartyllidögunum. Svo var það 1966 að Lyndon B. Johnson lagði til að feðradaginn í Bandaríkjunum skyldi eftirleiðis bera upp á þriðja sunnudag í júní. Það fyrirkomulag var svo opinberlega staðfest 1972 með undirskrift Richards Nixon og þess getið að feðradagurinn ætti þaðan í frá og um aldur og ævi fast sæti sem „national holiday“ í öllum ríkjum Bandaríkjanna.

### Feðradagurinn á okkar slóðum

Eins og ég sagði í upphafi hefur feðradagurinn fest sig í sessi hjá nágrannaþjóðum okkar og hefur verið merktur inn á almanök þar síðan um 1950. En rökin fyrir því að hér – og þar – er hann hafður í nóvember eru þau að menn vildu ekki hafa hann of nálægt mæðradeginum. Kannski var það fyrst og fremst af hagkvæmnisástæðum, vegna þess að þar tíðkast almennt að börn safni og leggi fyrir aura til að kaupa blóm og smágjafir handa foreldrunum; mömmu á mæðradaginn og pabba á feðradaginn. Og þá kemur það þeim betur að látnir séu líða nokkrir mánuðir milli þessara tyllidaga. Ekki þurfa gjafirnar þó að vera dýrar, lítil mynd, bók eða gagnlegur smáhlutur, t.d. hálsbindi eða sokkapar, er algengast á feðradaginn. En alltaf fylgja nokkur blóm með og fallega orðað kort.

Upphafskonan ameríska, hún frú Sonora L. S. Dodd, hafði allt þetta á hreinu og setti fram nokkrar tillögur sem enn eru í gildi, þótt tíðarandi og lifnaðarhættir séu nú með öðru móti en var á hennar tíð. Draumur hennar var að allir pabbar fengju rauðar rósir – en látinna feðra skyldi minnst með hvítri rós sem sett væri við mynd af þeim heimavið eða á legsteininn, væri það hægt. En önnur blóm gátu líka allt eins vel komið til greina væru rósir ekki tiltækar.

### Meðferð afskorinna blóma

Og til þess að allir pabbar geti nú sinnt sómasamlega um blómin sem þeim munu berast frá afkomendunum núna á sunnudaginn, 12. nóvember, þá eru hér nokkur góð ráð:

■ Ef blómin koma í búnti þarf að skáskera alla stilkenda með beittum hníf til að opna vatnsæðarnar vel. Ekki klippa með skærum, þau kremja og loka fyrir. Styttið greinarnar ef með þarf til að þær passi í blómavasann. Þetta þarf ekki að gera við uppbundna blómvendi, veljið þá heldur vasa sem passar við vöndinn.

■ Fjarlægið öll laufblöð sem fyrirséð er að lendi ofan í vatninu. Það dregur úr hættunni á að vatnið fúlni. Notið hreina blómavasa.

■ Notið blómanæringuna sem oftast fylgir með vendinum. Pakkinn dugar í lítra af vatni. Best er að leysa næringuna upp í könnu og geyma það sem eftir verður þegar búið er að fylla vasann hæfilega. Þessu vatni er svo bætt á síðar eftir þörfum, meðan það endist. Almenna reglan er að hafa stofuhita á vatninu. Ef blómanæring er ekki notuð, þarf að skipta um vatn daglega.

■ Blómin endast lengur séu þau látin standa á fremur svölum stað á næturnar. Líka þarf að sjá til þess að sterkt sólskin skíni ekki á vöndinn og hafið hann ekki nálægt ávöxtum. Ávextir gefa frá sér eþýlengas sem flýtir fyrir öldrun blóma.

# Dyramottur

***Í versluninni Unika í Fákafeni fást meðal annars alls konar dyramottur.***

Á haustin og veturna er gott að eiga góða dyramottu svo snjór og óhreinindi berist ekki inn í stofu. Í Unika má fá margs konar mottur sem henta jafnt innan dyra sem utan. Hægt er að velja um mottur úr gúmmíi, járni og kókos, allt eftir því hvað hver og einn vill á sitt heimili. - eö












Góðar dyramottur koma sér vel á hverju heimili. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**10 -30% afsláttur**
af völdum vörum
fimmtudag og föstudag
VERIÐ
Glæsibæ, s. 552 0978
www.damask.is



ALLT TIL INNPÖKKUNAR
Eingöngu sala til fyrirtækja
Opið 08.00-16.00
GRÆNN MARKAÐUR
www.flora.is info@flora.is
Réttarhálsi 2 110 Rvk
Sími: 535-8500



SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum.Einning sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett.Við eigum líka fægilög,fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
SENDUM Í PÓSTKRÖFU.
Gullkistan - Frakkastíg 10 - Sími: 551-3160.

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
· Topphlaðin
· 11 kg af þurrum þvotti.
· Vindur vel.
· Fljót að þvo.
· Sparneytin.
· Tekur heitt og kalt vatn.
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



## RATLEIKIR Í KAUPMANNAHÖFN
*Nýjung fyrir Íslendinga* SJÁ BLS. 4



## MEIRI STARFSÁNÆGJA
*Áhersla á samveru starfsmanna Olís*
SJÁ BLS. 13

[ SÉRBLAÐ UM RÁÐSTEFNUR OG HVATAFERÐIR – FIMMTUDAGUR 9. NÓVEMBER 2006 ]

# hópefli og fundir



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

## EFNISYFIRLIT

RÓLAÐ Í HÁLOFTUNUM
*Adrenalíngarðurinn* BLS. 2



GERA FERÐALANGINN MERKILEGAN
*Erlendir hvataferðagestir* BLS. 6

STÆKKANDI MARKAÐUR Á RÁÐSTEFNUHALDI
*Íslandsmót* BLS. 6



ALLTAF FJÖR Í EYJUM
*Skemmtilegar hvataferðir* BLS. 8

ÆVINTÝRI Á ÚLFLJÓTSVATNI
*Klifur og fjör* BLS. 12

Er veisla í vændum



Við bjóðum upp á góða aðstöðu fyrir hópa og samkomur í sérsölum okkar - gott umhverfi fyrir allar stóru stundirnar.

Starfsfólk okkar mun sjá til þess að þið eigið ógleymanlega veislu í vændum og hreinlega stjana við ykkur í mat og drykk!

RAIN
Hafnargata 19
Reykjanesbæ
Sími 421 4601
www.rain.is
rain@rain.is

Árshátíðir • Brúðkaup • Afmæli • Fermingar • Erfidrykkjur • Skírnarveislur • Móttökur
Útskriftarveislur • Þorraveislur • Jólahlaðborð • Jólaböll • Starfsmannaskemmtanir • Fundir • Námskeið

# Vinnustaðaleikir

Skemmtilegir leikir meðal vinnufélaga geta skapað vinalega stemningu og hjálpað nýliðum að komast inn í vinnuhópinn.

### Vinaleikurinn

Allir draga nafn eins vinnufélaga úr hatti og sá samstarfsaðili er leynivinur í einn til tvo daga. Leynivinurinn er svo gladdur með fallegum skilaboðum, gjöfum eða léttum hrekkjum.

### Spurningaleikur

Spurt er spurninga eins og „hver var síðastur til að skila inn mánaðarskýrslu í október?“ eða „hvaða vinnufélagar kysstust á haustfagnaðinum?“ og „hvaða vinnufélagi drekkur tvo lítra af gosi dag hvern?“ Skipt er í lið og einn úr hvoru liði hleypur telji hann sig hafa svarið.

### Veðmálspottar

Veðjað er um ákveðinn atburð, Eurovision, heimsmeistarakeppnir, kosningar eða aðra atburði. Þátttakan kostar nokkur hundruð krónur og upphæðinni er deilt niður á þá sem veðjuðu réttast.

Einnig má hafa rauðvínspott eða nammipott þar sem allir leggja í púkk og heppinn félagi er dreginn út.

### Limrukeppni

Efnið til vísnakeppni meðal samstarfsfélaganna þar sem yrkisefnið er sjálfur vinnustaðurinn.

### Ratleikur

Skemmtilegir á stórum vinnustöðum. Þá er markmið leiksins að finna skrifstofu starfsmannastjóra eða skrifstofubirgðastöðina eftir vísbendingum.



NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

# Aðsókn í ráðstefnuhald víða á Austurlandi

Hótel Hérað á Egilsstöðum býður upp á fyrsta flokks aðstöðu til fundahalds auk gistingar í fallegu umhverfi Austurlands.

Á Hótel Héraði á Egilsstöðum er góð aðstaða til ráðstefnu- og fundahalds. Þar eru fjögur fundaherbergi sem rúma allt að 120 manns í sæti. Í herbergjunum er til staðar allur tæknibúnaður sem nauðsynlegur er til ráðstefnuhalds, skjávarpar, risaskjáir og gott hljóðkerfi.

„Við fáum bæði innlenda og erlenda gesti. Mikil aukning hefur verið á ráðstefnuhaldi undanfarin ár vegna þeirra umsvifa sem eru hér á Austurlandi og vegna umsvifanna var hótelið stækkað og útbúinn mjög góður 120 manna ráðstefnusalur,“ segir Auður Anna Ingólfsdóttir hótelstjóri.

Á Hótel Héraði eru nú 60 herbergi en það var stækkað vegna aukinnar aðsóknar. „Það eru ekki margir staðir utan höfuðborgarsvæðisins sem geta boðið upp á svo mikið og gott gistirými og jafn góða aðstöðu til fundahalds og hér er að finna. Það er styttra austur á land en margir halda, því til dæmis frá Reykjavík tekur einungis um klukkutíma að fara til Egilsstaða með flugi,” segir Auður.





Í garðinum er fyllsta öryggis gætt.

# Rólað í fjórtán metra hæð

Í Adrenalíngarðinum fær hjartað að hamast og adrenalínið að flæða.

Á Nesjavallasvæðinu er að finna garð sem er fyrirtaks áningastaður í hvataferðum. Adrenalíngarðurinn tekur við hópum allan ársins hring og setur upp dagskrá sem ætti að geta hentað flestum hópum. „Ferðirnar sem við sjáum um eru mjög misjafnar og ná langt úr fyrir garðinn sjálfan,“ segir Óskar Helgi Guðjónsson. „Við förum til dæmis í ratleiki á Þingvöllum kringum Almannagjá. Fólki er skipt í hópa, það fær kort af svæðinu og leitar svo uppi gátur og þrautir sem hver gefur eitt orð í heildarlausn ratleiksins.“

Adrenalíngarðurinn býður einnig upp á hellaskoðunarferðir í Gjábakkahelli og bendir Óskar á að þær séu einkar hentugar því þær séu óháðar veðri. „Við ábyrgjumst gott veður í hellaferðunum fram til ársins 2750,“ segir Óskar og hlær.



Það er ekki fyrir hvern sem er að láta sig falla. Þeim sem það þora finnst það hins vegar vel þess virði.

Ómissandi partur af hvataferðum Adrenalíngarðsins er auðvitað garðurinn sjálfur. Hann skiptist í tvo hluta, adrenalínsveifluna og háloftabrautina. Adrenalínsveiflan er risaróla þar sem þátttakandi er hífður upp í 14 metra hæð af félögum sínum og svo kippir hann í spotta og sveiflast niður. Staurarnir sem mynda risaróluna eru 14 metra háir og því má líkja sveiflunni við að stökkva fram af þriggja hæða blokk. Til adrenalínsveiflunnar telst einnig önnur þraut, en hún felst í því að klifra upp háan staur og ná svo jafnvægi uppi á honum. Auðvitað eru þátttakendur kirfilega tryggðir í línu en það gerir þeim kleyft að stökkva óhræddir niður af staurnum í lok klifursins.

Háloftabrautin er röð tíu metra hárra staura en á milli þeirra er búið að strengja ýmsar þrautir. Til að komast í gegnum þessar þrautir þurfa tveir og tveir að vinna saman og er brautin því tilvalin til hópeflis.

Garðinn, ratleikinn og hellaskoðunina er hægt að taka hvert í sínu lagi eða blanda saman í skemmtilega dagskrá og alltaf má bæta við smá kletta- eða ísklifri. Þá geta starfsmenn garðsins einnig séð um mat hvort sem hann er fenginn á svæðið eða hópunum skellt upp í rútu og á næsta góða veitingastað. Hótel Nesbúð er í um 200 metra fjarlægð frá svæðinu og þar er að sjálfsögðu hægt að fá gott að borða og hlýtt rúm sé þess óskað.

Nýlega var sett upp flóðlýsing í garðinum og bætt við kuldagöllum svo íslenskt veðurfar er engin afsökun fyrir því að þora ekki í garðinn að mati Óskars. *- tg*



Adrenalíngarðurinn er á Nesjavöllum.

# Jólahlaðborð

## Í góðra vina hópi

**JÓLAHLAÐBORÐIÐ**

Við bjóðum þér að fagurlega skreyttu **hlaðborði með ilmandi jólakrásum,** hefðbundnum sem nýstárlegum, listilega matreiddum af **Guðmundi Viðarssyni** yfirmatreiðslumeistara Gullhamra.

**STEMNINGIN**

**Kristján Guðmundsson** situr við flygilinn og laðar fram ljúfa tóna í **borðhaldinu** sem stendur frá kl. 19 til 22. **Egill Ólafsson** stígur þá á svið og skemmtir gestum við undirleik **Jónasar Þóris.**

**DANSINN**

Síðan tekur **hljómsveit hússins** við og sér um jólastemninguna og fjörið til klukkan 1 eftir miðnætti. Gestasöngvari með hljómsveitinni að þessu sinni er **Björgvin Halldórsson.**

**FYRIRTÆKJA- EÐA KUNNINGJAHÓPAR**

Pantið borð tímanlega í **síma 517 9090** eða með netpósti **gullhamrar@gullhamrar.is** og njótið nálægðar jólanna í glæsilegum salarkynnum. Verð **6.800 kr.** á mann.



*Egill Ólafsson*



*Björgvin Halldórsson*

- **Föstudagur 17. nóvember** - UPPSELT
- **Laugardagur 18. nóvember** - UPPSELT
- **Föstudagur 24. nóvember** - LAUS BORÐ
- **Laugardagur 25. nóvember** - LAUS BORÐ
- **Föstudagur 1. desember** - LAUS BORÐ
- **Laugardagur 2. desember** - ÖRFÁ LAUS BORÐ
- **Föstudagur 8. desember** - UPPSELT
- **Laugardagur 9. desember** - UPPSELT
- **Föstudagur 15. desember** - UPPSELT

**Gullhamrar**

Veitingahúsið Þjóðhildarstíg 2 ehf
113 Reykjavík · Sími 517 9090
gullhamrar@gullhamrar.is · www.gullhamrar.is

Vel að merkja 1106

Keppendur þurfa að beita hyggjuvitinu og töluvert reynir á samstöðu hópsins. MYND/TEAM EVENT



# Ratleikir fyrir Íslendinga í Kaupmannahöfn

Team Event býður upp á þjónustu fyrir fyrirtæki og hópa á leið til Kaupmannahafnar.

„Íslenskir hópar sækja í síauknum mæli til Kaupmannahafnar, ýmist í vinnuerindum eða til að halda árshátíðir og við vildum bjóða þeim upp á aukna möguleika á sviði afþreyingar,“ segir Sverrir Örn Þórðarson, sem stendur á bak við Team Event ásamt Braga Jónssyni.

Að sögn Sverris býður Team Event annars vegar upp á gönguferðir um Kaupmannahöfn, þar sem farið sé á markverðustu staði borgarinnar, en ekki endilega Íslendingaslóðir, og hins vegar tvær gerðir ratleikja. „Annar leikurinn er sögulegur ratleikur, sambland af skemmtun og fróðleik, sem hentar fólki á öllum aldri,“ útskýrir Sverrir. „Hinn leikurinn dregur dám af sjónvarpsþáttunum „Amazing Race“, þar sem meira er lagt upp úr hamagangi og látum.“

Sverrir segir að jafnframt megi líta á ratleikina sem hópeflisleiki, þar sem þeir séu tilvaldir til að hrista upp í hópum, efla liðsandann og ná upp góðri stemningu. „Um leið kynnist fólk Kaupmannahöfn á skemmtilegan hátt,“ heldur hann áfram. „Leikirnir eru því góð upphitun fyrir kvöldið í vændum.“

Hugmyndin að Team Event kviknaði árið 2005 í kjölfarið á fjölda fyrirspurna sem Sverri og Braga bárust frá vinum og vandamönnum á Íslandi, sem vildu vita hvað væri hægt að gera sér til dægrastyttingar í Kaupmannahöfn.

„Algengt er að fólk viti ekki hvernig það eigi að verja tímanum hérna í Kaupmannahöfn, haldi sig bara við Strikið og sjái þar af leiðandi lítið af borginni, jafnvel þótt það hafi margoft komið hingað,“ segir Sverrir. „Við vildum fjölga afþreyingarmöguleikum fólks með samblandi af frábærri skemmtun og fróðleik og aðstoða það við að brjótast úr viðjum vanans. Þetta fór vel af stað og nú höfum við ekki undan við að anna eftirspurn.“

Þeir sem vilja fræðast betur um Team Event er bent á heimasíðuna www.teamevent.org, en þar eru nánari upplýsingar um þá leiki sem eru í boði, ásamt símanúmerum og netföngum. Mælt er með því að menn panti sér ferð með fyrirvara vegna mikillar aðsóknar.

*roald@frettabladid.is*



Sverrir og Bragi fengu hugmyndina að ratleikjunum eftir fjölda fyrirspurna frá vinum og vandamönnum. MYND/TEAM EVENT



Í ratleikjunum er farið á markverðustu staði Kaupmannahafnar, þannig að keppendur fá í leiðinni sinn skammt af sögulegum fróðleik. MYND/TEAM EVENT



Töluvert er lagt upp úr hamagangi og látum í ratleik sem byggir á sjónvarpsþáttunum Amazing Race. MYND/TEAM EVENT





Við Garðskagavita í Garði

Notalegur staður • Frábært útsýni

Kaffitería og matsölustaður. Einnig tilvalinn staður fyrir brúðkaup, óvissuferðir, fundi og aðra mannfagnaði.

Opnunartími virka daga 13-20 og um helgar 13-22. Pantanir í símum 691-1615 og 422-7214.

Tökum vel á móti öllum með bros á vör.


## Vinnustaðahrekkir

Góður vinnustaðahrekkur getur vakið mikla kátínu og fengið þreytta vinnumaura til að brosa. Passið bara að ganga ekki of langt í hrekknum.

Settu plastfilmu yfir kaffibollann hjá vinnufélaganum. Þegar hann svo fer til að fylla á úr kaffivélinni þá sullast kaffið út um allt.

Steldu kúlunni úr tölvumúsinni sem stjórnar því hvert bendillinn fer.

Hafðu fyrir því að fela skrifborð viðkomandi í fundarherberginu eða annars staðar. Leggðu svo tölvuna og aðra muni sem voru á borðinu á gólfið og raðaðu upp á sama hátt.

Einhver er að fara í leyfi eða er að hætta. Dembið ógrynni af verkefnum á viðkomandi síðasta daginn hans og fáið jafnvel viðskiptavini utan úr bæ til að taka þátt í leiknum. Um það leyti sem vinnufélaginn er að fríka út undan álaginu þá er grínið útskýrt.



Finnið leið til að loka fyrir aðgengi að bílastæðinu milli níu og korter yfir níu. Takið svo fullt af myndum til að sýna á árshátíðinni.




Fíton/SÍA

## VIÐ GERUM ÞIG AÐ GÓÐUM GESTGJAFA

Iceland Travel hefur víðtæka reynslu af skipulagningu á öllu því sem viðkemur ráðstefnu-, sýninga- og fundahaldi. Láttu það vera okkar verkefni að sjá um skipulagið, hvort sem þú átt von á 10 gestum eða 1000. Við bókum fundarstað og gistingu, höfum yfir nægu starfsfólki að ráða, skipuleggjum skoðunarferðir og pöntum veitingar. **Við hlökkum til að starfa með þér.**

Iceland Travel
RÁÐSTEFNUR

Iceland Travel | Lágmúli 4 | 108 Reykjavík | Sími 585 4300 | Fax 585 4390 | www.icelandtravel.is | conferences@icelandtravel.is

# Fyrir þá sem þora

Óvissuferðir sérhæfa sig í skipulagningu hvata- og skemmtiferða fyrir hópa.

„Fyrir þá sem þora“ er slagorð Óvissuferða en fyrirtækið býður upp á að skipuleggja ferðir frá upphafi til enda, allt eftir óskum viðskiptavina. „Við skipuleggjum eiginlega allar gerðir óvissu- og hópferða. Þetta eru árshátíðarferðir, hópeflisferðir og ferðir sem bara eru farnar til að skemmta fólki,“ segir Hilmar. „Það eru fyrirtæki og starfsmannafélög sem leita mikið til okkar en svo eru auðvitað vinahópar þarna líka. Það er allur gangur á þessu.“

Hilmar segir að venjan sé að þeir séu beðnir um að skipuleggja ferðir innan ákveðins ramma. Viðskiptavinir hafi ákveðnar hugmyndir um lengd ferða, kostnaðinn, og stundum sé beðið um að ákveðnir staðir eða athafnir séu partur af ferðinni. „Þá verðum við auðvitað við því,“ segir Hilmar. „Kannski vill fólk enda á ákveðnum stað og borða og þá skipuleggjum við daginn í kringum það og beinum ferðinni þangað.“

Þegar Hilmar er beðinn um að segja frá dæmigerðri óvissuferð fyrir fyrirtækjahóp er hann ekki lengi að vippa fram frambærilegri dagskrá. „Farið er af stað klukkan hálf eitt og byrjað er á því að fara í stúdíó til Magga Kjartans þar sem tekið er upp jólalag fyrirtækisins. Síðan er haldið upp í Hvalfjörð og þar tekur Arnheiður Hjörleifsdóttir á móti hópnum í Botnsdal. Hún leiðir fólk í gegnum sögu svæðisins, segir skemmtilegar sögur úr dalnum og svo er farið á Bjartseyjarsand í berjabrugg og hráan hval. Því næst liggur leiðin til Þingvalla og um Lyngdalsheiði til Laugarvatns og þar tekur við tveggja tíma leikjaprógramm sem íþróttamiðstöðin á svæðinu sér um. Svo endar allur hópurinn í Humarhúsinu á Stokkseyri í góðum humar.“

*- tg*



Það má gera ráð fyrir lífi og fjöri í ferð með Óvissuferðum.



Það getur varla verið amalegt fyrir erlenda ferðamenn að koma hingað til lands og fá að ferðast í þyrlu og jeppa um íslenska náttúru.

# Gera ferðalanginn merkilegan

Iceland Travel er eitt stærsta og virtasta fyrirtæki landsins í skipulagningu á hópferðum. Erlendum hvataferðagestum fjölgar stöðugt og mörg sóknartækifæri eru enn ónýtt þótt ferðaskrifstofur verði að passa sig á að fara ekki of geyst að sögn Þórarins Þór, sölu- og markaðsstjóra Iceland Travel.

Iceland Travel hefur verið starfandi í rúm 30 ár og stækkað jafnt og þétt. Í fyrra þjónustaði fyrirtækið um 35 þúsund erlenda ferðamenn hérlendis en hvað er það vinsælasta meðal erlendra hvataferðagesta? „Það sem við útbúum oftast handa þeim eru fínni ævintýrapakkar. Til dæmis jeppaferðir, þá helst upp á jökul, eða sleðaferðir og við bjóðum jafnvel óvæntar uppákomur eins og þyrluferðir. Svo er oft farið í bæinn í flottan mat og á diskótek,“ svarar Þórarinn. Hann segir að venjulegur Íslendingur geri oftast ekki greinarmun á venjulegum ferðalangi og hvataferðalangi en þar á er mikill munur. „Þeim ferðamanni sem er í hvataferð er boðið hingað, hann ræður ekki hvert hann fer og vill jafnvel ekki koma. Þannig að það er okkar að vera hinn fullkomni gestgjafi og láta honum líða alveg einstaklega vel og finnast hann sérstakur.“

Þórarinn segir að síðastliðin þrjú ár hafi ferðamönnum fjölgað jafnt og þétt og árið í ár sé það besta til þessa. Hann segist finna greinilega fyrir því að hin ýmsu erlendu fyrirtæki innan sama geirans eigi í hálfgerðri samkeppni við að gera sínar ferðir flottari en samkeppnisaðilans og að slíkt vindi upp á sig. Varðandi nýhafnar hvalveiðar Íslendinga segir Þórarinn að enn hafi enginn afbókað en að veiðarnar séu hins vegar óþægilegar fyrir fyrirtækið. „Aftur á móti þegar við höfum vísindaveiðarnar þá fengum við sterkari viðbrögð og nokkrar afbókanir.“

Þórarinn segir að Íslendingar geti alveg komið betur fram við erlenda ferðamenn og verði sem dæmi að bæta þjónustulundina. „Þetta er kannski ekki hroki heldur áttum við okkur ekki á því hvað þeir skapa okkur miklar tekjur og eru okkur mikilvægir.“ Þórarinn telur jafnframt að hér á landi sé pláss fyrir fimm stjörnu hótel sem enn vanti. „Það er mikið spurt um fimm stjörnu hótel en við megum ekki gleyma því að ákveðin hótel hérlendis vantar eingöngu innisundlaug til þess að fá fimmtu stjörnuna. Þannig að það er ekki svo mikill munur. Það er kannski helst að það vanti þekktar hótelkeðjur.“ Þórarinn efast heldur ekki um að gera megi betur og fá enn fleiri ferðamenn hingað til lands. „Hægt og bítandi erum við að því en við megum heldur ekki fara of geyst. Við verðum að ráða við það sem við erum að gera.“

*steinthor@frettabladid.is*

# Stækkandi markaður í ráðstefnuhaldi

Fyrirtækið Íslandsmót sérhæfir sig í uppsetningu og þjónustu við ráðstefnur og hvers konar viðburði og fundahöld. Fyrirtækið stóð meðal annars að sýningunni Konur sem haldin var í Laugardalshöll í október.

„Fyrirtækið var stofnað í byrjun þessa árs, en byggir á gömlum grunni,“ segir Haukur Birgisson framkvæmdastjóri. „Ice-expo, sem er sýningardeild og sér um skipulag viðburða og hefur verið leiðandi í þessum geira, er hluti af hinu nýja fyrirtæki. Íslandsmót sér síðan um skipulagninga ráðstefna, viðburða og sér um fundaþjónustu.“

Haukur hefur starfað lengi í ferðaþjónustu, meðal annars sem framkvæmdastjóri Norrænu ferðaskrifstofunnar og sem markaðsstjóri Ferðamálaráðs. Einnig starfaði hann sem framkvæmdastjóri landkynningarskrifstofu Ferðamálaráðs á meginlandi Evrópu, með aðsetur í Frankfurt Þýskalandi.

Haukur segir starfsfólk Íslandsmóts vera kjarna fyrirtækisins og það komi úr ýmsum áttum með góða reynslu, sem gagnist vel. „Erlendis störfum við undir nafninu Icemen erlendis, en það stendur fyrir Iceland Convention Event Management. Undir því nafni vinnum við að því að fá erlenda aðila til að halda ráðstefnur hér á landi. Hérlendis hafa aðallega verið haldnar norrænar ráðstefnur en núna eru að opnast dyr fyrir ráðstefnur sem ekki hafa verið haldnar á Íslandi áður. Við sjáum einnig mörg tækifæri þegar nýja ráðstefnu- og tónlistarhöllin opnar hérna vonandi 2009. Við viljum sækja inn á nýja markaði og ná fyrirtækjum sem hafa ekki áður haldið ráðstefnur hér á landi.“

*- öhö*

Haukur hefur mikla reynslu af störfum í ferðaþjónustu og vill nú herja á erlend fyrirtæki, til ráðstefnuhalds á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL



www.icelandexpress.is/hopar

# Út með hópinn!

## Hópadeild Iceland Express sér um vinnuna og þú færð hrósið

» Er stemning í hópnum? Langar hópinn þinn til að bregða sér út fyrir landsteinana? Hópadeild Iceland Express býður ferðir fyrir hópa og félög, 11 eða fleiri á frábærum kjörum.

» Hópadeildin bókar flugið, gistinguna og ferðir til og frá flugvelli og svo höfum við upplýsingar um ótalmargt annað sem getur gert ferðina enn skemmtilegri. Við bókum sal fyrir hópinn ef þarf, skipuleggjum spennandi skoðunarferð, útvegum miða í leikhús, tónleika eða annað það sem kryddar hópferðina og gerir hana ógleymanlega.

» Hafðu samband eða smelltu þér á www.icelandexpress.is/hopar **og kynntu þér málið!**




HEILDARÞJÓNUSTA
ALLTAF LÁG FARGJÖLD
AUÐVELT AÐ BREYTA BÓKUNUM

Daglegt flug
Engin sunnudagsregla

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600

» www.icelandexpress.is

Iceland Express

# Ísafjörður heimsóttur

Hótel Ísafjörður býður upp á sali til ráðstefnu- og fundahalda auk þess sem þar er boðið upp á rúmgóð og þægileg hótelherbergi.


Hótel Ísafjörður

Starfsfólk Hótels Ísafjarðar hefur áralanga reynslu af skipulagningu ýmiss konar funda og ráðstefna og lögð er áhersla á að faglært og þaulvant starfsfólk skipi hverja stöðu svo dvölin verði sem ánægjulegust.

„Við erum með fundi fyrir heimamenn allt árið, en á vorin og haustin er mikið af stærri fundum og ráðstefnum þar sem fólk kemur alls staðar að af landinu, auk þess sem við erum með nokkra erlenda fundi á hverju ári. Samdóma álit allra þeirra sem koma hingað er að það sé öðruvísi upplifun að heimsækja Ísafjörð. Margir þeirra sem koma hingað á fundi hafa ekki heimsótt Ísafjörð áður og nýta tækifærið til að skoða umhverfið hér á Vestfjörðum,“ segir Áslaug Alfreðsdóttir hótelstjóri.

Fundarsalurinn rúmar vel 40-50 manna fundi og í göngufæri frá Hótel Ísafirði eru fundarsalir sem rúma mun fleiri fundargesti. Matsalurinn á Hótel Ísafirði hentar vel fyrir veislur fyrir allt að 100 manns en Hótel Ísafjörður er í samstarfi við SKG veitingar á Ísafirði.

Starfsfólk SKG veitinga hefur mikla reynslu í þjónustu við fundi og ráðstefnur. Í samstarfi við ferðaskrifstofuna Vesturferðir er boðið upp á aðstoð við alla pappírsvinnu, farmiðapantanir, skipulagningu dagskrár, bókun gistingar, veitinga, hópferðabifreiða sem og aðstoð við skipulagningu skoðunarferða og annarrar dægradvalar.




allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga


Fegurð Eyjanna blasir við ofan úr Heimakletti. MYNDIR/HJÖRTUR KRISTJÁNSSON

# Alltaf fjör í Eyjum

Hvataferðir til Vestmannaeyja eru vinsælar á öllum árstímum.

„Við getum boðið ferðamönnum upp á margt skemmtilegt með vestmannaeysku ívafi. Hér eru söfn, sundlaug og veitingastaðir opin allt árið og svo er hér einkar snjólétt. Þess vegna er golfvertíðin lengri hjá okkur í báða enda heldur en á fastalandinu,“ segir Kristín Jóhannsdóttir, ferðamálafulltrúi í Eyjum. Hún getur þess að Flugfélag Íslands hafi verið að hefja áætlunarferðir aftur út í Eyjar eftir sex ára hlé. Þar með sé opnað fyrir þægilegar samgöngur með stærri flugvélum en verið hafi í förum síðustu ár. Hún gefur síðan boltann yfir til Sigurmundar Einarssonar hjá fyrirtækinu Viking tours sem rekur bæði rútu, bát og Kaffi Kró og skipuleggur óvissu- og hvataferðir. Sigurmundur er með hið eftirtektarverða símanúmer 488 4884.

„Eldfellið og hraunið er alltaf vinsælt að skoða. Fólk er enn að finna brennheita steina í nýja hrauninu og þar er hægt að baka brauð,“ lýsir Sigurmundur og heldur áfram. „Við erum með Stórhöfðann þar sem veðrin verða hvað brjáluðust á okkar landi og við erum með víkingabæ inni í Herjólfsdal sem er eftirlíking af fyrstu byggingum Íslands. Sprangan er alltaf vinsæl og svo veitinga-og skemmtistaðirnir, Kaffi Kró og Höllin þar sem heimamenn flytja lifandi tónlist. Það er alltaf fjör í Eyjum.“

*gun@frettabladid.is*


Nýja hraunið virkar eins og segull á ferðamenn, þar er ennþá ylur.


Útsýnið er stórfenglegt frá Eyjum.


Eyjamenn gera ráð fyrir að almenningur vilji klifra í klettum og setja upp stiga og keðjur þar sem þörf er á.



Það borgar sig ekki lengur að versla erlendis. Verðin eru einfaldlega betri hjá okkur.
Vandaður fatnaður á alla fjölskylduna.
Barnaföt
Tommy Girl
Joe Bloggs ofl.
Undirföt
Ódýr og æsandi.
Mikið úrval.
Jakkaföt
Cerutti ofl.
Mikið úrval gjafavara á heildsöluverði.
Bollastell
1.375,-
Skartgripaskrín
2.400,-
Snerti-lampar
2.900,-
Útvörp og klukkur
3.500,-
2.475,-
Skart, ljós, klukkur, jólavörur, ofl. ofl.
Hlægileg verð, beint frá heildsölum í Bretlandi.
475,-
250,-
725,-
130,-
Veski, belti, hanskar, treflar, húfur ofl.
EAS heilsuvörurnar.
Mesta úrvalið!
EAS
Myoplex
DIET
EAS
ORKA · GRENNING · STYRKUR
Ráðgjöf á staðnum, þér að kostnaðarlausu.
Argos og Additions pöntunarlistarnir.
Hentugasti verslunarmátinn.
Argos
3000 extra
www.argos.co.uk
additions
gorgeous looks, irresistible prices!
www.additionsdirect.co.uk
Pantið jólagjafirnar núna!
Boots merkið tryggir gæðin.
Boots
Aldrei meira úrval af
þessum frábæru vörum.
BM
Allt á einum stað!
Austurhrauni 3 í Garðabæ (móti IKEA)
Sími: 555-2866. www.bmagnusson.is
Opið 10-18. Laugardaga 11-14.

# Pallur við hvert einasta herbergi

Þeir sem vilja sameina ráðstefnuhald, gistingu og golf ættu að koma við á Hótel Hamri við Borgarnes.

Hótel Hamar er eina hótelið á Íslandi sem er umlukið golfvelli. Það er í um 300 metra fjarlægð frá þjóðvegi 1, rétt norðan við Borgarnes, og er opið allan ársins hring. Lágur ás teygir sig samt milli þess og vegarins og virkar eins og hljóðmön þannig að skarkala frá umferð verður ekki vart. Hótelstjórinn er Hjörtur Árnason. „Ég er mjög sáttur við viðtökurnar. Það tekur auðvitað tvö, þrjú ár og kannski meira að koma sér á koppinn en það eru margir sem spila golf allan veturinn ef gott er veður," segir hann.

Þrjátíu herbergi eru á Hótel Hamri og úr hverju þeirra er gengið út á lítinn pall með stólum. Úr austurgluggunum blasa byggðir Borgarfjarðar við, og fjær fjallið Skjaldbreiður, Langjökull og Eiríksjökull. Þeir sem ekki njóta þess útsýnis af sínum palli geta hins vegar notið þess úr heitu pottunum sem eru við gafla hússins, tveir öðrum megin og einn hinum megin. Skammdegið býður líka upp á rómantíska stjörnuskoðun á síðkvöldum ef heiðskírt er.

Hótel Hamar er eitt af Icelandairhótelunum á Íslandi. Funda- og veitingasalir eru þar tveir og fullkomið eldhús er opið alla daga vikunnar milli sjö og níu á kvöldin. Þar fyrir utan er það opið eftir pöntunum.

*- gg*



Leikið með hráefni úr byggðarlaginu. Bláberjalax heitir þessi réttur.



Tveir veitingasalir eru á Hótel Hamri. Hér er horft yfir annan þeirra.



Rómantískt kvöld á Hótel Hamri.
MYNDIR/VIGFÚS BIRGISSON



Birtan er oft falleg í Borgarfirði á haustin.






Anna K. Björnsdóttir, formaður starfsmannafélagsins, og Harpa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Spron, leggja mikið upp úr góðri liðsheild og jákvæðum vinnuanda innan fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Efla góða liðsheild

Spron rekur öflugt starfsmannafélag sem hefur að markmiði að efla góðan vinnuanda bæði með fræðslu og skemmtun.

„Við erum með mjög öflugt starfsmannafélag sem býður upp á ýmsa viðburði," segir Harpa Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Spron. „Þá er boðið upp á jólaböll, fjölskyldudaga, staðið hefur verið fyrir golfkennslu, fjallagönguferðum, keilumótum og ýmsu tengdu íþróttum." Auk þessa segir Harpa að starfseiningarnar séu duglegar að standa fyrir uppákomum á eigin vegum, allt frá föndurnámskeiðum til ferðalaga.

„En fyrir utan öflugt starfsmannafélag þá sér fyrirtækið um hvataferðir og ráðstefnur fyrir starfsmennina," segir Harpa. „Við höldum sérstaka fræðslu og skemmtidaga tvisvar á ári. Þetta eru stórir fundir og á þeim erum við með fræðslu og upplýsingagjöf til starfsfólksins ásamt því að efla liðsandann með þrautum og leikjum. Við förum yfir stöðu fyrirtækisins, áherslurnar framundan, kynnum nýjungar og fáum til okkar gestafyrirlesara. Fyrirlestrarnir eru þá bæði fagtengdir en einnig eru þeir á persónulegu nótunum. Til dæmis talaði Magnús Scheving hjá okkur á síðasta fundi þar sem hann einblíndi á einstaklinginn en sá fyrirlestur fékk jákvæð viðbrögð. Við höfum líka verið með hópavinnu á þessum dögum þar sem starfsmönnum er skipt upp í litlar einingar og geta þá komið með innlegg um ýmis málefni. Dagurinn endar svo á því að við borðum saman og skemmtum okkur."

Harpa segir starfsfólkið vera mjög ánægt með þessa daga sem haldnir hafa verið frá 1992. „Þessir dagar eru sérstaklega góðir til að efla liðsandann og gefa fólki tækifæri til að hitta samstarfsfólk sitt sem vinnur annars staðar. Einnig hjálpa þessir fundir fólkinu að skilja starfsemina í heild sinni, heildarsýnin verður betri. Og allt þetta skilar sér í meiri vinnugleði."

*- jóa*








# GÓÐUR FUNDUR

Á Icelandair hótelunum finnur þú frábæra fundaraðstöðu sem hentar fyrir fundi af öllum stærðum og gerðum. Við bjóðum fyrsta flokks tæknibúnað, sérþjálfað starfsfólk og umgjörð við hæfi. Verið velkomin!

IH ICELANDAIRHOTELS

Sími: 444 4000 icehotels@icehotels.is

Nordica I Loftleiðir I Flughótel I Hamar I Flúðir I Rangá I Klaustur I Hérað www.icehotels.is

ENNEMM / SÍA / NM19937


Mestu skiptir að hafa tímann fyrir sér þegar ráðstefnur eru skipulagðar. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

# Passaðu upp á skipulagið

Ráðstefnu- og hvataferðir hafa orðið æ algengari hjá fyrirtækjum síðustu ár enda mikilvægi þeirra og árangur af þeim yfirleitt mikill. Þegar kemur að ráðstefnum og fundahöldum eru þau fjölmörg fyrirtækin sem ekki leigja sér þjónustu heldur skipuleggja viðburðinn sjálf.

Þótt best sé að láta fagmenn sjá um skipulagninguna þá geta fyrirtæki vel séð um það sjálf. Þá gildir að skipulagningin sé góð og vert að hafa meðal annars eftirfarandi atriði í huga.

**Staður/húsnæði**

Fyrir ráðstefnu og fundi er oftast best að velja stað sem er frábrugðinn vinnustaðnum. Að leyfa starfsfólki að komast aðeins frá sínu venjulega umhverfi er tilbreyting og gerir fólk afslappaðra. Góð hugmynd er að leita aðeins út fyrir bæjarmörkin en það getur einnig haft í för með sér að ráðstefnugestir einbeiti sér betur að settum markmiðum. Einnig þarf að hafa í huga hvernig aðgengi að staðnum er og hvernig er hægt að koma sér á staðinn. Eru til dæmis næg bílastæði eða þarf jafnvel að panta hópferðabíl?

**Aðbúnaður**

Áður en ráðstefnan eða fundahöldin hefjast verður að ganga úr skugga um að allur aðbúnaður sé í lagi. Það ber ekki vott um fagmennsku og er afar pirrandi þegar ekki er hægt að hefja dagskrá vegna vanbúnaðar. Finna þarf út hvort öll nauðsynleg hjálpartæki eru á staðnum, svo sem skjávarpar, nógu margir kaffibollar, púlt, hljóðkerfi, hljóðnemi, næg sæti, tengi fyrir tölvur og svo framvegis. Og ef búnaður er ekki til staðar þarf að gera ráðstafanir til þess að fá búnaðinn annars staðar frá.

**Dagskrá**

Án efa er þetta mikilvægasti þátturinn í skipulagningunni, eins og gefur skilja. Dagskrána þarf að skipuleggja með góðum fyrirvara, einkum ef panta þarf sérstaka ræðumenn frá öðrum vigstöðvum. Dagskráin sjálf þarf síðan að vera skipulögð í þaula. Ræðutími þarf að vera á hreinu en best er þó að gera ráð fyrir meiri tíma en minni. Fundargestir eru yfirleitt ánægðari með að dagskrá sé á undan áætlun en eftir. Niðurröðun dagskrárliða þarf einnig að vera vel ígrunduð. Gott rennsli þarf að að vera og passa upp á að „léttari" dagskrárefni komi inn á réttum tímapunktum. Einnig þarf að huga að kaffipásum og öðrum hléum.

**Hópaskipting**

Á ráðstefnum og fundum kemur oft til þess að skipta þarf starfsliði niður í hópa. Sjálf hópaskiptingin skiptir þar gríðarlega miklu máli til þess að hópavinnan nýtist sem best. Hvorki er ráðlegt að leyfa fólki að skipa sér sjálfu í hópa né heldur að raða í hópa eftir deildum, nema slíkt eigi við. Best er að hafa hópana eins fjölbreytta og hægt er þannig að mörg mismunandi sjónarhorn og hugmyndir fái að líta dagsins ljós. Einnig verður að tryggja að allir innan hópsins hafi ákveðið hlutverk og týnist þess vegna ekki.





Guðrún Jónsdóttir segir fyrirtækið Olís leggja mikið upp úr því að starfsmenn séu ánægðir en það skilar sér í góðum stuðningi við starfsmannafélagið og starfsmennina sjálfa.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Meiri starfsánægja

Starfsmannafélag Olís leggur mikið upp úr samveru starfsmanna sinna. Fyrirtækið og starfsmannafélagið leggjast á eitt við að efla góðan anda.

Guðrún Jónsdóttir, formaður starfsmannafélags Olís, segir mikilvægt fyrir jafn stórt fyrirtæki að leggja sitt af mörkum til að tengja stóran starfsmannahóp saman. „Hjá okkur er fólk að vinna úti um allt land og margir hittast ekki oft þótt þeir til dæmis ræði mikið saman í síma eða í gegnum tölvupóst. Með því að standa fyrir viðburðum innan fyrirtækisins gefst fólki tækifæri til að kynnast.“

Starfsmannafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum og eru þar vinsælastar árshátíð, árlegt páskabingó og jólaferð inn í Brynjudal þar sem starfsmenn og fjölskyldur þeirra sækja sér jólatré í samvinnu við Skógræktarfélag Íslands. „Auk þessa erum við með ýmsar skemmtanir, Viðeyjarferðir, Esjugöngur, keilukvöld, menningargöngur um Reykjavík, leikhúsferðir og tónleikaferðir, námskeið í föndurgerð og ýmislegt annað.“ Guðrún segist sjá jákvæð áhrif þessara viðburða meðal starfsfólksins sem skila sér í meiri starfsánægju. „Fyrirtækið sjálft býður einnig upp á ógrynni af námskeiðum sem tengjast faglegu hliðinni ásamt því að styðja vel við bakið á starfsmannafélaginu,“ segir Guðrún. „Okkur starfsfólkinu finnst Olís hafa ofarlega á stefnuskrá sinni að skapa góðan starfsanda og þjappa fólki saman sem er mikilvægt hjá svo stóru fyrirtæki.“

*- jóa*








Vatnasafarí er ein skemmtilegra þrautabrauta á Úlfljótsvatni.



Klassísk hópeflisdagskrá hefur lengi verið á Úlfljótsvatni og á hún erindi jafnt við unga sem aldna.



Skátar eru ekki þekktir fyrir annað en að vita hvað þeir syngja þegar kemur að hópefli.

# Virkileg efling

Á Úlfljótsvatni er frábær aðstaða fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja fara þangað í hvataferðir. Þar bjóða skátar upp á dagskrá sem byggist á verðugum verkefnum þar sem aðaltakmarkið er að efla samstöðu, vináttu og samvinnu hópsins.

„Við höfum verið með hópeflisdagskrá á Úlfljótsvatni í áratugi í gegnum skátastarf og skólabúðir. Hin seinni ár höfum við síðan lagað þetta að þörfum fyrirtækja og stofnana. Í dag bjóðum við upp á hópefli fyrst og síðast fyrir börn og ungmenni sem er okkar aðalmarkaðshópur en höfum komist að því að þetta á alveg jafn mikið erindi við fullorðna,“ útskýrir Guðmundur Björnsson, verkefnastjóri Útilífsmiðstöðvar skáta.

Ævintýradagskrá skáta er hópeflisdagskrá á Úlfljótsvatni sem er byggð á bandarískri fyrirmynd og byggist á hópefli, vináttu, samskiptum og samvinnu. Guðmundur segir að fólk þurfi líka að gera greinarmun á því hvort um sé að ræða skemmtiferð eða hvort verið sé að takast á við eitthvert ákveðið verkefni. „Við viljum að þau fyrirtæki og stofnanir sem koma hingað séu virkilega að fara til þess að efla hópinn. Við höfum fundið að í gegnum leik og þrautir náum við ótrúlegum árangri á skömmum tíma. Þar þarf fólk að hafa ákveðinn ramma, leikreglur, samskipti og samskiptareglur á hreinu til þess að takast á við verkefnin. Við erum samt ekki komin eins framarlega í þessum efnum og til dæmis Bandaríkjamenn en flestir líta reyndar á þetta sem hreinræktaða skemmtun.“ Oftast koma hópar í dagsferðir á Úlfljótsvatn en þar er einnig boðið upp á gistingu. Þar er aðstaða til fundarhalda og svo er hægt að fara út að leika eftir á, eins og Guðmundur kallar það.




# LOKSINS LOKSINS LOKSINS

## Hollywood þægindi á Íslandi!



## Hann er til leigu!

- Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- Tekur 17 farþega
- Lystisnekkja á hjólum

**GOLD LIMO**

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is



# Kristján Pálsson

*reynsla, áhugi, kraftur*

## *„Ég tel mikilvægt að svo duglegur, framsýnn og reyndur talsmaður okkar haldi á ný inn á þing."*

Umsögn:

Kynni okkar Kristjáns Pálssonar hófust í gegnum sameiginlegan áhuga á varnar- og öryggismálum þjóðarinnar. Þá var hann bæjarstjóri í Njarðvík. Eftir farsæl störf á þeim vettvangi var hann kjörinn á Alþingi og gerðist þar ötull talsmaður Suðurnesjamanna. Utan þings hefur Kristján helgað sig umhverfis- og ferðamálum í Suðurkjördæmi og verið leiðandi í þessum mikilsverðu verkefnum. Þau mál þurfa að fá meira vægi á þingi. Ég tel mikilvægt að svo duglegur, framsýnn og reyndur talsmaður okkar haldi á ný inn á þing. Það gerum við með því að styðja hann í prófkjörinu laugardaginn 11. nóv. n.k.

*Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar*

*Prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi*
***www.kristjanpalsson.is***

# Klassískar klukkur

***Í versluninni Sigurstjörnunni í Faxafeni má fá fallegar klukkur á heimilið.***

Sérstakar standklukkur sóma sér hvar sem er og geta fegrað heimilið auk þess að auðvelda heimilisfólki að fylgjast með tímanum. Klukkurnar sem fást í Sigurstjörnunni eru af öllum stærðum og gerðum en eiga það þó sameiginlegt að vera svolítið gamaldags og öðruvísi auk þess sem þær kosta ekki mikið. Í versluninni er einnig margt annað fallegt að finna svo þeir sem eru að leita sér að klassískri klukku eða öðrum dýrgrip á heimilið, ættu að líta við og skoða úrvalið sem er mikið.

*- eö*





Klukkurnar sem fást í Sigurstjörnunni eru svolítið sérstakar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





# Eldvarnir fjölbýlishúsa

***Ókeypis skoðun eldvarna í sameignum fjölbýlishúsa.***



Forvarnadeild Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS) býður íbúum fjölbýlishúsa að gera úttekt á eldvörnum í sameign þeim að kostnaðarlausu. Fulltrúar húsfélaga geta pantað skoðun á vef Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins. Skilyrði er að sá sem pantar skoðun hafi umboð húsfélagsins til þess og mikilvægt er að teikningar liggi fyrir þegar skoðun fer fram. Fulltrúi forvarnadeildar SHS skoðar sameignina eins fljótt og kostur er í fylgd fulltrúa húsfélagsins og afhendir honum skriflegar athugasemdir. Athugasemdirnar ber að skilja sem leiðbeiningar en ekki kröfur en forvarnadeildin hvetur fólk engu að síður til þess að taka mið af athugasemdunum og ráðast í úrbætur sem fyrst. Eldvarnir geta í mörgum tilvikum orðið til þess að bjarga lífi og heilsu fólks og koma í veg fyrir óþarflega miklar skemmdir af völdum elds og reyks.

Heimildir og nánari upplýsingar um Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins: www.shs.is.












**Snjórinn** hefur látið á sér kræla og því tilvalið að fara í göngutúr í snjókomunni. Gangan endurnærir líkama og sál og snjórinn kemur jólaskapinu af stað.




















# Betra að láta bólusetja sig fyrir flensunni

***Sífellt fleiri Íslendingar láta bólusetja sig gegn hinni árlegu inflúensu sem getur lagst þungt á fólk. Þórólfur Guðnason, yfirlæknir hjá sóttvarnalækni, segir að mikilvægt sé að gera það áður en inflúensan kemur til landsins.***



Þórólfur Guðnason, yfirlæknir hjá sóttvarnalækni, segir að gott sé að láta bólusetja sig gegn hinni árlegu inflúensu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Í september og október árlega kemur nýtt inflúensubóluefni til landsins og Þórólfur segir að best sé fyrir þá sem ætla að láta bólusetja sig að gera það strax á haustin. „Inflúensan sjálf kemur venjulega ekki til landsins fyrr en eftir áramót en hún getur komið fyrr og mikilvægt er að vera búinn að láta bólusetja sig áður en hún kemur.“

Ekki er flókið að láta bólusetja sig en inflúensusprauturnar má fá á öllum heilsugæslustöðvum og segir Þórólfur að aukaverkanir séu mjög sjaldgæfar og þá vægar. „Sumir finna fyrir örlitlum slappleika fyrst eftir bólusetningu en það er ekki algengt.“

Þórólfur tekur samt fram að enginn geti verið alveg öruggur fyrir inflúensunni þó að hann hafi látið bólusetja sig. „Við getum aldrei vitað með fullri vissu fyrirfram af hvaða stofni næsti inflúensufaraldur er og því er reynt að spá fyrir um það. Oftast rætast spárnar og þeir sem hafa látið bólusetja sig sleppa við inflúensuna en stundum reynist hún vera af öðrum stofni og fólk fær hana þrátt fyrir bólusetningu en þá vægar.“

Þórólfur bendir einnig á að þeir sem hafa látið bólusetja sig geti orðið veikir eins og aðrir því ýmsar aðrar pestir en inflúensa séu í gangi yfir vetrarmánuðina. „Þó að fólk sem hefur látið bólusetja sig veikist er það því ekki endilega inflúensan sem hefur fengið því bólusetningin gerir yfirleitt sitt gagn.“

Þórólfur segir að sóttvarnalæknir mæli með því að fólk eldra en sextíu ára og þeir sem eru með sjúkdóma sem geta gert þá viðkvæmari fyrir flensunni, láti sprauta sig. „Við höfum ekki mælst til þess að allir fari í inflúensubólusetningu en það er ekkert verra fyrir fólk að gera það ef það vill tryggja sig gegn flensunni.“

emilia@frettabladid.is



## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI

## Hvernig hefurðu það?

Þar sem þetta er síðasti pistillinn minn hér í Fréttablaðinu langar mig að segja að ég finn fyrir aukinni heilsumeðvitund meðal almennings. Mér finnst heilsuhugsandi fólki vera að fjölga, sem er sannarlega mikið gleðiefni. Maður er hreinlega ekki maður með mönnum, eins og einhver sagði við mig um daginn, nema maður sé að efla eða viðhalda heilsunni. Og ég tek undir það. Líkaminn er í eðli sínu í sífelldri endurnýjun og til að viðhalda heilsunni þarf að næra hann rétt og hreyfa, því annars töpum við dýrmætum eiginleikum. Hvað þá þegar við viljum efla hann enn frekar. Þetta vitum við öll og þurfum að finna okkar eigin takt.

**Ekki bara líkamleg heilsa**

Mikilvægt er líka að hafa í huga að góð heilsa er ekki bara líkamlegs eðlis, heldur ekki síður andlegs eðlis og tengist einnig samskiptum okkar við annað fólk. Góða heilsu er ekki bara að finna í ræktinni, heldur þarf ekki síður að hlúa að almennri vellíðan. Okkar eigin og annarra. Þó góður starfsframi geti t.d. veitt okkur vellíðan, getur heilsan verið í hættu ef við hættum að hitta vini okkar, hittum fjölskylduna í mýflugumynd eða eigum erfitt með að finna hamingju hjá okkur sjálfum. Góð heilsa er lífsgleði og andleg vellíðan ekki síður en hreysti og þol. Þegar maður gefur af sér til annarra fær maður langoftast eitthvað gott til baka. Stundum er það kannski ekki alveg augljóst hvað maður fær til baka, en ef svo er, er það okkar að sjá það síðar. Sumir þurfa að hægja aðeins á sér, aðrir þurfa kannski að gefa aðeins í. En aðalmálið er að vera meðvitaður um að heilsan er ALLT sem við eigum, hversu mikil klisja sem það er. Það vita allir þegar þeir missa hana!

**Eins og stéttaskiptingin**

Það þurfa allir að leggjast á eitt og líta sér nær til að draga úr hreyfingarleysi, óeðlilegri þyngdaraukningu og næringarlausu fæðuvali í þessu samfélagi. Öfgarnir í heilsunni eru að verða eins og stéttaskiptingin, alltaf meiri og meiri. Mörgum líður betur nú en áður vegna heilsumeðvitundar sinnar. Þeir hafa lært að hlúa að sjálfum sér og öðrum og vita að það gerist ekki að sjálfu sér. En svo eru margir sem dragast aftur úr, meðal annars vegna hugsunarleysis. Mikil stéttaskipting dregur varla úr fátækt og öfgar í heilsu draga varla úr heilsuleysi. Það er líka samfélaginu dýrkeypt að eiga bæði fátæka sem og heilsulitla þjóðfélagsþegna, svo þetta varðar okkur öll.

**Að síðustu!**

Að lokum langar mig að þakka fyrir frábær viðbrögð frá ykkur lesendum. Það hefur glatt mitt litla hjarta að sjá hvað margir eru að hugsa um heilsuna og vinna markvisst að því að leggja áherslu á næringarríka fæðu hvern dag og gera daglega hreyfingu að lífsstíl sínum. Þið vitið það jafn vel og ég, ef ekki betur, að þið eruð að vinna frábært forvarnarstarf fyrir fegurð ykkar og framtíð.

*Lifið heil,*
*Borghildur*

BÓKHALDSÞJÓNUSTA
- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptamannabókhald
- Virðisaukaskattsuppgjör
- Launabókhald

Ólafur Ólafsson
olafur.olafs@simnet.is
Sími: 848 3728

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf., sími 511 2930.

## Ráðgjöf

KAFLASKIPTI

**Alhliða fjármála- og rekstrarráðgjöf.**
**Endurskipulagning fjármála, samningar við lögmenn, lánadrottna og innheimtumenn, aðstoð v/nauðungaruppboða, stofnun einkahlutafélaga ofl. Geymið auglýsinguna. SÍMI 822 9670 Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur kaflaskipti@kaflaskipti.is**
**SÍMI 822 9670 Hlíðarsmári 15 201 Kópavogur kaflaskipti@kaflaskipti.is**

## Málarar

Málarar geta bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 3982.

## Meindýravarnir

**- Meindýravarnir Suðurlands -**
**Allur búnaður til meindýravarna. Músafellur - músastoppkítti - meindýraforvarnir o.fl.**
**Gagnheiði 59, 800 Selfoss.**
**Sími: 482 3337 www.meindyravarnir.is**

## Búslóðaflutningar

Búslóðaflutninar og allir alm.flutn. 2 menn ef óskað er. Uppl. í s. 616 1108.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

## Húsaviðhald

**Parket- og flísalagnir**
Vönduð vinna, vanir menn. Föst tilboð eða tímavinna. S. 892 9804.

**Dúklagningameistari**
Getur bætt við sig verkefnum. Veggfóður, dúkalögn, flísar, parket og teppi. Uppl. í s. 892 8968.

SÖGUN • BORUN
BROT
BORTÆKNI
BEKKING • REYNSLA
567 7570 892 7544
www.bortaekni.is
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
MALBIKSSÖGUN
ÞRIFALEG UMGENGNI
SAGTÆKNI efh
Bæjarflöt 8, 112, RVK
www.sagtaekni.is
567-4262 & 893-3236

HÚSAVIÐHALD
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl.
Vönduð vinna.
Gerum föst tilboð.
Nánari upplýsingar í síma 695 4661 & 892 2752

**Glerjun og gluggaviðgerðir!**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Þarftu að endurbæta fyrir jólin?**
Get bætt við mig verkefnum, parket og öll alhliða smíðavinna. Föst verðtilboð eða tímavinna. Uppl. í s. 820 1974.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun
Röramyndun
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Stífluþjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður S. 615 2000, 8-23 alla daga.

Vefsíðulausnir. 8.is

Vefhýsing. www.8.is

Heimasíðuráðgjöf. www.8.is

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir, NLP. Símaspá, einkatímar og. m.fl.
445 5000
FINN TÝNDA MUNI
VISA Greiðsla MASTERS

908 6116
Er spákonan Sirrý
Ástir - fjármál heilsa
Einkatímar í S.845 4009

**Hanna s. 847 7596, VISA/ EURO**
Andleg leiðsögn. Spilaspá, Tarot. Draumráðningar. Fyrirbænir. 199 mín. Er við alla daga frá 12-24. S. 555 2927, 847 7596. (Ath. hef lagt niður 908 6040).

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

**Örlagalínan 595 2001 & 908 1800**
Miðlar, spámiðlar o.fl. Fáðu svör við spurningum þínum. www.orlagalinan.is.

Spásíminn 908-2008. Ræð draumar og spái í tarrot. Er við símann alla daga frá 15-01. Stína Lóa.

**Bella.is S: 699 1673. EURO/VISA**
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. S: 557 9939 ( 904 2080) 199,90 mín kl 15 - 24 nema Sunnudaga. Bella.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Símaspá 908 2200**
Eru fjármálin eða tilfinningar í ólagi? Ástin, peningar, heilsa, miðlun og draumráðningar. Laufey spámiðill.

**Englaljós til þín 908 5050**
Spilaspá, draumar, fyrirbænir, andleg leiðsögn. Er við frá kl. 10 - 2 eftir miðnætti alla daga. Lára spámiðill.

## Iðnaður

Tökum að okkur flísalagnir. Niðurlögn á steinteppi, flotun og ýmislegt sem viðkemur múrverki. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Uppl. Granat-Múr ehf s.866 6291.

## Rafvirkjun

Raflagnir
Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

**S.B.D. Trésmíði**
**S.B.D. Trésmíði getur bætt við sig verkefnum í trésmíðum úti sem inni. Tilboð/tímavinna.**
**S.B.D. Trésmíði ehf.**
**Upplýsingar í síma 895 9801 eða fax 482 4854.**

Tek að mér ýmiss konar smíðavinnu. Uppl. í s. 663 6631. Siggi B. húsasmiður.

**Nýsmíði, viðhald og viðgerðir**
Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum. Nýsmíði, viðhald og viðgerðir. Uppl. í s. 894 0031.

**Mótatimbur-Dokaborð**
Til sölu að Skemmuvegi 6. Einnig úti-og innihurðir, verða til sýnis næstu daga. Uppl. í s. 892 8520. Tryggvi.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

# TIL SÖLU

**Lagersala!**
Komið og gerið frábær kaup á flíspeysum, bómullarpeysum, húfum og vettlingum fyrir veturinn á lagersölu Drífu Icewear.
Vegna fyrirspurna höfum við ákveðið að hafa opið út vikuna, 7-10 nóvember, frá kl.13-16.
**Bara 3 verð**
**kr.500 kr.950 kr.1950**
**Drífa ehf Suðurhrauni 12c 210 Garðabæ. Sími 555-7400**

# TILKYNNINGAR



### Veitingahúsið Nings
**Óskar eftir bílstjórum og starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Vinnutíminn er frá klukkan 17 - 22**
**Upplýsingar í síma 822 8870 og einnig inn á www.nings.is**

### Leikskólinn Klambrar
**Okkur vantar aðstoðarmanneskju í eldhús frá 1.des. Lífsgleði skilyrði og þroski ekki fyrirstaða.**
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í 511 1125.**

Ert þú í leit að góðri vinnu og góðum félagsskap. Við hjá Snæland videó óskum eftir áhugasömu fólki í dagvinnu/fullt starf og aukastarf með skóla. Hafðu samband við okkur í s. 693 3777, Pétur eða petursma@isl.is

G.T verktakar óska eftir meiraprófsbílstjóra á krókheysibíl. Þarf að getað hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar í síma 580 1600 og 896 3801.

### Hreingerningar/bónun
**Ræstingaþjónustan sf óskar eftir að ráða hrausta starfsmenn í framtíðarstörf við aðalhreingerningar og bónvinnu. Mikil vinna framundan.**
**Nánari upplýsingar gefur Jón í síma 821 5056, á skrifstofutíma.**

### Spennandi starf á skemmtilegum vinnustað
**Heimaþjónustan í Laugardal leitar að áhugasömu og drífandi fólki til starfa við félagslega heimaþjónustu. Starfað er undir handleiðslu félagsráðgjafa. Vinnutími eftir samkomulagi. Ertu að leita að framtíðarstarfi eða vinnu með skóla?**
**Hafðu þá samband við Írisi Eik Ólafsdóttur verkefnisstjóra/félagsráðgjafa í síma 562 2712, netfang iris.eik.olafsdottir@reykjavik.is**

### Ítalía - Veitingahús
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í sal, fullt starf. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.**
**Veitingahúsið Ítalía, Laugavegi 11.**

### Aðstoðarverslunarstjóri
**Óskum eftir að ráða aðstoðarverslunarstjóra á Subway Hringbraut, um er að ræða dagvinnu, 80% starf. Viðkomandi þarf að vera ábyrgur, eiga gott með að vinna með öðrum og vera sjálfstæður í vinnubrögðum.**
**Nánari upplýsingar veitir Eygló í síma 530-7000. Hægt er að sækja um á staðnum og á subway.is.**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 699 6999.

**Hvar í veröldinnni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar kvenfólk og karlmenn á aldrinum 19-50 ára í kvöld- og næturvinnu alla daga. Uppl. veitir Bjarki í s. 893 4273 e. kl. 15.

Verum er nýtt ahliða markaðsfyrirtæki vantar vefhönnuði og forritara í verktakavinnu. Senda má ferilsskrá og upplýsingar um kunnáttu á fridrik@verum.is

Heimilisaðstoð. Eldri hjón búsett í Hafnarfirði óska eftir aðstoð hálfan daginn. Þrif o.fl. Upplýsingar í síma 856 7404.

Háseta vantar á 200 t netabát frá Þorlákshöfn. Uppl. í s. 852 0789.

Leiðbeinanda vantar í vinnu í leikskólann Gullborg við Rekagranda. Upplýsingar veitir leikskólastjóri í síma 562 2455 & 693 9820.

Starfsfólk óskast á sólbaðsstofu í miðbænum í fullt starf eða í hlutastarf. Uppl. í s. 821 9812, Gunnar.

## Atvinna óskast

Kona óskar eftir að taka að sér heimilisþrif gegn því að fá herbergi. S. 694 9565.

Starfsfólk frá Lettlandi - smiðir, suðumenn, verkamenn etc. S. 845 7158.

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu Magnad.com og lærðu að skapa þér þær tekjur sem þú vilt - heima hjá þér!

## Einkamál















Benz, 1996 amg look, ekinn 126.000. Verð 1850. Áhvílandi 700 þús, 24 þús. á mán. S. 847 6232.

Ég var með vinkonu minni!" Ung kona lýsir reynslu sinni nákvæmlega! Frábær ný frásögn hjá Sögum Rauða Torgins, sími 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard) kr. 19,90 mín, sögunr. 8216.

Ert þú karlmaður? Viltu láta dekra við þig? Hafðu samband í síma 869 6914.

Karlmenn látið líða úr ykkur í notalegu nuddi. Nautn og vellíðan. S. 869 6397.

**Símaspjall 908 6666.**
Hæ ég heiti Anný og er heit og ljúf og langar að heyra í þér. Opið allan sólahringinn.

Notalegt nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Nýjar símadömur! Nú hafa 3 nýjar símadömur bæst við í góða hópinn á Rauða Torginu. Hvaða dama verður vinkona þín í kvöld? Símar 908 6000 (símatorg, kr. 299,90 mín) og 535 9999 (Visa, Mastercard, ódýrara kr. 199,90 mín).

Frábær ný hljóðritun: „Leikur í baðkari", ung kona í mjög „innilegri" upptöku. Sögur Rauða Torgsins, s. 905 2002 (símatorg, kr. 99,90 mín) og 535 9930 (Visa, Mastercard, ódýrara, kr. 19,90 mín), upptökunr. 8773.

Exotic, Erótísk svört nuddstelpa. Uppl. í s. 659 9420.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga

## FASTEIGNIR

**Snyrtistofa • Tekjumöguleikar**
Hringdu núna í síma **866 9512**

Svana Sölufulltrúi **866 9512** www.svana.is





Sigurður Guðmundsson hdl. lögg. fasteignasali



Þekkt, smart og vel staðsett snyrtistofa til sölu. Vel búin tækjum og tólum s.s allt til alls. Frábært atvinnutækifæri fyrir hugmyndaríkt hæfileikafólk. Mjög góð aðstaða og þægilegt umhverfi fyrir viðskiptavininn. Heimasíða, símanúmer og velvildin fylgja með. Húsnæðið er í öruggri leigu.

RE/MAX BÚI

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign — www.remax.is

## FASTEIGNIR

**Flókagata**
**mjög góð íbúð á frábærum stað**

Frum



Í einkasölu góð 2-3ja herbergja vel skipulögð íbúð í risi á þessu fallega, frábærlega vel staðsetta húsi efst á Flókagötunni steinsnar frá Kennaraháskólanum. Verðlaunalóð.
V. 16,9 millj. Íbúðin er laus við kaupsamning.

VALHÖLL FASTEIGNASALA **Síðumúla 27 – Sími 588 4477**
*Ingóflur Gissurarson lögg.fasteignasali.*

## TILKYNNINGAR

Sveitarfélagið ÁRBORG

**Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg**

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar tillögu að deiliskipulagi í sveitarfélaginu.

*Tillaga að deiliskipulagi á spildunni Hesthúsatún úr landi Austurkots.*
Deiliskipulagstillaga gerir ráð fyrir íbúðarhúsi á reit nr. 1 og hesthúsi og vélageymslu á tveimur hæðum á byggingarreit nr. 2. Mænishæð húsanna má ná allt að 7,5 m. frá gólfplötu kóta. Fjarlægð milli hesthúss og íbúðarhúss skal að lámarki vera 30 m. Aðkoma er frá Votmúlavegi nr. 350. Nýtingarhlutfall á lóðinni er 0,1.

*Tillaga að breyttu deiliskipulagi á lóð nr. 7 við Austurveg.*
Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir að skipta lóðinni Austurvegur 7 í tvær lóðir sem verða Austurvegur 7 og 7a.

Á núverandi lóð eru tvær byggingar mhl. 01 matstaður og mhl. 02 bílskúr til stendur að rífa bílskúrinn og nýtt skrifstofu og þjónustuhússnæði verði byggi í hans stað. Heimilt verður að reisa á lóðinni þriggja hæða hús allt að 125 $m^2$ að grunnfleti og hámarks hæð 10.3.m

Gert er ráð fyrir einu bílastæði fyrir hverja 45 $m^2$ verslunar og skrifstofuhúsnæðis eða samtals 13 bílastæði þar af eitt fyrir fatlaða.

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna munu liggja frammi á skrifstofu framkvæmda - og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 09. nóvember til og með 7. desember 2006.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 21. desember 2006 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

**Á sama tíma er teikningar og greinagerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar http://www.arborg.is þar sem hægt er að skoða þær og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is.**
**Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja hana.**

Selfossi, 3. nóvember 2006..
Bárður Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar

## UPPBOÐ

Sýslumaðurinn á Húsavík

**UPPBOÐ**

Eftirtaldin bifreið verður boðin upp að lögreglustöðinni á Raufarhöfn, fimmtudaginn 16. nóvember 2006 kl. 11:00:

PY-982

Greiðsla við hamarshögg.
Sýslumaðurinn á Húsavík, 08.nóvember 2006.

## TILKYNNINGAR

**Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands**
**auglýsir eftir umsóknum um styrk**

Úr 5. gr. skipulagsskrár Rannsóknarsjóðsins:

"Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður."

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2006 og skulu umsóknir sendar Öldrunarráði Íslands, Hverahlíð 20, 810 Hveragerði.

Frekari upplýsingar veitir Gísli Páll Pálsson, formaður stjórnar ÖÍ í síma 480 2000

**Stjórn Öldrunarráðs Íslands**







# Völuteigur

## Mosfellsbær

Bókaðu skoðun 693 4085

**Verð: TILBOÐ**

Stærð: 512,9
Byggingarár: 1972

REMAX BORG kynnir atvinnuhúsnæði við Völuteig í Mosfellsbæ sem býður uppá mikla möguleika. ( gamla Atlantahúsið ). Mjög stór lóð fylgir eigninni eða 7.073 ferm. Leyfilegt er að byggja allt að 1200 fm til viðbótar við núverandi byggingu. Eignin er í dag í stórum hluta í útleigu. Eigendur eru tilbúinir að skoða ýmis skipti jafnvel dýrari eignir. Gott körfulán getur fylgt.

RE/MAX BORG


Þórunn Þórðardóttir
lögg. fasteigna
fyrirtækja & skipasali


Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
693 4085
gylfi@remax.is


Hannes S.
Sölufulltrúi
699 5008
hannes@remax.is

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
*Heilshugar um þinn hag*

## Suðurlandsbraut 50

Bláu húsin v/Faxafen

husid@husid.is

## Sími 513 4300

**Ingvaldur Ingvaldsson - framkv.stjóri**
**Helgi H. Jónsson – lögg. fast.sali**
**Vilhjálmur Bjarnason - lögg. fast.sali**
**Hrafnhildur Helgadóttir - sölumaður**
**Kristinn Erlendsson - sölumaður**
**Steinunn Á. Frímannsdóttir - sölumaður**
**Guðný Guðmundsdóttir - sölumaður**
**Ólafur H. Haraldsson - sölumaður**
**Gunnar Magnússon - sölumaður**
**Ólafur Sævarsson - sölumaður**
**Kolbeinn Sigurðsson - sölumaður**

### Brúnastaðir - Grafavogi Einbýli



Fallegt einbýlishús með innbygðum bílskúr samtals 200,4 fm Húsið skiptist í anddyri, forstofuherbergi, baðherbergi, hol, stórt herbergi, baðherbergi, hjónaherbergi, fataherbergi, þvottahús, stofu, eldhús, búr, geymsluloft og bílskúr. Staðsett á rólegum og góðum stað þar útsýni er gott og stutt er í náttúruna en enga síður stutt í alla þjónustu svo sem verslun, skóla og heilsugæslu. sjón er sögu ríkari verð 49,9 m.

### Langamýri - Selfoss Rað- og parh.



Vandað, nýtt 85 fm raðhús á einni hæð í botnlanga í þessu ört vaxandi bæjarfélagi. Húsið skiptist í forstofu, Þvottahús með lúgu upp á háaloft, Hol, Rúmgott hjónaherbergi, Rúmgott og fallegt baðherbergi, Fallegt og gott eldhús og stór og mikil stofa og borðstofa með útgang í tyrfðan og góðan suð- austur garð, breiðar viðargardínur, á teikningum er gert ráð fyrir að hægt sé að bæta einu herbergi. Náttúrusteinflísar á öllum gólfum. Hvítir og kirsuberja skápar og innréttingar. Verð 18,5 m.

### Digranesvegur - Kóp Stærri íbúðir



Rúmgóð og vel skipulögð 6 herb. 130,7 fm aðal sérhæð í steinsteyptu og steniklæddu þríbýli með frábæru útsýni ásamt 23,2 fm bílskúr sem er innréttaður sem studioíbúð og er í útleigu. Leigutekjur geta verið um 40.000 kr. Lítil sem engin sameign. Sérgeymsla með glugga, mögulegt að nota sem lítið herbergi. Suðurlóð, algjör hitapottur í góðu veðri og mjög skjólgóð. Stutt í Smáralindina og bæði barnaskóla og menntaskóla. Verð 32,4 m.

### Strandasel - Rvík 3ja herbergja



Rúmgóð og björt, mikið endurn. 93,3 fm endaíbúð á 2. hæð í litlu 3ja hæða fjölbýli. Íbúðin skiptist í forstofu, gott hol og svefnherbergisgang með Pergo parketi. Rúmgott hjónaherbergi og annað gott herbergi með skápum og flottu útsýni. Fallegt og bjart baðherbergi með glugga, endurnýjað fyrir ca 8 árum. Fallegt eldhús með Pergo parketi, góð hvít og beyki innr., flott útsýni. Rúmgóð og björt stofa og borðstofa með Pergo parketi, útg. á stórar suð -vestur svalir. Verð 17,9 m.

Frum

### Frakkastígur - 101 Rvík Einbýli



Eitt fallegasta og sérstakasta húsið í miðbænum er nú til sölu. Um er að ræða Frakkastíg 24 og stendur húsið töluvert frá götunni með sérlega fallegan og glæsilegan garð framan við húsið að götunni, lóðin og húsið vekja mikla athygli vegfarenda. Húsið er skráð 116,1 fm sem skiptist í 36,8 fm kjallara, 42,5 fm aðalhæð og 36,8 fm rishæð. Að auki er óskráður geymsluskúr á lóðinni. Rafmagn yfirfarið. Ný útidyrahurð. Þak nýlegt. Verð 34,8 m.

### Brúnastaðir Grafarv. Rað- og parh.



Fjölskylduvænt, vel nýtt og gott 191,9 fm raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum 28,8 fm bílskúr á frábærum stað í fallegri götu í Staðahverfinu með góðu útsýni að auki eru um 30 fm óskráð rými þannig að heildarstærð eignarinnar er um 224,6 fm Verð 45 m.

## Rauðavað 13 - 25 – 110 Reykjavík



- 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir með sérinngangi
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Ísskápur og uppþvottavél fylgja
- Granít á borðum í eldhúsi og baði, einnig í sólbekkjum
- Geymsla og þvottahús innan íbúðar
- Hagstæð áhvílandi lán

### Hæðargata - Reykjanesbæ. Einbýli



Sérlega snyrtilegt, nýmálað og fjölskylduvænt 122 fm einbýlishús ásamt 40 fm sérbyggðum bílskúr á rólegum stað í fallegri götu með góðum garði þar sem er gróðurhús og nýr og stór suð vestur trésólpallur. Í húsinu eru 3 svefnherbergi, stór og góð borðstofa og stofa. nýstandsett baðherbergi ásamt skólplögn og nýstandsett eldhús. Nýtt járn og rennur á þaki. Verð 24,9 m.

### Krókavað - Rvík Stærri íbúðir



Glæsileg 4ra herbergja.136,2 fm efri sérhæð ásamt 32,3 fm bílskúr, samtals 168,5 fm. Íbúðin skilast fullbúin utan sem innan en án gólfefna. Vandaðar innréttingar, hiti í gólfi, tilbúið til afhendingar fljótlega. Verð 37,4 m.

## Kambavað 1-3 – 110 Reykjavík



- Nýtt lyftuhús með stórbrotnu útsýni
- Flottar 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir
- Fullbúnar án gólfefna
- Vandaðar innréttingar
- Sérinngangur í allar íbúðir
- Stæði í bílgeymslu fylgir hverri íbúð
- Stutt í gönguleiðir og útivistarperlur

**OPIÐ: Mánudaga til föstudaga kl. 9:00 - 17:00 — www.husid.is**

# Markaður og samfélag: Stjórnmál eða trúmál?

**UMRÆÐAN**
Pólitísk stefnumál


GLÚMUR BALDVINSSON

Lionel Jospin, fyrrverandi forsætisráðherra Frakka, sagði eitt sinn að hann væri hægrimaður þegar kæmi að markaðnum en vinstrimaður þegar kæmi að samfélaginu. Kapítalismi skyldi gilda á markaðnum en mannúð og bræðralag í samfélaginu. Hann hitti naglann á höfuðið. Stjórnmál verða að gera greinarmun á markaði og samfélaginu í heild.

Ég er einarður stuðningsmaður markaðshyggju, því að án hennar þrífst engin velferð og án hennar er engin von um að bæta lífsskilyrði þorra mannkyns. Það er grunnhyggni að vera á móti gróðasjónarmiðinu og órökrétt að vera hlynntur velferðarkerfi en standa gegn kapítalisma. Í því fólst misskilningur sósíalista.

Tvö helstu framfaraskeið íslenskrar hagsögu gengu í garð, þegar fáeinir forystumenn þjóðarinnar áttuðu sig á mikilvægi markaðslausna til að auka velferð. Fyrra framfaraskeiðið var á tímum viðreisnarstjórnarinnar og það seinna á seinasta áratug síðustu aldar. Frelsi á flestum sviðum viðskipta, þ.m.t. við útlönd, afnám ríkisafskipta ásamt aukinni samkeppni samkvæmt forskrift markaðslausna hefur breytt Íslandi til hins betra.

*Kapítalismi er tæki en ekki trúarbrögð. Ólíkt kommúnisma er kapítalismi ekki allsherjar hugmyndafræði eða takmark í sjálfu sér. Kapítalismi er tæki í höndum manna til að skapa auð.*

**Tæki en ekki trúarbrögð**

En samfélagið snýst ekki einvörðungu um markaðinn. Á Íslandi virðist það svo að forystumenn ríkisstjórnarinnar hafi fyllst ofurtrú á markaðnum en misst sjónar á grundvallarspurningunni sem snýst um samfélagið í heild. Svo virðist sem markaðsöflin, sem Alþýðuflokkurinn leysti úr læðingi í lok níunda áratugarins, hafi öðlast sess sem trúarbrögð þjóðarinnar. Til þess var leikurinn hins vegar ekki gerður.

Kapítalismi er tæki en ekki trúarbrögð. Ólíkt kommúnisma er kapítalismi ekki allsherjar hugmyndafræði eða takmark í sjálfu sér. Kapítalismi er tæki í höndum manna til að skapa auð. Kapítalismann má nýta til að auðga samfélagið, svo að þegnarnir hafi andrými til að sinna frelsi sínu. Hættan er sú að samfélagið „týni sálu sinni", ef mannleg samskipti byggjast á hörðum markaðslögmálum. Pólitík snýst fyrst og síðast um fólk, og peningar eru mikilvægur þáttur í þeirri viðleitni að bæta líf fólks. Það er kjarni málsins.

Munurinn á Bandaríkjunum og Evrópu er fólginn í aðgreiningu á markaði og samfélagi. Við dvöl mína í Ameríku komst ég að því að það er ekki ofsögum sagt, að „peningar tala, en taðið treðst undir" (money talks, bullshit walks)! Markaðurinn snarvirkar. Kraftmiklir menn geta orðið ævintýralega ríkir. En fyrr má nú rota en dauðrota. Afleiðingin er sú að Bandaríkin eru harðneskjulegt samfélag fárra ríkra og margra fátækra. Tötralýðurinn hefst svo við í slömmunum, eins og sópað undir teppi hinnar amerísku martraðar.

**Að týna sálu sinni**

Á sama tíma og markaðurinn er svo frjáls og óheftur fyrirfinnst vart meiri forsjárhyggja í hinum vestræna heimi. Hópur sjálfskipaðra, oft á tíðum ofstækisfullra, siðapostula á hægri væng stjórnmálanna, situr í dómarasæti um það, hvernig fólk skuli haga lífi sínu. Fólk óttast yfirvaldið. Hér liggur þverstæða hinnar amerísku frjálshyggju: Markaðsfrelsi fylgir skortur á umburðarlyndi. Það sem ekki er boðað, það er bannað. Dauðarefsingar tíðkast enn í þessu landi. Ströng viðurlög eru við hinum minnstu hliðarsporum. Mín tilgáta er sú að yfirdrifið frelsi á markaðnum, sem knýr frumkvöðulinn til að selja ömmu sína, leiði til þess að yfirvöld eru knúin til að beisla frelsið, þegar það geysist frá markaðnum yfir í önnur lög samfélagsins.

Í hinni „gömlu" Evrópu er markaðurinn er ekki eins skilvirkur, frumherjinn ekki jafn frjáls og auðsköpunin ekki jafn ör. Evrópumenn eru hins vegar ekki eins uppteknir af nýríkidæmi, þegnarnir njóta meira frelsis og þeir sýna hver öðrum meira umburðarlyndi. Samfélagið er frjálslyndara, afslappaðra og mildara. Kjarni málsins er sá að ríkið þröngvar fólki ekki til einsleitrar hegðunar í nafni pólitísks rétttrúnaðar. Vitaskuld er Evrópa ekki fullkomin fremur en Bandaríkin. Í Evrópu óttast menn hins vegar ekki yfirvaldið. Allir hafa aðgang að læknisþjónustu og menntun, og fátækrahverfin eru sem vin í eyðimörk bandarískra slömma.

**Jafnvægi mannúðar og markaðshyggju**

Mér virðist Ísland hafa færst hættulega nærri hinum ameríska veruleika, meiri áhersla er lögð á peninga en fólk. Teiknin eru á lofti: Ásókn í peninga er gegndarlausari en í Evrópu, nýríkidæmi er dýrkað og dáð. Röng skoðun kemur mönnum í hann krappan, og því keppast flestir við að flagga þeirri „réttu". (Til dæmis vörðu allir frambjóðendur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík stuðning Íslands við innrásina í Írak, aðspurðir í Fréttablaðinu. Ég er sammála Illuga Jökulssyni sem skrifaði í Blaðið að hann þyrði að hengja sig upp á það að þar töluðu sumir þvert um geð sér. Þrælslundin er því lík í trúarhreyfingu sjálfstæðismanna. (Ég myndi hengja mig með honum Illuga upp á það.) Hægrisinnaðir félagar mínir útlista mig kommúnista þegar ég viðra skoðanir mínar um markaðinn og samfélagið. Það er náttúrulega jafnfráleitt og ég stimpli þá fasista. Stjórnmál eiga að snúast um jafnvægi milli auðhyggju og umhyggju – á milli markaðshyggju og mannúðar.

Kosningarnar í vor snúast um það, hvort við viljum gefa samfélaginu mannlegri ásýnd í skjóli skynsamlegrar markaðshyggju, sem lýtur leikreglum þjóðfélagsins. Samfélag þar sem fólk á öllum sviðum fær notið sín og peningar hætta að vera mælikvarði alls og markmið í sjálfu sér, heldur afl þeirra hluta sem gera skal.

Viljum við endurvekja sálina í íslensku samfélagi þá sýnist mér að hleypa verði nýju blóði í landsstjórnina.

*Höfundur sækist eftir 5. til 8. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar..*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


Prófkjör Sjálfstæðisflokksins
í Suðvesturkjördæmi

4. sætið

Ég vil vinna fyrir þig!



Reynsla, þekking, brennandi áhugi á þjóðmálum og næm tilfinning fyrir þörfum fólks eru höfuðkostir þeirra sem ná árangri fyrir kjósendur sína.
Nái ég því markmiði mínu að skipa 4. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi mun ég vinna fyrir þig.

*Sigurrós Þorgrímsdóttir.*

*Hlíðasmára 2, Kópavogi · Sími 822 8650*
*www.sigurrosth.is*

Sigurrós til sigurs í 4. sæti



ÞITT TÆKIFÆRI
–ALLRA HAGUR

15. NÓV.

Ráðstefna um samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (CSR)

## Ráðstefna á vegum Háskólans í Reykjavík og KOM almannatengsla

**Nordica hotel 15. nóvember 2006 kl. 13.00-17.00**

- Hvernig standa íslensk fyrirtæki að samfélagslegri ábyrgð og hver er framtíðarsýn þeirra?
- Hvaða tækifæri felast í samfélagslegri ábyrgð?

**Fyrirlesarar**


Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis


Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar


Paul Scott, frkvstj. Next Step Consulting


Sigríður K. Hrafnkelsdóttir, nemi í MPH


Sören Mandrup Petersen, Þróunarhjálp Sameinuðu þjóðanna


Tómas Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls


Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins og fv. forsætisráðherra


Stjórnandi pallborðsumræðna Halla Tómasdóttir, frkvstj. Viðskiptaráðs Íslands

| | |
|---|---|
| 12.00 | **Innritun hefst** |
| 13.00 | **Guðfinna Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, býður þátttakendur velkomna** |
| 13.05 | **Setningarræða**<br>Þorsteinn Pálsson, ritstjóri Fréttablaðsins og fyrrum forsætisráðherra |
| 13.20 | **Hvernig skilgreinum við Samfélagslega ábyrgð fyrirtækja (CSR)?**<br>Sören Mandrup Petersen frá skrifstofu Þróunarhjálpar Sameinuðu þjóðanna |
| 13.40 | **Niðurstöður könnunar HR kynntar; Hvað er CSR í hugum íslenskra stjórnenda?**<br>Sigríður Kristín Hrafnkelsdóttir, nemi í MPH og fyrrum gjaldkeri Einstakra barna |
| 14.00 | **Samfélagsleg ábyrgð í framkvæmd hjá alþjóðlegum fyrirtækjum**<br>Tómas Már Sigurðsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls |
| 14.20 | **Kaffihlé** |
| 14.50 | **CSR Reporting**<br>Paul Scott, framkvæmdastjóri Next Step Consulting |
| 15.10 | **Hlutverk fyrirtækja í samfélaginu**<br>Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar |
| 15.30 | **Gerum gott betur - Samfélagsleg ábyrgð Glitnis**<br>Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis |
| 16.00 | **Pallborðsumræður**<br>Stjórnandi: Halla Tómasdóttir, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands |
| 17.00 | **Ráðstefnuslit og móttaka í boði Háskólans í Reykjavík** |

**Ráðstefnustjóri er Sigmundur Ernir Rúnarsson, rithöfundur og fréttastjóri Stöðvar**

**Ráðstefnugjald kr. 2.800**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY
KOM ALMANNATENGSL
GLITNIR
Alcoa Fjarðaál
SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
Nordica hotel

Nánari upplýsingar á vefsíðu Háskólans í Reykjavík, www.ru.is,
og á vefsíðu KOM almannatengsla, www.kom.is.

# Byr undir báða vængi – hugmynd að framtíð

**UMRÆÐAN**
Verðmæt þekking

Góðar hugmyndir, menntun og skapandi hugsun eru hlutabréf framtíðarinnar. Þetta veit unga fólkið sem fyllir átta háskóla landsins í dag, lengi vel voru háskólar landsins tveir. Komandi kynslóðir munu krefjast fjölbreyttra atvinnutækifæra sem snúa að þeirra áhugasviði. Stjórnvöld verða að fylgja þeirri þróun og byggja upp atvinnulíf þar sem ný og spennandi fyrirtæki vaxa og dafna. Þróun alþjóðasamfélagsins knýr okkur til að gera ráð fyrir samkeppni nágrannaríkjanna um hugvit og aðstöðu fyrir hátækni- og þróunarfyrirtæki. Íslensk stjórnvöld verða að koma út úr skápnum með hvert þau vilja stefna í atvinnumálum landsins.

Ör vöxtur íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja síðastliðin ár hefur verið slíkur að það skýtur skökku við að fyrirtæki úr þeim geira íhugi nú að flytjast úr landi vegna óstöðugleika í efnahagslífinu. Í meistaraprófsritgerð Sigrúnar Guðjónsdóttur í tölvunarfræði frá 2005 kemur fram að útflutningur hugbúnaðar- og tölvuþjónustufyrirtækja árið 2005 nam 4,3 milljörðum króna, sem er 22,6 prósenta hækkun frá árinu áður. Ef vöxtur þessa fyrirtækja verður með sama móti næstu árin er líklegt að útflutningur þeirra nemi 10 milljörðum árið 2010.

Það hefur löngum verið vinsælt hjá stjórnmálamönnum að skella fram hátíðlegum staðhæfingum um þekkingarsamfélagið Ísland. Kné hefur þó ekki fylgt kviði hjá núverandi stjórnvöldum og skýrari stefnuna skortir.


BRYNDÍS ÍSFOLD HLÖÐVERSDÓTTIR

*Hugmyndirnar, hugvitið og hugrekkið eru alls staðar í kringum okkur, gefum þeim byr undir báða vængi.*

Norðmenn hafa farið þá leið að bjóða þróunarfyrirtækjum að sækja um endurgreiðslu fyrir ákveðin þróunarverkefni innan sinna fyrirtækja. Við verklok endurgreiðir ríkið svo allt að 20 prósent af kostnaði við verkefnið. Kanadamenn hafa gengið enn lengra og endurgreitt hærra hlutfall þróunarkostnaðar eins og laun starfsmanna sem starfa við þróunarvinnu. Með þessu móti hafa Norðmenn og Kanadamenn veðjað á þessa tegund atvinnu sem framtíðargrunn í þeirra efnahagslífi og árangurinn lætur ekki standa á sér.

Þannig er hægt að styrkja og styðja betur við bakið á skapandi hátækni- og þróunarfyrirtækjum. Eins ættu stjórnvöld að sjá hag sinn í því að leggja meira fjármagn í Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og Tækniþróunarsjóð.

Við verðum að breyta stefnunni. Þróun atvinnumarkaðarins verður að dansa í takt við þarfir nútímans. Komandi kynslóðir munu vart flykkjast til starfa í álverum, í byggingarstörf tengd stóriðju eða fiskvinnslu. Menntun ungs fólks í dag býður upp á önnur störf og það versta sem ráðamenn geta gert er að fórna þeim mannauði. Við megum ekki gleyma því að leggja grunn og skapa umhverfi svo nýjar hugmyndir geti orðið að veruleika. Hugmyndirnar, hugvitið og hugrekkið eru alls staðar í kringum okkur, gefum þeim byr undir báða vængi.

*Höfundur býður sig fram í 6. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.*

# Frelsi til framtíðar

**UMRÆÐAN**
Atvinnustefna

Okkur sjálfstæðismönnum er mjög annt um frelsið. Kjarni sjálfstæðisstefnunnar er trúin á frelsi einstaklingsins og jöfn tækifæri allra til að þroska og njóta hæfileika sinna.

Við teljum að svigrúm og athafnafrelsi fólks og fyrirtækja verði best tryggt með lágmarksafskiptum hins opinbera.

Hvar stendur náttúra okkar þegar kemur að frelsinu, hver hefur frelsi til að nýta og njóta? Á undanförnum misserum hefur verið mikil umræða um umhverfismál og náttúruvernd og ekki eru allir á eitt sáttir um nýtingu náttúruauðlinda okkar Íslendinga.

Ísland er ríkt af auðlindum og að sjálfsögðu þarf að huga að því að nýta þær auðlindir með hagkvæmum og skynsömum hætti. Með öðrum orðum þurfum við að umgangast auðlindir okkar með þeim hætti að þær verði nýtanlegar í framtíðinni. Fiskveiðistjórnunarkerfi okkar hefur það meginmarkmið að gengið sé um fiskimið okkar Íslendinga með þeim hætti að auðlindin nýtist um ókomna framtíð; svo þarf að vera um aðrar auðlindir.


BRYNDÍS HARALDSDÓTTIR

*Ég er afar ósátt við að stjórnvöld taki eina atvinnugrein fram yfir aðra með sértækum aðgerðum eins og raunin er með álversframkvæmdir.*

### Getur ósnortið land verið auðlind framtíðarinnar?

Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á að umhverfismál séu skoðuð í samhengi. Taka þarf tillit til mismunandi sjónarmiða s.s. efnahagsvöxt, félagslega velferð og jöfnuð og vernd náttúrunnar. Stjórnvöld gegna mikilvægu hlutverki við mótun almennrar stefnu í umhverfismálum en ábyrgð einstaklingsins er ekki síður mikilvæg. Við eigum að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu auðlinda með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í þeirri virkjanaumræðu sem átt hefur sér stað hafa ákveðnir aðilar reynt að kljúfa þjóðina í tvær fylkingar, með og á móti virkjunum. En ég get engan veginn sætt mig við slíka flokka. Það er hægt að taka afstöðu með ákveðinni virkjun og á sama tíma vera á móti annarri virkjun. Nauðsynlegt er að ná sátt um hvar við munum í framtíðinni vilja virkja og hvar við viljum alls ekki að virkjað verði. Rammaáætlun um náttúruvernd er nauðsynlegt tæki til að hægt sé að ná sátt um málið.

### Atvinnustefna stjórnvalda

Ekkert álver hefur risið hér á landi án beinnar aðildar og atbeina stjórnvalda. Virkjanaáform hafa verið hluti af atvinnu- og byggðastefnu iðnaðarráðuneytisins. Ég er afar ósátt við að stjórnvöld taki eina atvinnugrein fram yfir aðra með sértækum aðgerðum eins og raunin er með álversframkvæmdir. Í mínum huga eiga stjórnvöld fyrst og fremst að byggja hér upp fyrsta flokks umhverfi fyrir atvinnustarfsemi. Tryggja þarf stöðugleika efnahagslífsins, menntun mannauðsins, uppbyggingu innviða og sanngjarnt og einfalt lagakerfi svo og lága skatta. Þessir þættir hafa áhrif á hvar fyrirtæki kjósa að staðsetja sig og það er á þeim forsendum sem Ísland á að keppa við önnur lönd þ.e. að hér sé ákjósanlegt að byggja upp atvinnustarfsemi og staðsetja fyrirtæki.

*Höfundur er varaþingmaður og gefur kost á sér í 4.-5. sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi.*

# Þrautaganga eftir þjónustu

**UMRÆÐAN**
Sjúklingar og aðstandendur

Á Íslandi eru nú 3000 manns með heilabilun á einhverju stigi, 60 prósent þeirra eru með Alzheimer. Heilabilun hefur verið kallaður fjölskyldusjúkdómur 21. aldarinnar. Þetta er óvæginn sjúkdómur sem hefur mjög mikil áhrif á aðstandendur, börn, barnabörn og ekki síst maka. Áætlað er að um 12.000 aðstandendur líði nú vegna hans. Þeim mun fjölga mjög á næstu árum vegna þess að þjóðin er að eldast.

Undanfarin ár hafa 3-400 einstaklingar greinst árlega, þar af eru um fimmtán manns á ári yngri en 65 ára. Sá aldurshópur þarf sérúrræði og fær dagþjálfun í Hlíðabæ, sem sérhæfir sig í þjálfun og þjónustu við þá.

Á tveimur ráðstefnum, sem haldnar voru í september er 100 ár voru liðin frá því að Alzheimersjúkdómurinn var fyrst uppgötvaður, kom fram að ýmsu í málefnum heilabilaðra er mjög ábótavant hér.

Fleiri sérhæfð úrræði vantar tilfinnanlega fyrir þennan hóp, sem ekki á samleið með öðrum sjúklingum. Sú þjónusta sem er til staðar er mjög góð, en hún dugar alls ekki til. Vandinn er stór og mun stækka, því heilabiluðum mun fjölga um helming á næstu fimmtán árum.

### Aðkallandi þörf

Þegar við ræðum um úrræði er eingöngu um höfuðborgarsvæðið að ræða. Í dreifbýlinu er nánast engin þjónusta í boði. Nánustu aðstandendur sjúklinga með heilabilun ganga oft heilmikla þrautagöngu til að fá þjónustu fyrir þá. Oft tekur langan tíma fyrir aðstandendur að átta sig á hvað er að. Fyrst viðkomustaður er minnismóttakan á Landakoti, sem veitir sjúkdómsgreiningu í kjölfar tilvísunar frá lækni.

Þar ættu sjúklingar og aðstandendur að geta fengið ráðgjöf, en minnismóttakan getur engan veginn annað þörfinni, biðin eftir fyrstu skoðun er fimm mánuðir og lengist ef ekkert verður að gert. Minnismóttakan er löngu sprungin og það í annað sinn frá árinu 1997, en hún var stækkuð árið 2000. Þetta er allt of löng bið, það viðurkenndi heilbrigðisráðherra í umræðu á Alþingi um þjónustuna við þennan hóp á dögunum.


ÁSTA R. JÓHANNESDÓTTIR

### 85 bíða eftir dagþjálfun

Næsta úrræði eru sérhæfðar dagdeildir, þar sem sjúklingar fá þjálfun og virkni á meðan aðstandendur geta um frjálst höfuð strokið.

Sex dagdeildir eru nú á höfuðborgarsvæðinu, góð úrræði sem flestir aðstandendur eru ánægðir með. En dagdeildirnar anna ekki nema broti eftirspurnar og sinna sjúklingum eingöngu frá kl. 8.00 til 16.00, jafnvel skemur. Það sem eftir er af sólarhringnum eru aðstandendur bundnir yfir sjúklingnum. Á dagdeildunum eru 116 rými fyrir allt að 130 sjúklinga. Samt bíða 85 aðgerðalausir heima

*Á dagdeildunum eru 116 rými fyrir allt að 130 sjúklinga. Samt bíða 85 aðgerðalausir heima eftir þjálfun. Oftast eru þeir í umsjá aðstandenda, en þessir sjúklingar þurfa mikið eftirlit og krefjandi umönnun.*

eftir þjálfun. Oftast eru þeir í umsjá aðstandenda, en þessir sjúklingar þurfa mikið eftirlit og krefjandi umönnun. Biðin eftir dagþjálfun má alls ekki vera of löng, því að fólk getur ekki nýtt sér þjálfunina ef það er búið að sitja of lengi aðgerðarlaust heima og fer þá fyrr en ella inn á hjúkrunarheimili.

### Skammtímavistun vantar

Allir hafa skilning á að foreldrar langveikra barna þurfi á reglulegri hvíld að halda til þess að hlaða batteríin. Það er enn meira bindandi og meira álag að annast sjúkling með heilabilun heima, því það er afar erfitt að fá einhvern til að leysa sig af.

Það eina sem býðst núna eru tvö rúm á Landakoti, á þriggja manna stofum innan um veikustu sjúklingana. Aðeins er boðið upp á þriggja vikna dvöl, með löngum fyrirvara. Þessum skammtímaplássum fækkaði um helming á síðasta ári.

Ekki er hægt að bregðast við ef makinn veikist, eða ef eitthvað óvænt kemur upp á í fjölskyldunni, t.d. að maki sé að gefast upp. Í slíkum tilfellum verður að fara með sjúklinginn inn á bráðamóttöku og inn á deildir sem alls ekki henta þessum sjúklingum. Í Danmörku er eitt hvíldarpláss á hverja 1000 íbúa og veitir ekki af.

### Heimaþjónusta gagnast ekki

Á höfuðborgarsvæðinu bíða á fjórða hundrað manns eftir hjúkrunarrými. Af tæpum 1200 hjúkrunarrýmum eru rúmlega 200 fyrir heilabilaða, eða 19 prósent. Þessi tala þarf að vera miklu hærri eða a.m.k. 50 prósent. Af þessum sökum bíða þessir sjúklingar að jafnaði langlengst heima eða á Landakoti eftir vistun.

Margir þessara sjúklinga eiga ekki aðstandendur sem geta annast þá, þeir geta oft ekki verið heima einir, því að heimaþjónustan gagnast þeim illa eða ekki. Dæmi um það eru sláandi. Sjúklingarnir fá heimsendan mat, gleyma að borða hann og nærast ekki, fá lyfjaskammta en gleyma að taka lyfin. Þeir eru settir fyrir framan sjónvarpsfréttir að kvöldi og sitja þar enn að morgni, alklæddir. Eðli sjúkdómsins er þannig.

Það er mikilvægt að við horfum fram á veginn og búum okkur undir það sem koma skal – stærri hópa þessara sjúklinga og aðstandenda – við verðum að bregðast við nú þegar.

*Höfundur er þingmaður Samfylkingarinnar.*

# Burt með dauðagildrurnar

**UMRÆÐAN**
Umferðaröryggi

Umferðaröryggi hefur mikið verið til umræðu að undanförnu í kjölfar margra umferðarslysa á þessu ári. Það var því vasklega gengið til verks þegar drifið var í því að sporna við fótum með átakinu „Nú segjum við stopp". Bendir margt til þess að átakið hafi skilað þeim árangri að dregið hefur úr hraða í umferðinni. Mér finnst átak af þessum toga mjög jákvætt framtak og segir okkur jafnframt að fræðsla og áróður skilar árangri.


ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

En betur má ef duga skal. Umferðaröryggi hefur ekki verið eflt nægilega þótt mörg öruggari umferðarmannvirki hafi verið byggð því það skortir markvissari aðgerðir. Maður furðar sig stundum á því hvers vegna við þurfum að láta hluti, sem allir eru sammála um að við þurfi að gera, hanga yfir okkur árum og jafnvel áratugum saman. Gott dæmi um þetta eru einbreiðar brýr á þjóðvegi nr. 1, hringveginum. Fjölda slysa á undanförnum áratugum má einmitt rekja til þessara furðulegu vegartálma sem margir kunna ekki að umgangast vegna ókunnugleika við þá. Sem betur fer fara þessi úreltu mannvirki að heyra sögunni til þar sem glittir í að allar brýr á hringveginum verði tvíbreiðar.

Nú blasir hins vegar við okkur nýtt verkefni af sama toga, sem ég tel að allir séu sammála um að ráðast í, en það er tvöföldun akreina þjóðvega sem tengjast höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi hinnar miklu umferðar sem er á þessum vegum gengur einfaldlega ekki að bílar aki í gagnstæða átt án þess að nokkuð skilji á milli. Við þurfum ekki annað en að líta til tvöföldunar Reykjanesbrautar til að sjá í hendi okkar hversu mikið öryggi felst í tvöföldun vega.

Ég hef alls ekkert á móti vegabótum úti á landi en það má samt ekki verða til þess að þjóðvegakerfi sem langflestir Íslendingar nota að jafnaði verði útundan. Látum nú ekki þessar augljósu dauðagildrur, sem vegir með tveimur akreinum hvorri í sína átt eru, hanga yfir okkur næstu áratugi. Tökum höndum saman og fækkum slysum í umferðinni með sérstöku átaki í að tvöfalda þjóðvegi sem tengjast höfuðborgarsvæðinu.

*Höfundur sækist eftir þriðja sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.*

# Súrsum, sjóðum, bökum og gefum gómsætar

# *aðventu- og jólagjafir*





***Nú er tíminn til að tengjast** og gefa!*

**Komdu og fáðu hugmyndir
að gjöfum sem gleðja bæði munn og maga
í ókeypis gjafabæklingi Nettó!**

P&Ó

**nettó**

## Kjarni málsins

> Starfsfólk í leikskólum eftir menntun 2005




# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**KENNARINN:** ARNÓR HANNIBALSSON

# *Kennsla er aldrei dans á rósum*

„Ég hef haft áhuga á mannfólkinu frá blautu barnsbeini, og fræðigreinum sem tengjast því: heimspeki, bókmenntum, listum og fagurfræði. Þegar ég komst á unglingsaldur áttaði ég mig á því að heimspeki var áhugavert svið og ég fór að kynna mér hana,“ segir Dr. Arnór Hannibalsson heimspekingur, en Háskólaútgáfan gaf nýverið út afmælisrit til heiðurs honum sjötugum.

Ritið heitir Þekking – engin blekking og er ritstýrt af Erlendi Jónssyni, Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni og Guðmundi Heiðari Frímannssyni. Í því eru greinar eftir marga þekkta fræðimenn á hinum ýmsu rannsóknarsviðum Arnórs svo sem þekkingarfræði, sagnfræði og sálfræði.

Starfs- og fræðimannsferill Arnórs er afar fjölbreyttur því hann sótti sótti menntun sína í háskóla í Moskvu, Varsjá, Kraká, Fribourg og Edinborg.

Arnór kenndi við heimspekiskor Háskóla Íslands frá 1976 til 2004. „Mér líkaði kennslan afar vel, það var ánægjulegt fyrir mig að geta unnið við það sem ég var búinn að verja ævinni í að búa mig undir, og að kenna unga fólkinu þessi fræði. Kennsla er hins vegar aldrei dans á rósum, sérstaklega ekki í háskóla, og maður hefur mörgum skyldum að gegna gagnvart faginu, stúdentum og stofnuninni. Það var alveg nóg að gera hjá mér á þessum tíma.“



■ **Skólinn**

## Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri



Landbúnaðarháskóli Íslands tók til starfa 1. janúar 2005. Skólinn er vísindaleg fræðslu- og rannsóknarstofnun á háskólastigi auk þess sem þar er boðið upp á starfsmenntanám í búfræði og garðyrkjutengdum greinum auk endurmenntunar. Þrjár deildir eru innan skólans, auðlindadeild, umhverfisdeild og starfs- og endurmenntunardeild. Nám til BS prófs er á fjórum námsbrautum; búvísindum, náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði/landgræðslu og umhverfisskipulagi (fornám að landslagsarkítektúr). Einnig er boðið upp á masters- og doktorsnám.

■ **Ráðstefna um fjölmiðlun og boðskipti**

## 80 ár frá fyrstu hljóðvarpsútsendingunni

Þverfagleg ráðstefna í boði Rannsóknaseturs um fjölmiðlun og boðskipti við Háskóla Íslands verður haldin í sal 101 í Odda laugardaginn 11. nóvember milli klukkan 10.00 og 15.30. Þekktir fræðimenn flytja tólf erindi um útvarp og sjónvarp frá sjónarhornum margra ólíkra fræðigreina.

Ráðstefnan er haldin til að minnast nokkurra áfanga í sögu útvarps hér á landi, en um þessar mundir eru 80 ár liðin frá upphafi hljóðvarpsútsendinga hér á landi árið 1926; 40 ár eru í ár liðin frá upphafi innlends sjónvarps árið 1966; 20 ár eru liðin frá því einkaréttur Ríkisútvarpsins til útvarps var afnuminn og einkarekið hljóðvarp og sjónvarp hóf göngu sína á ný og 75 ár voru í fyrra liðin frá upphafi hljóðvarps Ríkisútvarpsins árið 1930.

Aðgangur að ráðstefnunni er ókeypis og hún er öllum opin.



■ **Málþing um akademískt frelsi**

## Frelsi og sjálfstæði í vísindum

Félag háskólakennara og Félag prófessora við Háskóla Íslands boða til málþings um akademískt frelsi í Öskju (stofu 132) föstudaginn 10. nóvember á milli klukkan 13.30 og 17.00. Þar verða flutt þrjú framsöguerindi. Sigurður Erlingsson, formaður Félags prófessora, gerir grein fyrir umræðu um akademískt frelsi á þingi norrænna háskólakennara sem haldið var í Stykkishólmi síðastliðið vor, Þórólfur Þórlindsson prófessor talar um fjármögnun rannsókna og Bente Gullveig Alver, prófessor frá Björgvin, spyr hvort og hvernig við getum lifað með leiftursókn stjórnmála og markaðar gegn frelsi og sjálfstæði í vísindum.



■ **Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands**

## Auglýst eftir umsóknum um styrki

Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands auglýsir eftir umsóknum um styrki. Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi og þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2006 og skulu umsóknir sendar Öldrunarráði Íslands, Hverahlíð 20, 810 Hveragerði.

■ **Málþing um Skriðuklaustur**

## Hlutverk klausturs í miðaldasamfélagi

Málþing um Skriðuklaustur verður haldið í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands laugardaginn 11. nóvember, kl. 11-15. Málþingið byggir á rannsóknum fræðimanna á klaustrinu á Skriðuklaustri í Fljótsdal, sem var stofnað undir lok 15. aldar en var lagt af við siðaskiptin. Uppgröftur á rústum þess hefur nú staðið yfir í fimm ár og hefur um helmingur klausturbygginganna verið grafinn upp.

Rannsóknin hefur varpað nýju ljósi á hlutverk klaustursins í íslensku miðaldasamfélagi. Fjöldi þekktra fræðimanna heldur fyrirlestra á málþinginu. Stjórnandi málþingsins verður dr. Sveinbjörn Rafnsson prófessor.



■ **Lego hönnunarkeppni**

## Leitað af besta kubbavélmenninu

Laugardaginn 11. nóvember verður Íslandsmót LEGO-hönnunarkeppninnar haldið í annað sinn hér á landi. Að þessu sinni í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands við Sturlugötu. Sama dag verður sams konar keppni haldin í flestum Evrópulöndum. LEGO-hönnunarkeppnin eða First LEGO League eins og hún er kölluð á frummálinu, er alþjóðleg keppni fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára og samanstendur af þraut þar sem keppendur smíða og forrita vélmenni úr tölvustýrðu LEGO (Lego-mindstorm) og vinna vísindalega rannsókn. Verkfræðideild Háskóla Íslands, fyrirtækin Marel og Barnasmiðjan ásamt fulltrúm kennara skipa stýrihóp First Lego League á Íslandi. Ætlunin er að senda keppnina beint út á vefsíðu keppninnar www.firstlego.is.





**ÁSGEIR RUNÓLFSSON** Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs telur að upptaka skólagjald við ríkisháskóla gæti komið í veg fyrir að nemendur færu í ákveðnar námsgreinar á háskólastigi.

# Stúdentaráð gagnrýnir menntamálaráðherra

**Stúdentaráð Háskóla Íslands gagnrýnir þá hugmynd að „óhjákvæmilegt“ sé að taka upp umræðu um skólagjöld við ríkisháskóla, sem kynnt var á ráðstefnunni „Menntun í mótun“ í lok október.**

Stúdentaráð HÍ sendi opið bréf til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra á fjölmiðla fyrir helgi, þar sem það krafði hana svara við spurningum um stefnumörkun í námi á háskólastigi hér á landi á næstu árum, sem gert var grein fyrir á ráðstefnunni. „Við viljum vita hvort ríkið ætli að veita meiri fjármunum í háskólastigið á næstu árum með því að greiða meira með hverjum nemanda. Jafnframt viljum við vita hvað Þorgerður á við þegar hún segir að „mögulega“ standi til að taka upp skólagjöld við ríkisháskóla og í framhaldi af því viljum við vita af hverju það hafi ekki farið fram upplýst umræða um skólagjöld áður en þau voru tekin upp við einkareknu háskólana,“ segir Ásgeir Runólfsson, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs.



**ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR** Ein af niðurstöðum umræðuhóps í málefnum háskóla er að „óhjákvæmilegt“ sé að taka upp umræðu um skólagjöld í ríkisreknum háskólum.

Stúdentaráð telur að einkareknir háskólar kosti ríkið meira en þeir ríkisreknu því LÍN niðurgreiði lán til nemenda fyrir skólagjöldum. Ásgeir segir að fimmtíu prósent þessa láns sé í raun styrkur til nemenda og bætir því við að einkareknu skólarnar fái auk þess sama fjárframlag með hverjum nemanda og ríkisreknu skólarnir.

„Svo innheimta einkareknu skólarnir skólagjöld af nemendum sínum. Af þessu sést að ríkið er í raun að styrkja einkarekna skóla meira en þá ríkisreknu. „Stúdentaráð spyr í bréfinu hvort Íslendingar ætli að hafa menntun áfram gjaldfrjálsa eða hvort nú eigi að víkja frá þessu grunngildi.

Um þetta segir Ásgeir; „Við viljum búa í landi þar sem fólk hefur jöfn tækifæri til að mennta sig.“ Ásgeir telur jafnframt að upptaka skólagjalda gæti orðið valdur að mikilli fækkun nemenda í námi sem líklega muni ekki tryggja þeim háar tekjur, og þess vegna myndi fjölbreytileikinn í samfélaginu minnka. Hann bætir því við að þar eigi hann við ýmsar námsgreinar í félags- og hugvísindum, sem hugsanlega myndu fara halloka ef skólagjöld yrðu tekin upp við ríkisháskólana.

**ingi@frettabladid.is**

# Nemanet innleitt í skólakerfið

Ásta Kristrún Ragnarsdóttir, stendur á tímamótum. 25 ár eru liðin síðan hún hóf störf sem námsráðgjafi en hún er fyrsti Íslendingurinn sem lauk framhaldsnámi sem slíkur, auk þess sem innleiðing á veflægu námstækniforriti, Nemaneti, sem hún hefur verið að þróa síðastliðin fjögur ár er í fullum gangi í skólakerfinu. Ásta á í samvinnu við þrjá skóla á þremur skólastigum sem eru að prófa forritið: Valhúsaskóla á grunnskólastiginu, Menntaskólann við Sund á menntaskólastiginu og Háskólann í Reykjavík á háskólastiginu.

„Þetta er lestraraðferðartæki sem á að hjálpa fólki að lesa og glósa á skipulegan hátt,“ segir hún og bætir því við að forritinu sé ætlað að vinna bug á þremur helstu umkvörtunarefnum nemenda: einbeitingarleysi, erfiðleikum með að muna námsefni og vandkvæðum við að koma efninu frá sér í orði.

Eftir tíu daga kemur út útgáfa af Nemanetinu sem byggir á þróunarvinnu síðustu fjögurra ára. „Ég hef þær væntingar til forritsins að námsmenn nýti sér tækið til að bæta árangur sinn í námi. Ef þú lærir að vinna eins og forritið kennir þá býrðu alltaf að því, hvort sem er í námi eða starfi.“ **- ifv**



**ÁSTA KRISTRÚN RAGNARSDÓTTIR** Ásta vinnur að innleiðingu lestrarforritsins Nemaneti inn í íslenska skólakerfið.

25% afsláttur af dýrafóðri í Nettó

# Hunda- og kattadagar

## í Nettó 6.–12. nóvember

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi




Purina | Friskies | Chrisco | Pussi

nettó
alltaf gott - alltaf ódýrt

**CARL SAGAN FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1934**

*Ímyndunaraflið fer oft með okkur til heima sem aldrei hafa verið til en án þess förum við hvergi.*

***Stjörnufræðingurinn flutti alheiminn heim í stofu með sjónvarpsþáttunum Cosmos.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 9. NÓVEMBER 1989

## *Hlið Berlínarmúrsins opnuð*

Sautján ár eru í dag liðin frá því að stjórnvöld í Austur-Þýskalandi létu undan þrýstingi almennings og opnuðu hlið Berlínarmúrsins upp á gátt. Þau fylgdu þar fordæmi ungverskra stjórnvalda, sem höfðu opnað landamæri sín fáeinum vikum fyrr.

Austur-Þjóðverjum hafði í fjóra áratugi að mestu verið bannað að ferðast yfir til Vestur-Þýskalands, augljóslega til þess að fyrirbyggja fjöldaflótta úr landinu.



**BERLÍNARMÚRINN** Alræmdi múrinn sem klauf Þýskaland í tvennt að lokinni seinni heimsstyrjöldinni var rifinn 1989.

Hins vegar höfðu Austur-Þjóðverjar hindrunarlítið mátt ferðast til annarra austantjaldslanda, þar á meðal til Ungverjalands, þannig að múrinn þjónaði litlum tilgangi eftir að hægt var að komast til Vestur-Þýskalands í gegnum Ungverjaland og Austurríki. Vikurnar á undan höfðu miklar sviptingar verið í austur-þýskum stjórnmálum, kommúnistastjórnin var smám saman að missa völdin og gat ekki lengur staðið gegn háværum kröfum almennings um lýðræði.

Múrinn illræmdi var opnaður að kvöldi fimmtudagsins 9. nóvember árið 1989. Strax daginn eftir fóru að heyrast hamarshögg hvarvetna við múrinn, þegar fólk byrjaði að rífa hann niður smátt og smátt, margir til að næla sér í brot úr múrnum til minningar um þetta undarlega fyrirbæri í sögu Þýskalands.

Hinn 3. október 1990 voru Austur- og Vestur-Þýskaland svo sameinuð í eitt ríki.

## MERKISATBURÐIR

**1918** Vilhjálmur II Þýskalandskeisari skýrir frá því að hann muni segja af sér.

**1923** Tilraun þýskra nasista til valdaráns í München er barin niður af lögreglu.

**1938** Þýskir nasistar fara rænandi og ruplandi, myrðandi og meiðandi um fyrirtæki og heimili þýskra gyðinga á „Kristalsnóttinni" svonefndu.

**1956** Jean-Paul Sartre afneitar kommúnistum í kjölfar innrásar sovéska hersins í Ungverjaland.

**1961** Brian Epstein hittir Bítlana í fyrsta sinn.

**1976** Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna fordæmir aðskilnaðarstefnu hvítra stjórnvalda í Suður-Afríku.

GÍSLI GÍSLASON: FYRSTI FEÐRADAGURINN Á ÍSLANDI Á SUNNUDAGINN

# Lykilatriði í jafnréttisbaráttu

Fyrsti feðradagurinn í sögu Íslands gengur í garð á sunnudag, en samþykkt var í sumar að annar sunnudagur í nóvember ár hvert yrði helgaður feðrum. Mæður hafa hins vegar til margra ára átt annan sunnudaginn í maí. Aðspurður hverju það sæti að feður hafi orðið útundan í þessum efnum segist Gísli Gíslason, formaður Félags ábyrgra feðra, ekki viss. „Á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum hefur feðradagurinn verið til áratugum saman. Þar var hann tekinn upp á sama tíma og mæðradagurinn. Ég held nú reyndar að mæðradagurinn hafi sprottið úr baráttu Félags einstæðra foreldra, sem eru gjarnan mæður. En feðradagurinn fylgdi ekki með," sagði Gísli. Félag ábyrgra feðra stendur fyrir ráðstefnu um stöðu íslenskra feðra og barna á Hótel Nordica á sunnudag. „Við í félaginu bentum á það í blaðinu okkar í vor að það væri ekki til feðradagur. Reyndar er ekki heldur til dagur barna eða fjölskyldu eins og tíðkast í sumum fjarlægari löndum. Mér finnst vera full ástæða til að taka þessa daga upp. Fjölskyldan verður sífellt flóknari og það þarf að vinna að því að skilja hana. Eins líta feður í dag hlutverk sitt öðrum augum en feður þeirra eða afar gerðu," sagði Gísli. „Það er lykilatriði fyrir jafnréttisbaráttu og samfélagið allt að ræða hvernig við viljum hafa nútíma feður."

Meðlimir félagsins eru nú um 600 manns og segist Gísli hafa fundið fyrir miklum skilningi á málefnum þess. „Mér finnst málstaður okkar fá sífellt jákvæðari og jákvæðari viðbrögð í samfélaginu. Mér finnst málstaður okkar og kvenna reyndar vera svipaðir. Fyrir mér er foreldrajafnrétti leið til launajafnréttis. Báðir foreldrar eiga að hafa jafna ábyrgð í uppeldinu," sagði Gísli. „Bæði innlendar og erlendar rannsóknir hafa sýnt fram á að þátttaka feðra í uppeldi er góð fyrir börnin. Eins vegnar börnunum betur eftir því sem foreldrar eru virkari í uppeldinu," bætti hann við.

Ráðstefnan hefst klukkan tvö og eru allir velkomnir. „Svo verðum við með pössun fyrir börnin, þannig að helgarpabbar, sem og aðrir pabbar, þurfa ekkert að láta það aftra sér að þeir séu með börnin. Mér finnst mikilvægt að foreldrar, mæður líka, mæti og taki þátt í pallborðsumræðunni um hvernig foreldri í nútímasamfélagi á að vera til að geta verið börnunum sem best," sagði hann.



**GÍSLI GÍSLASON** Fjallar um stöðu íslenskra feðra og barna á ráðstefnunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

sunna@frettabladid.is



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Andrés Ásmundsson**

*læknir, Sjafnargötu 14, Reykjavík,*

verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 10. nóvember kl. 15. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Íþróttafélag fatlaðra í Reykjavík.

**Þorbjörg Pálsdóttir**
**Stefán Andrésson** — **Þórunn Andrésdóttir**
**Katrín Andrésdóttir** — **Gunnar Kristjánsson**
**Þóra Andrésdóttir** — **Gunnar H. Roach**
**Andrés Narfi Andrésson** — **Ása Sjöfn Lórensdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Okkar yndislega móðir, tengdamóðir og amma,*

**Eva Kristinsdóttir**

sjúkraliði, Austurströnd 10, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landspítalans, mánudaginn 6. nóvember. Jarðarförin auglýst síðar.

**Kristinn Ólafsson** — **Laufey Elísabet Gissurardóttir**
**Berglind Ólafsdóttir** — **Dag Helge Iversen**
**Anna Lóa Ólafsdóttir**
**Margrét Lind Ólafsdóttir** — **Jóhann Pétur Reyndal**
**Magnús Sverrir Ólafsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðný Theódórsdóttir Bjarnar**

húsmóðir,

lést mánudaginn 30. október á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hennar verður gerð frá Bústaðakirkju föstudaginn 10. nóvember kl. 13.00.



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar , tengdamóðir, amma, dóttir og tengdadóttir,*

**Marólína Arnheiður Magnúsdóttir (Malla)**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 6. nóvember.

**Bogi Sigurðsson**
**Sigurður Bogason** — **Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir**
**Magnús Bogason**
**Arnheiður B. Magnúsdóttir**
**Bogi Arnar Sigurðarson**
**Sigurjón Andri Sigurðarson**
**Þóranna Vigdís Sigurðardóttir**
**Elín Sigurðardóttir**
**Sigurður B. Sigurðsson.**



†

*Áskær móðir okkar, sambýliskona, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valgerður Viktoría Valdimarsdóttir**

frá Vestmannaeyjum, síðast búsett að Silfurgötu 39, Stykkishólmi,

**lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 3. nóvember. Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.**

**Andrea Gunnarsdóttir** — **Pétur Andersen**
**Rósa Gunnarsdóttir** — **Ármann Gylfason**
**Gunnar Gunnarsson** — **Íris Ragnarsdóttir**
**Einar Hólm Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Elskuleg systir mín, mágkona og móðursystir okkar,*

**Jódís Snorradóttir**

áður Leifsgötu 5, Reykjavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar þriðjudaginn 7. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda,

**Helga Jónsdóttir, Hafsteinn Hólm og systrabörn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Eðvarð Örn Olsen**

lést þriðjudaginn 31. október á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut.

Útför hans fer fram frá Fella- og Hólakirkju föstudaginn 10. nóvember kl. 15.00.

**Sigþrúður Ingólfsdóttir og fjölskylda.**


LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is



Legsteinar
Kynningarafsláttur af völdum tegundum
Fjölbreytt úrval
Hagstæð verð
Stuttur afgreiðslufrestur
Steinsmiðjan Rein
Viðarhöfða 1 · 110 RVK.
sími 566 7878 · www.rein.is

BJÖRN BRYNJÚLFUR: FÉLAG KVIKMYNDAGERÐARMANNA 40 ÁRA

# Þekkingariðnaður í sókn

„Við ákváðum að hafa ekki nein hátíðarhöld heldur sýna frekar þann hæfileika sem býr í Félagi kvikmyndagerðarmanna og vekja þannig athygli á þeim skorti sem er á leiknu efni í íslensku sjónvarpi á jákvæðan hátt,“ segir Björn Brynjúlfur Björnsson, formaður Félags kvikmyndagerðarmanna, sem í dag fagnar fjörutíu ára afmæli með heldur óvenjulegum hætti. Félagið frumsýnir í kvöld í Listasafni Íslands fjörutíu íslenskar kvikmyndir eftir jafnmarga leikstjóra sem allar eiga það sameiginlegt að vera ein mínúta en meðal þeirra sem leggja sitt af mörkum eru Baltasar Kormákur, Ágúst Guðmundsson og Dagur Kári Pétursson.

Félag kvikmyndagerðarmanna var stofnað þegar Ríkissjónvarpinu var komið á fót og segir Björn Brynjúlfur að félagið hafi vaxið og dafnað jafnt og þétt á þeim tíma sem það hefur verið starfandi. „Kvikmyndagerð er þekkingariðnaður af bestu gerð því þar blandast saman hugvit og handverk,“ segir Björn. „Við Íslendingar getum því alveg lagt okkar af mörkum til þessa iðnaður, rétt eins og við höfum gert í bókmenntum og öðrum listgreinum,“ bætir formaðurinn við.

Ekki hefur farið framhjá neinum að íslenskur kvikmyndaiðnaður blómstrar nú sem aldrei fyrr. Kvikmyndin Mýrin hefur verið að slá hvert metið af fætur öðru auk þess sem bæði Börn eftir Ragnar Bragason og Blóðbönd í leikstjórn Árna Ólafs Ásgeirssonar hafa fengið mjög góða dóma bæði hér heima og erlendis að ógleymdum öllum þeim heimildarmyndum sem ratað hafa á hvíta tjaldið og í sjónvarp. Björn segir líka að íslenskir kvikmyndagerðarmenn séu farnir að líta sér nær og fjalli í sífellt meira mæli um samfélagið eins og það er en ekki eins og það var. „Íslenskir leikstjórar taka í dag á þeim vandamálum sem íslenska þjóðin glímir við í bæði leiknum myndum og heimildarmyndum enda er þessi iðnaður nauðsynlegur spegill samtímans,“ segir Björn. **freyrgigja@frettabladid.is**



**KVIKMYNDAGERÐ Í BLÓMA** Björn Brynjúlfur telur mikla grósku vera innan íslenska kvikmyndaiðnaðarins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON** Leikstýrir mínútumyndinni Íslenskt bíó sem sýnd verður í Listasafni Íslands í kvöld.



**BLÓÐUGIR** Erpur Eyvindarson er ansi vígalegur í stuttmyndinni Hún talar íslensku ásamt Valdimar Erni Flygering.

# Fagnað með mínútumyndum

Félag kvikmyndagerðarmanna fagnar fjörutíu ára afmæli sínu með heldur óvenjulegum hætti en leitað var til fjörutíu leikstjóra og þeir beðnir um að gera jafnmargar myndir. Leikstjórarnir fengu frjálsar hendur með efnisval og voru viðtökurnar mjög góðar.

Erpur Eyvindarson leikur eitt aðalhlutverkanna í mínútu-myndinni Hún talar íslensku sem sýnd verður í Listasafni Íslands í kvöld. Myndin fjallar um hvað gerist inni í fjárhúsi í miðri sláturtíð þegar í ljós kemur að ein kindin talar íslensku. Leikstjóri myndarinnar er Ari Alexander Ergis en meðal annarra leikara eru reynsluboltarnir Valdimar Örn Flygering og Benedikt Erlingsson.

Erpur er ekki óvanur slátrunum, var í sveit í Eyjafirði og því voru hæg heimatökin þegar tökur hófust. „Ég hefði hins vegar ekki getað verið þarna, ataður í alvöru blóði enda finna skepnurnar lyktina af því og verða alveg brjálaðar,“ segir Erpur sem jafnframt hefur mikla reynslu af gerð stuttmynda, gerði ófáar með bróður sínum Eyjólfi og lék ósjaldan í þeim. Þetta hafi því ekki verið ný reynsla fyrir hann að standa fyrir framan tökuvélina.

Erpur segir að sér hafi hins vegar komið á óvart hversu mikið fyrirtæki það hafi verið að gera svona stutta mynd, handritið hafi jú ekki verið meira en ein blaðsíða. Hún talar íslensku er öll tekin á filmu og því var vandað vel til verks. „Þeir tóku sér dágóðan tíma til að leita að tökustöðum og pældu mikið í öllum smáatriðum. Þegar mynd er jafn stutt og þessi má ekkert fara til spillis,“ segir leikarinn

Erpur hefur í nógu að snúast þessa dagana. Hann stundar nám í margmiðlun við Margmiðlunarskólann auk þess sem rappgrúppan Rottweiler-hundarnir er komin aftur á stjá. „Ég reyni að semja tónlist og skrifa texta og handrit á milli þess sem ég kafa ofan í skólabækurnar.“ **- fgg**



**HUGSAÐ ÚT Í ÖLL SMÁATRIÐI** Ari Alexander leikstýrir myndinni og hugsaði út í öll smáatriði enda má ekkert fara til spillis þegar tíminn er svona knappur.

# Fyrstu kynni Bítlanna og Epstein

Bítlaaðdáendur ættu að halda daginn hátíðlegan, því í dag eru liðin fjörutíu og fimm ár frá þeirri örlagaríku stundu að Brian Epstein lagði leið sína á klúbbinn Cavern í Liverpool til að hitta hljómsveit að nafni Bítlarnir. Tveimur mánuðum síðan tók hann hljómsveitarmeðlimina frægu upp á arma sína og gerðist umboðsmaður þeirra.

Epstein lagði ómetanlega hönd á plóginn við að koma Bítlunum á framfæri. Þegar hann gekk til liðs við sveitina hafði hún starfað í nokkur ár, en aldrei notið velgengni. Epstein hafði enga reynslu af starfi umboðsmanns en tókst nú samt að krækja í plötusamning fyrir drengina. Hann ráðlagði þeim jafnframt að skipta um föt, en fyrir tíma Epsteins höfðu dáðadrengirnir komið fram í gallabuxum og leðurjökkum og eiga unglingsstúlkur sjöunda áratugsins Epstein því ýmislegt að þakka. Epstein lést árið 1967 eftir að hafa tekið of stóran skammt af svefntöflum fyrir slysni og síðar meir áttu Bítlarnir eftir að tala um dauða Epsteins sem upphafinn að endi samstarfs þeirra.



**TÓNLISTARMENNIRNIR SÍVINSÆLU** Áttu Epstein margt að þakka, en honum tókst að koma þeim á framfæri þrátt fyrir reynsluleysi sitt. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Gullbrúðkaup

**Jónínu Margrétar Hermannsdóttur**

og **Jakobs S. Sigurðssonar**

Kirkjubraut 1, Njarðvík.

Í tilefni af því að nú eru liðin 50 ár síðan við hjónin gengum í hjónaband, verður haldin Gullbrúðkaupsveisla í Safnaðarheimilinu við Innri-Njarðvíkurkirkju, 11. nóv. frá kl. 18.00. Blóm og gjafir vinsamlegast afþakkaðar, en þeir sem vilja gleðja okkur geta lagt góðu málefni lið, með því að leggja í söfnunarbauk sem staðsettur er við hlið gestabókar.



**80 ára afmæli**

**Höskuldur Jónsson**

fyrrverandi símaverkstjóri

Kolbeinsgötu 52, Vopnafirði,

**er 80 ára í dag**

Hann er að heiman.



**95 ára afmæli**

Í dag er frú

**Ásta Jónasdóttir**

Hjallaseli 55, 95 ára.

Afmæliskveðja frá öllum afkomendum.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




## STUÐ MILLI STRÍÐA Skammdegisframtakssemi

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** HLAKKAR TIL MYRKRAVERKANNA



Skanmdegið hefur haldið innreið sína á ný, og uppsker að vanda stunur og skammir þungbrýndra Íslendinga. Ég hef ekki lent í klónum á skammdegisþunglyndinu alræmda nema einu sinni. Þá svaf ég myrkranna á milli, sem var töluvert tímafrekt ef litið er til þess að þetta var í janúar.

Mánuðina fyrir jól er skammdegisþunglyndi hins vegar víðs fjarri. Ég sé þennan tíma í hillingum allt árið, og frá og með júlí fer mig að dagdreyma um smákökubakstur og jólaþrif. Fjárútlát vegna kertakaupa hafa nú þegar rokið upp úr öllu valdi og kötturinn hættir sér ekki lengur nálægt eldhússkápnum þar sem ég geymi reykelsin mín vegna hins megna fnyks sem frá honum leggur. Ég er farin að íhuga hvernig ég ætla að skreyta jólapakkana, hvenær ég ætti að föndra jólakort, semja ljóðabálk fyrir ástvini mína, gera konfekt og enska jólaköku og drekkja íbúðinni fyrst í Ajaxi og svo í jólaskrauti.

Ég virðist gleyma því á hverju ári að mér hefur alltaf hundleiðst að föndra jólakort og kvartaði yfir þeirri iðju fjölskyldunnar árum saman. Ensk jólakaka þykir mér óæt og konfektið mitt hefur yfirleitt skemmst í ísskápnum. En það er heldur ekki afrakstur jólastússins sem á hug minn allan. Það er bara eitthvað við þennan tíma sem heillar mig: þegar stressmörkin rísa og fólki finnst þriggja tíma svefn á nóttu hæfilegur, framtakssemi er í hámarki og suðusúkkulaði klárast í hornbúðinni. Fólk vaknar úr dvala og föndrar með fjölskyldunni og býður vinum og vandamönnum í jólaglögg, þrátt fyrir að miðað við dagsbirtuna ætti það eðli málsins samkvæmt að liggja einhvers staðar niðurgrafið í híði.

Ég er held ég aldrei jafn framtakssöm og í skammdeginu fyrir jólin, ekki einu sinni yfir hásumarið. Þessi árstími er mér því kærkominn. Ég get kveikt á kertum og unnið mín myrkraverk í algjörri hamingju.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Platan Late Nite Cult Show tíu ára

Hljómsveitin Stripshow hefur endurútgefið sína fyrstu og einu plötu, Late Nite Cult Show, sem kom út fyrir tíu árum.

Platan hafði að geyma frumsamda rokkóperu þar sem öll lögin tengdust í eina heild. Fjallaði hún um uppreisn minnihlutans gegn ofurvaldi feita leikhússtjórans. „Platan seldist upp og hefur ekki verið til í fimm til sex ár,“ segir Ingó, gítarleikari Stripshow. „Við höfum fengið margar fyrirspurnir um hana og þá kom þessi hugmynd því það eru tíu ár síðan hún kom út.“

Lagið Blind, þar sem Andrea Gylfadóttir var gestasöngvari, naut nokkurra vinsælda og var m.a. spilað á MTV í Evrópu. Platan vakti athygli í Japan og Suður-Kóreu, þar sem tónlistin var bönnuð vegna „kláms“, „guðlasts“ og „andfélagslegs boðskapar“ í textunum. „Þegar við gáfum hana út í Japan og Suður-Kóreu höfðum við endurútgefið nokkur lög og þessar útgáfur komu aldrei út hér á Íslandi, þannig að okkur fannst við hæfi að gefa þau út núna. Hljómurinn er líka betri en nokkru sinni fyrr,“ segir Ingó og bætir því við að platan verði m.a. seld á tilboði í verslun inni 2001.



**STRIPSHOW** Hljómsveitin Stripshow hefur endurútgefið plötuna Late Nite Cult Show.

Með plötunni fylgir m.a. myndband við lagið Where are we now? Einnig er þar nýtt lag, Here comes the spider, þar sem bassaleikarinn Dennis Dunaway sem áður var í Alice Cooper-hljómsveitinni, er til aðstoðar.

Ingó segir að þeir félagar í Stripshow séu að íhuga tilboð sem sveitin fékk um að koma saman á nýjan leik. Yrði þá bara um þetta eina skipti að ræða. Nánari upplýsingar um Stripshow má finna á myspace.com/stripshowband.

# Masiello til Íslands

Plötusnúðurinn Desyn Masiello þeytir skífum á skemmtistaðnum Nasa hinn 1. desember næstkomandi. Þetta verður í fyrsta sinn sem Masiello kemur hingað til lands.

Desyn er sá plötusnúður sem hefur skotist hvað hraðast upp í vinsældum af öllum öðrum plötusnúðum og er hann sá eini í heiminum sem hefur náð að spila á áttatíu mismunandi klúbbum og hátíðum á aðeins hundrað dögum.

Á undan Desyn spila á Nasa þáttastjórnendur Flex, þeir Ghozt & Brunhein. Forsala hefst föstudaginn 10. nóvember í 12 tónum. Miðaverð er 1.500 krónur. Nánari upplýsingar má finna á www.flex.is.



**DESYN MASIELLO** Plötusnúðurinn Desyn Masiello þeytir skífum á Nasa 1. desember.

# Ekki rugla í The Pipettes

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Það er óhætt að segja að svona plötur enda ekki á borðinu hjá manni á hverjum degi. Í fyrsta lagi þá er þetta stelpusveit út í gegn, sem gerist varla þessa dagana nema sveitunum sé púslað saman af plötufyrirtækjum úr hópi ungra stúlkna með stjörnur í augunum. Í öðru lagi eru The Pipettes undir sterkum áhrifum frá stelpusveitum. Nei, ekki því sem þið kallið stelpusveitir í dag, heldur upprunalegu stelpusveitunum frá sjötta áratugnum. Í þriðja lagi búa þær yfir svipuðum krafti og prakkarastelpurnar í Le Tigre. Það er hægt að segja að The Pipettes séu eins og Shangri-La´s eða The Ronettes með slettu af pönkgítar. Ekki jafn villtar og 5, 6, 7, 8´s úr Kill Bill, en nokkuð beittari en saklaust útlit þeirra gefur til kynna.

Lögin eru smíðuð í þeim anda sem hefðbundnar stelpusveitir eru þekktastar fyrir. Segjum bara að Phil Spector myndi skjóta sig í gegnum nokkrar b-myndaleikkonur til þess að fá að vinna með þessum stúlkum. Lagið Why did you stay? og Your kisses are wasted on me fá jafnvel stífan mann eins og mig til þess að langa til að tvista. Þær klikka svo heldur ekki á því að skella nokkrum angurværum ballöðum inn á milli sem ringlaðar unglingsstúlkur ættu að geta tengt vel við. Önnur lög eru bein skilaboð til karlmanna, eins og lagið One Night Stand sem er harkaleg leið til þess að segja tilfinningaríkum pilti að hann hafi nú ekki verið meira en einnar nætur gaman.

Fyrir nokkrum árum hefði einhver karlpungur skrifað að þetta væri frábær tónlist fyrir stelpurnar meðan þær ryksuguðu. En mig grunar að þegar þær hlusta á svona tónlist séu þær í mun meiri vígahug. Þessar stúlkur eru ekki á eftir rykmaurum, heldur aumum karlpungum sem dirfast að láta hafa slíkt eftir sér.

**Birgir Örn Steinarsson**



**THE PIPETTES**

WE ARE THE PIPETTES

**Niðurstaða:** The Pipettes er stuðandi plata á marga vegu. Líklegast eina nýja útgáfa ársins sem fær þig til þess að langa til að tvista og gera lúftgítar á sama tíma.



**!** **Kl. 10.00**
*Yfirlitssýningin „Málverkið eftir 1980“ stendur yfir í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg. Fimmtíu og sex íslenskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni sem spannar 25 ára tímabil í íslenskri listasögu sem markast af innreið nýja málverksins í upphafi níunda áratugarins. Sýningarstjórar eru dr. Halldór Björn Runólfsson og Laufey Helgadóttir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Aldarminning Eysteins

Í tilefni af aldarafmæli Eysteins Jónssonar, alþingismanns og fyrrv. formanns Framsóknarflokksins, verður efnt til málþings um ævi hans og störf um næstu helgi.

Eysteinn fæddist 13. nóvember 1906 á Hrauni á Djúpavogi. Hann lauk námi frá Samvinnuskólanum árið 1927 og stundaði síðar nám í Lundúnum. Tuttugu og fjögurra ára varð Eysteinn skattstjóri í Reykjavík og tveimur árum síðar þingmaður Suður-Múlasýslu. Hann varð fjármálaráðherra 27 ára gamall og gegndi á ferli sínum einnig störfum viðskiptaráðherra og menntamálaráðherra. Hann gegndi ýmsum trúnaðar- og stjórnunarstöðum fyrir Framsóknarflokkinn og var formaður hans frá 1962–1968. Eftir Eystein liggur fjöldi smárita og ritgerða ásamt óprentuðum handritum um ýmis mál er honum voru hugstæð.

Stjórnandi málþingsins er Gerður Steinþórsdóttir en þar taka meðal annars til máls þeir Steingrímur Hermannsson og Halldór Ásgrímsson sem báðir hafa gegnt embættum forsætisráðherra og verið formenn Framsóknarflokksins, Hjörleifur Guttormsson, fyrrv. ráðherra, og Jón Sigurðsson, ráðherra og núverandi formaður flokksins.

Málþingið fer fram í Þjóðmenningarhúsinu næstkomandi sunnudag og hefst kl. 14.00.



**EYSTEINN JÓNSSON** Minning hans verður heiðruð með málþingi um helgina.



**> Dustaðu rykið af...**

bókunum um kúrekann knáa **Lukku-Láka** sem öðrum fremur kann tökin á hinum illræmdu **Daltón-bræðrum**. Fyrsta bókin um þessa úrræðagóðu **skyttu** kom út árið 1949 en hetjan hefur elst prýðilega.

# Síðustu forvöð

Ljósmyndasýningu Ara Sigvaldasonar og sýningu Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur á afrískum minjagripum í Gerðubergi lýkur um helgina.

Ljósmyndir Ara Sigvaldasonar eru allar svarthvítar og sýna mannlíf í Reykjavík sem fáir veita eftirtekt í daglegu amstri. Þær sýna lítil augnablik í lífi fólks á götum og opinberum stöðum borgarinnar, oft við skrýtnar og skemmtilegar aðstæður. Ari skilur myndavélina sjaldan við sig og laumast til að taka myndir af fólki, helst þannig að enginn taki eftir. Þannig má segja að myndirnar séu teknar úr launsátri án þess þó að nokkur eigi að bera skaða af. Sýningin er sett upp í tilefni 220 ára afmælis Reykjavíkurborgar.

„Flóðhestar og framakonur“ er athyglisverð sýning á afrískum minjagripum sem mannfræðingurinn Ólöf Gerður Sigfúsdóttir hefur safnað saman. Sýningin samanstendur af skemmtilegri blöndu af gömlum munum og nýstárlegum fjöldaframleiddum gripum, en saman mynda þeir heild sem gefur góða mynd af minjagripaúrvali í Afríku.

Minjagripir eru áþreifanlegur snertiflötur milli ólíkra menningarheima. Frá sjónarhóli ferðamannsins eru þeir burðarás minninga, reynslu, væntinga og jafnvel ímyndunar, og oft segja þeir jafnmikið um þá menningu sem þeir enda í og það samfélag sem þeir eru búnir til í. Frá sjónarhóli Afríkubúa eru þeir tæki til að gefa tiltekin skilaboð, góð búbót og tækifæri til framsækinnar sköpunar og listrænnar tilraunastarfsemi. Það er einmitt í minjagripnum sem þessi tvö sjónarmið gestgjafa og gesta mætast og geta af sér áhugaverða og óvenjulega hluti.

Minjagripir gefa þannig tilefni til fjölmenningarlegrar samræðu. Þegar heim er komið eru þeir uppspretta endurminninga og frásagnar, en hverjum hlut sýningarinnar fylgir lítil örsaga sem eigandinn býður áhorfendum. Á sýningunni í Gerðubergi skapast þannig nýr vettvangur til skoðanaskipta og umræðna. Minjagripasafnið frá Afríku er að mestu í eigu Íslendinga sem hafa ferðast til eða hafa verið búsettir í álfunni og athyglisvert er að sjá hvaða gripir hafa ratað inn á íslensk heimili. Markmið sýningarinnar er að skapa lifandi samræðu milli hinna fjölbreyttu samfélaga Afríku annars vegar og hins vegar íslenskra minjagripaeigenda, sem áhorfendum er boðið til þátttöku í.

Sýningarnar eru opnar virka daga frá 11–17 og um helgar frá 13– 16. Aðgangur er ókeypis. **-khh**




**GÆGST INN Á ÖMMUKAFFI** Ljósmyndarinn laumast til að smella af augnablikum í lífi fólks á götum og opinberum stöðum borgarinnar. MYND/ARI SIGVALDASON

# Fimm ára afmæli B3

Rangt var farið með tímasetningu tónleika orgeldjasstríósins B3 í blaði gærdagsins. Hið rétta er að afmælistónleikar þeirra félaga verða ekki fyrr en í kvöld og eru aðdáendur sveitarinnar sem mættu uppvægir í Þingholtsstrætið í gær beðnir velvirðingar á þessum mistökum.

Tríóið fagnar fimm ára afmæli sínu um þessar mundir og leikur brot af sínu besta efni á tónleikum kvöldsins. Tríóið skipa þeir Agnar Már Magnússon sem leikur á orgel, trommuleikarinn Erik Qvick og gítarleikarinn Ásgeir Ásgeirsson. Þeir félagar hafa haldið tónleika með tónlist eftir orgelleikarana Jimmy Smith og Larry Golding, svo og gítarleikarann Wes Montgomery og mun efnisskráin á tónleikunum samanstanda af tónlist eftir þessa þrjá tónlistarmenn.

Tónleikarnir fara fram í Jazzklúbbnum Múlanum sem nú hefur höfuðvígi sitt á skemmtistaðnum Domo bar í Þingholtsstræti 5. Fjörið hefst kl. 21 í kvöld og stendur fram undir miðnætti. **- khh**



**LEIKA BROT AF ÞVÍ BESTA** Félagarnir í B3 hafa troðið upp saman í hálfan áratug.



**AÐALSTEINN ÁSBERG SIGURÐSSON, RITHÖFUNDUR OG ÚTGEFANDI** Gefur út tónlist, hljóðbækur, skáldskap og nótnahefti fyrir lesendur og hlustendur á öllum aldri. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

# Lágstemmd jaðarútgáfa

Þessa dagana eru stóru útgáfufyrirtækin fyrirferðarmikil á síðum dagblaðanna með tilkynningar sínar og auglýsingar um nýtt bókaefni á markaði. Meðalstór og smærri fyrirtæki láta minna á sér bera en þar eru starfsmenn líka í önnum. Skáldið og tónlistarmaðurinn Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson hefur um árabil staðið í útgáfu og rekið fyrirtæki sitt Dimmu meðfram ritstörfum og tónlistarstússi. Þetta er fimmtánda árið sem hann starfrækir fyrirtæki. Fyrir tveimur árum tók hann sjálfur að dreifa því fjölbreytilega efni sem hugnast honum til útgáfu en þetta árið verða titlarnir sextán sem Dimma gefur út.

Hugmyndin spratt af þörf: Aðalsteinn byrjaði smátt og það voru krókar og keldur á veginum, sagði hann. Hann vildi gefa út efni sem annars átti ekki leið á markaðinn. Hann kallar útgáfu sína jaðarútgáfu og hefurt vakið athygli fyrir að sinna efnisflokkum sem eiga ekki upp á pallborðið hjá stóru fyrirtækjunum. Hann gefur út árið um kring, heldur úti vefsíðu með útgefnum titlum, www.dimma.is. Þar kennir ýmissa grasa. Nýlega komu út tvær hljóðbækur fyrir börn: önnur var fyrsta bók Aðalsteins, Ævintýri í Nykurtjörn, sem kom út fyrir löngu á vínil. Hin er saga Iðunnar Steinsdóttur, Jólasveinarnir. Dimma er brautryðjandi í útgáfu hljóðbóka hér á landi.

Þá hefur Aðalsteinn upp á síðkastið gefið út diska með djasstónlist. Kynni hans af tónlistarmönnum sem hann hefur löngum átt gott samstarf við leiddi til þess. „Það vantaði útgefanda,“ segir hann. Nú bætir hann um betur. Segir það hafa lengi staðið til að gefa út nótur að eigin barnalögum. Krúsilíus og fleiri barnasöngvar er loksins komin út en það er safn laga hans og ljóða fyrir börn. Annars segist hann gefa verk sín út á öðrum forlögum. Nótnaútgáfan er líka fyrir fullorðna: ljóð hans við lög Sigurðar Flosasonar sem komu út á tvöföldum diski fyrr á þessu ári eru nú komin í nótnabók. „Þetta er langtímaverkefni og ég er strax farinn að huga að því hvernig tilraunin heldur áfram á næsta ári,“ segir Aðalsteinn.

Í ár heldur hann áfram að tengja ljóðalestur og tónlist á sérstökum diskum: Sigurbjörg Þrastardóttir og Bragi Ólafsson bætast nú í þá röð. Útgáfa Aðalsteins er af þeim toga, lágstemmd og ber ekki mikið á henni en sinnir af alvöru ýmsum deildum skáldskapar og tónlistar sem aðrir láta vera: „Dæmið hefur gengið upp hjá mér, Þetta eru lítil upplög og ég hef haldið mig frá kostnaðarstærri verkum.“ Það er bjart yfir Dimmu. **-pbb**

# Ástarljóð og ástarlög á Akureyri

Ástarsöngvarnir óma á Akureyri í kvöld en þar munu Íris Ólöf Sigurjónsdóttir og Hjörleifur Hjartarson flytja úrval ástarlaga í Minjasafnskirkjunni kl. 20.30.

Tónleikarnir eru haldnir í tengslum við sýninguna „Ef þú giftist – brúðkaupssiðir fyrr og nú“ sem staðið hefur yfir í Minjasafni Akureyrar síðan í sumar en sýningunni lýkur aðra helgi.

Á efnisskránni eru bæði gamlir og nýir ástarsöngvar og ljóð allt frá aldargömlum rímnalögum til dægurlaga nútímans. Textar og lög eru úr ýmsum áttum, meðal annars eftir eyfirsk höfuðskáld og vinsælustu söngvaskáld tuttugustu aldarinnar. Eftir að söngvökunni lýkur gefst áheyrendum hennar tækifæri til að heimsækja safnið sem verður opið til klukkan ellefu í kvöld.

Allir eru velkomnir og aðgangseyrir á söngvökuna er 1.000 krónur.

Minjasafnið er opið frá kl. 14–16 um helgar og eftir samkomulagi. Fastar sýningar safnsins eru einnig forvitnilegar en þær eru „Akureyri – bærinn við Pollinn“ og „Eyjafjörður frá öndverðu“ en nánari upplýsingar um þær má finna á heimasíðunni www.akmus.is. **- khh**



**ÁSTIN ER SEGULSTÁL** Norðanmenn fá hlýtt á úrval ástarlaga í Minjasafnskirkjunni í kvöld.


VIÐ STYÐJUM
PÉTUR ÁRNA Í 5. SÆTI
Stefán Konráðsson
Bæjarfulltrúi, Garðabæ
Ásdís Halla Bragadóttir
Forstjóri og fyrrverandi bæjarstjóri í Garðabæ
Gunnar I. Birgisson
Bæjarstjóri í Kópavogi
Sigrún Edda Jónsdóttir
Bæjarfulltrúi, Seltjarnarnesi
Jónmundur Guðmarsson
Bæjarstjóri á Seltjarnarnesi
Margrét Valdimarsdóttir
Viðskiptafr. og form. Stefnis, f.u.s. Hafnarfirði
Magnús Gunnarsson
Fyrrv. bæjarstjóri, Hafnarfirði
Árni Sigurjónsson
Lögmaður og fyrrv. form. Týs, f.u.s. Kópavogi
Hilmar Sigurðsson
Fyrrv. bæjarfulltrúi, Mosfellsbæ
Hilmar Stefánsson
Formaður Viljans, f.u.s. Mosfellsbæ
Guðmundur G. Gunnarsson
Oddviti sjálfstæðismanna, Álftanesi
Hanna Birna Kristjánsdóttir
Forseti borgarstjórnar
Prófkjör sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi 11. nóvember
www.peturarni.is


GOTT FÓLK McCANN
BJARNI ARASON
13-18 ALLA VIRKA DAGA Á LÉTT BYLGJUNNI
Ljúf og þægileg tónlist á Létt Bylgjunni 96,7.
LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

## NORMALBRAUÐ

*Neita að renna í mótið*
*sem bíður þarna eins og kökumót*
*blikkkista fyrir endurtekninguna*

*Neita að verða normalbrauð*
*fyrir altarisgöngur svarthvítunnar*

*Kalda stríðið er búið*
*svarthvít stríð halda áfram*
*af gömlum vana*

**Úr nýjustu ljóðabók Sigurðar Pálssonar, Ljóðorkusvið, sem er nýkomin út.**

# bækur

menning@frettabladid.is

# Bergljót Arnalds til JPV

Bergljót Arnalds, leikja- og barnabókahöfundur hefur til þessa gefið verk sín út hjá eigin forlagi, bæði á diskum og bók. Nú hefur hún ákveðið að venda sínu kvæði í kross og hefur gert samninga við JPV útgáfu. Mun JPV taka við útgáfu á verkum Bergljótar, nýjum og eldri. Nú á næstunni kemur út ný útgáfa af hinni geysivinsælu barnabók Stafakörlunum og Jólasveinasögu en jafnframt ræðst útgáfan í að koma þeim út á ensku. Stafakarlarnir er ein vinsælasta barnabók sem gefin hefur verið út hér á landi og hún hefur selst í gríðarlegu upplagi, en hefur verið ófáanleg um skeið. Jólasveinasaga er frumleg og skemmtileg saga um íslensku jólasveinana þar sem persónueinkenni þeirra fá að njóta sín á inn hátt. Frédéric Boullet myndskreytir. Einnig er til lítabók með jólasveinunum. Jólasveinasaga kom fyrst út í fyrra og varð ein af metsölubókum ársins og seldist upp löngu fyrir jól. Bergljót Arnalds er leikkona að mennt og hefur kennt börnum bæði leiklist og íslensku. Hún hefur leikið á sviði, í útvarpsleikritum og kvikmyndum og unnið við sjónvarpsþáttagerð. Höfundur hefur skrifað fjölda metsölubóka, þar á meðal fyrrnefndar bækur; Talnapúkann, Jólasveinasögu og sögurnar um Gorm grallara.



BERGLJÓT ARNALDS RITHÖFUNDUR OG LEIKKONA

**> Ekki missa af ...**

Hugsjóna- og áhugamannafélagið **Hugleikur** efnir til sagnakvölds í **Þjóðleikhúskjallaranum** í kvöld kl. 21. Þar er hin munnlega frásögn í hávegum höfð þegar tólf sagnamenn segja sögur sínar. Dagskráin tekur um eina og hálfa klukkustund með hléi og er hún afrakstur námskeiðs sem **Benedikt Erlingsson** og **Charlotta Böving** héldu með félagsmönnum.

# Alþjóðlegt ljóðasvall

Forlagið Nýhil efnir til alþjóðlegrar ljóðahátíðar um helgina og verður þar ekkert til sparað. Þetta er önnur hátíðin sem Nýhilmenn skipuleggja og hafa færustu sérfræðingar þeirra lagt sig fram um að bræða saman sem magnaðasta ljóðadagskrá fyrir bókmenntaunnendur og aðra þá sem verða á vegi ljóðsins.

Eiríkur Örn Norðdahl, rithöfundur og einn skipuleggjendanna, útskýrir að hátíðin nú sé helmingi stærri en sú fyrsta sem hópurinn efndi til í fyrra. „Þá óðum við blint í sjóinn með hátíðarhöldin," útskýrir hann, „þetta er raunar þriggja ára ferli því á sínum tíma ræddum við um hversu mörg erlend samtímaskáld við þekktum sem væru að gera áhugaverða hluti. Það kom í ljós að sú þekking var reyndar alveg gríðarlega lítil og vond. Við boðuðum því til hátíðarinnar með mjög takmarkaða þekkingu en áhrifin síðan þá hafa verið alveg gríðarleg. Við opnuðum gátt í fyrra og nú erum við að reyna að breikka hana."

Hátíðin, sem hefur stimpilinn Ljóðasvall, hefst í Stúdentakjallaranum annað kvöld en á laugardaginn verður efnt til málþings í Norræna húsinu. Ljóðapartíið heldur síðan áfram í fyrrgreindum kjallara fram undir sunnudagsmorgun.

Erlendir þátttakendur eru að þessu sinni þau Kenneth Goldsmith, Matti Pentikäinen, Leevi Lehto, Anna Hallberg, Jörgen Gassilewski, Derek Beaulieu, Jesse Ball, Christian Bök, Katie Degentesh, Gunnar Wærness og Jane Thompson. „Nú koma ellefu erlend skáld en síðast voru þau bara sex – þar af koma tvö aftur, Anna Hallberg og Christian Bök. Síðasta hátíð varð til þess að skáldið Jesse Ball er nú búsettur hér á landi en við stefnum að því að ná þessu hlutfalli aftur, það er að 1/6 þátttakendanna flytjist hingað í kjölfar hátíðarinnar," segir Eiríkur.

Verk skáldanna verða kynnt á málþinginu auk þess sem þar verður rætt almennt um hlutverk og sögu tilraunamennsku í ljóðlist. Þar verður aukinheldur haldin myndljóðasýning.

Fjölmörg Nýhilskáld taka síðan þátt í upplestrarkvöldunum tveimur en á skáldalistanum má finna nöfn Þórdísar Björnsdóttur, Kristínar Eiríksdóttur, Óttars Martin Norðfjörð, Ingibjargar Magnadóttur, Vals Brynjars Antonssonar, Ófeigs Sigurðssonar, Hauks Más Helgasonar, Ingólfs Gíslasonar, Kristínar Svövu Tómasdóttur, Þórunnar Erlu Valdimarsdóttur, Bjarna Klemenz og Birgittu Jónsdóttur. En þess utan munu hljómsveitir einnig kynda undir fögnuðinum, þar á meðal sveitirnar Skakkamanage, Reykjavík! og Homebreaker sem troða upp og leikur finnskan tangó.

„Það er verið að ganga frá endanlegri dagskrá og tímasetningum," segir Eiríkur íbygginn. „Þetta verður líklega svipuð uppstilling og síðast, það byrjar rólega en svo æsast leikar þar til allt verður vitlaust. - khh



**EIRÍKUR ÖRN NORÐDAHL RITHÖFUNDUR** Nýhil opnar alþjóðlegar gáttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Týnda örkin hans Arnaldar

**[ BÓKMENNTIR ]**
**UMFJÖLLUN**

Hætt er við því að sá sem ætlar upp í sófa með góðan Arnald þessi jólin, og þykist geta gengið að góðum krimma vísum, eigi eftir að verða fyrir vonbrigðum. Konungsbók er tíunda bók Arnaldar Indriðasonar og þetta óskabarn þjóðarinnar í rithöfundastétt á allt öðru róli en oftast. Kannski ósanngjarnt en versti óvinur Konungsbókar mun reynast frækinn ferill höfundar og væntingar lesenda honum tengdar.

Hið mikla afrek þeirra sem skotið hafa á undanförnum árum stoðum undir hinn íslenska krimma, og fer þar Arnaldur fyrir fríðum flokki, felst í ritun sannfærandi samtímasagna þar sem söguviðið er Ísland. (Kannski vert að nefna hér að glæpasögur eru síst ómerkilegra bókmenntaform en hvað annað.) Sögusvið Konungsbókar er hins vegar Danmörk, Þýskaland og Holland og er innri tími sögunnar að mestu bundinn við árið 1955.

**Ráðvilltur lesandi**

Arnaldur hefur í mörgum bóka sinna vísað með afbragðs góðum árangri til atburða sem áttu sér stað í fortíðinni og skjóta upp kollinum síðar með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. En skírskotanir hans til íslensks samtíma af þessum velli sem hann velur Konungsbók eru ekki eins vel heppnaðar. Reyndar eru bestu kaflar bókarinnar þeir þegar sagt er af enn eldri atburðum sem áttu sér stað á Íslandi. Þeir sem segir af í upphafi bókarinnar og þaðan af eldri.

Nú er í sjálfu sér heimskuleg heimtufrekja að vilja binda Arnald við einn tiltekinn bás. Að hann fjalli bara um lögreglumanninn Erlend og hans fólk. Ámóta kjánaskapur og þeirra sem tjúlluðust þegar Bob Dylan stakk gítarnum sínum í samband við rafmagnsmagnara. Hins vegar er ekki ósanngjörn krafa að þeir sem horfa opnum augum og björtum til þess þegar menn feta nýjar brautir fái eitthvað fyrir sinn snúð. En hér er það frekar að lesandi verði ráðvilltur. Svo flinkur höfundur er Arnaldur reyndar að honum tekst að halda lesanda við efnið, frásögnin sem slík er lipur og rennur vel fram. En biðin eftir því að ósannfærandi atburðir leiði til einhvers sem gengur upp og telst trúverðugt – þó sé innan þess heims sem bókin ákvarðar sjálf – reynist löng.

**Raunverulegar persónur í strákabók**

Sögumaður Konungsbókar er Valdemar, ungur íslenskufræðingur, sem heldur til náms í Danmörku. Þar hittir hann fyrir gamlan og ævintýralegan prófessor. Fjallar bókin meðal annars um samband þeirra tveggja og för vítt og breitt um Evrópu í leit að týndu örkinni. Helstu andskotar þeirra eru nasistar. Sem ásælast það sama og Valdemar og prófessorinn og einhverra hluta vegna af sömu ákefð. Þessu slær út í líkindi við Indiana Jones ævintýrin. Raiders of the Lost Ark. Týnda örkin hans Arnaldar. Og út úr því fari fer Konungsbók ekki. Í sjálfu sér er ekkert að því að setja saman vel skrifaða strákabók. Í anda McLean, Ludlum, Innes og Bagley. Síst á það fyrir þeim að liggja sem hér skrifar að tala niður til bóka sem í þeirri hillu standa. En þegar svo er blandað saman við sögulegum atburðum og raunverulegum persónum eins og þeim Indriða G. Þorsteinssyni og Halldóri Laxness verður það ekki til að bæta úr skák. Heldur þvert á móti. Djarfur leikur sem ekki gengur upp.

Að öllu þessu sögðu, af brotalömum, er skylt að taka fram að bókin er ekki leiðinleg. En hún geldur þess að umfjöllunarefnið og ferill Arnaldar elur á væntingum sem Konungsbók stendur ekki undir. **Jakob Bjarnar Grétarsson**




**KONUNGSBÓK**

ARNALDUR INDRIÐASON

**Útgefandi:** Vaka Helgafell
**Niðurstaða:** Konungsbók stendur ekki undir væntingum. Sagan, sem rennur reyndar ágætlega fram, er ótrúverðug og líkist einna helst ævintýrum Indiana Jones -- sem væri sök sér ef umgjörð, atvik og persónur hefðu passað inn í slíkan tilbúnað.



**ARNALDUR INDRIÐASON** Tíunda skáldsagan veldur vonbrigðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Rómantík og upplýsing

Torfi K. Stefánsson Hjaltalín guðfræðingur er höfundur ritsins „guð er sá, sem talar skáldsins raust": trú og hugmyndafræði píet-isma til rómantíkur sem kemur nú út hjá Flateyjarútgáfunni. Í bókinni er fjallað um íslenskan trúararf eftir siðbót, einkum tímabilið frá 1700–1850 en höfundur setur meðal annars fram þá kenningu að upplýsingastefnan sem ríkjandi var hér á árunum 1770–1830 hafi lítil áhrif haft á trú landsmanna.

Í bókinni er rakin saga og áhrif píetisma hér á landi auk þess sem komið er inn á ádeilu upplýsingarinnar á gamlan trúararf þjóðarinnar, komu rómantíkurinnar og sigur hennar yfir alþjóða- og nytjahyggju upplýsingastefnunnar. Höfundur segir bókina ekki aðeins umfjöllun um fortíðina heldur tilraun til að túlka hana, meðal annars sé hún innlegg í pólitísk deilumál nútímans, svo sem sölu á sameiginlegum eignum landsmanna og fjármagnsstreymi úr landinu líkt og þekktist á tímum upplýsingarinnar.



**MÁTTUR UPPLÝSINGARINNAR MINNI EN ÆTLAÐ ER** RIt um hugmynda- og trúarsögu Íslendinga eftir Torfa K. Stefánsson Hjaltalín.

# Ævisaga Halldórs á ensku

Ævisaga Halldórs Guðmundssonar um Halldór Laxness sem út kom fyrir tveimur árum verður þýdd á ensku og gefin út á engilsaxneskum markaði. Tilkynnt var í gær að samningar hefðu tekist um útgáfu þessa mikla verks um Halldór Laxness við hið nýstofnaða MacLehose Press í London sem gefur bókina út í samvinnu við Quercus-forlagið.

Stofnandi MacLehose Press er einn kunnasti bókmenntaútgefandi Bretlands, Christopher MacLehose, sem stýrði Harvill Press í 20 ár og gerði það að stórveldi í útgáfu fagurbókmennta eftir erlenda höfunda. Meðal þeirra höfunda sem hann gaf þar út voru Haruki Murakami, Ismael Kadare, Henning Mankell, Arnaldur Indriðason, Halldór Laxness og fleiri mætir en miður þekktir höfundar á hinum einangraða enska markaði. Er mikill fengur fyrir íslenskar bókmenntir og menningu að ævisaga Halldórs komi út á ensku og ætti að verða lyftistöng fyrir aðra íslenska höfunda sem vilja hleypa heimdraganum.

Það skiptir miklu að ritið verður gefið út óstytt en það er mikið að vöxtum og það er Phil Roughton sem þýðir, en hann hefur meðal annars þýtt Íslandsklukkuna eftir Laxness fyrir Random House í Bandaríkjunum. Þýðingin er styrkt úr Bókmenntakynningarsjóði og frá einkafyrirtækjum – Baugi og KB banka. Er nýmæli að íslensk fyrirtæki í óskyldum rekstri komi að átaki sem þessu en mikið ríður á að vel takist til með þýðinguna.

Bókin Halldór Laxness – ævisaga kom út hjá JPV útgáfu árið 2004 og hlaut Halldór Guðmundsson Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fræðirita og rita almenns efnis fyrir hana. Bókin hefur þegar verið seld til Noregs, Danmerkur, Þýskalands og Svíþjóðar og eru útgáfurnar væntanlegar á næsta ári. Halldór sagðist í samtali við Fréttablaðið vera „hrikalega ánægður með þetta".

Halldór hefur nýlega skilað handriti í prentsmiðju af riti sínu um Gunnar Gunnarsson og Þórberg Þórðarson og er það væntanlegt á markað í næstu viku. - pbb



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON BÓKMENNTAFRÆÐINGUR** Ævisaga hans um Halldór Laxness kemur út á fimm málum á næstunni.

## NÝJAR BARNABÆKUR

Bókaútgáfan Uppheimar á Akranesi hefur sent frá sér söguna Galdrastelpan eftir Celiu Rees. Það er hinn kunni þýðandi Kristín R. Thorlacius sem þýðir söguna úr ensku en hún var tilnefnd til barnabókaverðlauna Guardian og hlaut mikið lof á sínum tíma hjá ensku gagnrýnendum. Síður úr dagbók voru fyrir þrjú hundruð árum saumaðar inn í bútasaumsteppi. Þegar teppið er rakið í sundur kemur í ljós sagan sem blöðin geyma. Sagan um Mary - barnabarn nornar - sem hrakist hefur frá heimalandinu og tekst á við lífið á nýjum og háskalegum slóðum landnema handan hafsins.



Land hinna týndu sokka eftir Gerði Kristnýju er komið út á forlagi Máls og menningar. Gerður hefur getið sér gott orð fyrir bækur sínar fyrir börn á ýmsum aldri. Hún fékk bókaverðlaun barnanna fyrir sögu sína af Mörtu smörtu. Söguna um land hinna týndu sokka skreytir Þórey Mjallhvít Heiðardóttir Ómarsdóttir myndum. Þorgeir þráir ekkert heitar en að eignast hund. Sökum gamla gula hundsins hans sem eitt sinn týndist er lítil von að sá draumur rætist. Þegar hann heyrir af landi hinna týndu sokka þar sem allt sem týnst hefur er hann staðráðinn að komast þangað líka.




Síðasta bókin í metsöluþríleik Guðrúnar Helgadóttur, Öðruvísi saga, er komin út á forlagi Vöku-Helgafells. Loksins er Karen Karlotta orðin tíu ára og sumarið er viðburðaríkt - hún veltir fyrir sér stóru sem smáu, allt frá agnarlitlum villtum blómum úti í móa til flókinna stríðsátaka lengst úti í heimi. Á afmælisdaginn kemur bréf frá afa í Englandi þar sem hann býður allri fjölskyldunni í heimsókn um haustið og ekki verður það til að einfalda líf Kæju eða fjölskyldu hennar!




Guðrún hefur fyrir löngu skipað sér í fremstu röð íslenskra rithöfunda og hlotið margvísleg verðlaun fyrir skrif sín, meðal annars Norrænu barnabókaverðlaunin og verðlaun Jónasar Hallgrímssonar, ásamt tilnefningu til H.C. Andersen og Astrid Lindgren verðlaunanna. Fyrir bókina Öðruvísi daga fékk Guðrún Bókaverðlaun barnanna og Öðruvísi fjölskylda var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.

## NÝJAR LJÓÐABÆKUR

Ljóðabókin **Endurskyn** eftir **Baldur Óskarsson** kemur út hjá forlaginu Ormstungu. Með þessari bók sinni bætir Baldur perlum við áratugalangt ljóðaband sitt, oft tímalausum ljóðum, en annað veifið setur skáldið brennandi viðfangsefni samtímans í áhugavert samhengi. Ljóðin eru oft blandin hlýlegum gáska þótt alvaran sé iðulega skammt undan. Þetta er fjórtánda ljóðabók Baldurs en hans fyrsta ritverk, smásagnasafnið Hitabylgja, kom út árið 1960.



**Linda Vilhjálmsdóttir** er höfundur ljóðabókarinnar **Frostfiðrildi** sem Mál og menning gefur út. Frostfiðrildi inniheldur sterk og áhrifamikil ljóð en þetta er fimmta ljóðabók Lindu sem með fyrri bókum sínum hefur skipað sér í röð fremstu ljóðskálda samtímans. Fyrri bækur hennar eru Bláþráður, Klakabörnin, Valsar úr síðustu siglingu og Öll fallegu orðin. Linda hefur einnig skrifað skáldsöguna Lygasögu sem kom út árið 2003.



**Gengin spor** er níunda ljóðabók **Haralds S. Magnússonar** sem einnig hefur getið sér gott orð sem barnabókahöfundur en hann hefur skrifað tíu bækur um ævintýri Ragga litla. Skáldið yrkir um hversdagslega hluti og veðurspár og fótboltaleiki en beitir litríkum myndlíkingum og snýr spekingslega upp á tungumálið.




Strengleikar eru safn smásagna um ástir og ævintýri riddara og hirðmeyja. Sögurnar voru upphaflega skrifaðar fyrir franskt hirðfólk á 12. öld, en þær fjalla þó um sömu vandamál og fólk glímir við nú og varða ást og hatur, hjónaband, framhjáhald, ófrjósemi, ofríki og ofbeldi. Sögurnar voru þýddar úr frönsku yfir á norrænu á 13. öld og Íslendingar, lásu þær og lögðu út af þeim í eigin verkum. Útgáfunni fylgja bæði ítarlegar skýringar og fróðlegur inngangur eftir dr. Aðalheiði Guðmundsdóttur sem bjó textana til prentunar. Strengleikar koma út á vegum Bókmenntafræðistofnunar Háskóla Íslands í ritröðinni Íslensk rit. Ritstjóri er Sveinn Yngvi Egilsson.

120 1886 2006



# Maður, náttúra og mynd

Ingálvur av Reyni
Sámal Joensen-Mikines
Zacharias Heinesen

Í Landsbankanum, Austurstræti, í afgreiðslusal og á 2. hæð eru sýnd málverk eftir þrjá af helstu listamönnum færeysku þjóðarinnar. Um er að ræða skiptisýningu Landsbankans og Færeyjabanka í tilefni 120 ára afmælis þess fyrrnefnda og 100 ára afmælis þess síðarnefnda á þessu ári.

Á sýningunni í Landsbankanum eru sýnd verk í eigu Færeyjabanka eftir þrjá af helstu listamönnum færeysku þjóðarinnar. Myndlistarsýningin er öllum opin á afgreiðslutíma Aðalbankans í Austurstræti frá 30. október til 30. nóvember.

Leiðsögn á laugardaginn

Laugardaginn 11. nóvember mun Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur verða með leiðsögn um sýninguna. Húsið verður opnað kl. 14:30. Leiðsögnin hefst kl. 15:00 og stendur í um klukkustund.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár




ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

**Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

**STÓRA SVIÐIÐ kl. 20:00**

**STÓRFENGLEG** eftir Peter Quilter
6. sýn. lau. 11/11 **örfá sæti laus**, 7. sýn. sun. 12/11 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 18/11 **örfá sæti laus**, sun. 19/11 **örfá sæti laus**, lau. 25/11 **örfá sæti laus**, sun. 26/11.

**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Lau. 11/11 **kl. 14:00** uppselt, sun. 12/11 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 18/11 **kl. 14:00** uppselt, sun. 19/11 kl. 14:00 uppselt, fös. 29/12 **kl. 20:00 örfá sæti laus**, lau. 30/12 **kl. 14:00 örfá sæti laus** og **kl. 17:00**, sun. 7/1 **kl. 14:00** og **kl. 20:00**.

**PÉTUR GAUTUR** eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í kvöld fim. 9/11 uppselt, fös. 10/11 uppselt, fim 16/11 **örfá sæti laus**, fös. 17/11 **örfá sæti laus**, fim. 23/11, fös. 24/11 **örfá sæti laus**. **Sýningum fer fækkandi!**

**SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ aðalbyggingu Lindargötumegin, kl. 20:00**

**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Fös. 10/11 **örfá sæti laus**, lau. 11/11 **örfá sæti laus**, fös. 17/11 **kl. 10:00** og **kl. 13:00** uppselt, sun. 19/11 **örfá sæti laus**, sun. 26/11.
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**KÚLAN Lindargötu 7, kl. 20:00**

**UMBREYTING** – brúðusýning fyrir fullorðna eftir Bernd Ogrodnik.
Sun. 12/11 **kl. 17:00 örfá sæti laus**, fös. 17/11 **kl. 20:00**, fös. 24/11.

**LEIKHÚSLOFTIÐ aðalbyggingu**

**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Lau. 11/11 **kl. 11:00** uppselt og **kl. 12:15** uppselt, sun. 12/11 **kl. 11:00** uppselt og kl. **12:15** uppselt, aukasýningar lau. 18/11 kl. **11:00** uppselt **og 12:15** uppselt.

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** eftir Þorvald Þorsteinsson
Lau. 25/11 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 15:00** uppselt, sun. 26/11 **kl. 13:00** uppselt og **kl. 15:00 örfá sæti laus**, lau. 2/12 **kl. 13:00** og **kl. 14:30**, sun. 3/12 **kl. 13:00 örfá sæti laus** og **kl. 14:30**.

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**

„ÞÚ ERT MEIRA VIRÐI EN ÞÚSUND HNÍFAR.“
RONJA RÆNINGJADÓTTIR

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 12/11 kl. 14 UPPS. Sun 19/11 kl. 14
Sun 26/11 kl. 14 Sun 3/12 kl. 14

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Í kvöld kl. 20 Fös 10/11 kl. 20 UPPS.
Fim 16/11 kl. 20 Sun 26/11 kl. 20

**FOOTLOOSE**
Lau 11/11 kl. 20 UPPS. Fös 17/11 kl. 20
Fös 24/11 kl. 20 Lau 2/12 kl. 20

**BRILLJANT SKILNAÐUR**
Í kvöld kl. 20 UPPS. Fim 16/11 kl. 20 UPPS.
Fim 23/11 kl. 20 Sun 3/12 kl. 20
Sun 3/12 kl. 20 Fös 8/12 kl. 20

**MANNTAFL**
Fös 10/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20
Síðustu sýningar.

**FJÖLSKYLDUSÝNING ÍD**
Lau 11/11 kl. 14 Frumsýning
Lau 18/11 kl. 14 Lau 25/11 kl. 20
Frítt fyrir 12 ára og yngri

**JÓLALEIKRITIÐ RÉTTA LEIÐIN**
Mið 22/11 kl. 18 og 20 Frumsýning UPPS.
Fim 23/11 kl. 9:30 og 13:00 Miðaverð 500 kr.

**MEIN KAMPF**
Lau 11/11 kl. 20 Sun 12/11 kl. 20
Fös 17/11 kl. 20 Lau 18/11 kl. 20

**SAKAMÁL Á SVIÐ**
Leiklestrar á 3ju hæðinni.
Sun 12/11, 19/11, 26/11 kl. 20
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur

**AMADEUS**
Sun 12/11 kl. 20 4.sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5.sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 Lau 25/11 kl. 20

**DOGMA LEIKARANS**
Sólarferð höf. Guðmundur Steinsson
Lau 11/11 kl. 17 Miðaverð 1.000

**WATCH MY BACK**
Kómískur spuni. Flutt á ensku.
Fös 10/11, sun 19/11, sun 26/11
kl. 20:10 Miðaverð 1.000

**LEIKHÚSSPJALL**
Aðstandendur Amadeus spjalla um leiðina frá höfundi til áhorfenda.
Í kvöld kl. 20 í Kringlusafni.
Allir velkomnir, ókeypis aðgangur

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

**BORGARLEIKHÚSIÐ**


# Hvað er með goðum?

Ljósmyndarinn Sigurður Gunnarsson heldur sýna fyrstu einkasýningu á kaffihúsinu Mokka við Skólavörðustíg um þessar mundir. Sigurður sýnir portrettmyndir af goðum Ásatrúarfélagsins og Reykjavíkurgoðorðs og ber sýningin yfirskriftina „Goðar Íslands“.

„Ég vann verkið í vor og í haust á þessu ári. Ástæðan að ég valdi Kaffi Mokka sem sýningarstað er að þar fór fram umræða stofnenda Ásatrúarfélagsins um að búa til félag um heiðinn sið í byrjun áttunda áratugarins. Stuttu seinna var félagið stofnað og fékk viðurkenningu sem trúfélag,“ segir Sigurður. Myndhöfundurinn lærði ljósmyndun í Ljósmyndaskóla Sissu og starfar nú fyrir Stúdentablaðið og sem aðstoðarmaður ýmissa ljósmyndara.

Goðarnir eru alls níu. Átta goðar Ásatrúarfélagsins eru: Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoði, Eyvindur P. Eiríksson Vestfirðingagoði, Jóhanna Harðardóttir Kjalnesingagoði, Baldur Pálsson Freysgoði, Haukur Halldórsson Reykjanesgoði, Jónína K. Berg Þórsnesgoði, Sigurjón Þórðarson Hegranesgoði og Tómas V. Albertsson seiðgoði. Þess utan er ein mynd af Jörmundi Inga, goða Reykjavíkurgoðorðs.

„Þetta er mjög myndrænt efni en það voru ekki til portrett myndir af þeim öllum. Á myndunum má sjá hvernig þeir klæða sig og hvaða muni þeir nota í athöfnum auk þess sem þeir standa úti í náttúrunni sem er afar falleg í goðorðum þeirra.

Sýningin stendur til 6. desember og er opin á þjónustutíma Mokka. **- khh**



**EYVINDUR P. EIRÍKSSON VESTFIRÐINGAGOÐI** Alla núverandi goða Ásatrúarfélagsins er að finna á ljósmyndasýningu á Mokka. MYND/ SIGURÐUR GUNNARSSON

# Bjarni sýnir í Listhúsi Ófeigs



**SÉÐ FYRIR HORN** Myndlistarmaðurinn Bjarni Ragnar heldur sýningu í tilefni af afmæli sínu.

Myndlistarmaðurinn Bjarni Ragnar Haraldsson sýnir í Listhúsi Ófeigs við Skólavörðustíg. Sýning hans ber yfirskriftina „Séð fyrir horn“ en hún er meðal annars haldin í tilefni af stórafmæli listamannsins í þessum mánuði.

Bjarni Ragnar hefur sýnt á fjölmörgum sýningum bæði hérlendis og erlendis. Hann sýndi fyrst á Mokkakaffi 1961, þá aðeins fimmtán ára gamall og síðast í Nordic Heritage Museum í Seattle í Bandaríkjunum 2003.

Verk Bjarna eru bæði í einkaeign og í opinberri eigu, bæði hérlendis og erlendis.

Sýningin er opin alla daga frá kl.10-18 og á laugardögum frá kl. 11-16. **- khh**


Sýnt í Iðnó

| | | |
|---|---|---|
| Fim. | Aukas. upps. 9. nóv | Miðasala virka daga |
| Fös. | 10. nóv | frá kl. 11–16 og 2 |
| Lau. | 11. nóv | tímum fyrir sýningar. |
| Lau. | 18. nóv | Sími 5629700 |
| Sun. | 19. nóv | www.idno.is |
| Fös. | 24. nóv | Sýningar kl. 20 |
| Lau. | 25. nóv | |







**MIÐAPANTANIR:**
**GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is**

**Fös. 10. nóv. kl.20** - örfá sæti laus
**Sun. 12. nóv. kl.20** - nokkur sæti laus
**Fös. 17. nóv. kl.20** - nokkur sæti laus
**Sun. 19. nóv. kl.20** - síðustu sýningar!
*"Frábær sýning í alla staði!" Starfsmenn Atlanta*
*ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins*
*Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.*
*Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi*


# Spjallað um Amadeus

Borgarleikhúsið og Kringlusafn bjóða til leikhúsumræðna um sýninguna Amadeus í kvöld. Verk leikskáldsins Peters Shaffer er nú til sýninga á stóra sviði Borgarleikhússins og munu leikstjóri þess, Stefán Baldursson, og aðalleikarinn Víðir Guðmundsson ræða um vinnu leikhópsins við verkið.

Sögusvið verksins er Vínarborg en verkið fjallar um Wolfgang Amadeus Mozart og Antonio Salieri, hirðtónskáld Austurríska keisarans á síðari hluta átjándu aldar. Verkið byggir á sögusögnum um dularfullan dauða Mozarts og þátt Salieri í honum. Í verkinu vinnur Salieri traust Mozarts og þykist ganga erinda hans en er í raun að grafa undan honum. Salieri kvelst af afbrýði sem knýr hann til andstyggilegra aðgerða til að koma Amadeusi á kné og loks til dauða.

Spjallið fer fram á Borgarbókasafninu í Kringlunni og eru allir áhugasamir hjartanlega velkomnir. Umræðurnar hefjast kl. 20 og verður boðið upp á kaffi og konfekt. **- khh**



**LEIKRITIÐ AMADEUS** Boðið verður upp á leikhússpjall í Kringlusafni í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Strengjaleikhúsið í samvinnu við íslensku óperuna

SKUGGALEIKUR
Ný íslensk ópera eftir Karólínu Eiríksdóttur, Sjón og Messíönu Tómasdóttur

Frumsýning 18. nóvember kl. 20 - 2. sýning 25. nóvember kl. 20
3. sýning 2. desember kl. 20
ATH! AÐEINS ÞESSAR ÞRJÁR SÝNINGAR

STRENGJALEIKHÚSIÐ ÍSLENSKA ÓPERAN

ARÍUR UM ÁSTINA - HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUD. 14. NÓV. KL.12.15
Jónas Guðmundsson, tenór, og Kurt Kopecky, píanó, flytja rússneskar og ítalskar aríur í hádeginu

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

# Börn eiga betra skilið

**[ LEIKHÚS ]**

**UMFJÖLLUN**

Það var líflegur hópur leikhúsunnenda sem mætti á frumsýningu Möguleikhússins um helgina, börn á öllum aldri iðuðu þar í sætum sínum og biðu spennt eftir sýningu dagsins. Höfundur og leikari Hallar-ævintýranna, Bjarni Ingvarsson, mætti á sviðið í litríkum búningi, börnin tóku andköf og ævintýrið hófst. Bjarni náði strax nokkuð vel til áhorfenda sem skríktu töluvert til að byrja með enda geta ævintýri verið býsna spaugileg.

Svo fóru að renna tvær grímur á suma áhorfendur og ókyrrðin jókst, örfáir skældu hreinlega og sannast sagna hefði ég gert það sjálf ef ekki væri fyrir þá staðreynd að ég á að heita fullorðin. Þetta leikrit var svo pínlega þunnt og gisið að ég skil hreinlega ekki af hverju það var nokkurn tíma sviðsett í þessari mynd.

Sagnaþulurinn, sem halda á verkinu saman, er algjörlega ómótuð og óskilgreind persóna sem hefur jú frásagnarhæfileika en sögurnar sem hann segir eru langt frá því að vera spennandi. Það er til flaumur af áhugaverðum, fallegum og spennandi sögum þarna úti, það gerast sögur á hverjum degi. Því ætti að vera alveg óþarfi að húrra saman flatneskju eins og þessari. Sagan um geiturnar þrjár stendur fyrir sínu en þetta ævintýri halta hanans hef ég aldrei heyrt áður og dæi sátt ef ég gerði það ekki aftur, annað eins endemis rugl finnst mér óviðunandi að bjóða börnum. Þótt krakkarnir hafi hlegið að stökum bröndurum og klassískum húmor tengdum rössum og raddbreytingum var mér ekki skemmt og í vissu minni að hægt sé að gera mun betur en þetta varð ég hreinlega bálreið.

Sagnaþulurinn vísaði strax í byrjun verksins til söguþráðanna, sem skreyttu ekki aðeins sviðsmyndina alla heldur líka blessaðar buxurnar hans. Því fannst mér næsta óþarfi að vera líka með eiginlega „ævintýrahöll" í verkinu. Reyndar var gaman að áhorfendurnir ungu gátu tekið þátt í söggunni með því að hjálpa þulinum stórhenta að ná þaðan ævintýri, bara ef það hefði nú verið eitthvað meira spennandi en þessi hanasaga. Annars kom þessi höll ekkert við sögu í verkinu. Leikarinn náði að gera sér skapandi mat úr öðrum leikmunum sem þó virkaði eins og óttalegur samtíningur.

Bjarni Ingvarsson er bæði höfundur og leikari verksins og mesta furða að hann hafi ekki gefið sér meira úr að moða. Leikstjórinn Sigurður Sigurjónsson hefur líka sett upp frábærar fjölskyldusýningar í leikhúsum landsins en honum bregst þessi bogalist. Eina lífið í þessari sýningu var að finna í áhorfendahópnum og ég skemmti mér betur við að horfa á hann heldur en það sem var að sjá á sviðinu. **Kristrún Heiða Hauksdóttir**



**Höll ævintýranna**

MÖGULEIKHÚSIÐ VIÐ HLEMM

**Höfundur og leikari** Bjarni Ingvarsson/ **Leikmynd, búningar og leikgervi** Katrín Þorvaldsdóttir / **Tónlist** Jónas Þórir **Leikstjóri** Sigurður Sigurjónsson.

**Niðurstaða:** Ævintýraleg flatneskja sem hefur möguleika leikhússins að litlu.

# Götupartí

Hátíðahöld á vegamótum setja svip sinn á borgir og bæi og hafa Garðbæingar tekið þann sið upp. Fimmta árið í röð stendur menningar- og safnanefnd Garðabæjar fyrir tónlistarveislu í skammdeginu. Verða tvennir tónleikar í nóvember á göngugötunni í Garðatorgi þar í bæ. Hafa bæjarbúar til þessa tekið tónleikahaldi á torginu vel, góð stemning myndast á torginu og fólk á öllum aldri þyrpst að til að hlusta á gestkomandi tónlistarmenn.

Í kvöld mæta Bogomil Font og Calypsosveitin og halda uppi heitu fjöri frá kl. 21 til 23 meðan kalt kvöldið leggst yfir Garðatorgið. Bogomil og félagar munu flytja calypso-smelli frá fyrri hluta síðustu aldar sem þeir spila eftir sínu höfði.

Í sveitinni eru auk Bogomil Font sem leikur á slagverk og sér um sönginn, þeir Ástvaldur Traustason á píanó, Birgir Bragason á bassa, Steingrímur Guðmundsson á trommur, Jóel Pálsson á saxófón og Eiríkur Orri Ólafsson á trompet. Sveitin leikur lög úr safni sínu sem komu út á diski í sumar og og þeir félagar kölluðu Bananaveldið.

Tónleikarnir á Garðatorgi hefjast kl. 21.00 bæði kvöldin og aðgangur er ókeypis. **- pbb**



**BOGOMIL FONT ER BROSMILDUR** Leikur við hvern sinn fingur í Garðabæ.

# Aukasýning í Austurbæ

Breska leikritið Danny and the deep blue Sea var frumsýnt í Austurbæ um síðustu helgi við feikigóðar undirtektir. Vegna fjölda áskorana verða tvær aukasýningar um aðra helgi, laugardaginn 11. nóvember.

Leikritið er eftir John Patrick Shanley en leikstjóri þess er Jón Gunnar Þórðarson. Hjónin Nicolette Morrison og Matthew Hugget fara með hlutverk hinna ástföngnu en ólánsömu Danny og Robertu, sem hittast fyrir tilviljun á bar og komast ekki hjá að heillast hvert af öðru þótt þau hatist út í allan heiminn. Verkið er saga þriggja kynslóða sem þurfa að lifa við bágar aðstæður og fjallar leikritið um börn, uppeldi, drykkju, misnotkun og ást.

Verkið er sýnt í Silfurtunglinu, nýuppgerðu leikrými á efri hæð Austurbæjar.



**DRAMATÍK HJÁ DANNY** Leikritið Danny and the deep blue Sea fær frábærar viðtökur. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**NÓVEMBER**

6 7 8 **9** 10 11 12

### Fimmtudagur

**TÓNLEIKAR**

- 19.30 **Sinfóníuhljómsveit Íslands** leikur undir kvikmyndaafreki **D.W. Griffith**, **Intolarance**, á bíódögum í **Háskólabíói**. Stjórnandi sveitarinnar er **Frank Strobel**. Tónleikarnir eru haldnir í samvinnu við **Kvikmyndasafn Íslands**.

**SKEMMTANIR**

- 21.30 **DJ Lucky** spilar soul, funk og reggí á **Cafe Paris** í **Austurstræti**, skemmtunin stendur fram yfir miðnætti.

**LEIKHÚS**

- 20.00 **Leikhússpjall** um uppsetningu **Borgarleikhússins á Amadeus** eftir **Peter Shaffer** fer fram **í Kringlusafni.** Leikstjórinn **Stefán Baldursson** og aðalleikari, **Víðir Guðmundsson** taka þátt í spjallinu.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.













**GOTT GLÁP**

From Russia With Love: Það er ekki úr vegi að skella sér út á leigu og ná í þessa sígildu James Bond mynd sem er almennt talin til bestu mynda um njósnara hennar hátignar. Sean Connery er hér í toppformi og myndin er fín upphitun fyrir Casino Royale sem verður frumsýnd í næstu viku.

Kiss Kiss Bang Bang: Frábær glæpamynd í leikstjórn Shane Black sem skrifaði handritið að ekki ómerkari myndum en Leathal Weapon og The Long Kiss Goodnight. Það fór lítið fyrir myndinni þegar hún var sýnd hér í bíó og það er óhætt að segja að hún sé stórlega vanmetin.



# bíó

bio@frettabladid.is

KVIKMYNDANJÖRÐURINN ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR INTERNET-ATHAFNAKONA

## *Dýrkar Sylvester Stallone og Rocky Balboa*

**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
The Departed. Mjög góð.
**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Underworld Evolution sem Diddi frændi lánaði mér. Honum fannst glatað að ég hefði ekki séð hana.
**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Mestu líkamlegu áhrifin voru af suður-kóresku myndinni Old Boy. Ég var með hjartslátt, þurr í munninum og með í maganum. En yfir Notebook skældi ég með ekkasogum og hárið fór í rugl og allt.
**Hefur þú grátið í bíó?**
Ógeðslega oft.
**Uppáhalds íslenska persónan:**
Símastúlkan í Sódómu Reykjavík.
Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:
Brad og Angie.
**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Rocky Balboa. Sly Stallone er geðveikur, bæði Rocky og Rambo. Ég hlakka ekkert smá til að sjá nýju Rocky myndina.
**Mesti skúrkurinn:**
Benicio Del Toro. Hann er alltaf svo kynþokkafullur að hann hlýtur að vera vondur inni í sér, því við vitum að einungis vondir menn eru kynþokkafullir.
**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
Silent Hill er rosa vond. Og The Triumph of Love eftir leikriti Bertoluccis.
**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
Ég myndi leika prinsessu sem væri mjó, ógeðslega fyndin, með ótrúlega flott hár og alltaf í töff fötum og skóm. Christopher Guest myndi leikstýra mér. Söguþráðurinn væri að ég þyrfti að finna mér kærasta strax því annars myndi pabbi minn deyja og fjölskyldan missa landið. Svo myndi ég fá lista yfir menn sem ég þyrfti að hitta, sofa hjá og ákveða svo hvern ég vil. Í þessari mynd yrðu 23 ástarsenur með allavega Johnny Depp, Brad Pitt, Benicio Del Toro ...





**AF HVÍTA TJALDINU**
**Þórarinn Þórarinsson**

## *Bógí*

Þegar ég var tíu ára eða svo sinnti Sjónvarpið enn menningarhlutverki sínu með miklum sóma og sýndi með stuttu millibili svarthvítu myndirnar Casablanca, The Maltese Falcon og The Big Sleep. Það eru svona myndir, ekki Star Wars, sem breyta lífi fólks. Ég varð í það minnsta ekki samur maður og hef lifað og hrærst í sýndarveruleika kvikmyndanna síðan.

Ég hafði vitaskuld hvorki vit né þroska til þess að átta mig á hversu miklar og flóknar tilfinningar bærðust innra með svart/hvítum persónunum og heillaðist því í upphafi fyrst og fremst af Humphrey Bogart sem bar allar þessar myndir á herðum sínum.

Bogart er mesti töffari 20. aldarinnar og hugsanlega allra tíma. Fólk minnist James Dean bara fyrir það að hann dó ungur, Marilyn Monroe fyrir það að hafa haldið við forseta, verið heimsk ljóska og dáið ung og Brando dó ofspikaõ og þreytandi gamalmenni sem hefði betur farið eins og Dean enda vill fólk helst gleyma lokakafla ferils hans.



Ekkert hefur hins vegar fallið á minningu litla kallsins með sígarettuna, sem talaði eins og Bugs Bunny, og dó úr reykingakrabba 1957. Bogart er eilífur vegna þess að hann er það sem hann er. Alvöru töffari, bæði á hvíta tjaldinu og utan þess. Ekki til feik í manninum.

Veit ekki af hverju Bogí sækir stíft á mig þessa dagana en það gæti verið vegna þess að ég hef séð Daniel Craig leika James Bond með engu minni stæl en Sean Connery. Hélt satt best að segja að það væri ekki hægt að komast með tærnar þar sem Connery er með hælana í skóm 007 en Craig hefur tekist hið ómögulega.

Þeir eiga það líka sameiginlegt Connery og Craig að þeir leika Bond samkvæmt forskrift gamla töffaraskólans en það námsefni er byggt á Bogart sem gaf skít í allar methodpælingar þegar hann lék. Hann bara var og var töff.

Nú stendur maður skyndilega frammi fyrir því að það eru til tveir alvöru Bondar en það verður alltaf bara einn Philip Marlowe og hann er lítill naggur sem talaði eins og teiknuð kanína.

# Háskalegt bangsagrín

Skógardýr eru í brennidepli í teiknimyndum um þessar mundir og á morgun mætir bjarndýrið Boog til leiks í Open Season.

Boog hefur haft það náðugt frá því hann var lítill munaðarlaus húnn sem skógarvörður tók að sér. Hann hefur alist upp í verndu umhverfi, haldið til í skúr skógarvarðarins og horft á sjónvarp og borðað vel útilátnar máltíðir á hverjum degi.

Róleg tilvera hans kemst í algert uppnám þegar hann hittir fyrir snælduvitlausan hjört sem er með blóðþyrstan veiðimann á hælunum og áður en hann veit af er hann týndur í miðjum óbyggðum.

Veiðitíminn er nýbyrjaður og hann er því í bráðri lífshættu með þessum nýja félaga sínum og öll byssuhlaup beinast að þeim og heimferðin er því upp á líf og dauða.



**SKÓGARLÍF** Hjörturinn Eliot setur tilveru bangsans Boog á hvolf þegar hann dregur hann í skotmál veiðimanns.

Gamanleikarinn Martin Lawrence ljær Boog rödd sína, Ashton Kutcher talar fyrir hjörtinn Eliot og Gary Sinise sem fer mikinn í CSI: New York leikur veiðimanninn skeinuhætta.

# Afhjúpandi blekkingarleikir

**Breski háðfuglinn Sacha Baron Cohen er heldur betur að slá í gegn með grínmynd sinni um ævintýri sjónvarpsmannsins Borat frá Kasakstan þar sem hann vinnur markvisst innan þeirrar hefðar sem kennd er við lognar heimildarmyndir eða „mockumentaries“.**



**BORAT** Þessi geðþekki og einfaldi Kasaki flettir ofan af hræsni amerískrar þjóðarsálar með kjánalegum spurningum sem fær fólk til að sofna á verðinum og svara í einlægni.

Sacha Baron Cohen er alls ekki að finna upp hjólið í myndinni um Borat og það má víða finna gömul dæmi um vel heppnaðar tilraunir með sannfærandi framsetningu skáldskapar sem um blákaldan raunveruleika væri að ræða.

Eitt eftirminnilegasta dæmið um þetta er útvarpsleikgerð Orson Welles frá 1938 þar sem innrás Marsbúanna á Jörðina var lýst með svo sannfærandi tilþrifum að fjöldi hlustenda gekk af göflunum í fullvissu um að verið væri að lýsa raunverulegum atburðum.

### Rokk, ról og rugl

Hugtakið „mockumentary“ kemur þó ekki til sögunnar fyrr en 1984 þegar leikstjórinn Rob Reiner sendi frá sér hina kostulegu This is Spinal Tap sem fjallaði um ris og fall samnefndrar rokkhljómsveitar. Myndin var sett fram sem alvarleg heimildarmynd með tilheyrandi viðtölum við meðlimi og aðra sem höfðu með hljómsveitina að gera en var þó skáldskapur frá rótum. Raunveruleikatengingin var þó svo sterk að Spinal Tap öðlaðist sjálfstætt líf í vitund fólks og kom meðal annars við sögu í Simpsonsþætti mörgum árum síðar.

Best in Show, Bob Roberts og Mike Bassett: England Manager eru nýlegri dæmi um vel heppnaðar delluheimildarmyndir. Í Best in Show er fylgst með vægast sagt sérkennilegum hundaeigendum sem lögðu allt í sölurnar til þess að sigra hina eftisóttu hundafegurðarsamkeppni Best in Show. Bob Roberts er pólitísk ádeila þar sem Tim Robbins greindi frá ímynduðum uppgangi og kosningasvindli hægrisinnaðs þjóðlagasöngvara og í Mike Basset fór breski leikarinn Ricky Tomlinson á kostum í hlutverki ólánssams ístrubelgs sem fyrir röð óheppilegra tilviljana varð landsliðsþjálfari enska knattspyrnulandsliðsins.



**WOODY ALLEN** Hefur brugðið eftirminnilega á leik í delluheimildarmyndum og fór sjálfur á kostum í hlutverki Zeligs, mannlega kamelljónsins sem setti svip sinn á mannkynssöguna með því að dúkka upp á ólíklegustu

Þá má ekki gleyma þætti Woody Allen en hann hefur gert ákaflega vel heppnaðar delluheimildarmyndir á borð við Zelig og Sweet and Lowdown þar sem Sean Penn fór á kostum í hlutverki eins besta gítarleikara í heimi sem hafði fallið í gleymskunnar dá. Kannski vegna þess að hann var aldrei til?

### Borat fer alla leið

Sacha Baron Cohen sker sig úr þessum hópi með Borat þar sem vart er hægt að tala um Borat sem leikna delluheimildarmynd þar sem flestir þeir sem þar koma við sögu eru raunveruleg fórnarlömb Cohens í gervi Borats. Þetta er fólk sem í góðri trú tjáir sig við Borat um sín hjartans mál og telur sig með því vera að uppfræða frumstæða Kasaka um hvernig lífið gengur fyrir sig í Bandaríkjunum.

Cohen og tökulið hans lét aldrei líta út fyrir annað en að hópurinn væri allur frá Kasakstan og að upptökurnar myndu aðeins birtast í sjónvarpi þar. Sagan segir að Cohen hafi stundað blekkingarleik sinn svo bókstaflega að hann hafi leikið Borat stanslaust í tvo mánuði, hvort sem hann var fyrir framan myndavélar eður ei. Hann lenti í alls kyns árekstrum við viðmælendur sína og fólk á förnum vegi, sem Borat, og var handtekinn fimmtíu sinnum á meðan á tökum stóð en missti þó aldrei andlitið og var alltaf Borat.



**MAÐUR BÍTUR HUND** Delluheimildarmyndin um raðmorðingjann Benoit stillir áhorfendum upp við vegg.

### Maður bítur hund

Þótt léttleikinn og grínið svífi yfirleitt yfir vötnum í delluheimildarmyndunum þá gefa þær vitaskuld gott tækifæri til samfélagsrýni og gagnrýni og virka því oft sem fínar paródíur. Þegar vel tekst til getur ádeilan enda orðið hárbeitt eins og til dæmis í myndinni um Borat.

Belgíska myndin Man Bites Dog er skemmtilega ógeðkennt dæmi um delluheimildarmynd sem er eins fjarri Borat og This is Spinal Tap og hugsast getur þótt hún sé af sama meiði. Þar er í raun um hryllingsmynd að ræða en í henni fylgir tökulið raðmorðingjanum Benoit eftir og filmar illvirki hans. Aldrei er látið í annað skína en að um raunverulega atburði sé að ræða og smám saman sekkur kvikmyndagerðarfólkið dýpra ofan í sjúkan heim Benoits og þar sem sök bítur jafnan sekan fer það að týna tölunni.

Man Bites Dog er þrælgóð og mátulega viðbjóðsleg hryllingsmynd en framsetning efnisins vekur áhorfendur til umhugsunar um sitt innra eðli og hvað fær hann til þess að vilja taka þátt í og horfa upp á endalausan viðbjóð, ofbeldi og niðurlæginu samborgara sinna.

Delluheimildarmyndin verður því í raun heimildarmynd um siðferðislegan þankagang hvers áhorfanda fyrir sig og þetta skemmtilega kvikmyndaform sprengir efnið langt út fyrir ramma kvikmyndarinnar, ekki ósvipað myndinni um Borat sem er í það heila beinskeytuð gagnrýni á bandarískt samfélag frekar en einföld gamanmynd um kjánalegan vitleysing.

thorarinn@frettabladid.is

# Hetjur háloftanna

Stríðsmyndin Flyboys verður frumsýnd á morgun en hún byggir á sannsögulegum atburðum úr fyrri heimsstyrjöldinni.

Bandaríkjamenn kipptu sér ekki upp við það til að byrja með þegar stríðið mikla braust út í Evrópu árið 1914 en Flyboys segir þó sögu nokkurra ungra Bandaríkjamenn sem kusu að blanda sér í leikinn, uppfullir af ævintýraþrá, með því að gerast sjálfboðaliðar í Frakklandi.

Söguhetjurnar ákveða þegar á hólminn er komið að gerast orrustuflugmenn og fá þjálfun undir handleiðslu tveggja reyndra jaxla sem að lokum skila þeim af sér upp í háloftin þar sem þeir fá tækifæri til þess að sanna sig með því að skjóta niður þýskar tvíþekjur.

Eins og í öllum almennilegum strákamyndum er um þroskasögu ungu mannanna að ræða en á meðan þeir berjast í stríði sem í raun kemur þeim ekki við læra þeir að meta ástina, lífið, bræðralag og vináttu og finna þannig eitthvað sem er þess virði að berjast fyrir og jafnvel deyja.



**UNGAR HETJUR** Bandarísku strákarnir læra ýmislegt um lífið þegar þeir horfast í augu við dauðan á flugi yfir Frakklandi.

# Brimsölt skelfing

Sýningar á myndinni Adrift, sem einnig hefur verið nefnd Open Water 2, hefjast á morgun. Open Water l´syti hremmingum pars sem fyrir bölvað ólán svamlaði fyrir lífi sínu úti á regin hafi umkringt hákörlum án þess að geta nokkra björg sér veitt.

Að þessu sinni segir frá hópi gamalla skólafélaga sem koma saman á lúxussnekkju og sigla á henni út í buskan.

Þau taka upp á því að kasta sér til sunds án þess að setja niður stiga þannig að þegar ánægjuleg buslinu lýkur komast þau að því að það er ekki fræðilegur möguleiki fyrir þau að komast aftur um borð.

Til að bæta gráu ofan á svart skildu þau ungabarn eftir í skipinu og móðir þess sem er sjúlega vatnshrædd hefur því tvær gildar ástæður til að fara á taugum.

Eftir því sem dvölin í sjónumlengist fara vonir hópsins þverrandi, sundurlyndi gerir vart við sig og vonlaust virðist að halda lífinu í öllum mannskapnum.



**LÍFSHÁSKI** Nokkrir æskuvinir horfast í augu við dauðann þegar þeir svamla í sjónum og geta enga björg sér veitt.

## ÚR VERINU

Barbara Broccoli, dóttir framleiðandans sáluga Albert Broccoli, hefur upplýst að Daniel Craig hafi verið þeirra fyrsta val í hlutverk James Bond. „Mér fannst undarlegt að lesa um alla þá leikara sem við leituðum til,“ sagði Broccoli í samtali við FemaleFirst. „Sannleikurinn er sá að bæði ég og framleiðandinn Michael Wilson vildum Daniel frá fyrsta degi. Vandamál okkar fólst fyrst og fremst í að sannfæra hann um að taka hlutverkið að sér,“ útskýrir Broccoli. „Það liðu aðeins þrjár vikur þar til hann fékk handritið uppí hendurnar og við tilkynntum hann sem næsta Bond.“



Gæðaleikstjórann Martin Scorsese hefur skrifað undir fjögurra ára milljarðarsamning við kvikmyndafyrirtækið Paramount. Fyrirtækið stendur á ákveðnum tímamótum eftir að hafa rift samstarfi sínu við gullkálfinn Tom Cruise og hafa lýkur verið leiddar að því að Scorsese eigi að fylla upp í það gat sem leikarinn smái en knái skildi eftir sig. Fyrirtækið tryggir sér rétt á því að meðframleiða allar myndir Scorsese næstu fjögur ár en síðasta kvikmynd leikstjórans, The Departed, hefur fengið mikið lof gagnrýnenda.



### FRUMSÝNDAR UM HELGINA

DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM

**Flyboys**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 6.6 |
| Rottentomatoes.com | 30% - Rotin |
| Metacritic.com | 47 |



**Open Season**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 5.7 |
| Rottentomatoes.com | 49% - Rotin |
| Metacritic.com | 49 |



**Adrift**

| | |
|---|---|
| Internet Movie Database | 4.5 |




**> Athugaðu ...**

*... að hnetur eru góð tilbreyting við snakkið eða poppið yfir sjónvarpinu á myrkum kvöldum. Þær eru líka góð leið til að þjófstarta jólastemningunni án þess að þurfa að leggjast í smákökubaksturinn strax.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

MATGÆÐINGURINN: BJARNI ÁKASON FORSTJÓRI

## Krókódíll bragðaðist eins og vondur hvalur



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Lambakjöts. Ég elda mjög mikið af því.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?**
Hún var á matsölustað í Danmörku sem heitir Kokkurinn, þjófurinn, konan hans og viðhaldið hennar, þar sem ég fékk mér humar og fisk. Þetta kvöld var eiginlega undantekningin frá reglunni að íslenski fiskurinn sé bestur.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, ansjósur. Annars borða ég allt annað.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Saltfisksuppskriftin sem mamma mín gaf mér. Ég gef hana aldrei upp, hún er fjölskylduleyndarmál.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Það er bara lambakjöt.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ég á alltaf til ónýta mjólk. Og jú, bjór og svolítið af ávöxtum.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Lambakjöt. Nei, annars, ég tæki með mér risastórt naut og borðaði það svona smám saman.

**Hvað er það skrýtnasta sem þú hefur borðað?**
Það er krókódíll, sem er jafnframt það ógeðslegasta sem ég hef borðað. Hann var eins og illa matreiddur hvalur á bragðið.



VÍNVIÐURINN
Einar Logi Vignisson

## Hóf víngerð þrettán ára

Ástralski víngerðarmaðurinn Philip Shaw heimsótti Ísland í síðustu viku. Hann hóf árið 2004 að framleiða og selja vín undir eigin nafni en fram að því hafði hann unnið fyrir stærstu vínfyrirtæki Ástralíu, Penfolds og Rosemount. Honum er að mestu leyti þökkuð ævintýraleg velgengni Rosemount á alþjóðamarkaði. Hann var valinn víngerðarmaður ársins á International Wine & Spirits Competiton árin 1986 og 2000 og var þar til í síðustu viku eini maðurinn sem hafði tvisvar verið valinn víngerður ársins. Þennan árangur jafnaði á dögunum annar ástralskur snillingur, Andrew Wigan, yfirvíngerðarmaður Peter Lehmann. Það fer því vel á því að fylgja eftir umfjöllun um Shaw með því að fjalla eilítið um Wigan í næstu viku.

Philip Shaw er einn jarðbundnasti víngerðarmaður sem ég hef hitt. Lítur fyrst og fremst á sig sem bónda og sagðist frekar vilja vera heima í Ástralíu núna að búa til vín en að þvælast um fjarlægar álfur að kynna þau. Var áhyggjufullur yfir þurrkum sem nú herja suðurfrá og möguleg um frostskemmdum en vínekrurnar liggja óvenju hátt miðað við það sem gerist í Ástralíu, sumar í yfir níu hundruð metra hæð. Lega víngarðanna gerir það að verkum að vín hans eru ferskari og skarpari en algengt er um áströlsk vín. Pipruð og beitt en ekki eins feit og þrungin af berjum og sumir samlandar þeirra.

Shaw er kominn af bændafólki sem fluttist á mölina í Adelaide þar sem faðir hans starfaði sem slátrari. Hinum megin við götuna var Penfolds víngerðin og hún fangaði hug Shaws á táningsárunum. Aðeins þrettán ára gamall var hann farinn búa til sín eigin vín úr rúsínum. „Svo grenjaði ég út vinnu og fékk að þvo flöskur fyrir Penfolds. Það var hræðilegt starf en ég vann mig fljótt upp og var orðinn kjallaravörður hjá þeim sextán ára gamall. Ég stundaði síðan háskólanám í landbúnaðarfræðum og víngerð og hef alla mína hunds- og kattartíð síðan verið í víngerð. Ég hef ræktað mínar eigin þrúgur í Orange-héraði sem er tvö hundruð kílómetrum vestan Sidney síðan 1992 og þótt ég hefði mikla ánægju af störfum mínum sem yfirvíngerðarmaður Rosemount stefndi hugur minn alltaf til þess að framleiða mín eigin vín undir eigin nafni. Orange-hérað er ekki þekktasta vínhérað Ástralíu en möguleikarnir eru mjög miklir.“



**Á botninn hvolft:**
Ástralir leggja mikla áherslu á hönnun og útlit vínflaskna. Shaw framleiðir þrjár línur sem allar eru afar smekklegar. Þær heita Rolling, Climbing og Philip Shaw.





Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík 11. nóvember 2006

Prófkjörið er opið stuðningsfólki. Þú þarft ekki að vera í flokknum til að kjósa!

kristrun.is

Samfylkingin


# Notar hvítlauk í næstum allt

**Sólveig S. Hannam vinnur sem förðunarfræðingur á hárgreiðslustofunni Hárhönnun, en hún þrífst alveg jafn vel í eldhúsinu.**

„Ætli ég hafi ekki verið svona ellefu, tólf ára gömul þegar ég fór að elda pastarétti fyrir alla fjölskylduna,“ segir Sólveig. „Í dag finnst mér mjög gaman að halda matarboð. Ég er eiginlega að verða eins og amma mín, er á þeytingi að ná í meiri mat og leggja að fólki að borða meira. Ég er meira að segja farin að vísa í börnin í Afríku,“ segir hún kát.

Sólveig segir enga sérstaka rétti vera í uppáhaldi. „Ég elda mest svona út í bláinn, en það er hvítlaukur í öllu sem ég geri. Nema kannski eftirréttum,“ bætir hún við. „Mér finnst hann svo góður, og svo er hann hollur líka. Það hefur alveg gerst að ég setji átta hvítlauksrif út í pastasósur, en hingað til hefur enginn kvartað,“ segir Sólveig, en bætir því við að fólk geti aðlagað hvítlauksmagnið í uppskriftinni að eigin smekk. sunna@frettabladid.is



**SÓLVEIG HANNAM** Er farin að hegða sér eins og amma hennar í matarboðum.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

### Kjúklingabringur með sveppasósu fyrir tvo

**3 kjúklingabringur**
**1 stór laukur**
**4 hvítlauksrif eða eftir smekk**
**Sveppir**
**1 paprika**
**Hvítlaukssmjör**
**Salt og pipar**

**SÓSA:**
**1 dós Campbell-sveppasúpa**
**Mjólkurdreitill eða rjómi**
**Sveppir**
**Smjör**
**Rauðvínssletta**
**Örlítið salt**

**SALAT:**
**Klettasalat (rucola)**
**Rauð og gul paprika**
**Gúrka**
**Cashew hnetur**
**Fetaostur**
**Svartur pipar**

Hitið ofninn í 200 gráður. Brúnið bringurnar á pönnu með smá salti og pipar eða hvítlaukspipar. Setjið þær í eldfast mót, hakkið laukinn og hvítlaukinn gróft og dreifið í kringum bringurnar. Grænmetinu má sleppa eða skipta út fyrir annað grænmeti. Það fær sömu meðferð og laukurinn. Dreifið klípum af hvítlaukssmjöri yfir og setjið inn í ofn.

Hitið Campbell-súpuna og mjólkina/rjómann í potti á frekar lágum hita. Mjólkurmagnið fer eftir því hversu þykk sósan á að vera.

Smjörsteikið sveppina á pönnu og setjið út í sósuna. Magn af sveppum fer líka eftir smekk, en ég nota oft heilt box. Ef það er til opin rauðvínsflaska er gott að setja smá skvettu út í sósuna, sem er svo látin malla áfram, ásamt örlitlu salti. Mér finnst þetta salat mjög gott með, en því má að sjálfsögðu breyta. Ég mæli með avókadói, mér finnst það æðislegt í salati.

Þegar salatið er klárt ætti rétturinn svo að vera til, athugið bara að kjúklingurinn sé eldaður í gegn.

## Matarolía í öðru hlutverki



**RAPUNZEL ÓLÍFUOLÍA**
Best er að nota lífrænar olíur á raka húð.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í matarskápunum geta leynst ýmiss konar fegrunarmeðul. „Flestar matarolíur eru góðar til að bera á húð,“ sagði Hildur Guðmundsdóttir, annar eigandi verslunarinnar Yggdrasils. „Ég veit um fólk með klórofnæmi sem ber á sig sesamolíu nokkrum tímum áður en það fer í sund. Olían smýgur þá inn í húðina og ver hana gegn klór, þannig að fólk sleppur við útbrot.“ Ólífuolíu nota margir á húðina. „Fólk er samt misjafnlega hrifið af lyktinni,“ sagði Hildur. „En það er hægt að fá hana með sítrónu, og þá er sítruslyktin yfirgnæfandi,“ sagði Hildur, sem mælir líka með möndluolíu. „Hún er góð fyrir viðkvæma húð og fyrir börn.“

Hunang má líka nota í annað en te. „Í Finnlandi bera konur á sig hunang áður en þær fara í gufu, húðin á að verða silkimjúk af því,“ sagði Hildur, sem kveðst þó ekki hafa prófað hunangsmeðferðina sjálf. Hún mælir með að notaðar séu lífrænar, hreinar olíur á húðina. „Hjá okkur fást til dæmis Rapunzel-olíur sem eru lífrænt ræktaðar, kaldpressaðar og unnar án allra aukaefna,“ bendir hún á. Hún segir jafnframt að langbest sé að nota olíu á raka húð. „Ef húðin er þurr hrindir hún olíunni frá sér,“ sagði Hildur. - sun



**HILDUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
Notar einnig útþynnt edik til að sporna við sýkingum í húð.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



© BURBERRY LIMITED BURBERRY.COM

fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Glitur, glamúr og fágun á Rex

**Tískulöggan Ásgrímur Már Friðriksson hefur verið ráðinn skemmtanastjóri á Rex í Austurstræti. Hann segir að það vanti fínan, alvöru skemmtistað í miðborgina.**

Ásgrímur Már Friðriksson, fatahönnuður, stílisti og tískulögga, hefur nú bætt enn einum titlinum í safnið, en hann tók nýverið við starfi skemmtanastjóra á skemmtistaðnum Rex. „Ég og Andrea Brabin höfum verið að vinna saman uppi í Eskimo og hún mælti með mér í þetta," sagði Ásgrímur um nýja starfið. Hann segist ætla að taka staðinn í gegn.

„Það vantar fínan, alvöru skemmtistað. Fólk er farið að kaupa sér dýrari föt en áður og langar til að fara á fína staði frekar en að vera í troðningi inni á einhverjum bar," sagði hann. „Rex er náttúrulega einn flottasti staðurinn á landinu, en ég ætla að pimpa hann aðeins upp. Við byrjum á að setja upp diskóljós og DJ-borð og svo sjáum við hvað setur," segir Ási, sem sækist þó ekki eftir því að skipta um viðskiptavini. „Nei, við viljum halda gamla hópnum en fá fleiri inn og hafa góða blöndu af öllu því besta niðri í miðbæ," sagði hann. „Það verða ekki gerðar alveg jafn strangar kröfur um fatnað og áður. Það þarf vissulega að vera fínn, en fínt þarf ekki endilega að þýða jakkaföt," segir Ási sem hefur ráðið stelpu úr fatahönnun í LHÍ til að sinna dyravörslu á Rex og þar með tryggt að gestir séu sómasamlega til fara. Ási lofar fullt af partíum, þemakvöldum og skemmtilegum uppákomum í framtíðinni. „Þetta verður heljarinnar fjör, glitur, glamúr og fágun," segir hann. - sun


REX Fær andlitslyftingu í boði Ása. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


ÁSI SKEMMTANASTJÓRI Ætlar að taka skemmtistaðinn Rex í gegn og lofar fullt af skemmtilegum uppákomum á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Elle komin með nýjan

Fyrirsætan Elle MacPherson harðneitar að tjá sig um nýja kærastann sinn. Elle mætti á bókakynningu í London í byrjun vikunnar.


ELLE MACPHERSON Neitar að tala um nýja kærastann.

Með í för var sápuleikarinn Ray Fearon og er þetta í annað sinn á skömmum tíma sem þau sjást saman. „Við erum bara vinir," segir Elle um þetta. „Við erum mjög, mjög góðir vinir," segir Fearon um samband þeirra. Hvort þeirra ætli hafi rétt fyrir sér?

# Pitt og Vaughn keppa um verðlaun

Leikarnir Brad Pitt og Vince Vaughn eru báðir tilnefndir sem besti karlkyns leikarinn í People´s Choice Awards sem verða afhent í janúar á næsta ári. Kapparnir eiga fleira sameiginlegt en tilnefninguna því að Vaughn er nú í sambandi með Jennifer Aniston sem er, eins og kunnugt er, fyrrverandi eiginkona Brad Pitt. Vaughn er tilnefndur fyrir hlutverk sitt í myndinni „The Break up" þar sem hann leikur á móti Aniston en Pitt fyrir myndina „Babel".

Aniston og Vaughn eru einnig tilnefnd fyrir besta samleik á hvíta tjaldinu í myndinni „The Break up" og keppa þar á móti Jack Nicholson, Leonardo DiCaprio og Matt Damon sem eru saman í myndinni „Departed" og Johnny Depp og Keiru Knightley sem léku saman í stórmynd sumarsins, „Pirates of the Caribbean 2".

Cameron Diaz, Kirsten Dunst og Scarlett Johanson keppa um titilinn leikkona ársins.


BRAD PITT Fylltist örugglega miklum eldmóði þegar hann komst að því að hann væri að keppa við núverandi mann fyrrverandi eiginkonu sinnar Jennifer Aniston, Vince Vaughn.


PAR ÁRSINS? Vince Vaughn og Jennifer keppa um titilinn par ársins á hvíta tjaldinu á meðan báðir menn Aniston, Vaughn og Brad Pitt, etja kappi um besta karlkyns leikarann á People´s Choice Awards.

# Hótar að gelda tengdasoninn

Strandvarðahetjan David Hasselhoff fer mikinn í fjölmiðlum þessa dagana. Í viðtali í tímaritinu Elle segir hann frá því að hann hafi hótað að gelda kærasta eldri dóttur sinnar. Sjarmörinn á tvær dætur, Taylor Ann, sem er sextán ára, og Hayley sem er tveimur árum yngri.

Hann ku ofvernda börn sín nokkuð, og hótaði því kærasta Taylor geldingu, kæmi hann ekki vel fram við hana. Hasselhoff sagðist ekki hika við að eyða ævinni í fangelsi fyrir verkið, ef svo bæri undir.


DAVID HASSELHOFF Strandvörðurinn forni stendur í erfiðum skilnaði við konu sína, Pamelu Bach, um þessar mundir.


CITROËN




# Betri kjör á fjármögnun

Við erum sjálfselsk hjá Citroën. Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefur okkur þann drifkraft fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

**Enn meira fyrir enn minna**

Hagstæðari samningar við framleiðanda; enn betri kjör, enn betri þjónusta og sérútbúnir atvinnubílar fyrir íslensk fyrirtæki styrkir okkur í því að samvinna við aðra og stöðug hugmyndaleit borgar sig alltaf. Komdu í dag.

Samvinna við SP-Fjármögnun borgar sig. Nú getum við boðið betri kjör í þeirra nafni. Komdu endilega til okkar í Brimborg, Bíldshöfða 8 og skoðaðu hvað við getum boðið þér. Kynntu þér kosti og hagkvæmni samvinnu við okkur.

Citroën Berlingo

**Dæmi um tilboð sem við gátum ekki boðið í gær**

- Betri kjör á fjármögnun frá SP-Fjármögnun
- Hundrað þúsund krónur í beinan afslátt
- Fimmtán þúsund fleiri kílómetrar veljir þú rekstrarleigu
- Mun betri kjör á fjármögnunarleigu
- Mun betri kjör á rekstrarleigu
- Aðeins tuttugu prósent útborgun veljir þú fjármögnunarleigu
- Betri þjónustu í dag en í gær

SP-FJÁRMÖGNUN HF

*SP-Fjármögnun býður í enn betri fjármögnun á Citroën Berlingo*




**Dæmi um staðalbúnað í Citroën:**

- Meiri burðargeta: 800 kg
- Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
- 180 gráðu opnun á afturhurðum
- Topplúga fyrir lengri hluti
- Hiti í sætum
- Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
- Rafdrifnar rúður
- Fjarstýrð samlæsing
- Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi

**Þetta tilboð gildir meðan birgðir endast.**

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

# Enn meira fyrir enn minna



Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

* Öll verð í auglýsingunni eru án virðisaukaskatts. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Fjármögnunarleiga er lán með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 60 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Rekstrarleiga er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 39 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 75.000 km akstur á tímabilinu. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

# Fígúrur og litadýrð í barnafötum Helgu

**Ný barnafatalína Helgu Ólafsdóttur fatahönnuðar er nú seld í Hagkaupum. Hana hefur langað til að hanna barnaföt frá því hún eignaðist fyrsta barn sitt.**



**HELGA ÓLAFSDÓTTIR** Barnafatalína eftir hana kemur í verslanir Hagkaupa í dag undir nafninu SnúSnú. Á myndinni sést Viktoría Þóra, dóttir Helgu, í fötum úr línunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Enn á ný er verslanakeðjan Hagkaup að sækja í sig veðrið en í dag mun koma út barnafatalína eftir íslenska fatahönnuðinn Helgu Ólafsdóttur sem verður til sölu í verslunum Hagkaupa. Helga varð í öðru sæti í fatahönnunarkeppni á vegum Hagkaupa þar sem Sunna Dögg Ásgeirsdóttir bar sigur úr býtum en fatnaður eftir Sunnu er nú þegar til sölu í verslunum Hagkaupa.

Helga hannar barnaföt í fyrsta sinn nú en hún er alls ekki ókunnug hönnunarheiminum því hún hefur bæði unnið sem hönnuður hjá breska fatamerkinu All Saints og íslenska fatamerkinu NIKITA.

„Ég er svakalega ánægð með að þetta sé komið í búðirnar því þetta er draumur sem hefur blundað í mér síðan ég eignaðist mitt fyrsta barn,“ segir Helga þegar Fréttablaðið náði af henni tali í gær en hún á tvö börn og er því vel kunnug barnafatnaði. Fatalínan ber nafnið SnúSnú og er ætluð börnum á leikskólaaldri. „Þetta eru litrík og skemmtileg föt og þægindin eru í fyrirrúmi. Mér finnst mjög mikilvægt að leyfa börnum að vera börn eins lengi og hægt er, barnafatnaður nú til dags er orðinn full alvarlegur fyrir minn smekk,“ segir Helga en línan hennar einkennist af litadýrð og skemmtilegum fígúrum sem börnum finnst gaman að klæðast.

Helga er ánægð með samstarf sitt við Hagkaup og segir framtak þeirra skipta sköpum fyrir íslenska hönnun, viðskiptavinum sé loksins gert kleift að kaupa íslenska hönnun á viðráðanlegu verði.

**alfrun@frettabladid.is**

# Fall er fararheill

Fyrirsætur eru oftast taldar vera í öfundsverðu hlutverki. Sumir ganga meira að segja svo langt að segja þær vera allt það sem konur vilja líkjast. Þær spranga hávaxnar og spengilegar um tískupallana og leyfa heiminum að sjá nýjustu tískustraumana sem þær bera oftast óaðfinnanlega. En sem betur fer fyrir okkur hinar eru fyrirsætur ekki fullkomnar verur og geta gert mistök.

Það er ekkert pínlegra fyrir fyrirsætu en að hrasa á tískupallinum fyrir framan fullan sal áhorfenda við taktfasta tónlist. Fyrirsætur á hausnum falla ekki alveg inn í þá ímynd sem tískan hefur. Við skulum líta á myndir af nokkrum óheppnum fyrirsætum en höfum í huga að fall er faraheill. **- áp**



**AÐEINS AÐ HVÍLA SIG** Þessi fyrirsæta var greinilega ekki búin að æfa sig nógu vel að ganga á háum hælum.





**ÆÆÆ ...** Þessi fyrirsæta missteig sig á himinháum hælaskónum og hafði það ekki góðar afleiðingar eins og myndirnar sýna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES



**EKKI SKEMMTILEGT** Þessi stúlka hefur örugglega verið mjög rauð í framan þegar hún kom baksviðs eftir þessa tilburði á tískupallinum og ekki skemmdi fyrir hversu fáklædd aumingja stúlkan var.



**EKKI GOTT** Þetta atvik átti sér stað á sýningu Karls Lagerfeld og ekki er gott að segja hvað hefur runnið í gegnum huga stúlkunnar á þessari örlagastundu.



**ÚPPS** Þessi unga dama var alveg að nálgast endapunktinn á sýningarpallinum þegar henni skrikaði fótur á sýningu fyrir hinn hressa hönnuð Vivienne Westwood.

Regatta GREAT OUTDOORS

Nýtt kortatímabil

Glæsilegt úrval af útivistar- og skíðafatnaði á dömur og herra

-50% tilboð á nýjum barnavörum

Opið virka daga 10 – 18 og laugard. 11 - 16

ÚTIVIST&SPORT

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Akureyri Strandgata 3 S. 464-4450.
Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322. Aðrir sölustaðir: Ísafjörður Hafnarbúðin S. 456-3245.
Reyðarfjörður Molinn S. 474-1400. Höfn H. Hafnarbraut 34 S. 478-2216




**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Britney og Federline á Grammy-verðlaunahátíð í Los Angeles þann 8. febrúar þegar allt lék í lyndi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# SKILNAÐURINN AFHJÚPAÐUR

**Poppprinsessan Britney Spears hefur sótt um skilnað við eiginmann sinn Kevin Federline eftir tveggja ára hjónaband. Federline frétti af skilnaðinum í miðjum sjónvarpsþætti í gegnum SMS-skilaboð.**

Federline var gestur í raunveruleikaþættinum Exposed, eða „Afhjúpaður“, í Kanada þegar hann frétti að skilnaðinum í gegnum SMS. Federline hafði verið fylgt eftir allan daginn í þættinum og hafði hann meðal annars lýst yfir því hversu sterkt samband þeirra hjóna var. Talaði hann þó um að erfitt væri að vera fjarverandi frá eiginkonunni og börnunum tveimur, hinum eins árs Sean Preston og hinum tveggja mánaða Jayden James.

### Í miklu uppnámi

Um kvöldið snæddi Federline síðan kvöldverð fyrir augum myndavélanna en fór fljótt að einbeita sér að farsíma sínum. Eftir stutta stund reif hann af sér hljóðnemann og rauk út í miklu uppnámi. Sneri hann síðan aftur í þáttinn hálftíma síðar til að ljúka upptökunum.

### „Þú ert núll og nix“

Vísbendingar um að ekki væri allt með felldu í hjónabandinu voru greinilegar í útgáfuteiti Federline vegna rappplötu hans í Los Angeles í síðustu viku. Rifust þau heiftarlega sem endaði með því að Britney kallaði á hann: „Þú ert einskis virði, þú ert núll og nix“, og rauk síðan í burtu hágrátandi. Nokkrum dögum síðar ætluðu þau að snæða saman kvöldverð í New York en Federline lét ekki sjá sig. Lífvörður Britney hljóp þá í skarðið og borðaði dýrindis matinn með söngkonunni.

Britney náði fram hefndum nokkrum dögum síðar með því að mæta ekki í útgáfuteiti Federline á næturklúbbi í New York. Þegar Federline var spurður hvar eiginkonan væri sagðist hann ekki vita það. Síðar um kvöldið þegar plötusnúðurinn skellti lagi Britney, Slave 4 U, á fóninn, brást Federline hinn versti við og skipaði honum að skipta undir eins um lag.

Einnig vakti það athygli þegar Britney kom óvænt fram í kvöldþætti David Letterman á mánudagskvöld með nýja hárgreiðslu þar sem hún minntist ekki einu orði á skilnaðinn.

Jafnframt má geta þess að fyrir tveimur vikum tók Federline á leigu piparsveinaíbúð í Los Angeles, í 45 mínútna keyrslu frá glæsivillu þeirra hjóna í Malibu.

### Renndi sér á skautum

Nokkrum klukkustundum eftir að Britney sótti um skilnaðinn, þar sem hún sagði ástæðuna vera ósættanlegan ágreining, sást til hennar renna sér á skautum í Rockefeller Center í New York ásamt fyrrum umboðsmanni sínum og ráðgjafa, Larry Rudolph. Virtist hún bæði hamingjusöm og í góðu andlegu jafnvægi. Hugsanlega er ástæðan léttir eftir allt sem á undan var gengið, þar á meðal stöðugt áreitið frá fjölmiðlum vegna sambandsins undanfarin tvö ár.

### Skilnaðurinn í loftinu

Í rauninni hafa fjölmiðlar haldið því fram, nánast frá byrjun, að skilnaður lægi í loftinu þrátt fyrir að þau hjón hafi ávallt neitað þeim sögusögnum. Fregnir af rifrildum þeirra og að Federline væri flutt-ur út birtust hvað eftir annað.

Í desember í fyrra þurfti upplýsingafulltrúi Britney að neita því opinberlega að þau væru að skilja og að Federline hefði farið fram á hvorki meira né minna en 8,5 milljarða króna. „Þessi saga er ósönn og er bara til þess að skemma fyrir. Þau eru eins og flest önnur pör, þau rífast og sættast síðan. Þeim líður vel og eru hamingjusöm,“ sagði upplýsingafulltrúinn.

En skjótt skipast veður í lofti og nú er skilnaðurinn sem svo margir höfðu óskað eftir orðinn að veruleika. Britney hefur krafist fulls forræðis yfir börnunum tveimur. Jafnframt er talið að Federline fái lítinn pening við skilnaðinn þar sem þau skrifuðu undir hjúskaparsáttmála á sínum tíma sem fól í sér að Britney myndi halda auðæfum sínum ef kæmi til skilnaðar.



**BRITNEY OG JUSTIN** Samband Britney Spears og Justin Timberlake stóð í fjögur ár.

## Britney og mennirnir

**MARS 2002:** Britney hættir með **Justin Timberlake** eftir fjögurra ára samband.
**JANÚAR 2004:** Britney giftist æskuást sinni **Jason Alexander** eftir nokkurra daga fyllerí í Las Vegas. Tveimur sólarhringum síðar er hjónabandið úrskurðað ógilt.



**JASON ALEXANDER** Fyrrverandi eiginmaður Britney var kvæntur henni í tvo sólarhringa.

**JÚLÍ 2004: Britney og dansarinn Federline trúlofast** eftir þriggja mánaða ástarsamband sem hófst á næturklúbbi í Hollywood.
**SEPTEMBER 2004:** Britney og Federline **giftast** fyrir framan 27 gesti í Kaliforníu.
**OKTÓBER 2004:** Hjónin nýkrýndu fara í **brúðkaupsferð** til Fiji-eyja.
**APRÍL 2005:** Britney tilkynnir að hún sé **ófrísk** af sínu fyrsta barni og þriðja barni Federline, Sean Preston.
**DESEMBER 2005:** Federline og vinur hans **reykja marijúana** á meðan sonurinn Sean er heima. Britney brjálast og hendir eiginmanninum út.
**JÚNÍ 2006:** Britney neitar því í sjónvarpsviðtali að þau séu að skilja. Segir hún **hjónabandið frábært** og sakar **fjölmiðla** um að reyna að breyta henni í tilfinningalegt úrhrak.
**SEPTEMBER 2006: Britney eignast annan son** þeirra hjóna, Jayden James.
**OKTÓBER 2006: Federline** skemmtir sér í **Las Vegas,** umvafinn kvenfólki.
**OKTÓBER 2006:** Federline gefur út sína fyrstu plötu, **Playing With Fire.**
**OKTÓBER 2006:** Britney og Federline **rífast heiftarlega** í útgáfupartíi Federline í Los Angeles.
**NÓVEMBER 2006: Britney sækir um skilnað.** Krefst hún fulls forræðis yfir börnunum tveimur.



**BRITNEY OG KEVIN** Tveggja ára hjónabandið, þar sem skiptust á skin og skúrir er á enda.



**BRITNEY SPEARS** Poppprinsessan hefur ekki átt vinsælt lag í tvö ár.

### VINSÆLUSTU LÖG BRITNEY

**1998:** Baby One More Time
**1999:** Born To Make You Happy
**2000:** Ooops! ... I Did It Again
**2000:** Lucky
**2001:** I´m Not A Girl, Not Yet A Woman
**2001:** I´m A Slave 4 U
**2002:** I Love Rock N´Roll
**2003:** Me Against The Music (Með Madonnu)
**2004:** Toxic
**2004:** Everytime

## *Rappari og leikari*

Kevin Earl Federline, eða K-Fed eins og hann er kallaður, fæddist árið 1978 í Kaliforníu. Áður en hann byrjaði með Britney Speras starfaði hann sem dansari fyrir listamenn á borð við Michael Jackson, Justin Timberlake, Pink og Britney. Hann átti í ástarsambandi við sjónvarpsleikkonuna Shar Jackson og eignaðist með henni tvö börn. Byrjaði hann einmitt með Britney á meðan Shar var ennþá ófrísk af seinna barni þeirra.

K-Fed hefur undanfarið einbeitt sér að tónlistarferli sínum, þar sem hjónaband hans og Britney hefur ekki skemmt fyrir honum. Rappplatan hans Playing With Fire kom út 31. október á vegum hans eigin útgáfufélags, Federation Records. Viðbrögðin við plötunni hafa verið blendin og hafa margir undrast tónlistarbrölt hans og hvatt hann til að halda sig við dansinn.

Federline lék einnig í sjónvarpi í fyrsta sinn á dögunum þegar hann kom fram í þættinum CSI þann 12. október.



**KEVIN FEDERLINE** Fyrrum eiginmaður Britney Spears einbeitir sér að sólóferli sínum um þessar mundir.

## Ánægðir aðdáendur

Aðdáendur Britney Spears hafa flestir fagnað því að hún sé skilin við Kevin Federline. Telja margir að Federline hafi haldið aftur af henni á meðan á hjónabandinu stóð og að hann hafi jafnframt ekki verið samboðinn henni.

Skemmst er að minnast undirskriftalista sem var settur á netið fyrir nokkru síðan þar sem að minnsta kosti nítján þúsund aðdáendur Britney hvöttu hana til að skilja við manninn sinn: „Bæði ég og krakkarnir mínir segjum komdu þér í burtu núna á meðan Sean er enn ungur“, sagði ein kona og önnur bætti við: „Losaðu þig við „lúserinn“ og finndu einhvern flottan“. Einnig mátti sjá þennan frasa: „Britney í guðanna bænum ljúktu þessu núna! Kevin er hvítt rusl“.

Nú vonast aðdáendur Britney til að ferill hennar komist á flug á nýjan leik, eftir að hún hafði einbeitt sér algjörlega að hjónabandinu og börnunum tveimur. Auk þess lagði hún töluverða orku í að aðstoða eiginmann sinn við sólóferilinn og hvatti hann mjög til dáða.

Síðast gaf Britney út safnplötu fyrir tveimur árum en hún ku um þessar mundir vera að undirbúa sína fyrstu hljóðversplötu síðan In the Zone kom út árið 2003. Bíða aðdáendur poppprinsessunnar spenntir eftir útkomunni.



**BRITNEY SPEARS** Aðdáendur Britney eru sannfærðir um að hún muni eiga frábæra endurkomu í poppið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ánægðir foreldrar

Foreldrar hótelerfingjans Paris Hilton, þau Rick og Kathy Hilton, eru yfir sig ánægð með allt sem dóttir þeirra tekur sér fyrir hendur. Þetta kemur fram í nýrri sögu um Paris og þar segir einnig að þau hafi verið ánægð með klámmyndina sem lak út á netið með dótturinni í aðalhlutverki. Ævisagan ber nafnið „House of Hilton“ og er eftir Jerry Oppenheimer.

„Ég hef staðfestar heimildir fyrir því að Rick og Kathy hafi verið lúmskt ánægð þegar klámmyndin lak út á netið því það var hún sem gerði Paris að súperstjörnu,“ segir Jerry. Hann segir að Paris hafi verið ætlað að verða súperstjarna strax þegar hún var ung og er Paris undir miklli pressu frá móður sinni. „Kathy fór með hana á næturklúbba til að leyfa henni að kynnast lífinu sem framundan væri. Paris er að lifa draum móður sinnar og ömmu.“



**MIKIL PRESSA** Paris Hilton er víst undir miklum þrýstingi frá foreldrum sínum um að verða sem frægust.

# Blá og marin eftir Butler

Óskarsverðlaunaleikkonan Hilary Swank var blá og marin eftir tökur á nýjustu mynd sinni „P.S. I Love You“ og eftir engan annan en Íslandsvininn og leikarann úr Bjólfskviðu, Gerard Butler. Atvikið átti sér stað þegar verið var að taka upp atriði þar sem Butler átti að fækka fötum fyrir Swank. Eitthvað reyndist það erfitt fyrir Butler sem varð á í messunni þegar hann var að taka af sér axlabönd sem skutust úr höndunum á honum beint í andlitið á Swank. Leikkonan fræga fékk minni háttar áverka, marbletti og skurði, en þurfti hins vegar að fara upp á spítala til að láta hlúa að meiðslunum. Swank hefur hins vegar snúið aftur á tökustaðinn í New York.



**HILARY SWANK** Fór blá og marin upp á spítala eftir að Butler lenti í miklu basli með axlabönd við tökur á kvikmyndinni „P.S. I Love You“.



**LENTI Í BASLI** Gerard Butler lenti illa í því þegar hann átti að fækka fötum fyrir óskarsverðlaunaleikkonuna Hilary Swank.



**MADONNA** Segist hafa lúmskt gaman af öllu fjölmiðlafárinu í kringum ættleiðinguna og segir það bara sýna að hún sé að gera rétt.

# Gaman að öllu fárinu

Hin heimsfræga söngkona Madonna hefur nú lýst því yfir að hún hafi lúmskt gaman af allri umfjölluninni um að hún hafi ættleitt barn. Madonna hefur sætt harðri gagnrýni frá því hún ættleiddi hinn þrettán mánaða gamla David frá Afríku fyrr í þessum mánuði. Söngkonan fræga hefur á öllum sínum ferli verið gjörn á að sjokkera heiminn og er ættleiðingin engin undantekning frá þeirri reglu. „Ég hef lúmskt gaman af því að allir kippi sér svona mikið upp við þetta. Ég hef lent í því áður og oftast sýnir það bara að maður er að gera eitthvað rétt,“ segir hin 48 ára gamla Madonna og bætir því við að þetta sé bara fár sem fjölmiðlar hafi búið til og hinum almenna borgara sé örugglega nákvæmlega sama um þetta allt saman.



**URBAN OG KIDMAN** Sveitasöngvarinn er í meðferð vegna vímuefnavandamála sinna.

# Tjáskipti mikilvæg

Sveitasöngvarinn Keith Urban sem fór í meðferð í síðasta mánuði, hefur hvatt fólk sem á við vímuefnavanda að stríða að tjá sig um vandamál sín.

„Ég er mjög þakklátur fyrir að vera á lífi og að gera það sem ég get. Ef mér finnst þrýstingurinn vera of mikill þá mun ég láta vita og segja: „Það er of mikið í gangi“, sagði Urban, sem er eiginmaður leikkonunnar Nicole Kidman.

Viðtalið var tekið af Best Life-tímaritinu, tveimur og hálfri viku áður en Urban fór í meðferð.

# Leiðrétting

Rangt var farið með nafn Sverris Rafnssonar í grein um opnun hárgreiðslustofunnar Molekúl í gær. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

SKULDADAGAR EFTIR JÖKUL VALSSON

HIN ÍSLENSKA TRAINSPOTTING

50 GRÖMM AF ÓDRÝGÐU KÓKAÍNI HVERFA Í PARTÍI Í REYKJAVÍK. ELTINGARLEIKUR UPP Á LÍF OG DAUÐA.

„Bráðskemmtileg bók sem heldur fínu jafnvægi milli tilgerðarleysis og húmors.“

- Björn Þór Vilhjálmsson, Morgunblaðið, 3. nóvember 2006




BJARTUR




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BORAT | kl. 4, 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| FEARLESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 B.I. 12 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 3.30, 5.40, 8 og 10.20 |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 4 og 6 B.I. 7 ÁRA |
| GRETTIR 2 ÍSL. TAL | kl. 3.50 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| FEARLESS | kl. 5.40, 8 og 10.20 B.I. 16 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6, 8.30 og 10.30 B.I. 12 ÁRA |
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10.20 |
| DRAUGAHÚSIÐ ÍSL TAL | kl. 6 B.I. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 8 og 10.20 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 6 ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| BORAT | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 6, 8 og 10 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Einu sinni par

Rapparinn Eminem er ekki sáttur við söngdívuna Mariuh Carey þessa dagana þar sem hún þvertekur fyrir að þau hafi átt í ástarsambandi. Rapparinn segir að hann og Carey hafi verið par í átta mánuði árið 2001 og að það sýni bara lélegan karakter söngkonunnar að hún vilji ekki viðurkenna það. „Hún segir að við höfum bara verið saman fjórum sinnum en við áttum í átta mánaða löngu ástarsambandi sem ég kalla ekki skyndikynni,“ sagði rapparinn í sínum eigin spjallþætti á dögunum. Það er því spennandi að sjá hvort ungfrú Carey fái óð til sín á nýju plötu Eminem, en hann er frægur fyrir að rappa um einkalíf sitt.



**EMINEM** Fúll út í Mariuh Carey fyrir að viðurkenna ekki samband þeirra sem stóð yfir í átta mánuði árið 2001.



**CAREY** Segist bara hafa hitt rapparann fræga fjórum sinnum og því fer tvennum sögum um samband þeirra.






# Þjóðlegir piltar að vestan

**Fyrsta plata flateyrska kórsins Fjallabræðra er væntanleg fyrir jólin, en kórinn er skipaður tuttugu manna „framvarðasveit Önfirskra söngvasveina“.**

Kórinn flytur frumsamda kóratónlist Halldórs Gunnars Pálssonar og samstarfsfélaga hans, Ásgeirs Andra Kristjönusonar, en platan markar upphaf ferils Ásgeirs innan tónlistargeirans, og er jafnframt frumraun önfirsku söngvasveinanna.

„Ég og Ásgeir kynntumst á tónleikum á Patreksfirði á sjómannadaginn,“ sagði Halldór. „Ég var að velta því fyrir mér hvaða maður þetta væri að setja saman sviðið á kúrekaskóm. Áður en við vissum af vorum við svo búnir að stofna fönkabillíband.“ Einhvern veginn varð kóratónlist þó ofan á teningnum. „Ég veit ekki hvernig það gerðist. Við sömdum eitt lag sem okkur fannst við hæfi að setja kór inn á. Okkur vantaði kór, og þá fer maður bara í símann. Ég skipaði vinum mínum niður í tónlistarskóla á Flateyri og þeir mættu bara. Þannig varð kórinn til,“ segir Halldór. „Þetta eru allt strákar í kringum tuttugu og fimm ára aldurinn, allir útgerðarmenn, sjómenn, vélstjórar og bændur. Menn landsins,“ sagði Ásgeir. „Enginn okkar hefur sungið nema í partíum. Nú eru allir hreinir og prúðir að syngja í míkrófón sem heyrir í þeim hugsa. Þá þurfa menn að einbeita sér og gera þetta vel, og þeir gera það svo sannarlega,“ sagði Halldór, en hann syngur bassa í kórnum á meðan Ásgeir syngur það sem þarf. „Ég er svona kamelljón,“ sagði hann sposkur. Flateyri á stóran þátt í tónlistinni. „Við notum til dæmis gamlan árabát úr tré sem trommu og hljóðin úr hafinu og vindinum. Meirihluti laganna er þó tekinn upp í kirkjunni á Þorlákshöfn sem Þorlákshafnarprestakall var svo almennilegt að lána okkur,“ segir Ásgeir. „Og svo situr hljóðmaðurinn okkar, Önundur Hafsteinn Pálsson, bróðir minn, núna að mixa plötuna fyrir okkur í gömlum lýsistanki á Flateyri,“ bætir Halldór við.

Að sögn kórstjóranna er platan afspyrnu þjóðleg. „Þetta er alveg blygðunarlaus rómantík og ekki líkt neinu öðru sem ég hef gert,“ sagði Halldór. „Þetta er svolítið svona dimmt og fallegt, eins og íslenska skammdegið,“ segir Ásgeir.

**sunna@frettabladid.is**



**ÁSGEIR OG HALLDÓR** Lofa að tuttugu syngjandi Flateyringar eigi ekki eftir að fara framhjá neinum fyrir jólin.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL



**FJALLABRÆÐUR VIÐ UPPTÖKUR Á ÞORLÁKSHÖFN** Syngja um fjöll og haf, hreysti og hugrekki, prúðmennsku, hörku, ábyrgð gagnvart fjölskyldu og fallegar íslenskar konur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖNUNDUR PÁLSSON

# Framsækið popp í fjórða gír

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Grizzly Bear er hljómsveit frá Brooklyn hverfi New York borgar en hún gefur út hjá hinu framsækna breska plötufyrirtæki Warp (Aphex Twin, Broadcast, Boards of Canada og !!!). Warp stimpillinn gefur því strax til kynna að hér sé áhugavert efni á ferð og sú reynist raunin. Gult hús verður að teljast eitt það besta sem komið hefur út í framsæknu poppi á árinu. Greinilegt er að meðlimir Grizzly Bear hafa nostrað við smáatriðin á plötunni og eru allar útsetningar á plötunni nær óaðfinnanlegar. Slíkt er samt langt frá því að vera nóg. Hljómsveitir þurfa líka að huga að lagasmíðum og sem betur fer hefur Grizzly Bear einnig gert það og eru þær í raun þeirra aðalsmerki.

Uppbygging laganna tíu á plötunni er yfirleitt ekki hefðbundin heldur eru einfaldar og fallegar melódíur látnar stjórna tónlistarlegri burðargrind laganna. Lagið Knife hefur þannig marga há- og lágpunkta og kemur á óvart í nær hvert skipti sem hlustað er á það. Besta lag plötunnar, On a Neck, On a Spit, hefur einnig þessi einkenni, sveiflast frá því að vera ofur lágstemmt og yfir í hádramtík þar sem þungt trommusándið gefur manni gæsahúð. Colorado er síðan seiðandi og hálf yfirþyrmandi lokaóður plötunnar sem á vel við. Hljóðheimur Grizzly Bear minnir þannig kannski helst á hina mögnuðu Animal Collective nema að Grizzly Bear er mun auðmeltanlegri og aðgengilegri hljómsveit án þess að sigla of lygnan sjó.

Mörg laganna á Yellow House eru samt sem áður aðeins hársbreidd frá því að teljast frábær. Þrátt fyrir þessar sterku lagasmíðar þá finnst manni eins og eitthvað örlítið vanti; að þau hefji sig upp einn gír. Slíkt gerir það að verkum að á köflum fléttast platan einum of mikið saman í eitt. Yellow House er þannig ekki plata ársins en svo sannarlega í hópi með þeim áhugaverðari.

**Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**GRIZZLY BEAR**

YELLOW HOUSE

**Niðurstaða:** Vantar herslumuninn upp á að geta talist sem epískt meistaraverk. Það er hins vegar þessi herslumunur sem skilur sauðina frá höfrunum.







| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| MÝRIN | kl. 5:50 - 7 - 9 - 10:15 | B.i. 12 | THE QUEEN | kl. 8 | B.i. 12 |
| THE LAST KISS | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 | AN INCONVENIENT TRUTH | engin sýn. í dag | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 6 - 9 | B.i. 16 | BÖRN | kl. 6 | B.i.12 |
| WORLD TRADE CENTER | engin sýn. í dag | B.i. 12 | | | |

HAGATORGI • S. 530 1919

SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| THE DEPARTED | kl. 5:30 - 7 - 8:30 - 10:10 | B.i. 16 | BARNYARD M/- Ensku tal | kl. 6 - 10:10 | Leyfð |
| THE DEPARTED VIP | kl. 5:30 - 8:30 | | THE GUARDIAN | kl. 8 - 10:30 | B.i. 12. |
| THE LAST KISS | kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:30 | B.i.12 | JACKASS NUMBER TWO | kl. 4 - 8 | B.i. 12 |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 4 - 6 | Leyfð | ÓBYGGÐIRNAR M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

Munið afsláttinn

SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BORAT | kl. 6 - 8 - 10 | B.i. 12 | |
| THE DEPARTED | kl. 8 - 10:10 | B.i. 16 | DIGITAL |
| BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð | |
| BEERFEST | kl. 8 | B.i. 12 | |

SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BORAT | kl. 8 - 10 | B.i. 12 |
| THE DEPARTED | kl. 10:10 | B.i. 16 |
| MÝRIN | kl. 8 | B.i. 12 |

SAMBÍÓIN / AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BARNYARD M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð |
| THE DEPARTED | kl. 8 | B.i. 16 |
| MATERIAL GIRLS | kl. 6 | Leyfð |
| THE GUARDIAN | kl. 8 | B.i. 12 |

www.sambioin.is | 575 8900


# Með mörg járn í eldinum

**Tónlistarmaðurinn Jóhann Helgason heldur útgáfutónleika fimmtudaginn 16. nóvember í tilefni af útgáfu plötunnar Söknuður.**

Á plötunni syngur Jóhann á hugljúfan hátt öll sín fallegustu lög, þar á meðal Söknuður, Ástin og lífið, Í Reykjavíkurborg, Karen Karen, Ástin mín ein og Yakkety Yak, Smacketty Smack. Er þetta í fyrsta sinn sem Jóhann sjálfur syngur öll bestu lögin sín inn á plötu og telja margir að fyrir löngu hafi verið kominn tími til þess.

**Einvala lið**

Jóhanni til halds og trausts á plötunni eru hinir færu hljóðfæraleikarar Jón Ólafsson, sem spilaði á píanó ásamt því að stjórna upptökum og sjá um útsetningar, Guðmundur Pétursson gítarleikari, Friðrik Sturluson bassaleikari og trommarinn Jóhann Hjörleifsson. Munu þeir einnig spila með honum á tónleikunum.

**Ein plata á ári**

Jóhann segist ekkert hafa spáð í að gera þessa plötu fyrr en Óttar Felix Hauksson hjá Zonet-útgáfunni hringdi í hann. „Hann spurði hvort ég hefði áhuga á þessu. Ég var ekki á því til að byrja með en síðan pældi ég í því og ákvað að slá til," segir Jóhann, sem er alltaf jafn duglegur við að semja ný lög. „Ég þurfti að fara í gegnum allt dótið og maður áttaði sig ekki á því að ég hef í rauninni gert plötu á ári síðan 1972."

Á meðal þess sem hann hefur tekið upp undanfarin ár eru fjórar sólóplötur á ensku, plötur fyrir samtökin Umhyggja, plata sem hann gerði við ljóð Þórarins Eldjárns og platan Mansöngvar.



**JÓHANN HELGASON** Tónlistarmaðurinn Jóhann Helgason hefur gefið út plötuna Söknuður. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

**Síðast á argentínskri messu**

Jóhann hefur aftur á móti gert lítið af því að spila. Síðustu tónleikar hans voru fyrir nokkrum árum þegar hann söng á argentínskri messu ásamt Bubba Morthens og kór. „Mér finnst meira skapandi að semja, ég fæ meira út úr því," segir hann.

**Rokkópera í undirbúningi**

Þrátt fyrir að hafa gert um eina plötu á ári síðan 1972 segist Jóhann alveg eins geta gefið út tvær til þrjár ár ári ef það væri markaður fyrir því. „Ég er með tilbúna barnaplötu og síðan öðruvísi plötu með textum eftir Hjálmar Jónsson og Kristján Hreinsson. Ég er líka með aðra Mansöngva-plötu tilbúna og síðan er ég að sjóða saman eins konar rokkóperu," segir hann. Á hann þar við lög frá þeim tíma er hann var í hljómsveitinni Change á áttunda áratugnum. Þar fyrir utan hefur Jóhann verið duglegur við að semja lög fyrir aðra tónlistarmenn.

Útgáfutónleikarnir þann 16. nóvember verða haldnir í Salnum í Kópavogi og hefjast þeir klukkan 20.00. Miðaverð er 2.900 krónur og fer miðasala fram á salurinn.is.

freyr@frettabladid.is

# Í spor rokkara

Stórleikarinn Christopher Walken mun leika rokkarann Ozzy Osbourne í nýrri mynd sem byggð er á ferli hljómsveitarinnar Motley Crue. Walken mun hafa stutta innkomu í myndinni en hann mun leika Ozzy í eftirminnilegri sviðsframkomu þar sem rokkarinn saug skordýr upp í nefið eins og það væri kókaín fyrir framan fjöldann allan af áhorfendum.



**CHRISTOPHER WALKEN** Leikur Ozzy Osbourne í mynd um feril hljómsveitarinnar Motley Crue.

Walken og Osbourne eiga mjög lítið sameiginlegt og verður því forvitnilegt að sjá hvernig leikaranum tekst til á hvíta tjaldinu. Kvikmyndin ber nafnið „The Dirt: Confessions of the World's Most Notorious Rock Band" og verður frumsýnd á næsta ári.


Xit
hárstofa
Sími 564 6444
Hlíðasmára 9
OPIÐ
Alla daga kl. 9-18
miðvikud. kl. 9-20
laugard. kl. 10-14


# Besta Airwaves hátíðin í langan tíma

Opnuumfjöllun um tónlistarhátíðina Iceland Airwaves er að finna í nýjasta tölublaði breska tónlistartímaritsins NME, undir yfirskriftinni „Við elskum Airwaves".

Segja blaðamenn hátíðina vera þá bestu sem þeir hafi heimsótt í langan tíma en eru þó minna hrifnir af kuldanum og háu bjórverðinu. „Af hverju fer breski og bandaríski tónlistariðnaðurinn til hins ískalda Íslands í vikuferð í byrjun vetrars? Svarið er einfalt: þeir búa til ótrúlega gott sushi. Síðan er bónusinn sá að Iceland Airwaves er haldin í hjarta Reykjavíkur," segir í tímaritinu. „Fjórir dagar uppfullir af nýjum hljómsveitum, plötusnúðum og rosalegt íslenskt brennivín til að brenna í þér innyflin. Á áttunda ári sínu hefur hátíðin eflst ár frá ári."

Stærstur hluti umfjöllunarinnar fer í hljómsveitina Jakobínarína og tónleika hennar á hátíðinni. Rifjaðar eru upp nokkrar rokksögur af stuttum ferli sveitarinnar auk þess sem EP plata sveitarinnar, „His Lyrics Are Disastrous", er sögð frábær.



**JAKOBÍNARÍNA** Hljómsveitin Jakobínarína fær góða dóma hjá NME.

# Lay Low fagnar fyrstu plötunni

Tónlistarkonan Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir, eða Lay Low eins og hún kallar sig, heldur útgáfutónleika sína í Fríkirkjunni í lok mánaðarins. Lay Low hefur heldur betur slegið í gegn með fyrstu plötu sinni, Please Don´t Hate Me, sem kom út fyrir skemmstu. Lög hennar hafa fengið talsverða spilun í útvarpi og platan fékk lofsamlega umsögn hér í Fréttablaðinu á dögunum. Tónleikar Lay Low á Airwaves þóttu jafnframt með þeim eftirminnilegri á hátíðinni.

Útgáfutónleikarnir í Fríkirkjunni verða haldnir miðvikudagskvöldið 29. nóvember og Lay Low til halds og trausts verður hljómsveitin sem spilaði með henni á Airwaves.

Forsala miða á tónleikana hefst laugardaginn 18. nóvember í verslunum Skífunnar, BT og á Miði.is. Miðaverð er 1.500 krónur auk miðagjalds söluaðila.



**LAY LOW** Lovísa Elísabet hefur fengið góðar viðtökur eftir að fyrsta plata hennar kom út. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


10%
vaxtaauki!

spron
www.spron.is

## > Stórt tap hjá Keflavík

Körfuknattleikslið Keflavíkur tapaði stórt, 107-74, fyrir tékkneska liðinu Mlerkarna Kunin í fyrsta leik liðsins í Evrópukeppninni. Staðan í hálfleik var 57-39. Að því er fram kemur á heimasíðu Keflavíkur varð slakur varnarleikur helst liðinu að falli. Liðin mætast öðru sinni fimmtudaginn 30. nóvember og þá í Sláturhúsinu í Keflavík. Jermain Williams og Thomas Soltau voru stigahæstir hjá Keflvíkingum með 16 stig. Jón Nordal var stigahæstur Íslendinganna í liðinu með 8 stig og Arnar Freyr Jónsson skoraði 7.



**sport**

sport@frettabladid.is

HELENA SVERRISDÓTTIR: MÆTIR ÁSAMT STÖLLUM SÍNUM Í HAUKALIÐINU CAJA CANARIAS Í EVRÓPUKEPPNINNI Í KVÖLD

# *Núna erum við allt í einu litla liðið*

Kvennalið Hauka í körfubolta mætir í kvöld spænska liðinu Caja Canarias í Evrópukeppninni, Euro Cup, á heimavelli sínum. Þetta er fyrsti leikur Hauka í Evrópukeppninni á þessari leiktíð en liðið hefur farið vel af stað hér heima.

„Við erum bara spenntar fyrir þessum leik. Við ætlum bara að fara í þennan leik til að gera okkar besta," sagði Helena Sverrisdóttir, fyrirliði Haukaliðsins, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Haukar mættu Caja Canarias tvisvar í Evrópukeppninni á síðustu leiktíð og töpuðu báðum leikjunum mjög stórt. Fyrri leikurinn á Ásvöllum fór 58-97 fyrir gestina og heimaleikinn vann spænska liðið með 44 stiga mun, 51-95.

„Þær unnu okkur stórt í bæði skiptin og þær munu kannski vanmeta okkur eitthvað í þessum leik. Það mun örugglega eitthvað hjálpa okkur," sagði Helena.

„Það eina sem við vitum um þetta lið er að það eru komnir tveir nýir útlendingar í liðið en við erum líka búnar að bæta okkur frá því við spiluðum við þær síðast. Við erum allar búnar að bæta okkur frá síðustu leiktíð og erum með betra lið en þá."



Helena sagði að þátttakan í Evrópukeppninni í fyrra hefði gert liðinu gott. „Mér fannst við hafa mjög gott af þessu og það var aldrei spurning um að taka þátt aftur nú í ár. Við sáum bara hvað við bættum okkur mikið í fyrra og stefnum á að bæta okkur aftur núna."

Haukastelpurnar hafa byrjað tímabilið mjög vel og unnið tvo bikara það sem af er. Fyrst vann liðið Powerade-bikarinn og stuttu síðar vann liðið ÍS í Meistarakeppni KKÍ. „Þetta verður allt öðruvísi leikur en deildarleikirnir, þar sem við höfum verið að skora mörg stig. Núna erum við allt í einu litla liðið."

„Við ætlum bara að fara í þennan leik og gera okkar besta. Svo sjáum við hvernig það þróast," sagði Helena Sverrisdóttir.



**ÚLFAR JÓNSSON** Gjaldkeri IPGA segist hafa hrundið af stað rannsókn í fjárdráttarmáli félagsins.

Úlfar Jónsson:

## Ég kom málinu af stað

**GOLF** Í kjölfar fréttar Fréttablaðsins í gær um fjárdrátt framkvæmdastjóra Samtaka atvinnukylfinga, IPGA, vill Úlfar Jónsson, gjaldkeri félagsins, koma eftirfarandi á framfæri.

Hann hafi tekið starfið að sér um seinustu áramót og þegar hann tók við stöðunni gerði hann athugasemdir við vinnureglur í kringum bókhald félagsins enda var framkvæmdastjórinn sá eini sem hafði aðgang að bókhaldinu sem og reikningum félagsins. Úlfar segist því hafa komið af stað rannsókn í málinu sem leiddi til þess að málið komst upp og var til lykta leitt um tíu mánuðum síðar.

Úlfar segist hins vegar taka ábyrgð á því, eins og aðrir stjórnarmenn, að hafa ekki gengið harðar fram í því að málið yrði til lykta leitt fyrr en raun bar vitni.

- hbg

# Umræðan hefur vakið félögin til umhugsunar

**Forystumenn frá Fimleikafélaginu Björk voru kallaðir á fund Fimleikasambands Íslands í gær. Framkvæmdastjóri Fimleikasambandsins, Anna Möller, segir jákvætt að félögin séu að fara yfir sína starfshætti.**

**FIMLEIKAR** Forystumenn Fimleikafélagsins Bjarkar voru boðaðir á fund hjá stjórn Fimleikasambands Íslands í gærkvöldi vegna ásakana nemenda úr íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ þess efnis að einn þjálfari félagsins beitti átta ára stúlkur ofbeldi á æfingum. Stjórn Bjarkar hefur í kjölfarið hafnað þessum ásökunum og segir á heimasíðu félagsins að þess hafi verið farið á leit við Fimleikasambandið að það geri óháða úttekt á þjálfurum og þjálfunaraðferðum félagsins.

„Við munum á næstunni skoða stöðuna hjá fimleikafélögum á landinu og hvað sé verið að gera," sagði Anna Möller, framkvæmdastjóri Fimleikasambandsins, við Fréttablaðið í gær en stjórn Fimleikasambandsins fundaði vegna málisins um síðustu helgi. „Spurningin er hversu mikið þarf að bregðast við ástandinu því það eru mjög skiptar skoðanir á því sem fór fram hjá Björkunum."

Í kjölfar frétta Fréttablaðsins af því sem gerðist í Bjarkarhúsinu hafa stjórnir margra fimleikafélaga sest niður og farið yfir stöðuna hjá sínu félagi. Það segir Anna að sé jákvætt.

„Það er bara af hinu góða að fólk skoði hvað sé í gangi og hvort eitthvað sé í gangi sem er óeðlilegt. Það er gífurlegur munur á fimleikaþjálfun og þjálfun flestra boltagreina til að mynda. Það er fyrst og fremst líkamlegur liðleiki og styrkur sem gerir það að verkum að hægt er að framkvæma fimleikaæfingarnar. Vissulega hefur þessi umræða vakið félögin til umhugsunar og athugunar og það er jákvætt. Enn sem komið er hefur enginn komist að því að einhvers staðar sé pottur brotinn. Ég hef í það minnsta ekki heyrt af því," sagði Anna en hvernig hyggst Fimleikasambandið útfæra þessa óháðu úttekt sem óskað hefur verið eftir.

„Það er svolítið erfitt að svara því en við eigum mjög hæfa þjálfara og leiðbeinendur hér á landi sem hafa staðið fyrir til að mynda menntakerfi Fimleikasambandsins. Það eru ófá sérsambönd sem hafa staðið sig eins vel í menntunarmálum og við og fyrir það hefur ÍSÍ hrósað okkur. Þetta er íþróttamenntað fólk en ég veit ekki hvort við fáum það til að gera þessa úttekt en það mætti skoða. Við munum væntanlega taka ákvörðun um þetta fljótlega."

henry@frettabladid.is




**FIMLEIKAHÚS BJARKAR** Inni í þessu húsi átti hið meinta ofbeldi sér stað en skiptar skoðanir eru um hin umdeildu atvik sem áttu sér stað í húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**PAUL GASCOIGNE** Er hér ásamt Robbie Williams í ágóðaleik fyrr á þessu ári.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Paul Gascoigne:

## Handtekinn fyrir líkamsárás

**FÓTBOLTI** Paul Gascoigne, fyrrum landsliðsmaður Englands í knattspyrnu, var í gær handtekinn fyrir líkamsárás á 43 ára gömlum karlmanni. Gascoigne var látinn laus síðar um daginn en þarf að mæta aftur til yfirheyrslu í desember.

Árásin á að hafa átt sér stað á skemmtistað í London aðfaranótt miðvikudags. Fórnarlambið hefur ekki farið fram á læknisaðstoð en Gascoigne var handtekinn á öðrum skemmtistað í nágrenninu.

- dsd

Williams í Formúlu 1:

## Nýr þróunarökumaður

**FORMÚLA 1** **Kazuki Nakajima hefur verið ráðinn nýr þróunarökumaður hjá Williams fyrir næsta tímabil. Frank Williams, eigandi liðsins, hefur áður sagt að nýafstaðið keppnistímabil hafi verið mikil vonbrigði og að liðið ætli sér stóra hluti á næsta tímabili.**

**Ökumenn Williams á næsta ári verða þeir Alexander Wurz og Nico Rosberg.**

- dsd





LITLU HLUTIRNIR GERA MIKIÐ
SNILLDARLAUSNIR FYRIR LÍTIL RÝMI
VEGGFÓÐUR.
FANTAFLOTTAR HIRSLUR af öllum
SKIPULAGÐI sígauninn
Heimili ljósmyndaranna
SISSA OG LEIFUR TÓKU VESTURBÆJARHÚS Í GEGN
5 HEIMILI
Á FÁUM FERMETRUM
Smáhlutaást í Smáíbúðahverfinu
ÁSA BJÖRG TRYGGVADÓTTIR LÆTUR LITLU HLUTINA POPPA UPP HEIMILIÐ
Verner Panton
LÍTIL RÝMI FRÁ a-ö
Skipuleggðu litla heimilið út í ystu æsar
LJÓSMYNDARAR MEÐ NÆMT AUGA
NÝTT BLAÐ KOMIÐ ÚT!
SKIPULAG ER FALLEGT
ÁSKRIFTARSÍMI 550 5000 | WWW.VISIR.IS



**MARCELLO LIPPI** Mun eflaust ekki eiga í vandræðum með að fá vinnu næsta tímabil. NORDIC PHOTOS/GETTY

Marcello Lippi:

## Snýr aftur á næstu leiktíð

**FÓTBOLTI** Marcello Lippi, maðurinn sem stýrði ítalska landsliðinu til sigurs á HM í sumar, hefur látið hafa eftir sér að hann muni koma aftur fram á sjónarsviðið á næstu leiktíð. Lippi hefur verið boðið að taka við landsliðum Mexíkó og Líbíu en neitaði báðum boðum og stefnir á að snúa sér að þjálfun félagsliðs.

„Ég mun snúa aftur á næstu leiktíð. Ég hef fengið sjö eða átta tilboð frá Evrópu og Ameríku en ég hef ekki fengið eitt einasta tilboð frá Ítalíu. Ég veit ekkert hvort þessi lið sem hafa sýnt mér áhuga munu ennþá hafa áhuga á mér á næstu leiktíð,“ sagði Lippi sem hefur sérstakan áhuga á að þjálfa á Spáni. - dsd



**ZLATAN IBRAHIMOVIC** Er yfirleitt ekkert að skafa af hlutunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

Zlatan Ibrahimovic:

## Ég mun ekkert breytast

**FÓTBOLTI Zlatan Ibrahimovic, leikmaður Inter Milan, hefur gefið í skyn að hann muni ekki breytast, þrátt fyrir að hafa verið gagnrýndur fyrir deilu sína við landsliðsþjálfarann Lars Lagerback. Ibrahimovic er sá eini af leikmönnunum þremur sem reknir voru úr hópnum á sínum tíma sem ekki hefur beðist afsökunar.**

**„Ég er bara eins og ég er og það er í blóði mínu. Þú getur ekki breytt því. Margir sögðu við mig þegar ég var ungur: „Zlatan, þú hlustar aldrei“ og það er satt. Ég vil gera hlutina á minn hátt. En tíminn er að kenna mér að ég verð líka að taka tillit til annarra, bæði innan vallar og utan,“ sagði Zlatan Ibrahimovic.** - dsd

Eggert Magnússon færist nær West Ham:

# Byrjaður að skoða bókhaldið hjá West Ham

**FÓTBOLTI** Eggert Magnússon, formaður KSÍ, fékk í gær aðgang að bókhaldi enska knattspyrnufélagsins West Ham og munu bókhaldssérfræðingar á vegum Eggerts skoða það ítarlega á næstu dögum.

Breskir miðlar virðast vera á því að Eggert og félagar hafi tekið forskot í baráttunni um félagið en lítið hefur heyrst frá Írananum Kia Joorabchian sem leiddi kapphlaupið lengstum. Hann hefur haldið að sér höndum eftir að í ljós kom að skuldir félagsins voru meiri en í fyrstu var áætlað. Fjárhagslegur bakhjarl Joorabchians hefur hingað til ekki verið viljugur til að hækka tilboðið í félagið.

Í gær stökk svo fram á sjónarsviðið ónefndur Bandaríkjamaður sem hefur einnig áhuga á félaginu en þessi nýja samkeppni hefur engin áhrif á Eggert og félaga samkvæmt bresku blöðunum í gær. Sky-fréttastofan greinir til að mynda frá því að Eggert sé bjartsýnn á að hluthafar félagsins taki hans tilboði í félagið. - hbg




**NÓG AÐ GERA** Eggert Magnússon, formaður KSÍ, stendur vel í baráttunni um West Ham og er nú að skoða bókhaldið hjá félaginu. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

# Hlakka mikið til að fá loksins jólafrí

**Handknattleikskappanum Sigfúsi Sigurðssyni hefur gengið allt í haginn hjá hinu nýja félagi sínu, Ademar Leon, á Spáni. Álagið í spænska boltanum hentar Sigfúsi vel og hann segist vera að framlengja ferilinn um nokkur ár með því að spila á Spáni. Líkaminn er í góðu standi og Sigfús er góður í bakinu og hnjánum.**

**HANDBOLTI** Línutröllið ógurlega Sigfús Sigurðsson kvaddi lífið hjá Magdeburg í Þýskalandi eftir síðasta tímabil og gekk í raðir spænska stórliðsins Ademar Leon. Sigfús spilar nú í annað sinn á Spáni og hann sér ekki eftir þeirri ákvörðun að hafa komið til Spánar á ný. Sigfús hefur leikið mjög vel og liðinu gengur allt í haginn. Er sem stendur í þriðja sæti deildarinnar og hefur meðal annars lagt meistara Barcelona að velli og svo var Ademar óheppið að tapa fyrir Ólafi Stefánssyni og félögum í Ciudad Real.

„Lífið hér á Spáni er rosalega gott og á mjög vel við mig. Þetta persónulega er þar að auki betra en hér hittast leikmenn liðsins til að mynda mun meira en í Þýskalandi.

Maður er því í góðu sambandi við liðsfélaga sína og fyrir vikið er mórallinn í liðinu mjög góður. Við borðum mikið saman og förum svo í keilu og annað skemmtilegt. Lífið á milli leikja er líka mun afslappaðra en í Þýskalandi,“ sagði Sigfús kátur í gær en hann hafði það huggulegt og skoðaði fréttir frá Íslandi á netinu.

**Þokkalegur í spænskunni**

„Mér hefur gengið vel að aðlagast öllu hérna í bænum og spænskan er meira að segja orðin þokkaleg en ég skildi ekki orð þegar ég kom fyrst hingað. Ég fór á námskeið í einn og hálfan mánuð og svo er allt á spænsku hérna þannig að það er ekki annað hægt en að ná þessu.“

Sigfús hefur verið mikið meiddur síðustu ár og hann hefur meðal annars þurft að leggjast þrisvar sinnum undir hnífinn út af brjósklosi og svo hefur hann verið veikur í hnjánum þess utan.




**SÁTTUR Á SPÁNI** Oslóarferjan Sigfús Sigurðsson er kominn til Spánar öðru sinni og líkar lífið vel. Hann segist vera að framlengja ferilinn með því að spila á Spáni þar sem álagið er minna en í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Ég er betri en áður. Sumarið fór mikið í að synda í stað þess að hlaupa og bakið jafnaði sig fyrr en áður. Ég er í fínu standi í dag og get ekki kvartað,“ sagði Sigfús en álagið í spænska boltanum er minna en í Þýskalandi og það hefur hjálpað Sigfúsi. Það eru færri leikir á Spáni og færri góð lið.

„Það sem hjálpar mér helst hér er að leikmannahópurinn hér er mun stærri en í Þýskalandi. Við erum til að mynda með þrjá línumenn og álaginu er því dreift mikið. Svo áttum við frekar auðveldan síðasta leik og þá gat þjálfarinn leyft sér að hvíla þrjá menn og það hjálpar mikið að fá svona hvíldir inn á milli.

Ég er mjög sáttur við mína frammistöðu í vetur en ég meiddist aðeins á undirbúningstímabilinu sem gerði það að verkum að ég gat ekki skotið. Það er allt að koma og fyrir vikið er ég farinn að spila meira í sóknarleiknum. Ég hef verið að spila mikið í vörninni og staðið mig vel. Þetta er mjög þægilegt álag á mér og ég er klárlega að framlengja ferilinn um nokkur ár með því að spila hérna,“ sagði Sigfús en það eru einnig ánægjuleg tíðindi fyrir íslenska landsliðið.

**Lögðu Barcelona**

Gengi Ademar Leon hefur komið nokkuð á óvart en stórsigur gegn meisturum Barcelona kom mest á óvart. Ademar gerði út um þann leik í fyrri hálfleik er liðið náði tíu marka forystu.

„Við erum að spila bestu vörnina í deildinni, erum með bestu markvörsluna og skorum mest úr hraðaupphlaupum. Þetta þrennt er lykillinn að okkar árangri. Vonandi heldur þetta gengi,“ sagði Sigfús sem er að spila sitt fimmta ár sem atvinnumaður erlendis og í fyrsta skipti í þessi fimm ár fær hann að koma heim í jólafrí.

„Mig hlakkar rosalega mikið til að fá loksins jólafrí. Það verður frábært. Ég kem tveim dögum fyrir jól og næ því skötunni og öllum pakkanum. Það verður æðislegt,“ sagði Sigfús sem verður því væntanlega í fínu standi með landsliðinu á HM sem fram fer í Þýskalandi í janúar.

henry@frettabladid.is

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins
í Suðvesturkjördæmi

4. sætið

Ég vil vinna fyrir þig!



Reynsla, þekking, brennandi áhugi á þjóðmálum og næm tilfinning fyrir þörfum fólks eru höfuðkostir þeirra sem ná árangi fyrir kjósendur sína.
Nái ég því markmiði mínu að skipa 4. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi mun ég vinna fyrir þig.

*Sigurrós Þorgrímsdóttir.*

*Hlíðasmára 2, Kópavogi · Sími 822 8650*
*www.sigurrosth.is*

Sigurrós til sigurs í 4. sæti

Real Madrid þegar farið að spá í næstu leiktíð:

# Real Madrid vill kaupa Kaká frá ítalska liðinu AC Milan

**FÓTBOLTI** Predrag Mijatovic, stjórnarmaður hjá Real Madrid, segir að hann muni gera allt sem í hans valdi stendur til að kaupa Kaka, leikmann AC Milan, í lok tímabilsins.

„Við reyndum að kaupa Kaka í sumar. Hann er frábær leikmaður og myndi eflaust falla vel að okkar hugmyndum,“ sagði Mijatovic, sem átti mörg frábær ár með Real Madrid á sínum tíma, en hann var þó raunsær um möguleikann á að laða Kaka til liðsins.

„Vandamálið er að Kaka er samningsbundinn AC Milan. Að kaupa hann væri erfitt verkefni en ég held að það myndi klárlega borga sig,“ sagði Mijatovic en Kaka hefur verið í miklu stuði á þessari leiktíð. - dsd




**KAKA** Er eftirsóttur af Real Madrid en ólíklegt er að AC Milan selji hann. NORDIC PHOTOS/AFP


vísir
Fimmtudagur 9. nóvember 2006
FRÉTTIR
VIÐSKIPTI
Vísir
Forsíða
Frípóstur
Nýskráning
NÝR OG BETRI!
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR
60 MANNA FRÉTTASTOFA
BEINTENGD VIÐ TÖLVUNA ÞÍNA
www.visir.is
GERÐU VÍSI AÐ UPPHAFSSÍÐU ÞINNI
OG VIÐ GÆTUM KOMIÐ ÞÉR SKEMMTILEGA Á ÓVART.



**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Reynir að kaupa West Ham með Eggerti Magnússyni.

Björgólfur Guðmundsson:

## Er bakhjarl Eggerts

**FÓTBOLTI Björgólfur Guðmundsson staðfesti í gær að hann væri bakhjarl Eggerts Magnússonar sem hefur gert tilboð í enska knattspyrnufélagið West Ham en breskir fjölmiðlar höfðu áður greint frá því að Björgólfur væri fjárhagslegur bakhjarl Eggerts. Það er nú staðfest.**

**Björgólfur Guðmundsson er mikill knattspyrnuáhugamaður, líkt og Eggert, og hefur hann meðal annars stýrt knattspyrnudeild KR og hefur löngum verið talinn fjárhagslegur bakhjarl KR-inga en það hefur ekki fengist staðfest.**

- hbg



**ÓSÁTTI** Wenger neitaði að taka í höndina á Pardew eftir leikinn.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Wenger og Pardew:

## Gætu átt von á leikbanni

**FÓTBOLTI** Enska knattspyrnusambandið hefur nú ákveðið að kæra framkvæmdastjórana Arsene Wenger og Alan Pardew fyrir óviðeigandi hegðun í leik Arsenal og West Ham á dögunum.

Skilja þurfti þá félaga í sundur eftir að fagnaðarlæti Pardews höfðu farið eitthvað fyrir brjóstið á Arsene Wenger, eftir að Marlon Harewood hafði skorað sigurmarkið undir lok leiksins. Síðan þá hefur Pardew beðið kollega sinn afsökunar á framferði sínu.

Wenger og Pardew hafa frest til 23. nóvember til að bregðast við þessari ákæru.

- dsd

Hið unga lið Fjölnis sýndi klærnar þegar Haukar komu í heimsókn í Grafarvoginn:

# Erum vonandi komnir á beinu brautina

**KÖRFUBOLTI** Fjölnismenn unnu Hauka 103-94 á heimavelli sínum í gær í hörkuleik. Leikurinn var mikilvægur fyrir bæði lið því þau höfðu hvort um sig aðeins náð að sigra einn leik af fyrstu fimm. Það var ljóst frá byrjun að leikmenn ætluðu að leggja sig alla fram og var mikið jafnræði með liðunum allan tímann. Fjölnismenn voru með þriggja stiga forskot eftir fyrsta leikhlutann en í öðrum leikhluta skiptust liðin á að skora og forysta heimamanna aðeins eitt stig í hálfleik.

Fjölnisliðið var nýbúið að skipta um bandarískan leikmann hjá sér en þetta var fyrsti leikurinn hjá miðherjanum Kareem Johnson fyrir félagið. Honum gekk erfiðlega að hitta í fyrsta leikhlutanum en síðan komst hann í gang og skoraði alls þrettán stig í fyrri hálfleik. Jafnræðið með liðunum hélt áfram í seinni hálfleiknum en gestirnir unnu þriðja leikhlutann og höfðu þriggja stiga forystu fyrir þann síðasta.

Mikil barátta einkenndi leikinn en á lokakafla hans voru það Fjölnismenn sem reyndust sterkari. Haukar gerðu afdrifarík mistök og heimamenn unnu á endanum níu stiga sigur.

Hjalti Vilhjálmsson reyndist sérstaklega mikilvægur á lokasprettinum en hann skoraði alls átján stig í gær. Stigahæstur í Fjölnisliðinu var Johnson með 23 stig en Árni Ragnarsson kom næstur með 21 stig.

„Þessi leikur var bara brjáluð barátta allan tímann. Við erum með betra varnarlið en lokatölurnar sýna en ég er í heildina þokkalega ánægður með spilamennsku okkar. Það sem mestu máli skiptir er að við unnum hrikalega mikilvægan sigur og komumst vonandi á beinu brautina með honum,“ sagði Níels Dungal eftir leikinn en hann skoraði tuttugu stig og lék mjög vel.

- egm



**HEIMASIGUR** Fjölnir vann baráttusigur í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

# Dómgæslan var skandall

**Páll Ólafsson var allt annað en sáttur við dómarana í leik HK og Hauka í DHL-deild karla í gær. HK fór með sigur af hólmi í miklum baráttuleik, 26-21.**

**HANDBOLTI** „Ég er ekki vanur að tala um frammistöðu dómara en dómgæslan var hreint út sagt skandall í þessum leik. Það er ekki hægt að vera að reka menn út af fyrir að hrista hausinn, ég hef aldrei séð það í handbolta. Svo er markmaður okkar keyrður niður og stuttu síðar er hann rekinn út af fyrir að hoppa yfir leikmann. Ég skil ekki hvers konar bull þetta er,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, mjög ósáttur eftir tap Hauka gegn HK á útivelli í gær, 26-21.

„Það er ekki heil brú í þessu, því miður. Við erum að berjast á æfingum og erum að reyna að koma okkur áfram og svo fáum við svona dómgæslu. Þetta er óvinnandi svona. Ég er ekki vanur að rífa kjaft og hef aldrei sagt neitt um dómara en ég er búinn að fá nóg í dag, alveg gjörsamlega,“ sagði Páll um dómara leiksins, þá Gísla Hlyn Jóhannsson og Hafstein Ingibergsson.

Mikið jafnræði var með liðunum í upphafi leiksins í gær og voru allar tölur jafnar fyrstu tuttugu mínúturnar. Þá tóku heimamenn í HK kipp og náðu undirtökunum.

HK leiddi í hálfleik með fjórum mörkum, 13-9, og það var ekki síst að þakka góðum sóknarleik hjá þeim Valdimari Þórssyni og Sergei Petraytis sem skoruðu fimm mörk hvor í fyrri hálfleik.

HK hélt undirtökunum í upphafi síðari hálfleiks en Haukar neituðu að játa sig sigraða. Þegar um tíu mínútur voru liðnar af síðari hálfleik fór vörnin að ganga betur hjá Haukum og þeir náðu að saxa á forskot heimamanna.

Haukar náðu að minnka muninn í tvö mörk en lengra komust þeir ekki. Um miðjan hálfleikinn var greinilegt að Haukar voru orðnir frekar pirraðir og létu dómara leiksins fara mjög í taugarnar á sér. Við það leystist leikurinn Hauka upp og HK gekk á lagið.



**PÁLL ÓLAFSSON** Var alveg brjálaður út í dómara leiksins í gær og lét þá fá það óþvegið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Tvö umdeild atvik áttu sér stað um miðjan hálfleikinn. Í fyrra atvikinu var Jón Karl Björnsson rekinn af velli fyrir að biðja um vítakast og stuttu síðar var markvörður Hauka, Magnús Sigmundsson, rekinn af velli fyrir litlar sakir. Eftir það var leikurinn nánast búinn og sigur HK aldrei í hættu.

Sergei Petraytis átti mjög góðan leik en hann var tvisvar rekinn af velli í upphafi leiksins og tók nánast aðeins þátt í sóknarleik liðsins eftir það. Sigurgeir Árni Ægisson, leikmaður HK, sagði að það hefði ekki haft mikil áhrif á varnarleik liðsins. „Það eru fullt af góðum varnarmönnum í liðinu og þetta hafði ekki mikil áhrif á varnarleik okkar. Það var líka ágætt að hvíla Sergei og hafa hann góðan á línunni,“ sagði Sigurgeir. „Þetta var rosalega mikilvægur sigur. Við förum í hvern leik til að sækja tvö stig og það er stefnan að gera það alltaf. Svo verðum við bara að sjá hvernig það þróast,“ bætti Sigurgeir við.

„Við erum ekki líklegir í einhverja toppbaráttu í augnablikinu og við þurfum að endurskipuleggja okkar markmið fyrir veturinn,“ sagði Páll Ólafsson eftir að hafa tjáð sig um dómara leiksins, sem áttu slæman dag.

dagur@frettabladid.is

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*DHL-deild karla:*

| HK-HAUKAR | 26-21 (13-9) |
|---|---|

**Mörk HK (skot):** Sergei Petraytis 8 (8), Valdimar Þórsson 7/3 (14/4), Ragnar Hjaltested 4 (7/1), Gunnar Steinn Jónsson 3 (3), Árni Björn Þórarinsson 1 (1), Sigurgeir Árni Ægisson 1 (2), Brynjar Valsteinsson 1 (3), Tomas Eitutis 1 (5).
**Hraðaupphlaup:** 3 (Ragnar, Gunnar, Sigurgeir).
**Fiskuð víti:** 5 (Sergei 4, Tomas).
**Utan vallar:** 6 mínútur.
**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 21/2.
**Mörk Hauka (skot):** Árni Sigtryggson 6 (15), Jón Björnsson 5/1 (9/3), Gísli Þórisson 3 (7), Andri Stefan 3 (8), Freyr Brynjarsson 2 (4), Kári Kristjánsson 1 (2), Guðmundur Pedersen 1/1 (3/1).
**Hraðaupphlaup:** 2 (Árni 2).
**Fiskuð víti:** 4 (Sigurbergur, Kári, Andri, Jón Karl).
**Utan vallar:** 10 mínútur.
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 15/2.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **HK** | **6** | **4** | **1** | **1** | **156:138** | **9** |
| VALUR | 5 | 4 | 0 | 1 | 139:129 | 8 |
| **AKUREYRI** | **4** | **2** | **1** | **1** | **119:111** | **5** |
| FYLKIR | 5 | 2 | 1 | 2 | 131:137 | 5 |
| **STJARNAN** | **5** | **2** | **0** | **3** | **141:142** | **4** |
| HAUKAR | 6 | 1 | 2 | 3 | 167:181 | 4 |
| **FRAM** | **4** | **1** | **1** | **2** | **106:108** | **3** |
| ÍR | 5 | 1 | 0 | 4 | 133:144 | 2 |

*Iceland Express-deild karla:*

| FJÖLNIR-HAUKAR | 103-94 |
|---|---|

**Stig Fjölnis:** Kareem Johnson 23, Árni Ragnarsson 21, Níels Dungal 20, Hjalti Vilhjálmsson 18, Nemanja Sovic 15, Keith Vassell 5, Valur Sigurðsson 1.
**Stig Hauka:** Kevin Smith 38, Rone Leimu 18, Kristinn Jónasson 16, Sævar Haraldsson 14, Vilhjálmur Steinar 6, Marel Guðlaugsson 2.

| GRINDAVÍK-HAMAR/SELFOSS | 82-77 |
|---|---|

**Stig Grindavíkur:** Adam Darboe 27, Páll Axel Vilbergsson 20, Þorleifur Ólafsson 16.
**Stig Hamars:** George Byrd 27 (21 frák.), Bojan Bojovic 14, Friðrik Hreinsson 11, Bragi Bjarna. 9.

| SKALLAGRÍMUR-TINDASTÓLL | 93-86 |
|---|---|
| KR-ÞÓR Þ. | 93-81 |

**Stig KR:** Jeremiah Sola 36, Tyson Patterson 21, Pálmi Sigurgeirsson 19, Darri Hilmarsson 7.
**Stig Þórs:** Damon Bailey 29, Bol Johnston 16, Robert Hodgson 15, Grétar Erlendsson 10.

*Iceland Express-deild kvk:*

| KEFLAVÍK-HAMAR | 96-59 |
|---|---|

*Enski deildabikarinn:*

| BIRMINGHAM-LIVERPOOL | 0-1 |
|---|---|

0-1 Daniel Agger (45.)

| CHELSEA-ASTON VILLA | 4-0 |
|---|---|

1-0 Frank Lampard (32.), 2-0 Andriy Shevchenko (65.), 3-0 Mickael Essien (82.), 4-0 Didier Drogba (84.)

| EVERTON-ARSENAL | 0-1 |
|---|---|

0-1 Emmanuel Adebayor (85.).

Ronaldinho og Eto'o vilja fá Ronaldo til Barcelona:

# Forsetinn segir nei

**FÓTBOLTI** Ronaldinho og Samuel Eto'o, félagar Eiðs Smára hjá Barcelona, hafa látið hafa eftir sér að þeir myndu vilja fá brasilíska sóknarmanninn Ronaldo til Barcelona þegar opnað verður fyrir leikmannakaup í janúar. Forseti Barcelona hefur áður sagt að hann ætli sér ekki að bæta við núverandi leikmannahóp félagsins.

„Það væri frábært að spila með Ronaldo. Hann er einn besti sóknarmaður í sögu knattspyrnunnar,“ sagði Ronaldinho en hann hefur, líkt og Ronaldo, verið gagnrýndur fyrir spilamennsku sína á þessu tímabili.

„Við gætum breytt leik hans til hins betra. Þegar Ronaldo leikur knattspyrnu þá verður leikurinn miklu fallegri,“ bætti Ronaldinho við. Samuel Eto'o tók í sama streng og félagi sinn Ronaldinho. „Ronaldo er frábær leikmaður og það væri gott fyrir Barcelona að fá hann til liðsins,“ sagði Eto'o.

Joan Laporta, forseti Barcelona, hefur þó þvertekið fyrir að félagið muni kaupa nokkurn leikmann í janúar.

Ronaldo lék með Barcelona tímabilið 1996 til 1997 og skoraði þá 34 mörk í 37 leikjum. Ronaldinho er skírður Ronaldo en lét breyta nafni sínu í upphafi ferilsins svo að honum yrði ekki ruglað saman við félaga sinn í brasilíska landsliðinu. Ljóst er að margir knattspyrnuáhugamenn myndu vilja sjá Ronaldo á ný með Barcelona.

- dsd

Michel Platini boðar breytingar á meistaradeildinni í forsetaframboði sínu:

# Vill fækka sætum stóru þjóðanna

**FÓTBOLTI** Michel Platini hefur látið í ljós að hann muni fækka liðum frá Englandi, Spáni, Þýskalandi og Ítalíu sigri hann Lennart Johansson í baráttunni um forsetasætið í evrópska knattspyrnusambandinu, UEFA. Lennart Johansson er 77 ára gamall og hefur verið forseti UEFA frá árinu 1990.

Platini vill ekki breyta núverandi fjölda liða í keppninni, sem eru 32 talsins, en hann vill gefa minni þjóðunum möguleika á að komast í keppnina. „Ég vil framfarir en ekki byltingu,“ sagði Platini á blaðamannafundi í Belgrad.

„Ítalía, England, Þýskaland og Spánn ættu aðeins að eiga þrjú lið í meistaradeildinni hver þjóð svo að lið frá öðrum þjóðum sem ekki eru eins vel stödd fjárhagslega geti keppt við þau á vellinum. Það eru ekki nógu mörg meistaralið að taka þátt í keppninni eins og hún er núna. Það eru mörg lið í Evrópu sem geta ekki haldið efnilegustu mönnum sínum en þau eiga skilið að etja kappi við bestu lið álfunnar.



**FEÐGAR** Michel Platini er hér ásamt föður sínum, Aldo Platini, á knattspyrnuleik.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Mitt markmið er að vernda knattspyrnuna og ég trúi því að allir muni njóta góðs af þessari hugmynd, ef fleiri þjóðir munu eiga sæti í Meistaradeild Evrópu. Þetta yrði þá meiri Evrópukeppni en nú er.“

Platini tók sérstaklega fram að þessi hugmynd hans væri ekki greiði við einhverja aðila og bætti við að þetta myndi hjálpa bæði þeim ríku og þeim fátæku.

„Ég skipti knattspyrnunni ekki á milli þeirra fátæku og þeirra ríku. Öll lið og knattspyrnusambönd þurfa að vinna fyrir sínu sæti á styrkleikalistanum. Ríku deildirnar myndu græða meira á því að hafa þrjú sjálfkrafa sæti í meistaradeildinni en að hafa tvö sjálfkrafa sæti og önnur tvö lið sem fara í undankeppni,“ sagði Platini.Úrslit forsetakosninganna verða ljós 27. janúar á næsta ári.

- dsd


1. desember 2006
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## > Steve Carell



Fyndnasti bandaríski gamanleikarinn þessa dagana. Steve leikur aðalhlutverkið í bandarísku gamanþáttunum „The Office" sem sýndir eru á SkjáEinum og vann Golden Globe verðlaunin fyrir leik sinn í þeim þáttum. Þessa dagana er hann að klára myndina „Evan Almighty" sem er framhald myndarinnar „Bruce Almighty".

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR HEFUR EKKI GAMAN AF OFURHRESSU SJÓNVARPSFÓLKI**

## *Ofvirk og öskrandi*

Spjallþættir eru mjög vinsælt sjónvarpsefni, sérstaklega hjá konum. Það er eðli mannsins að finnast gaman að fylgjast með ókunnugu fólki ræða vandamál sín í sjónvarpi, samanber vinsældir raunveruleikaþátta í dag. Fyrr í vikunni datt ég inn í nýjan þátt þessarar tegundar sem heitir Rachel Ray eftir stjórnanda þáttarins. Ég var búin að sjá kynningu þáttarins áður og þar var sagt að þetta væri einn vinsælasti þátturinn í Bandaríkjunum í dag.

Stjórnandinn er hin ítalska Rachel Ray sem er, ef ég hef skilið allt rétt, frægur kokkur vestanhafs og „allar konur elska Rachel Ray" er slagorð þáttarins. Ekki gat ég alveg verið sammála þessum orðum því þátturinn skilaði mér bara hausverk og velgjutilfinningu. Rachel er ein af þessu ofurhressa sjónvarpsfólki sem talar út í eitt, um allt og ekkert með ýktum andlitshreyfingum. Þýtur um sjónvarpssalinn með tilheyrandi ópum og öskrum og áhorfendur í sjónvarpssalnum eru litlu skárri. Konurnar í salnum gera ekki annað en að öskra og tryllast í sætunum yfir hús- og tískuráðum Rachelar. Það var alveg vonlaust að reyna að ná einhverjum þræði í þættinum því stjórnandinn óð úr einu í annað og persónulega varð ég bara ringluð á öllum þessum hlaupum og öskrum í imbanum.



**VINSÆLUST Í BANDARÍKJUNUM** Rachel Ray náði ekki að heilla undirritaða upp úr skónum eins og hún virðist hafa gert vestanhafs með hlaupum og ýktum tilfinningasveiflum.

Í þættinum sem ég sá var drottning spjallþáttanna, Oprah Winfrey, gestur og Rachel gerði ekki annað en að grípa fram í fyrir Winfrey sem féll ekki í kramið hjá henni. Eiginlega var þetta mjög pínlegt áhorf frá upphafi til enda.

Kannski eru þetta bara fordómar hjá mér en ég hef algjöra óbeit á svona ofurhressu sjónvarpsfólki sem virðist ekki alveg ganga heilt til skógar. Það er algjör misskilningur að ofurhressleiki grípi áhorfandann og kýs ég frekar sjónvarpsfólk sem er það sjálft og já, frekar á rólegu nótunum en eitthvað annað.

## EKKI MISSA AF



▶ **14.00** Katrina NATIONAL GEOGRAPHIC



▶ **21.15** Alias SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Sigtið SKJÁR EINN



▶ **22.00** Chappelle´s Show SIRKUS



▶ **22.30** Arrested Development STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.50 Handboltakvöld** Endursýndur þáttur frá miðvikudagskvöldi.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** (6:30) Endursýndur þáttur frá sunnudegi.
**18.30 Lína** (7:7) Teiknimynd fyrir yngstu börnin.
**18.40 Að eignast nýja fjölskyldu** Barnamynd frá Belgíu.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.25 Martin læknir** (2:8) (Doc Martin II) Breskur gamanmyndaflokkur um lækninn Martin Ellingham sem býr og starfar í smábæ á Cornwallskaga og þykir með afbrigðum óháttvís og hranalegur. Meðal leikenda eru Martin Clunes, Caroline Catz, Stephanie Cole, Lucy Punch og Ian McNeice. Þættirnir hlutu bresku gamanþáttaverðlaunin, British Comedy Awards.
▶**21.15 Launráð** (102) (Alias V) Bandarísk spennuþáttaröð. Jennifer Garner er í aðalhlutverkinu og leikur Sydney Bristow, háskólastúlku sem hefur verið valin og þjálfuð til njósnastarfa á vegum leyniþjónustunnar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Soprano-fjölskyldan** (The Sopranos VI) Myndaflokkur um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans. Aðalhlutverk leika James Gandolfini, Edie Falco, Jamie Lynn Siegler, Steve Van Zandt, Michael Imperioli, Dominic Chianese, Steve Buscemi og Lorraine Bracco. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.20 Aðþrengdar eiginkonur** (40:47) (Desperate Housewives II) e.
**00.05 Kastljós**
**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00 Elektra**
**8.00 Beethoven´s 5th**
**10.00 Airheads**
**12.00 The Guys**
**14.00 Beethoven´s 5th**
**16.00 Airheads**
**18.00 The Guys**
**20.00 Elektra**
**22.00 Swimfan**
**0.00 Taking Sides**
**2.00 Special Forces**
**4.00 Swimfan**

## STÖÐ 2

**06:58 Ísland í bítið**
**09:00 Bold and the Beautiful**
**09:20 Í fínu formi 2005**
**09:35 Martha**
**10:20 Ísland í bítið** (e)
**12:00 Hádegisfréttir**
**12:40 Neighbours**
**13:05 My Sweet Fat Valentina**
**13:50 My Sweet Fat Valentina**
**14:35 Two and a Half Men** (5:24)
**15:00 Leyndardómur Bermúda-þríhyrnin**
**16:00 Jimmy Neutron**
**16:25 Leðurblökumaðurinn**
**16:45 Ofurhundurinn**
**17:05 Myrkfælnu draugarnir** (21:90) (e)
**17:20 Fífí**
**17:30 Doddi litli og Eyrnastór**
**17:40 Bold and the Beautiful**
**18:05 Neighbours**
**18:30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19:00 Ísland í dag**
**19:40 Búbbarnir** (12:21)
**20:05 Í sjöunda himni með Hemma Gunn** Íslenskur skemmtiþáttur í umsjón Hemma Gunn sem sendur er út í beinni útsendingu frá miðborginni öll fimmtudagskvöld í vetur, nánar tiltekið frá skemmtistaðnum NASA við Austurvöll.
**21:10 Big Love** (11:12) (Margföld ást) Aðalhlutverk: Bill Paxton, Jeanne Tripplehorn, Chloe Sevigny. Bönnuð börnum.
▶**22:05 Entourage** (10:14) (Viðhengi) Bönnuð börnum.
**22:30 Arrested Development** (Tómir asnar) Önnur sería eins umtalaðasta og frumlegasta gamanþáttar síðari ára.
**22:55 Grey´s Anatomy** (19:36) (Læknalíf)
**23:40 Thoughtcrimes** (Hugsanaglæpir) Spennumynd eftir Breck Eisner, hinn sama og gerði ævintýramyndina Sahara, um unga konu sem býr yfir sérkennilegri náðargift. Aðalhlutverk: Navi Rawat, Joe Flanigan, Jocelyn Seagrave.
**01:05 Shield** (10:11) (Sérsveitin) Stranglega bönnuð börnum.
**01:55 Salsa** Leyfð öllum aldurshópum.
**03:35 Tempo** Spennumynd með rómantísku ívafi. Aðalhlutverk: Melanie Griffith, Rachael Leigh Cook, Hugh Dancy. Leikstjóri: Eric Styles. 2003.
**04:55 Arrested Development**
**05:20 Fréttir og Ísland í dag**
**06:30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SKJÁREINN

**7.00 6 til sjö (e)**
**8.00 Rachael Ray (e)**
**15.55 Love, Inc. (e)**
**16.20 Beverly Hills 90210** Bandarísk unglingasería.
**17.05 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti sem ræða hjartans mál. Rachael sýnir hvernig bjarga má mislukkuðum matarboðum, hvernig hægt er að flikka upp á gallabuxur og kynnir áhald sem allir ættu að eiga.
**18.00 6 til sjö** Guðrún Gunnarsdóttir og Felix Bergsson eru í beinni útsendingu alla virka daga og taka á móti góðum gestum í myndveri SkjásEins.
**19.00 Melrose Place** Bandarísk þáttaröð um íbúana í Melrose Place.
**19.45 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.10 The Office** Bandarísk gamansería sem nýverið hlaut Emmy-verðlaunin sem besta gamanserían. Michael heldur fundi með öllum undirmönnum sínum til að ræða frammistöðu þeirra í vinnunni.
**20.35 Gegndrepa** Ný, íslensk þáttaröð þar sem 20 einstaklingar berjast til síðasta manns vopnaðir vatnsbyssum og blöðrum. Sá sem stendur einn eftir vinnur hálfa milljón króna. Leiknum er stjórnað af Hr. X og gengur út á að keppandi fær möppu með mynd og grunnupplýsingum um þann sem hann á að „gegndrepa". Viðkomandi verður svo að afla sér upplýsinga um lífsvenjur skotmarksins til þess að finna réttan stað og stund.
**21.00 The King of Queens**
▶**21.30 Sigtið**
**22.00 C.S.I: Miami**
**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum.
**23.40 America's Next Top Model VI (e)** Bandarísk raunveruleikasería.
**0.35 2006 World Pool Masters (e)** Sextán bestu billjarðmeistarar heims tóku þátt í skemmtilegu móti sem fram fór í Hollandi sl. sumar.
**1.25 Beverly Hills 90210 (e)**
**2.10 Melrose Place (e)**
**2.55 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 Seinfeld** Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.00 Entertainment Tonight**
**20.30 The War at Home**
**21.00 Hell´s Kitchen** Sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsey er kominn aftur með aðra seríuna af Hell´s Kitchen.
▶**22.00 Chappelle´s Show**
**22.30 X-Files** (Ráðgátur) Sirkus sýnir X-Files frá byrjun! Einhverjir mest spennandi þættir sem gerðir hafa verið eru komnir aftur í sjónvarpið. Mulder og Scully rannsaka dularfull mál sem einfaldlega eru ekki af þessum heimi.
**23.15 Insider** Í heimi fræga fólksins eru góð sambönd allt sem skiptir máli. Og þar er enginn með betri sambönd en The Insider. Í þessum þáttum fara stjórnendurnir með okkur í innsta hring stjarnanna þar sem við fáum að sjá einkaviðtöl, nýjustu upplýsingarnar og sannleikann á bakvið heitasta slúðrið í Hollywood. Þessir skemmtilegu þættir koma frá sömu framleiðendum og Entertainment Tonight. Leyfð öllum aldurshópum.
**23.40 Vanished (e)** (Vanished) Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug. En þegar þau hjón fara í veislu til heiðurs Söru gerast atburðir sem enginn gat séð fyrir, Sara hverfur sporlaust. Hefst þá mikið kapphlaup í að finna Söru þar sem allir eru grunaðir, allir eru að fela eitthvað og enginn er öruggur. Hörkuspennandi þættir í anda 24.
**0.25 Ghost Whisperer (e)**
**1.10 Seinfeld (e)**
**1.35 Entertainment Tonight**
**2.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## SKJÁR SPORT

**9.11 2006 Fimmtudagur**
**7.00 Ítölsku mörkin (e)**
**14.00 Fulham - Everton (e)**
**16.00 Watford - Midlesb. frá**
**18.00 Bolton - Wigan frá 04.11**
**20.00 Liðið mitt (b)**
**21.00 Man. Utd. - Portsmouth (e) frá 04.11**
**23.00 Liðið mitt (e)**
**0.00 Roma - Fiorentina (e)**
**2.00 Dagskrárlok**




NÝTT BLÓÐ Í BARÁTTUNA

- JÖFNUM LEIKINN
- VERJUM VELFERÐARRÍKIÐ
- RÉTTLÁTT SKATTKERFI
- SJÁLFSTÆÐ UTANRÍKISSTEFNA

Kynnið ykkur stefnumálin á www.glumur.is

GLÚMUR BALDVINSSON

5-8 SÆTI

Prófkjör Samfylkingarinnar í Reykjavík, 11. nóvember

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.05.**

### Í SJÖUNDA HIMNI MEÐ HEMMA GUNN



Aðalgestir þáttarins eru listrænustu hjón Íslands, Helena Jónsdóttir, danshöfundur og kvikmyndagerðarkona, og Þorvaldur Þorsteinsson, myndlistarmaður, rithöfundur og leikritaskáld. Helena hefur sameinað dans og kvikmyndagerð með aldeilis frábærum árangri og hefur hlotið ófá verðlaunin á erlendum dans- og kvikmyndahátíðum. Þorvaldur Þorsteinsson er eitt afkastamesta leikritaskáld þjóðarinnar og hefur skrifað bæði fyrir sjónvarp og leikhús. Tónlistin mun ennfremur leika stórt hlutverk í þætti kvöldsins. Bríet Sunna mun syngja lag af nýútkominni fyrstu sólóplötu sinni.

Jóhann Helgason er einn af okkar afkastamestu og dáðustu dægurlagahöfundum. Hann gefur á næstu dögum út nýja plötu þar sem hann flytur mörg af sínum þekktustu lögum.

Síðast en ekki síst munu þeir perluvinir, Eyjólfur Kristjánsson og Stefán Hilmarsson flytja lagið ástsæla, Góða ferð.

## VIÐ MÆLUM MEÐ KF NÖRD Á SÝN KL. 21.15



Sýn sýnir í kvöld ellefta þáttinn af fimmtán af KF Nörd. Í þættinum í kvöld sem heitir „Sveitanörd-ar" hefur Logi, þjálfari nördanna, fengið alveg nóg af stjörnustælunum í strákunum og blæs til leiks við Hrauna-mennina. Nú er það bara spurning hver vinnur leikinn. Einstaklega hressandi og fyndinn þáttur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veðurfregnir **6.50** Bæn **7.00** Fréttir **7.05** Morgunvaktin **8.00** Fréttir **9.00** Fréttir **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Bréf til Brands
**14.30** Leikhúsrottan
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Þriðjudagar með Morrie
**23.18** Hlaupanótan
**0.00** Fréttir
**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

## SÝN

**18.00 US PGA í nærmynd**
**18.30 Ensku mörkin** Farið yfir allt það helsta sem gerðist í liðinni umferð í ensku 1. deildinni í knattspyrnu. Mörg félaganna í þessari deild eru með íslenska leikmenn á sínum snærum og því kærkomið að fá tækifæri til þess að fylgjast með tilþrifum þeirra í hverri einustu umferð.
**19.00 Pro bull riding** (Kansas City, MO - Cabela´s Classic) Pro bull riding er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Menn keppast um að halda sér á nauti eins lengi og þeir geta að hætti kúreka. Þarna eru atvinnumenn á ferðinni sem náð hafa mikilli færni í því að halda sér á baki við vægast sagt erfiðar aðstæður.
**19.55 Veitt með vinum**
**20.25 Skólahreysti 2006**
**21.15 KF Nörd (11:15)** Logi Ólafsson, þjálfari nördanna, grípur nú til þess ráðs að senda nördana í sveit.
**22.00 World´s Strongest Man** (Sterkasti maður heims) Við höldum áfram að rifja upp mótin Sterkasti maður heims. Í kvöld verður sýnt frá keppninni 1988. Jón Páll heitinn Sigmarsson var að vanda mættur til leiks en íslenski víkingurinn stefndi að sínum þriðja titli. Árangur hans á níunda áratugnum var stórkostlegur en Jón Páll var öllum harmdauði í ársbyrjun 1993. Kappinn náði aðeins 32 ára aldri en hafði á fáum árum unnið hug og hjörtu þjóðarinnar. Jón Páll vann marga sigra á glæsilegum ferli enda lagði hann hart að sér við æfingar og keppni og var öðrum til eftirbreytni.
**23.00 Ameríski fótboltinn** (NFL Gameday 06/07) Upphitun fyrir leiki helgarinnar í amerísk fótboltanum sem er vinsælasta sjónvarpsíþróttin í Bandaríkjunum.
**23.30 KB banka mótaröðin í golfi 2006** (KB banka mótaröðin 2006) Allt það helsta í Flugfélag Íslands mótinu í KB banka mótaröðinni í golfi sem fram fór 2. september.

## DR 1

**11.35** Dagens Danmark **12.00** Mik Schacks Hjemmeservice **12.30** Duehøg **12.50** Hvad er det værd **13.20** Sporløs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawsons Creek **15.00** Liga DK **16.00** Frikvarter **16.20** Candy Floss 2006 **16.35** Lovens vogtere **17.00** Fandango med Rebecca **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.55** Dagens Danmark **18.25** TV Avisen **18.30** Rabatten **19.00** Danmark Ekspeditionen **19.30** Filmtricks - hundrede år med Nordisk Film **20.00** TV Avisen 20.25 Penge **20.50** SportNyt **21.00** Big Fat Liar **22.25** Det ægte par **22.55** Örnen **23.50** Liga DK

## NRK 1

**11.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **12.00** Siste nytt **12.05** Lunsjtrav **13.00** Siste nytt **13.05** Distriktsnyheter **13.20** Fra Oslo og Akershus **13.40** Fra Östfold **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien 14.30 Zombie hotell **15.00** Siste nytt **15.03** Nødlanding **15.30** Dunder **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** I bokhylla **16.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Bosse **17.10** Gnottene **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 80-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Örnen **21.30** Norsk humor: Bård og Harald **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt 22.15 Urix **22.45** Presidenten **23.25** Blackpool

## SVT 1

**11.05** Argument **13.55** Anslagstavlan **14.00** Mitt i naturen **14.30** Packat & klart **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **15.55** Karamelli **16.25** Pi **16.40** Sagoträdet **16.55** Tre Kronor live: Karjala Cup **17.15** Expedition vildmark **17.45** Lilla Aktuellt **18.00** Tre Kronor live: Karjala Cup **18.30** Rapport **19.00** Landgång **19.30** Söderlund & Bie **20.00** Planeten **21.00** Kommer Israel bomba Iran? **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Entourage **23.45** Sändning från SVT24




## HRÓSIÐ ...



*... fá Gunnlaugur Jónsson og félagar hans úr slökkviliðinu fyrir stórglæsilegt dagatal sem mun bæði fjármagna ferð þeirra til Ástralíu og gleðja augu kvenna landsins.*



**LÁRÉTT** **2** fálma **6** 2000 **8** besti árangur **9** stækkaði **11** guð **12** viðburður **14** tré **16** sjó **17** líða vel **18** hætta **20** tveir eins **21** málmhúða.

**LÓÐRÉTT** **1** kveina **3** kringum **4** inntak **5** óhreinka **7** andvægi **10** þyrping **13** svelg **15** pottréttur **16** aska **19** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 fuma, 6 mm, 8 met, 9 jók, 11 ra, 12 atvik, 14 viðir, 16 sæ, 17 una, 18 ógn, 20 gg, 21 tina.

**LÓÐRÉTT:** 1 emja, 3 um, 4 merking, 5 ata, 7 mótvægi, 10 kví, 13 iðu, 15 ragu, 16 sót, 19 nn.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Ólafur Þór Hauksson.
2. Hann lá nakinn og meðvitundarlaus í þrjá tíma á gólfinu.
3. Daniel Ortega.


**PAKKAFERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

**Sheraton Real de Faula**
– Valfrjálst Verð frá 59.180 kr.

**Tottenham–Wigan**
– 24.–27. nóv. 58.900 kr.

**Berlín í jólaundirbúningi**
– 24.–27. nóv. 51.900 kr.

**George Michael**
+ 27.–29. nóv. 69.900 kr.

George Michael er í mikilli tónleikaferð um þessar mundir og í lok nóvember verður hann í London. Michael mun spila öll sín vinsælustu lög á tónleikunum – og er af nógu að taka! Innifalið: Innifalið: Flug með sköttum, hótel í 2 nætur og miði á tónleikana.

**Aðventuferð til Trier**
– 8.–11. des. 59.900 kr.

**Chelsea–Arsenal**
– 9.–11. des. 69.900 kr.

**Arsenal–Portsmouth**
– 15.–17. des. 59.900 kr.

**Óli Palli og The Pogues**
– 16.–18. des. 59.180 kr.

**Arsenal–Man. City**
+ 30.–31. jan. 54.900 kr.

Hvernig væri nú að skella sér á leik Arsenal og Manchester City á Emirates Stadium, flottasta leikvelli í Englandi og sjá auðvitað flottan fótboltaleik í leiðinni. Innifalið: Flug með sköttum, hótel í eina nótt með morgunverði og miði á leikinn.

**Liverpool–Everton**
– 2.–4. feb. 84.900 kr.

Öll verð miðast við að tveir séu saman í herbergi.

» Nánar á www.expressferdir.is eða í síma 5 900 100

Express Ferðir – Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express


# Stórhuga í fasteignaviðskiptum fyrir vestan

Mugison og pabbi hans Muggi, sem eiga útgáfufyrirtækið Mugiboogie, hafa skrifað bréf til bæjaryfirvalda á Ísafirði þar sem þeir lýsa yfir vilja sínum til að kaupa gömlu slökkviliðsstöðina í Hnífsdal og leggja hana undir upptökuver. Á vef bb.is er sagt frá því að bæjarráð hafi tekið vel í hugmyndina og leggi til við bæjarstjórn að húseignin verði seld.



**ÁNÆGÐ FYRIR VESTAN** Þau Rúna og Mugison una sér vel fyrir vestan í nýju húsi á Ísafirði.

Tónlistarmaðurinn er nú alfluttur til Ísafjarðar og keypti Amsterdam-húsið nýverið á tæpar sjö milljónir. Það er 66 fermetrar, á þremur hæðum og segir Mugison að lofthæðin bendi til þess að það hafi verið hannað fyrir hobbita. „Þetta var víst mikið gleðihús, byggt fyrir aldamótin nítján hundruð og karlarnir hérna sem komnir eru yfir sextugt segjast allir hafa verið með pela á lofti þarna inni. Hringdu víst stundum heim og sögðust vera í Amsterdam,“ segir Mugison, hæstánægður yfir því að vera loksins kominn vestur. Tónlistarmaðurinn upplýsir jafnframt að hann hafi náð að greiða niður eldgamlan yfirdrátt sem legið hafi á honum eins og mara undanfarin ár og hann fór í kjölfarið á bókhaldsnámskeið til að læra að fara með peninga, eitthvað sem honum fannst orðið löngu tímabært eftir að hafa rétt komist hjá því að mæta fyrir skuldadóm í þrígang. „Ég er einn af þeim sem hefur aldrei tekist að skila myndbandsspólum á réttum tíma,“ segir tónlistarmaðurinn og hlær. **- fgg**



**FLUTTUR VESTUR** Mugison keypti Amsterdam-húsið sem er á þremur hæðum þrátt fyrir að vera ekki nema 66 fermetrar.

SANDRA BIRGISDÓTTIR: FYRST ÍSLENDINGA Á HEIMSMEISTARAMÓT Í POOL

# Leiddist kaffihúsahangs og fór að spila pool

Sandra Birgisdóttir heldur til Cork á Írlandi á morgun til að taka þátt í heimsmeistaramóti í pool, WPA World Blackball Pool Championships, fyrst Íslendinga. „Það hafa einhverjir strákar keppt í nine-ball og snóker áður, en það er allt annað. Ég keppi í „blackball“, sem er pool með aðeins öðruvísi reglum. Sem ég þarf einmitt að fara að kynna mér almennilega,“ sagði Sandra, en hún hefur stundað íþróttina síðastliðin sex ár. „Ég fór eiginlega að spila pool af því að ég var orðin leið á að sitja á kaffihúsum og hanga í heimsóknum. Ég fór oft ein á Players á kvöldin og tók nokkra leiki. Svo fór ég að taka þátt í mótum á hinum og þessum pöbbum og var farin að vinna áður en ég vissi af,“ sagði Sandra. Þetta er þó í fyrsta skipti sem Sandra keppir á móti sem haldið er á vegum billjardsamtaka. „Það er ekki slæmt að byrja á heimsmeistaramóti,“ sagði Sandra kát.

Þátttaka Söndru í mótinu var varla að yfirlögðu ráði. „Ég sendi fyrirspurn á netinu varðandi mót á Englandi. Ég sagði að mig langaði að komast á mót úti og spurði hvað ég þyrfti að gera til að vera gjaldgeng í slíkt. Ég var bara að meina eitthvað lítið mót, en fyrirspurnin var send áfram á heimsmeistaramótshaldarana. Þeir buðu mér að koma sem „invited player“,“ útskýrði Sandra. „Þeir hafa leyfi til að bjóða svona einum, tveimur keppendum þannig. Ætli þeim finnist ekki bara flott að fá Íslending,“ sagði Sandra, en hún fær fyrir vikið að hefja þátttöku í 32 manna úrslitum og þarf ekki að taka þátt í forkeppni. „Þær eru sextíu og fjórar sem hefja leik á morgun. Ég byrja hins vegar ekki fyrr en á mánudaginn, svo ég nota tímann bara til að fylgjast með þeim,“ sagði Sandra hress, en keppnin fer fram á fimm stjörnu hóteli og mun því varla væsa um hana yfir helgina.



**SANDRA BIRGISDÓTTIR** Er fyrst Íslendinga til að keppa á heimsmeistaramóti í blackball. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Hún kveðst vera virkilega vel stemmd fyrir keppnina. „Ég held náttúrlega að ég komist langt, af því að ég er alltaf svo jákvæð og vongóð. En ég hef ekkert grennslast fyrir um hinar konurnar. Það gætu verið snillingar, en svo getur líka verið að ég standi jafnfætis þeim. En ég vonast til og ætla að komast í úrslitin. Ég var einmitt beðin um taka með mér tvo þjóðfána, einn til að hengja upp og annan til að hafa á öxlunum fyrir úrslitin, ef ég skyldi komast í þau. Ég fer samt ekkert að gráta ef ég dett snemma út, þetta er fyrst og fremst reynsla og ævintýri,“ sagði Sandra. Sky sport mun senda út frá keppninni og gætu áhugasamir því séð Söndru bregða fyrir þar. **sunna@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Magni Ásgeirsson** undirbýr nú af krafti tónleika í Laugardalshöllinni sem haldnir verða 30. nóvember. Þar mun Magni stíga á stokk ásamt þeim **Toby**, **Storm** og **Dilönu** en sjálft húsbandið mun spila undir auk hljómsveitar Magna, Á móti Sól. Sú sveit undirbýr nú nýja hljómplötu sem á að vera hugsuð sem Best of plata þótt þar verði einnig að finna fjögur ný lög og ljóst er að þeir félagar ætla að hamra járnið á meðan það er heitt. Svo virðist sem vinsældir Magna muni seint dvína því þegar er orðið uppselt í stúku á Rock Star-tónleikana.



Ungur Íslendingur komst í feitt á dögunum þegar hann heimsótti Universal-upptökuverið í Los Angeles. Á vefsíðunni blog.central.is/n3wbornstars greinir bloggari að nafni „Hebbi“ frá því að hann hafi komist í spjallþátt **Jay Leno** sem er einn sá vinsælasti í heiminum. Þegar spjallþáttakóngurinn kom og spjallaði við gesti stóðst hinn ungi Íslendingur ekki mátið og spurði hvort Íslendingur hefði einhvern tímann verið í þættinum hjá honum. Leno brást við með því að toga „Hebba“ upp á svið og spyrja hann nokkurra spurninga um landið bláa en „Hebbi“ greinir síðan frá því að hann hafi verið einn þeirra sem hafi fengið að taka í höndina á Leno þegar hann gengur inn á sviðið í sjónvarpsútsendingunni. „Allir að horfa á Jay Leno næstu daga, þá sjáiði hebbann hrista lúkuna á Jay Leno,“ skrifar hinn lánsami bloggari. **- fgg**



# Ekki sama hvernig staðið er í veðurfréttum

Það er ekki auðvelt að vera veðurfréttamaður í sjónvarpi og Haraldur Ólafsson ætti að vita það manna best. Á þriðjudagskvöldið varð einhver smá tæknibilun þegar Haraldur ætlaði að flytja landsmönnum veðurspá næstu daga eftir sjónvarpsfréttirnar á RÚV. Sjónvarpskjáir landsmanna urðu allir svartir en áhorfendur heima í stofu gátu heyrt hvað fór á milli Haraldar og tæknimannsins í sjónvarpssal. „Forsagan er sú að tæknimaðurinn bauðst til að elta mig með myndavélina ef ég skyldi fara út í jaðarinn á skerminum,“ útskýrir veðurfréttamaðurinn. „Ég afþakkaði boðið pent enda vissi ég sem var að Austfirðingar yrðu heldur ókátir ef ég stæði fyrir framan vindhraðamerkingar í þeirra landshluta,“ segir hann og getur ekki haft annað en gaman af.

Haraldur segir að þeir á veðurstofunni fái oft tölvupósta og símhringingar frá fólki ef þeir skyggi á veðramerkingar einhvers ákveðins landshluta. Mest sé þó um það frá fólki á Austurlandi og Vesturlandi. „Maður stendur eiginlega aldrei fyrir Norðurlandi,“ segir Haraldur og hlær.

Íslendingar eru mikil veðuráhugaþjóð og sumir halda því fram að geðheilsa landans stjórnist að einhverju leyti af því hvernig veðurfarið er. Haraldur bendir hins vegar á að þótt fólkið á höfuðborgarsvæðinu sé mjög áhugasamt um veðrið og láti stundum heyra í sér fái þeir flestar ábendingar frá fólkinu úti á landi sem fylgist náið með veðurspánni og þá sé eins gott að standa rétt.



**HARALDUR ÓLAFSSON** Vildi ekki styggja Austfirðinga með því að standa fyrir framan vindhraðamerkingar.

**- fgg**

# BUBBI

## 3 VIKUR Á TOPPNUM!






**Afmælistónleikar Bubba Morthens ásamt Egó, GCD, MX-21, Utangarðsmönnum, Das Kapital og Stríði og Friði á tveimur geislaplötum og DVD fullum af frábæru aukaefni**

**ANNAÐ UPPLAG KOMIÐ Í SKÍFUNA!**
**TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!**

3 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Drögum á morgun
Átt þú miða?

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
800 6611 - www.hhi.is




**BAKÞANKAR**
**GUÐRÚNAR ÁSMUNDSDÓTTUR**

## *Trúboð í Færeyjum*

**MAGNÚS** töffari vinur minn bað mig að lána sér biblíu. Þegar ég lýsti undrun minni yfir þessari ósk, sagði hann mér að hann og félagarnir í „bandinu“ væru að fara að stúdera Biblíuna því þeir væru á leiðinni til Færeyja að halda tónleika þar. Væri þörf fyrir nútímalega vakningu á þeim bæ. Eyjamenn ráfuðu þar um og hefðu ekki hugmynd um hvað væri „in“ hjá ungu fólki, hvorki í tónlist eða skoðunum. Og í málum samkynhneigðra væru þeir útúr kú. Svo nú ætlaði bandið hans Magnúsar að bregða sér yfir pollinn og boða það nýjasta í þessum málum.

**„EN** Biblían?“ Spurði ég. „Hvar kemur hún inn í þetta framtak?“ „Við ætlum að boða trú á Jesú Krist, allir listamenn íslensku þjóðarinnar sem eitthvað er varið í eru trúaðir: Bubbi, KK, Ellen. Jón Gnarr og Ólafía Hrönn.“

**„VIÐ** erum að pæla í Biblíunni. Þetta er „hot stöff“. Okkur datt ekki í hug að það væru svona margar grúví sögur þar. Við ætluðum að hlaupa yfir kafla eins og þetta um hver „gat“ hvern. Við botnuðum ekki alveg í hvaða gat þetta var á milli manna. Þangað til við sáum að þetta voru allt saman kallar með gat á milli, eins og: Arpaksad gat Sela og Sela gat Eber.

**AUÐVITAÐ** voru kvenréttindin á svo lágu stigi hjá þeim þarna í Mósebók að þeim fannst ekki taka því að telja upp nöfn á stúlkubörnum sem komu þarna á milli, svo þeir settu bara „gat“ þar sem þær áttu að vera. Við sömdum lag um það. Ætlum að kenna þeim í Færeyjum að virða konur, við erum svo góð í því á Íslandi.

**SVO** sömdum við líka lag um Móse þegar hann var smábarn og var settur í körfu og látinn fljóta niður á og dóttir Faraós og vinkonur hennar voru allsberar að baða sig í ánni og fundu hann, það var heppilegt að hann var svona pínulítill, annars hefði orðið uppistand þarna útí ánni – ég meina allar gellurnar berrassaðar þarna í kringum hann.“

**„EN** hvað ætlið þið að boða í málum samkynhneigðra, ætlið þið að „afhomma“ þá í kristilegum anda?“ spurði ég. „Nei“ sagði Magnús. „Við erum búnir að kynna okkur málið. Ég spurði Sigga móðurbróður hvað honum þætti um þetta og hann sagði að hann væri viss um að Guð elskaði sig þótt hann væri hommi.“


Hringdu á sama mínútuverði í útlöndum og heima á Íslandi







**Vodafone Passport** er ný byltingarkennd þjónusta sem gerir viðskiptavinum Vodafone kleift að hringja á sama mínútuverði í 18 löndum í Evrópu og heima. Greitt er 139 kr. upphafsgjald og eftir það gildir sama verðskrá og á Íslandi. Með **Vodafone Passport** geta viðskiptavinir Vodafone sparað til dæmis 48% í Danmörku, 59% á Spáni og 76% í Bretlandi miðað við fimm mínútna símtal.

Skráðu þig strax á www.vodafone.is, komdu við í verslun okkar, eða hringdu í 1414. Þú getur líka skráð þig með því að senda SMS skilaboðin **Passport** í 1900. Það er enginn stofnkostnaður og ekkert mánaðargjald.

Fiton/SÍA

gríptu augnablikið og lifðu núna

vodafone



NOKKUR HTH SÝNINGARELDHÚS TIL SÖLU VEGNA BREYTINGA Í VERSLUN!

Mikill afsláttur!!

Komið í Lágmúla 8 · Sími 530 2800

ORMSSON